**ÞORRINN**

*Harðfiskur og pungar á heimsvísu*

Sérblað um þorrann

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG





sirkus

**ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR**

*Brynja toppar mig í töffaraskapnum*

SIRKUS Í MIÐJU BLAÐSINS





19.–28. janúar

Risaútsala

AFSLÁTTUR ALLT AÐ 80%

Ellingsen



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. janúar 2007 — 18. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Kaupir á Gullströndinni



Jón Ásgeir Jóhannesson keypti jörð í Skagafirði af Pétri Péturssyni Álftagerðisbróður.

FÓLK 54

### Sænsku leiðina?

„Íslendingar hafa farið íslensku leiðina, hvorki hina bandarísku né hina sænsku. Íslendingum finnast Bandaríkjamenn of tómlátir um þá, sem lítils mega sín, en Svíar of rausnarlegir við þá, sem geta unnið, en vilja það ekki," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 28

### Erfðafræði, ástir og eilífðarmál



María Ellingsen leikstýrir Sælueyjunni í Þjóðleikhúsinu.

MENNING 38

### Halla stígur fram



Halla Gunnarsdóttir blaðamaður hefur tilkynnt framboð sitt til embættis formanns KSÍ.

ÍÞRÓTTIR 48

## VEÐRIÐ Í DAG





**SVIPAÐ** Í dag verða norðaustan 5-13 m/s, hvassast með ströndum en hægastur norðaustan til. Éljagangur norðan og austan en yfirleitt bjart veður á landinu sunnan- og vestanverðu. Frost 0-12 stig, hlýjast til landsins.

VEÐUR 4

# Syndaaflausn leysir ekki fíkniefnavanda

**Yfirlæknir SÁÁ gagnrýnir skilningsleysi stjórnvalda á málefnum fíkla. Með því að senda þá til ofsatrúarhópa í stað lækna sé litið á þá sem syndara en ekki sjúklinga. Málefni Byrgisins voru rædd á fundi ríkisendurskoðanda og fjárlaganefndar í gær.**

**FÉLAGSMÁL** Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ, segir skilningsleysi stjórnvalda, einkum framsóknarmanna, á málefnum vímuefnaneytenda og drykkjusjúklinga, átakanlegt.

Með því að vísa fyrrverandi skjólstæðingum Byrgisins til Samhjálpar, sem Þórarinn kallar ofsatrúarhóp, hafi Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra opinberað það viðhorf ráðamanna að fíkn sé synd en ekki sjúkdómur.

Hann segir furðulegt að yfirvöld hafi ekki séð ástæðu til að leita ráða hjá SÁÁ og fagfólki sem fengist hefur við sjúkdóminn. „Það hefur ekki nokkur einasti embættismaður eða stjórnmálamaður haft samband við mig sem forstöðumann þessarar stofnunar út af þessu máli," segir hann.

„Það er litið á þetta fólk sem syndugt og að besta meðferðin við fíknsjúkdómum sé kristniboð og syndaaflausn innan um það sem ég kalla ofsatrúarsamtök."

Málefni Byrgisins voru rædd á fundi ríkisendurskoðanda, fjárlaganefndar og félagsmálanefndar í gær. Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, segir pólitíska ábyrgð vegna Byrgismálsins liggja að hluta til hjá sér.

Hann segist hefði getað fylgst betur með því að yfirlýsing um greiðslu á styrk frá félagsmálaráðuneytinu til Byrgisins, sem gerð var árið 2003, skilaði sér inn sem þjónustusamningur á milli þessara aðila.

Aðeins ráðuneytið skrifaði undir yfirlýsinguna. Birkir var aðstoðarmaður félagsmálaráðherra þegar yfirlýsingin var gerð og fór inn á þing stuttu síðar.

Byrgið verður tekið fyrir í utandagskrárumræðu á Alþingi í dag. Málshefjandi er Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar. Til andsvara er Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, í fjarveru Magnúsar Stefánssonar félagsmálaráðherra. -sþs/þþ sjá síður 6 og 20





**LANDSLIÐIÐ KOMIÐ TIL ÞÝSKALANDS** Íslenska karlalandsliðið hélt til Þýskalands snemma í gærmorgun og kom til Magdeburg um kvöldmatarleytið. Hér er liðið við komuna á flugvöllinn í Frankfurt og var mikil stemning í hópnum þegar ljósmyndari Fréttablaðsins smellti mynd af honum. Fyrsti leikur liðsins er á morgun þegar strákarnir mæta Áströlum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fréttablaðið slóst í för með götuhóp fíkniefnadeildar lögreglunnar:

# Skutlaði sér inn um glugga

**LÖGREGLUMÁL** Flatskjáir, fíkniefni og stolinn bíll var hluti uppskerunnar hjá götuhópi fíkniefnadeildar lögreglunnar þegar blaðamaður Fréttablaðsins fylgdi hópnum síðastliðinn miðvikudag.

Götuhópurinn gerði húsleit í tveimur húsum þetta kvöld.

Uppi í Mosfellsbæ var hurðinni skellt á lögreglumennina. Einn þeirra náði að skutla sér inn um glugga á eftir húsráðandanum sem var í óðaönn að sturta einhverju efni niður í salerni. Fíkniefni og reiðufé fannst í húsinu.

Í Hafnarfirði fannst flatskjár og myndvarpi sem saknað var af bæjarskrifstofunum.

Fimm ungmenni í bíl voru stöðvuð í austurhluta Reykjavíkur. Á þeim fundust fíkniefni og bíllinn var stolinn. Tveir piltanna höfðu losnað út af Litla-Hrauni daginn áður.

Eiturlyfjaneytendur í fíkniefnabæli reyndust nánast óviðræðuhæfir af neyslu.

Lögreglumennirnir í götuhópnum vita aldrei hvað bíður bak við næsta þil, þar gæti verið vopnaður glæpamaður í annarlegu ástandi. En hópurinn vinnur verk sitt fumlaust og skipulega og af tillitssemi og virðingu fyrir því fólki sem við er að eiga. Því kynntist Fréttablaðið á miðvikudaginn. - jss / sjá síðu 24



**VEISLAN GETUR HAFIST** Kjötiðnaðarmenn í Nóatúni eru klárir í slaginn.

Þorraveisla landans hefst í dag:

# Tugir tonna af súrmat í búðir

**MATUR** Árleg þorraveisla landans hefst í dag. Talið er að um sextíu tonn af súrmeti renni niður í soltna matgæðinga á næstu vikum. Þá er ferskur og reyktur þorramatur ótalinn.

Ólafur Ragnarsson, verslunarstjóri í Nóatúni, segir að veislan hafi farið að stað fyrir nokkrum dögum og færst í aukana í gær.

„Veislan er að byrja og stendur frá morgni til kvölds næstu daga. Það sem helst fer eru pungarnir, sultan súra og nýja, hvalurinn er líka vinsæll. Lundabagginn aftur á móti situr eftir og er að hverfa. Síðan kaupir fólk auðvitað flatkökur og mikið magn af hangikjöti og harðfiski," segir hann. - shá

Foreldrar fallins hermanns:

# Mega nota sæði látins sonar síns

**JERÚSALEM, AP Ísraelskur dómstóll hefur úrskurðað að foreldrar látins hermanns megi nota sæði úr honum til að eignast barnabarn.**

**Hermaðurinn var einhleypur og skildi ekki eftir sig neina erfðaskrá. Hann féll fyrir hendi palestínskrar leyniskyttu á Gazasvæðinu árið 2002.**

**Foreldrarnir kröfðust þess að mega nota sæði, sem tekið var úr honum, til að frjóvga egg konu. Sjúkrahúsið hafnaði þeirri beiðni, en nú hefur dómstóll úrskurðað foreldrunum í vil.** - gb






ÚTSALAN

ER Í FULLUM GANGI

NÝTT KORTATÍMABIL

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

EINS EINFALT OG AÐ SNÚA VIÐ BLAÐINU

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7741

OKKAR ALBESTA ÚTSALA!

OPIÐ LAUGARDAG 10-16

Sparaðu allt að 70%



Mikið úrval af stórum og smáum heimilistækjum með miklum afslætti. Líttu við!

Rafha ehf

SUÐURLANDSBRAUT 16 108 REYKJAVÍK SÍMI 5880500 www.rafha.is

## SPURNING DAGSINS



*Katrín, hefði ekki verið nær að lækna strákinn?*

„Hann kom aldrei á biðstofuna mína, svo ég fór bara í stofuna hans!“

Katrín Fjeldsted læknir hefur sest í sæti Guðlaugs Þórs Þórðarsonar á Alþingi, meðan hann jafnar sig eftir slys.

Starfsmenn RÚV sem missa vinnuna vegna skipulagsbreytinga njóta biðlauna:

# Biðlaun greidd til ársloka 2009

**STJÓRNMÁL** Starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. sem kunna að missa vinnuna vegna skipulagsbreytinga fá greidd biðlaun til loka árs 2009. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra upplýsti um það á Alþingi í gær.

Þorgerður segir að í þeim efnum sé einkum horft til starfsmanna afnotadeildar Ríkisútvarpsins en samkvæmt frumvarpinu um Ríkisútvarpið ohf. verða afnotagjöld aflögð í lok árs 2008 en skattar innheimtir í staðinn. Við þá breytingu verður starfrækslа afnotadeildar óþörf. Segir Þorgerður að á milli tíu og fimmtán manns starfi á deildinni.



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Í ræðu sinni um frumvarpið í þinginu í gær fjallaði menntamálaráðherra einnig um lífeyrisréttindi starfsmanna og sagði hið nýja opinbera hlutafélag myndu greiða mótframlag í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Fyrir því lægi yfirlýsing útvarpsstjóra, Páls Magnússonar.

Ögmundur Jónasson VG hefur dregið í efa – og raunar mótmælt – fullyrðingum um að réttindi og skyldur starfsmanna Ríkisútvarpsins séu tryggð eftir að stofnuninni hefur verið breytt í opinbert hlutafélag. Hefur hann sagt að ekki dugi fögur orð til, binda þurfi ákvæði þar að lútandi í lög. Um slíkt sé ekki fjallað í frumvarpinu. **- bþs**

Dómur vegna líkamsárásar:

## Níu milljónir í skaðabætur

**DÓMSMÁL Karlmaður var í gær í Hæstarétti dæmdur til að greiða öðrum manni rúmar níu milljónir króna í skaðabætur vegna líkamsárásar. Hún átti sér stað í miðbæ Reykjavíkur í september árið 1998.**

**Til átaka kom milli mannanna í miðbænum og sló sá sem dæmdur var hinn í andlitið þannig að hann féll og skall með höfuðið í jörðina. Varanleg örorka hans var metin 75 prósent og varanlegur miski 60 prósent eftir atvikið.**

**Fórnarlambið var þó látið bera þriðjung tjóns síns þar sem talið var að það hefði átt upptökin að slagsmálunum. - sþs**

Brotist inn í fjögur hús:

## Áframhaldandi innbrotahrina

**INNBROT Brotist var inn í hús á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt fimmtudags.**

**Við Hlíðarsmára í Kópavogi var brotist inn í fataverslun og fatnaði stolið ásamt sjóðsvél.**

**Peningum var stolið úr heimahúsi í Garðabæ, fartölva var tekin úr húsi á Þórsgötu og verkfærum var stolið úr geymslu fjölbýlishúss í Breiðholti.**

**Einnig var brotist inn í þrjá bíla á höfuðborgarsvæðinu sömu nótt. Ekki er vitað hverjir voru að verki í þessum innbrotum. - sþs**

Átök í Bæjaralandi:

## Stoiber boðar afsögn í haust

**BERLÍN, AP** Edmund Stoiber skýrði frá því í gær að hann myndi segja af sér 30. september næstkomandi, bæði sem forsætisráðherra Bæjaralands og leiðtogi íhaldsmanna í CSU, sem ásamt systurflokki sínum CDU stendur að samsteypustjórn með Sósíaldemókrataflokknum í Þýskalandi.



EDMUND STOIBER

Enn hefur ekki verið útkljáð hver verður arftaki hans, en þrír áhrifamenn í flokknum, þeir Günther Beckstein innanríkisráðherra, Erwin Huber viðskiptaráðherra og Horst Seehofer neytendaráðherra takast á um stöðurnar tvær, sem Stoiber hefur gegnt, það er að segja flokksleiðtogastarfið og forsætisráðherraembættið. **- gb**

# Krefjast bóta vegna sölu ríkisins á ÍAV

**Aðalmeðferð vegna sölu á hlut ríkisins í ÍAV hófst í gær. Alvarlegar athugasemdir gerðar við framkvæmdina. Stefnendur segja kynningu á félaginu hafa verið verulega ábótavant og matsgerð tilboða mjög hroðvirknislega unna.**

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli Trésmiðju Snorra Hjaltasonar hf. og JB byggingarverktaka á hendur íslenska ríkinu vegna framkvæmdar á einkavæðingu hlutar þess í Íslenskum aðalverktökum (ÍAV) vorið 2003 fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Stefnendur gerðu mýmargar athugasemdir við framkvæmdina fyrir dómi. Þeir telja að stjórnendur ÍAV, sem stóðu að eignarhaldsfélaginu AV (EAV), sem keyptu félagið að lokum hafi til að mynda haft mun betra aðgengi að upplýsingum en aðrir bjóðendur, að Jón Sveinsson hafi verið vanhæfur til að koma að sölunni vegna stöðu sinnar sem stjórnarformaður ÍAV og meðlimur í einkavæðingarnefnd og að kynningarfundir á félaginu hafi dregið vísvitandi upp dökka mynd af rekstri þess.

Auk þess segja þeir að Landsbanki Íslands hafi verið vanhæfur til að hafa umsjón með útboðinu vegna tengsla bankans við tvo bjóðendur og að matsgerð nýs umsjónaraðila á síðari stigum söluferlisins hafi verið afar hroðvirknislega unnin.

Lögmaður ríkisins lagði mikla áherslu á að um staðlaða kynningarfundi um fyrirtækið hefði verið að ræða. Við aðalmeðferð málsins kom hins vegar í ljós að einungis tveim af þeim átta mögulegu bjóðendum sem sóttu þessa fundi hafi eftir þá þótt aðlaðandi að bjóða í hlut ríkisins. EAV, félag stjórnendanna, og Joco ehf, sem var í eigu Jóns Ólafssonar, þáverandi stjórnarmanns í ÍAV, hafi ekki einu sinni séð ástæðu til þess að



JÓN SVEINSSON OG BALDUR GUÐLAUGSSON Sátu báðir í einkavæðingarnefnd þegar salan fór fram. Jón vísaði ásökunum um óeðlilega aðkomu sína að söluferlinu á bug fyrir dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sækjast eftir slíkum fundi. Taldi lögmaður stefnenda það staðfesta að þau hefðu betri upplýsingar en aðrir bjóðendur um félagið til að ákvarða tilboð sitt.

Stefnendurnir héldu því einnig fram að öll önnur tilboð í hlutinn en þeirra hefðu verið ógild þar sem fyrirvarar voru í þeim en í útboðslýsingu hefði komið skýrt fram að engir slíkir ættu að vera. Því hafi verið mjög óeðlilegt að taka tilboði EAV og gefa þeim síðan tækifæri til að ákvarða tilboð sitt upp á nýtt eftir að því hefði verið tekið.

Þá gera þeir miklar athugasemdir við matsgerð Verðbréfastofnunar á tilboðunum. Hún fékk umboð til að gera slíka miðvikudaginn 16. apríl, sem var dagurinn fyrir skírdag. Hún skilaði matsgerðinni viku síðar, en þá höfðu einungis tveir virkir dagar liðið auk páskahelgarinnar frá því að vinna stofnunnar við matgerðina hófst.

Því krefjast stefnendur skaðabóta frá ríkinu vegna kostnaðar við framkvæmd tilboðsins og vegna tapaðs hagnaðar, enda hafi duldar eignir félagsins verið verulega vanmetnar í kynningargögnum.

thordur@frettabladid.is



NEFLENGD FRAMÚR Kjötkveðjuhátíðarbrúður með andlitum keppinautanna Sarkozys og Royal. MYND/AP

Aðdragandi forsetakosninga:

## Sarkozy með forskot á Royal

**FRAKKLAND, AP** Nicolas Sarkozy, sem um helgina var útnefndur forsetaefni íhaldssinnaða stjórnarflokksins UMP með pompi og pragt, mælist í nýjustu skoðanakönnuninni með örlítið forskot á aðalkeppinautinn, sósíalistann Segolene Royal. Fylgi þeirra hefur hingað til mælst nær hnífjafnt.

Í könnun CSA-stofnunarinnar fyrir dagblaðið Le Parisien mælist fylgi Sarkozys 30 prósent, en Royal 29 prósent. Næstur þeim kemst þjóðernissinninn Jean-Marie Le Pen með fimmtán prósent, en það er sama fylgi og hann fékk þegar hann komst í úrslitaumferð síðustu forsetakosninga árið 2002. **- aa**

Húsleit í heimahúsi:

## Farbann fyrir amfetamín

**DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið úrskurðaður í farbann til 22. febrúar eftir að 120 grömm af amfetamíni fundust við húsleit heima hjá honum í austurhluta Reykjavíkur í síðustu viku.**

**Maðurinn er af erlendu bergi brotinn en á lögheimili hér á landi. Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fer með rannsókn málsins, sem miðað hefur vel en er enn í gangi. -jss**


BÍLL DAGSINS
HONDA CR-V EXE
Nýskr. 06.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 25 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Leynd létt af viðaukum við varnarsamninginn við Bandaríkin:

# Óskuldbundnir til hreinsunar

**VARNARMÁL** Í viðaukum við varnarsamninginn við Bandaríkin frá árinu 1951, sem utanríkisráðuneytið létti leynd af í gærkvöld eftir að Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra boðaði birtinguna í ræðu fyrr um daginn, kemur fram að Bandaríkjamönnum sé ekki skylt að skila varnarsvæðunum í því ástandi sem þeir tóku við þeim. Eina skuldbindingin sem á þá er lögð hvað þetta varðar er að þeir skuli „eftir því sem við verður komið, flytja burtu úrgangsefni, eyða þeim eða annan hátt ganga frá þeim.“

Þetta kemur fram í 8. grein almenns viðauka við varnarsamninginn, undirrituðum 8. maí 1951, þremur dögum eftir að varnarsamningurinn sjálfur var undirritaður. Undir hann rita Bjarni Benediktsson, þáverandi forsætisráðherra, og Edward B. Lawson



HERMENN VARNARLIÐSINS Eina skuldbinding Bandaríkjamanna um hreinsun er að þeir skuli ganga frá úrgangsefnum eftir því sem við verði komið.

fyrir hönd bandarískra hermálayfirvalda.

Í viðaukunum er annars kveðið á um yfirráðarétt yfir landi, lögsögu, réttarstöðu hermanna og fleira sem varðar daglega starfsemi varnarliðsins á Íslandi. Einnig er þar kveðið á um þjálfun Íslendinga í flugþjónustu. **- aa**


15stk
Tulípanar
999
Ficus longifolium „King"
Konungur
(150sm) Fíkusanna
2990
Verð áður: 6.990
Bóndadagur
...gleðjum hann...
Bóndadagstilboð
Borvél
+
10stk
túlípanar
3990
Gildir í Skútuvogi
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 18.01.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 69,81 | 70,15 |
| Sterlingspund | 137,7 | 138,36 |
| Evra | 90,32 | 90,82 |
| Dönsk króna | 12,115 | 12,185 |
| Norsk króna | 10,823 | 10,887 |
| Sænsk króna | 9,937 | 9,995 |
| Japanskt jen | 0,5748 | 0,5782 |
| SDR | 104,12 | 104,74 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

124,3974

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utanríkisráðuneytið svarar nefnd um aðgang að skjölum um öryggi ríkisins:

# Svara um svör að vænta í dag

**ÖRYGGISMÁL** Þess er að vænta að utanríkisráðuneytið svari í dag fyrirspurn nefndar sem gert var að fjalla um aðgang fræðimanna að skjölum um öryggi íslenska ríkisins á kaldastríðsárunum.

Nefndin óskaði upplýsinga úr utanríkisráðuneytinu um meðferð gagna sem þar eru geymd og varða meðal annars Atlantshafsbandalagið. Staðið hefur á svörum þar sem umfang er mikið og málið flókið.

Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu, sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær vonast til að geta svarað nefndinni í dag. „Vinnan hér hefur snúist um að meta umfang og kanna hvar í skjalasafni ráðuneytisins gögn kunni að liggja. Svarið sem við sendum nefndinni er því greining á umfangi þess að svara upprunalegri beiðni um aðgang.“



**PÉTUR ÁSGEIRSSON** Skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu.

Pétur segir að í framhaldinu verði svo að taka ákvörðun um frekari skref enda umfangsmikið og kostnaðarsamt að verða við beiðninni um aðgang að gögnunum.

Forsætisráðherra skipaði nefndina á grundvelli ályktunar Alþingis síðastliðið sumar og var henni ætla að skoða gögn í vörslu stjórnvalda um innra og ytra öryggi landsins á kaldastríðsárunum og gera tillögu um aðgang fræðimanna að þeim. Fram kom í Fréttablaðinu í desember að í drögum að frumvarpi nefndarinnar væri gert ráð fyrir að sá aðgangur yrði rúmur. - bþs

Flughált á Suðurlandi:

# Slasaðist þegar bíllinn fór út af

**UMFERÐARSLYS Einn slasaðist þegar bíll fór út af Biskupstungnabraut um hádegisbil í gær. Maðurinn, sem var einn í bílnum, var fluttur á sjúkrahús í Reykjavík. Að sögn lögreglunnar á Selfossi eru meiðsli hans ekki talin alvarleg.**

**Upphaflega var talið að um alvarlegt slys væri að ræða og því var þyrla Landhelgisgæslunnar sett í viðbragðsstöðu. Ekki þurfti á henni að halda og var maðurinn sendur með sjúkrabíl.**

**Nokkrir minni háttar árekstrar voru innanbæjar á Selfossi í gær vegna hálku.** - sþs



SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR ÞINGFORSETI FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Frumvarpið um RÚV ohf.:

# Enn fjölmargir á mælendaskrá

**STJÓRNMÁL** Umræður um frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. héldu áfram á Alþingi í gær eftir hefðbunda gagnrýni stjórnarandstæðinga á fundarstjórn forseta í upphafi þingfundar.

Fjórir þingmenn höfðu flutt ræður þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi og biðu þrettán þess að komast að.

Til stóð að Ríkisútvarpið yrði eitt mála á dagskrá í dag en út af þeirri ætlan var breytt og ákveðið að láta utandagskrárumræðu um Byrgið fara fram. Hefst hún klukkan hálf ellefu. - bþs

Breytingar á dagvistun:

# Dagforeldrar lækka gjöldin

**REYKJAVÍK Mikill meirihluti dagforeldra í Reykjavík ætlar að lækka gjaldskrá sína í kjölfar aukinna niðurgreiðslna frá borginni. Þetta kemur fram í könnun sem þjónustumiðstöðvar í Reykjavík gerðu meðal dagforeldra í janúarbyrjun og kynnt hefur verið í leikskólaráði Reykjavíkurborgar.**

**Niðurgreiðslur til dagforeldra hækkuðu um þrjátíu og tvö prósent um síðustu áramót.** - ghs

## LEIÐRÉTTING

Rangt var með farið í blaðinu í gær að uppfærsla Þjóðleikhússins á Pétri Gaut í London væri á vegum Vesturports. Leiðréttist það hér með.

# Segja tollalækkanir ekki lækka vöruverð

**Íslenskir neytendur græða lítið á tollalækkunum á kjöti og mjólkurvörum þar sem tollar á þessar vörur eru háir fyrir segir forstjóri Haga. Brýnir hagsmunir heimilanna að lækka tolla enn meira segir formaður Samfylkingarinnar.**

**STJÓRNMÁL** Talsmenn stóru verslanakeðjanna eru sammála um að tollalækkanir sem samið var um við Evrópusambandið og taka gildi 1. mars næstkomandi hafi lítil sem engin áhrif á vöruverð hér á landi. Undir það tekur formaður Samfylkingarinnar.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir að þessi lækkun á tollum skili ekki verðlækkun fyrir íslenska neytendur þar sem tollarnir séu svo háir fyrir. Sú lækkun sem verði á matarverði 1. mars verði fyrst og fremst vegna lækkunar á virðisaukaskatti og niðurfellingu á vörugjöldum.



**EYSTEINN HELGASON**



**FINNUR ÁRNASON**



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

Í samningum sem náðst hafa við ESB er kveðið á um að boðinn verði út tollfrjáls innflutningur á ýmsum landbúnaðarvörum, til dæmis bætist við 100 tonn af nautakjöti, 200 tonn af svínakjöti og 200 tonn af alifuglakjöti.

„Þetta virðast vera um tvö prósent af heildarkjötmagni sem framleidd eru hér. Við fögnum því auðvitað að þetta magn aukist, en þetta er engan veginn nóg til að hafa einhver áhrif sem skipta máli,“ segir Finnur.



**LÆGRI TOLLAR** Tollar á innfluttar kjötvörur lækka um allt að 40 prósent, en ekki er víst að lækkunin skili sér í vasa neytenda. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Hann bendir á að það þurfi að borga fyrir tollfrjálsa innflutninginn, enda hafi eftirspurnin verið mikil. Samkvæmt upplýsingum frá landbúnaðarráðuneytinu eru tollkvótarnir eingöngu boðnir út þegar eftirspurn er meiri en framboð, annars eru þeir látnir þeim í té sem sækjast eftir þeim án endurgjalds. Finnur segir að kostnaður við tollkvótakaup hafi verið að aukast undanfarið.

„Við fyrstu skoðun sýnist mér að þetta breyti ekki miklu. Þetta eru svo háir tollar fyrir, að þó að þeir lækki um 40% þá er það ekki nóg,“ segir Eysteinn Helgason, framkvæmdastjóri Kaupáss. „Öll lækkun er til góða, en þetta er lítið skref sem mun ekki hafa afgerandi áhrif á vöruverð.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir að í sjálfu sér sé gott að gera samninga um tollalækkun. „En mér sýnist að þetta breyti ekki miklu fyrir innanlandsmarkað, og hafi sáralítil áhrif á vöruverð. Hér er bara verið að klóra í bakkann.“

Hún segir það brýna hagsmuni íslenskra heimila að lækka tolla, og það þurfi ekki endilega að gera með tvíhliða samningum. Vissulega sé innanlandsmarkaðurinn viðkvæmur, og ljóst að það þurfi að grípa til mótvægisaðgerða eftir viðræður við íslenska bændur.

„Við verðum að fara að feta þá slóð, því þetta er eitthvað sem fólk finnur fyrir á hverjum einasta degi,“ segir Ingibjörg Sólrún.

**brjann@frettabladid.is**

## Landbúnaður viðkvæmur

„Það er ágætt að menn eru búnir að ná lendingu í málinu, en það er auðvitað ljóst að þetta er viðkvæmt mál. Íslenskur landbúnaður er auðvitað ákaflega viðkvæmur, ég held það þurfi ekki mikið út af að bera til þess að jafnvægið á kjötmarkaðinum geti raskast aftur,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

„Í sjálfu sér er tollalækkunin auðvitað fagnaðarefni, og einhver liður í átt að lækkun matvælaverðs. Það er auðvitað jákvætt, takist mönnum að nýta möguleikana í samningnum á móti svo útkoman úr honum verði í sæmilegu jafnvægi,“ segir hann. - bj

## Tollabreytingar skref í rétta átt

Guðjón Arnar Kristjánsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, segir nýlegar breytingar á búvörutollum skref í rétta átt. Þó eigi eftir að koma í ljós hversu mikil áhrif tollalækkunin hafi raunverulega á íslenskan almenning.



**GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON**

„Þetta er áfangi á réttri leið, það er ljóst,“ segir hann. „Hins vegar sjáum við ekki almennilega hvað breytingarnar þýða fyrr en þær koma til framkvæmda.“

Samningar tókust nýlega um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Íslands og Evrópulanda. Helsta nýmæli í samningnum er að Ísland lækkar tolla á kjöti og kjötafurðum um allt að fjörutíu prósent. - sþs


Sykurskert Kókómjólk




helmingi léttari!

Sykurskerta Kókómjólkin inniheldur helmingi minni viðbættan sykur og fitu en hefðbundin Kókómjólk og orkuinnihaldið er fjórðungi lægra.

Yfir 80% af mjólkursykrinum hafa verið klofin og hentar drykkurinn því flestum þeim sem hafa mjólkursykursóþol.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝNAR EFTIR HELGI**

Á morgun hjaðnar frostið töluvert með ströndum landsins og verður að líkndum um eða rétt yfir núllinu. Á hinn bóginn má nú greina talsvert mildara loft á landinu eftir helgina. Það má búast við að á þriðjudag verði orðið frostlaust víðast á láglendi í úrkomulitlu veðri. Á sunnudag er á hinn bóginn útlit fyrir fallegt veður mjög víða, frost en víða bjart og hægur vindur.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Norðaustan 5-8 m/s. Nokkuð bjart veður. Frost 5-8 stig.

um hádegi »




» á morgun




» sunnudagur




um hádegi »

| | | | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Kaupmannahöfn | 8°C hálfskýjað | London | 13°C léttskýjað | Alicante | 20°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 8°C rigning | París | 11°C heiðskírt | Mallorca | 16°C heiðskírt |
| Osló | -1°C snjóél | Frankfurt | 11°C hálfskýjað | Algarve | 19°C alskýjað |
| Stokkhólmur | 4°C skúrir | Friedrichshafen | 10°C skúrir | Krít | 18°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 7°C skúrir | Berlín | 10°C skúrir | Las Palmas | 21°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# NAUTAFILE

## að hætti landsliðs matreiðslumeistara

800 g nautafile
3 msk. ólífuolía
4 stk hvítlauksgeirar
4 greinar timjan

3 stilkar rósmarín
4 msk. smjör
3 msk. maldon salt
2 msk. svört piparkorn

Afhýðið hvítlauk og saxið. Hitið pönnuna með olíu og steikið kjötið. Bætið timjani, rósmarín og hvítlauk á pönnuna. Snúið steikinni við og bætið smjöri á pönnuna. Setjið smjörið yfir steikina með skeið og látið freyða yfir kjötið. Kryddið kjötið með salti og pipar, setjið inn í ofn og eldið við 100°C þar til kjarnhiti nær 50°C.



Ferskt **nautafile**

TILBOÐ **2.498** kr/kg
Verð áður 3.349,-



30% afsláttur við kassa

**Nautalundir** frosnar

TILBOÐ **2.799** kr/kg
Merkt verð 3.998,-



**Humar 500g** frosinn

TILBOÐ **899** kr/pk
Verð áður 1.699,-



## Allt fyrir Þorrablótið

- Súrir hrútspungar
- Súrir lundabaggar
- Súr sviðasulta
- Súrt slátur
- Hákarl
- Rófustappa
- Harðfiskur
- ofl.



2 fyrir 1

**Ben & Jerry´s ís** 473 ml
- ekta amerísk ísblanda



15% afsláttur við kassa

**Blómvendir**
- komdu á óvart með glæsilegum blómvendi



TILBOÐ **219** kr/pk
Verð áður 399,-

**Jarðarber** 250 g
- fersk með flugi

Gildir til 21. janúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**KJÖRKASSINN**



*Átt þú DVD-spilara?*

| | |
|---|---|
| Já | 87% |
| Nei | 13% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Viltu snjóinn burt?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Formaður fjárlaganefndar segir misbrest hafa orðið í eftirliti með Byrginu:

# Hefði getað fylgt málinu betur eftir

**FÉLAGSMÁL** Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, segir pólitíska ábyrgð vegna Byrgismálsins liggja að hluta til hjá sér. Málefni Byrgisins voru rædd á fundi ríkisendurskoðanda, fjárlaganefndar og félagsmálanefndar í gærmorgun.

Birkir segir að hann hefði getað fylgt betur eftir yfirlýsingu um greiðslu á styrk frá félagsmálaráðuneytinu til Byrgisins. Yfirlýsingin, sem gerð var árið 2003, var aðeins undirrituð af ráðuneytinu en ekki styrkþegunum sjálfum.

Birkir var aðstoðarmaður félagsmálaráðherra þegar yfirlýsingin var gerð en fór inn á þing stuttu síðar.

„Það er ljóst að misbrestur hefur orðið í framkvæmd og eftirliti hvað þetta varðar,“ segir hann. „Fjárlaganefnd, og ég sem formaður hennar, mun beita sér fyrir því að bæta þessi vinnubrögð.“

„Það hefði mátt spyrja sig að því í upphafi hvort ætti yfirleitt að semja við þessa aðila,“ segir Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi. „Það var hlutverk ráðuneytisins sem fékk þetta mál að sjá til þess að þessir hlutir gengju fram eins og til var ætlast, en það gerðist ekki,“ segir hann.



**Á LEIÐ TIL FUNDAR** Ríkisendurskoðandi segir að það hefði mátt spyrja sig að því í upphafi hvort yfirleitt ætti að semja um styrkveitingar til Byrgisins.

Rætt verður áfram um Byrgið í fjárlaganefnd í dag.

- sþs

Byrgismálið í borgarráði:

# Vilja gagngera endurskoðun

**FÉLAGSMÁL Fulltrúar vinstri grænna og Samfylkingar í borgarráði vilja gagngera endurskoðun á málum þar sem borgin felur utanaðkomandi aðilum að sinna þjónustu sem er lögboðið verkefni sveitarfélaga. Þetta kom fram á fundi borgarráðs í gær þar sem meðal annars var fjallað um Byrgismálið. Afgreiðslu tillögunnar var frestað.**

**Fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sögðu sannarlega mikilvægt að opinberir aðilar fylgistt vel með og geri skýrar kröfur um nýtingu fjármuna sem fara frá skattgreiðendum til þjónustuaðila sem njóta.**

- sþs




# Valgerður segir karlapukri stríð á hendur

**Meðal þess sem utanríkisráðherra boðaði í stefnuræðu um varnarmál í gær var að aflétta þeirri „leyndarhyggju“ sem lengi hefði einkennt meðhöndlun varnarmála og ráðherrann rekur ekki síst til þess að karlar hafi nær einokað málaflokkinn.**

**VARNARMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra vill opna umræðuna um öryggis- og varnarmál Íslands við breyttar aðstæður eftir brottför Bandaríkjahers. Þetta var meðal þess sem Valgerður boðaði í stefnuræðu um öryggis- og varnarmál sem hún hélt á opnum málfundi í Háskóla Íslands í gær.

„Það andrúmsloft leyndarhyggju, sem áður var ríkjandi gagnvart þjóð, Alþingi og utanríkismálanefnd þegar að varnarmálum kom, er ekki það vinnulag sem ég vil viðhafa,“ sagði Valgerður og bætti við: „Raunar verð ég að játa að mér hefur oft fundist pukur af þessu tagi frekar einkenna karlana, sem hafa tilhneigingu til að leiða málin til lykta í reykfylltum bakherbergjum. ... Umræðan um öryggis- og varnarmál þolir það alveg að hún sé dregin fram í dagsljósið og aðeins sé loftað um.“ Hún leggi því ríka áherslu á samráð og gegnsæi á sviði öryggis- og varnarmála, „ásamt því að málefni fortíðarinnar verði gerð upp og leynd aflétt.“

Þessu til staðfestingar tilkynnti Valgerður að ákveðið hefði verið að birta leynilega viðauka við varnarsamninginn frá 1951.

Valgerður sagði þá grundvallarbreytingu hafa orðið við brottför bandaríska herliðsins, að varnarsamstarf Íslands við aðrar þjóðir „mun fara fram á grundvelli gagnkvæms stuðnings og framlaga til sameiginlegs öryggis, fremur en að við séum einvörðungu þiggjendur varna eins og verið hefur.“ Hún tók þó skýrt fram að hún sæi enga ástæðu til að stefna að myndun íslensks hers. Vörnum landsins mætti vel sinna með öðrum úrræðum en innlendum vígbúnaði.



**HÚSFYLLIR** Húsfyllir var í Hátíðarsal HÍ er Valgerður flutti ræðu sína í hádeginu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þær viðræður sem nú væru hafnar við Norðmenn, Dani og Breta og hefjast bráðlega einnig við Kanadamenn um eflt samstarf á sviði öryggismála á Norður-Atlantshafi, miði að því að tryggja þessar varnir á friðartímum. Viðbúnaðurinn sem kveðið sé á um í nýja samkomulaginu við Bandaríkjamenn tryggi varnir landsins á hættutímum.

Spurningu Fréttablaðsins um það hvort horfið hafi verið frá því mati á varnarþörf Íslands, að hér þurfi að vera orrustuþotur til að tryggja sýnilegar varnir, svaraði Valgerður á þá lund að tímarnir hefðu breyst frá því ríkisstjórnin hélt þessari kröfu fram í samningaviðræðunum við Bandaríkjamenn. „Við trúum því að þær varnir sem við erum að horfa á í dag, fyrst og fremst endurnýjaðan samninginn við Bandaríkjamenn, séu fullnægjandi varnir á ófriðartímum,“ sagði Valgerður, en bætti við: „Það sem við erum fyrst og fremst að byggja upp með grannþjóðum okkar eru varnir á friðartímum. Það þarf að fylgjast með þótt það séu friðartímar í okkar heimshluta.“ Af þessari ástæðu legði ríkisstjórnin mikla áherslu á að rekstur íslenska loftvarnakerfisins, ratsjárstöðvanna, verði tryggður áfram eftir að Bandaríkjamenn hætta að bera kostnaðinn af honum í ágúst.

audunn@frettabladid.is

Fárviðri gekk yfir norðanverða Evrópu í gær:

# Tíu manns létust í veðurofsanum

**AMSTERDAM, AP** Að minnsta kosti tíu manns fórust í gær í einu versta óveðri sem gengið hefur yfir norðanverða Evrópu. Miklar tafir urðu á samgöngum, einkum vegna þess að fjölda flugferða og lestarferða var frestað.

Flestir þeirra sem létust urðu fyrir trjám sem fuku upp með rótum, ýmist í Englandi, Hollandi eða Þýskalandi. Í Hollandi dó vélhjólamaður sem ók á fallið tré og í Utrecht í Hollandi hlutu sex manns meiðsli þegar byggingarkrani féll á háskólabyggingu.

Í Hollandi sást einnig til hjólreiðafólks sem hafði hætt sér út þrátt fyrir viðvaranir veðurfræðinga, þar sem það feyktist um koll og sumir fuku hreinlega afturábak á hjólinu.

Út af Írlandsströnd er talið að sjö sjómenn hafi farist og í Lettlandi strandaði grískt flutningaskip og úr því lak töluvert af olíu. Þá slitnaði skip upp úr höfn í Rotterdam og eyðilagði olíuleiðslu með þeim afleiðingum að um 1.600 rúmmetrar af olíu láku út.

Veðurofsinn var gífurlegur víðast hvar í norðanverðri álfunni, allt frá Norðurlöndunum suður til Alpafjallanna, en sunnan þeirra var sólríkt og hlýtt.

Veðrið hafði meðal annars áhrif á ferðir Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem flýtti ferð sinni frá Þýskalandi til Bretlands í gær til þess að forðast versta veðurhaminn.

- gb



**VEÐUROFSI** Risastórar öldur gengu yfir húsin í hafnarbænum Wimereux í norðanverðu Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

120 1886 2006

# Frábær ávöxtun ársins 2006

**Ert þú örugglega að fá bestu ávöxtunina?**

Við bjóðum þér öfluga þjónustu og faglega ráðgjöf. Hafðu samband í síma 410 4000 eða kynntu þér ávöxtunarleiðir okkar nánar á landsbanki.is.

## Ávöxtun sjóða

| Peningamarkaðssjóðir | |
|---|---|
| Peningabréf++ | 12,5% |

| Íslensk skuldabréf – skammtíma | |
|---|---|
| Reiðubréf+ | 8,9% |
| Markaðsbréf 1+ | 8,5% |
| Fyrirtækjabréf++ | 5,8% |

| Íslensk skuldabréf – meðallöng | |
|---|---|
| Markaðsbréf 2+ | 11,3% |
| Sparibréf+ | 8,0% |

| Íslensk skuldabréf – löng | |
|---|---|
| Markaðsbréf 4+ | 9,2% |
| Markaðsbréf 3+ | 7,7% |
| Skuldabréfasjóður+ | 7,0% |

| Blandaðir sjóðir | |
|---|---|
| Safnbréf innlend/erlend++ | 16,8% |
| Safnbréf hlutabréf/skuldabréf++ | 9,9% |

| Íslensk hlutabréf | |
|---|---|
| Úrvalsbréf++ | 18,7% |
| Vísitölubréf+ | 16,8% |

| Alþjóðleg hlutabréf – global | |
|---|---|
| Landsbanki Global Equity Fund+ | 33,3% |
| Landsbanki Global Opportunity Fund++ | 32,3% |

| Alþjóðleg skuldabréf | |
|---|---|
| Landsbanki Diversified Yield Fund**++ | 14,8% |

| Alþjóðlegir peningamarkaðssjóðir | |
|---|---|
| Peningabréf USD*++ | 5,6% |
| Peningabréf GBP*++ | 5,5% |
| Peningabréf EUR*++ | 3,5% |

## Ávöxtun lífeyrissparnaðar

| Ávöxtunarleiðir | |
|---|---|
| Líf 1 – Íslenski lífeyrissjóðurinn**** | 20,3% |
| Líf 2 – Íslenski lífeyrissjóðurinn**** | 19,2% |
| Líf 3 – Íslenski lífeyrissjóðurinn**** | 14,3% |
| Líf 4 – Lífeyrisbók, verðtryggð | 11,8% |
| Líf 4 – Lífeyrisbók, óverðtryggð | 11,3% |
| Samtryggingardeild**** | 18,9% |
| Fjárvörslureikningur**** | 33,3% |

## Ávöxtun sparireikninga

| Nafnávöxtun óverðtryggðra sparireikninga | |
|---|---|
| Kjörbók 2. þrep | 9,2% |
| Vaxtareikningur 1. þrep | 10,1% |
| Vaxtareikningur 2. þrep | 10,6% |
| Vaxtareikningur 3. þrep | 11,1% |
| Vaxtareikningur 4. þrep*** | 12,9% |
| Vaxtareikn. Varðan 60 1. þrep | 11,1% |
| Vaxtareikn. Varðan 60 2. þrep*** | 12,9% |

| Nafnávöxtun verðtryggðra sparireikninga | |
|---|---|
| Landsbók 36 mánaða binding | 10,8% |
| Landsbók 60 mánaða binding | 11,1% |
| Orlofsreikningar | 11,7% |
| Grunnur | 11,2% |
| Framtíðargrunnur | 11,8% |

| Þar af breyting vísitölu neysluverðs 2006 | 7,0% |
|---|---|

## Ávöxtun gjaldeyrisreikninga

| Nafnávöxtun gjaldeyrisreikninga***** | |
|---|---|
| GBP | 34,6% |
| EUR | 28,8% |
| USD | 18,1% |
| CHF | 23% |
| JPY | 12,5% |

Landsbankinn

* Ávöxtun á ársgrundvelli frá stofnun sjóðsins 28. mars 2006.
** Ávöxtun á ársgrundvelli frá stofnun sjóðsins 25. október 2006.
*** Frá stofnun 11. júlí 2006.
**** Óendurskoðaðar tölur.
***** Bundnir í 6 mánuði.

+ Verðbréfasjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

++ Fjárfestingasjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI




Léttur ab-drykkur í dós – næstum of góður!

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ 550 5000

Salatbarinn á Hótel Cabin

Opnum að nýju, fersk að venju, í dag eftir breytingar í gestamóttöku og sal.
990 krónur í hádeginu.
Heitur réttur - Salatbar - Súpur - Kaffi og te - Djús - Gosdrykkir





Hótel Cabin
1. maí 2007

252 herbergi
Stærri veitingasalur
Rýmri móttökusalur
Lúxusherbergi á efstu hæð
Deluxe herbergi í nýbyggingu

Hótel Cabin, Borgartúni 32, 105 Reykjavík
Sími 511 6030 - www.hotelcabin.is
Hotel Cabin

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar um ákvæði í stjórnarskrá:

# Ólík túlkun á ákvæði

**STJÓRNMÁL** Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks frá 2003 segir að binda eigi í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar.

Að auki hafa stjórnarandstöðuflokkarnir lýst sig fylgjandi slíku ákvæði í stjórnarskrá.

Ljóst er að sú ætlun nær ekki fram að ganga enda leggur stjórnarskrárnefnd aðeins til að einni grein stjórnarskrárinnar verði breytt, það er 79. grein hennar, en hún fjallar um framkvæmd breytinga á stjórnarskránni, líkt og sagt var frá í Fréttablaðinu í gær.

Birgir Ármannsson alþingismaður, sem var einn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í stjórnarskrárnefnd, segir að rætt hafi verið um að stjórnarskrárbinda sameign auðlinda sjávar en ekki hafi fengist niðurstaða. „Menn leggja mismunandi skilning í slíkt ákvæði og eru ósammála um hvort það viðhaldi núverandi réttarástandi eða kollvarpi því.“

Hann segir mikilvægt að þegar svona regla er sett ríki samstaða um orðalag og inntak ákvæðis svo það valdi ekki óvissu. „Að auki var verkefni nefndarinnar að vinna að heildarendurskoðun á stjórnarskránni og því ekki hægt að taka út einstök ákvæði.“

- bþs



**GLAÐHEIMAR OG HNOÐRAHOLT** Bæjarayfirvöld í Garðabæ segja fyrirhuguð mislæg gatnamót á mótum Arnarnesvegar og Reykjanesbrautar vera sprungin áður en þau eru byggð vegna áforma Kópavogsbæjar um uppbyggingu þar sem nú er hesthúsahverfi Gusts í Glaðheimum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Vegakerfi sögð springa undan Kópavogsbæ

**Fyrirhuguð uppbygging í Glaðheimalandi í Kópavogi mun sprengja vegakerfið segja bæjaryfirvöld í Garðabæ. Byggingarmagn verður nú aukið úr 150 þúsund í 180 þúsund fermetra.**

**SKIPULAGSMÁL** „Við teljum að sú uppbygging sem Kópavogsbær er að fara í á þessu Glaðheimasvæði hafi mjög alvarleg áhrif á mislæg gatnamót og umferð um Reykjanesbrautina og Arnarnesveginn,“ segir Stefán Konráðsson, formaður skipulagsnefndar Garðabæjar.

Bæjaryfirvöld í Garðabæ eru ósátt við áform Kópavogsbæjar um að skipuleggja mikla byggð af verslunar- og skrifstofuhúsnæði á um tíu hekturum lands í Glaðheimum þar sem hestamannafélagið Gustur hefur haft aðstöðu.

„Ljóst er að nýir útreikningar út frá gildandi skipulagi Garðabæjar munu gera ástand umferðar enn verra, eða færa það úr öskunni í eldinn. Búast megi við að ástandið á Arnarnesvegi við Reykjanesbraut yrði óásættanlegt með öllu ... á öllum helstu gatnamótum á öllum annatímum,“ sagði skipulagsnefnd Garðabæjar þegar skipulag Glaðheima var kynnt í október. Þá var reiknað með að byggingarmagnið yrði um 150 þúsund fermetrar.

Sú breyting hefur nú orðið að Kópavogsbær hefur selt Glaðheima í tveimur hlutum til Smáratorgs ehf. og Kaupangurs ehf. Að auki bætti bærinn við rúmum einum hektara þar sem áhaldahús bæjarins stendur. Í kaupsamningi er heimild til að byggingarmagnið verði allt að 180 þúsund fermetrar, eða verulega umfram það magn sem Garðbæingar telja ásættanlegt.

„Þetta er einfaldlega alltof mikið byggingarmagn sem mun sprengja allar þær breytingar sem á að gera á vegakerfinu,“ segir Stefán Konráðsson og bætir við að auk umferðarmála lúti athugasemdir Garðbæinga einnig að áhrifunum sem háreist byggðin í Glaðheimum muni hafa á þeirra eigin áform um blandaða byggð fyrir allt að 2.500 manns í Hnoðraholti, sem er ofan Glaðheima. „Ég vænti þess að menn reyni að sýna hver öðrum skilning.“ segir Stefán.

Einar Kr. Jónsson, formaður skipulagsnefndar Kópavogs, segir að tekið verði tillit til athugasemda. „Við ætlum ekki í neinn slag við Garðbæinga,“ segir Einar sem telur skipulag Glaðheimasvæðisins í raun komið aftur á byrjunarreit eftir sölu landsins. Nýir eigendur eigi eftir að setja fram sínar hugmyndir um nýtingu þess.

„Þegar endanleg hönnun liggur fyrir þá sjá menn hvort gatnakerfið þolir þetta eða ekki og hvaða breytingar þarf þá að gera til þess að mæta því, hvort sem þær felast í minna byggingarmagni eða lagfæringum á götum,“ segir Einar.

gar@frettabladid.is

# SPRON innlánsreikningar

Morgunblaðið 18. janúar 2007



MORGUNBLAÐIÐ

## Nafnávöxtun á bankareikningum 2006 janúar – desember

m. v. óhreyfða innistæðu

**Kaupþing banki**

| | |
|---|---|
| Debetk.reikn. einst. | 3,42% |
| Sparisjóðsbók | 3,42% |
| Gullbók | 7,65% |
| Metbók | 8,65% |
| Kostabók | 7,65-11,07% |
| Eignalífeyrisbók | 11,05% |
| Markaðs.reikn. | 7,65-11,07% |
| Stjörnub. 12/36 | 9,71-10,79% |
| Bústólpi 48 | 11,16% |
| Framtíðarbók | 11,79% |
| Lífeyrisbók | 11,79% |

**Glitnir banki**

| | |
|---|---|
| Debetk.reikn. einst. | 6,70% |
| Vild | 6,70% |
| GullVild | 7,72% |
| Tékkar. Platinum | 7,72-9,27% |
| Uppleið, grunnþrep | 7,53% |
| Uppleið, 6-36m | 8,13-10,63% |
| Heiðursmerki | 11,01% |
| Verðbréfareikn. | 9,91% |
| Sparileið 36/60 | 10,78-11,05% |
| Framtíðarreikn. | 11,80% |
| Lífeyrisbók | 11,80% |

**Landsbankinn**

| | |
|---|---|
| Debetk.reikn., alm. | 3,18% |
| Kjörbók, 1.-2. þr. | 8,81-9,43% |
| Varðan 60 | 11,10-11,34% |
| Lífeyrisbók óverðtr. | 11,34% |
| Vaxtareikn. | 10,08-11,34% |
| Landsbók, 36/60 | 10,75-11,12% |
| Grunnur | 11,23% |
| Framtíðargrunnur | 11,80% |
| Lífeyrisbók, verðtr. | 11,80% |

**Sparisjóðurinn**

| | |
|---|---|
| Vildarþj.-silfur. | 3,24% |
| Vildarþj.-gull/eðal | 6,11-9,95% |
| Trompreikningur | 6,17% |
| Trompb. 12-60m | 7,83-10,95% |
| Pen.mark.reikn. | 9,95-11,05% |
| Bakhjarl 36/60 | 10,67-10,99% |
| Vaxtavelta | 10,23% |
| Framtíðarsjóður | 11,80% |
| | 11,79% |
| Áskriftarreikn. | |
| VSK-reikningur | |

**SPV-SPH**

| | |
|---|---|
| Debetk.reikn. alm. | 3,31% |
| Gullebet | 10,03% |
| Trompbók | 6,21% |
| Trompb. 12- | 7,82-10,87% |
| Pen.mark. | 9,95-11,05% |
| Bakhjarl 3 | 10,72-10,98% |
| | 11,21% |
| SPV Net 6 | 11,80% |
| Framtíðar | 11,80% |
| Lífsval | 11,19% |
| Áskriftarr | 9,95% |
| VSK-reikning | 11,02% |
| SPV Prep 0/30 | 10,28% |

**SPRON**

| | |
|---|---|
| SPRON silfur | 3,29% |
| SPRON gull | 6,20-10,05% |
| SPRON Platinum | 9,05-10,05% |
| SPRON Tromp | 6,20-10,95% |
| SPRON Bakhj. | 10,68-11,01% |
| SPRON PM | 10,07-11,08% |
| SPRON framtíð | 11,98% |
| SPRON lífeyrir | 11,96% |
| SPRON áskrift | 11,28% |
| Vaxtabót | 10,07-11,81% |
| Viðbót | 11,45-11,56% |

**S24**

| | |
|---|---|
| Debet/Gulld. | 9,92-11,59% |
| Sparn.reikn. 1. þr. | 9,92% |
| 2. þrep: | 10,47% |
| 3. þrep: | 11,59% |
| 4. þrep: | 11,84% |

**Netbankinn**

| | |
|---|---|
| Debetk.reikn. | 5,58-8,08% |
| Markaðsreikn. | 9,94-11,86% |
| Verðtr. reikn. | 10,86-11,15% |
| Framtíðarreikn. | 12,13% |
| Lífeyrisreikn. | 12,19% |
| Ávöxtunarreikn. | 12,02% |

ARGUS

# Frábær ávöxtun

## innlánsreikninga SPRON 2006

Á meðfylgjandi samanburðartöflu, sem birtist í Morgunblaðinu 18. janúar 2007, má sjá að ávöxtun innlánsreikninga SPRON árið 2006 var hreint út sagt frábær enn eitt árið í samanburði við ávöxtun annarra banka og sparisjóða.

**Kynntu þér innlánsreikninga SPRON** í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

spron



**MEÐ UPPRÉTTAN HANDLEGG** Þessi helgi maður á Indlandi er sagður hafa gengið um með uppréttan hægri handlegg í nærri tuttugu ár. Hann er nú staddur við bakka Gangesfljótsins ásamt milljónum annarra hindúa í tilefni af einni mestu trúarhátíð ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vinna starfsnefndar um deiliskipulag í uppnámi í Hafnarfirði:

# Álverið hafnar vothreinsun

**HAFNARFJÖRÐUR** Fundi til að kynna bæjarfulltrúum í Hafnarfirði tillögu starfsnefndar um breytt deiliskipulag fyrir stækkun álvers í Hafnarfirði, sem átti að vera í gær, hefur verið frestað. Jón Ólafsson, fulltrúi Vinstri grænna í nefndinni, sagði á opnum fundi VG á miðvikudagskvöld að deiliskipulagið væri í uppnámi.

Krafa hefði verið gerð til álversins um að mengun yrði mæld á fjórum stöðum í Hafnarfirði í stað eins eins og nú er og að ítrustu hreinsunarkröfum yrði fullnægt með því að taka upp vothreinsun eftir þurrhreinsun. Þetta sagði Jón að fulltrúar álversins hefðu verið búnir að samþykkja en svo hefði komið babb í bátinn og í fyrradag hefðu þeir hafnað þessu.

Á fundinum kom fram tortryggni í garð álversins í Straumsvík og talið að fulltrúar álversins gæfu móðurfélaginu ekki fullkomlega raunsanna mynd af andstöðu í Hafnarfirði. Þær upplýsingar hefðu borist að Alcan í Kanada hefði boðist að reisa nýtt álver sem fengi orkustundina á fimm sent í stað þeirra tuttugu senta á orkustundina sem álverið þyrfti að greiða hjá Landsvirkjun.



**UPPNÁM VEGNA DEILISKIPULAGS** Fundi til að kynna bæjarfulltrúum í Hafnarfirði tillögu um breytt deiliskipulag var frestað í vikunni þar sem fulltrúar álversins í starfsnefnd um deiliskipulagið hættu við að samþykkja vothreinsun eftir þurrhreinsun. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Ég hef farið fram á það við Sól í Straumi að við komum fjölpósti á móðurfélagið í Kanada, látum það vita hve mikil stækkun er fyrirhuguð í bæjarfélaginu og upplýsum þá um þessa miklu andstöðu í bænum," segir Jón. - ghs

Hæstiréttur þyngir dóm:

# Litháar dæmdir í fíkniefnamáli

**DÓMSMÁL Tveir Litháar, Arvydas Macuilskis og Saulinus Prusinskas, voru í gær dæmdir í fjögurra og þriggja ára fangelsi í Hæstarétti fyrir tilraun til fíkniefnasmygls.**

**Mennirnir höfðu, í félagi með óþekktum vitorðsmanni í Litháen, reynt að smygla tæpum tveimur lítrum af vökva með amfetamínbasa til landsins í febrúar í fyrra. Vökvann hefði verið hægt að nota til að framleiða yfir þrettán kíló af amfetamíni hér á landi.**

**Héraðsdómur hafði áður dæmt mennina í tveggja og hálfs árs fangelsi hvorn.** - sþs

Forsætisráðherra Spánar:

# Þykir sýna of mikla linkind

**MADRID, AP Jose Luis Rodriguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, situr nú undir harðri gagnrýni fyrir að hafa, að því er mörgum finnst, gert lítið úr alvöru hryðjuverkaárásar sem liðsmenn úr aðskilnaðarsamtökum Baska, ETA, stóðu að stuttu fyrir áramót.**

**Zapatero sagði fyrst eftir árásina að viðræðunum yrði aðeins frestað, hann lét ekki sjá sig á staðnum fyrr en fimm dögum eftir sprenginguna og svo hefur hann kallað árásina „hörmulegt slys".**

**Zapatero hafði áður sætt gagnrýni íhaldsmanna fyrir að hafa sest að samningaborði með leiðtogum ETA. Upp úr þeim viðræðum slitnaði þó strax eftir að liðsmenn ETA sprengdu bílasprengjuna við Barajas-flugvöllinn sem kostaði tvo menn lífið.** - gb

Demókratar á Bandaríkjaþingi í klemmu vegna Írakstríðsins:

# Táknræn mótmæli látin duga

**WASHINGTON, AP** Flest bendir til þess að demókratar á Bandaríkjaþingi ætli að láta duga að fá öldungadeild þingsins til þess að samþykkja ályktun, þar sem ótvíræðri andstöðu deildarinnar er lýst við hernaðinn í Írak.

Demókratar hika við að ganga lengra til að koma í veg fyrir að áform George W. Bush forseta um hernaðinn í Írak nái fram að ganga af ótta við að stöðugt verði hamrað á því fyrir næstu kosningar að flokkurinn hafi ekki reynst nógu þjóðhollur.

Með ályktuninni er hvorki hafnað fjárveitingum til hernaðarframkvæmda né heldur er þess krafist að hermenn verði kallaðir heim, heldur lýsir þingið einungis andstöðu sinni við að bandarískum hermönnum verði fjölgað í Írak.

Tveir repúblikanar, þau Chuck Hagel og Olympia Snowe, hafa nú þegar lýst stuðningi sínum við þessa ályktun, og þeir gætu orðið fleiri áður en yfir lýkur, enda er Repúblikanaflokkurinn engan veginn óskiptur að baki Bush í þessu máli, hvorki hvað varðar stríðið í Írak almennt né heldur hvað varðar ákvörðun Bush um að senda meira en 20 þúsund hermenn þangað í viðbót við þá sem fyrir eru.



**ÖLDUNARDEILDARÞINGMENN GEGN ÍRAKSSTRÍÐI** Demókratarnir Carl Levin og Joe Biden hafa ásamt repúblikananum Chuck Hagel samið ályktun gegn fjölgun bandarískra hermanna í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sumir repúblikanar segja ályktunina hins vegar eingöngu til þess gerða að koma forsetanum í vandræði og spá því að hún verði felld. - gb

Alþýðusambandið:

# Segir ekkert um jöfnuð eða ójöfnuð

**TEKJUSKIPTING** Alþýðusamband Íslands telur að bráðabirgðaniðurstöður Ragnars Árnasonar, prófessors við Háskóla Íslands, og samstarfsmanna hans segi ekki neina sögu um jöfnuð eða ójöfnuð á Íslandi heldur aðeins um þróun heildartekna. Þörf sé á umræðu um mismun á skattlagningu stjórnvalda á tekjum eftir eðli þeirra.

ASÍ telur að sú aðferð Ragnars að sleppa tekjuhæsta hópnum í samanburði á tekjum sé fráleit enda hljóti tekjuskiptingarrannsókn að ná til allra tekjuhópa. Sérstaklega beri að líta til þess að fólkið í eins prósents tekjuhópnum sé með tíu prósent af heildartekjum landsmanna. - ghs


EÐALBÍLAR

13.990 kr.

afborgun á mánuði fyrir hverja milljón *

Eigum frábært úrval nýlegra lúxusfólksbíla og jeppa frá Volkswagen, Audi og Benz með allt að 90% láni á afar hagstæðum kjörum. Í boði eru jafnlöng lán og á nýjum bílum, sem lækkar greiðslubyrðina til muna. Bílarnir eru til sýnis á Bílaþingi, Laugavegi 174.




* M.v. 10% útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar til 84 mánaða.

Opið kl. 10–18 á Laugavegi 174

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5000

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

# HVAÐ FÆR BÓNDINN Í DAG?

**20% afsláttur** af öllum Goða þorramat

# SPARAÐU STÓRT

**25% afsláttur**
**334 kr. kg.**
Goða saltkjöt ódýrt

**30% afsláttur**
**1399 kr. pk.**
Danpo frosnar kjúklingabringur

Goða súrmatur 1,2 kg
**20% afsláttur**

**20% afsláttur**
Goða hangikjöt soðið

Myllu rúgbrauðskubbur
**119** kr./stk.

Stjörnu kartöflusalat 700g
**299** kr./stk.

**2 fyrir 1**
Pepsi & Pepsi light 2 ltr

Abba síld

Abba síld
**199** kr./stk.

Stjörnu rófustappa
**139** kr./stk.

Egils Pilsner dós 0,5 ltr
**49** kr./stk.

KRÓNAN KRÓNAN KRÓNAN






Upplýsingagreining sem sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli hefur sinnt:

# Verkefnið fært inn í ráðuneyti

**ÖRYGGISMÁL** Í tilefni af breyttri skipan lögreglumála, sem færir embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli úr umsýslu utanríkisráðuneytisins til dómsmálaráðuneytisins, stendur til að sú greiningarþjónusta á öryggismálatengdum upplýsingum, sem sýslumannsembættið sinnti fyrir hönd utanríkisráðuneytisins, verði færð í hendur starfsmanna ráðuneytisins sjálfs.

Þetta tilkynnti Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra í ræðu í Háskóla Íslands á fimmtudag.

Um er að ræða greiningu á upplýsingum um öryggisástand okkar heimshluta, samskipti við hernaðarupplýsingakerfi Atlantshafsbandalagsins, áhættumat vegna verkefna Íslensku friðargæslunnar á erlendri grundu og fleira.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Segir um að ræða upplýsingar er varða ytra öryggi ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Hér er um að ræða upplýsingar er varða ytra öryggi ríkisins, ... en ekki um innlend málefni,“ sagði Valgerður, og því muni utanríkisráðuneytið annast þetta verkefni áfram.

Valgerður lét þess getið að nokkurs misskilnings hefði gætt um þessa starfsemi; því hafi verið haldið fram að þar væri rekin leyniþjónustu- og njósnastarfsemi. „Því fer fjarri,“ sagði ráðherrann. „Mikill munur er á njósnastarfsemi annars vegar og greiningu á ástandi og horfum í einstökum löndum og heimshlutum hins vegar.“ **- aa**

# Samningurinn kemur í veg fyrir ofveiði

**Ísland fær 14,51 prósent af 1.280.000 tonna heildarkvóta og fær að veiða innan norskrar fiskveiðilögsögu. Norsk stjórnvöld slógu gríðarlega af sínum ýtrustu kröfum. Íslenska samninganefndin fagnar því að stjórn hafi náðst á veiðunum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Samningur um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2007 var undirritaður af formönnum sendinefnda Íslands, Noregs, Færeyja, Rússlands og Evrópusambandsins í Osló aðfaranótt fimmtudags. Ísland fær í sinn hlut 185.728 tonn eða 14,51 prósent af 1.280.000 heildarkvóta, sem er rúmu prósenti minna en kom í hlut Íslands samkvæmt samningnum frá 1996. Noregur eykur hlutdeild sína frá fyrri samningi úr 57 prósentum í 61 prósent og veiða Norðmenn því 780.000 tonn.

Stjórn veiða úr stofninum hefur verið í uppnámi frá árinu 2003 þegar Norðmenn höfnuðu því að endurnýja samninginn sem náðist 1996. Á síðasta ári settu Norðmenn sér einhliða aflaheimildir sem námu rúmum 35 prósentum umfram það sem aflaheimildir þeirra hefðu verið samkvæmt þeirri skiptingu og viðmiði um heildaraflamark, sem ríkti á meðan samningar voru í gildi um stjórn veiða úr stofninum. Þeir hafa gert kröfu um allt að áttatíu prósent kvótans sem Íslendingar og Færeyingar hafa alfarið hafnað. Norðmenn hafa svarað með því að leyfa ekki veiðar innan norskrar fiskveiðilögsögu og torvelda veiðar við Svalbarða. Íslensk stjórnvöld undirbúa málssókn á hendur Norðmönnum vegna þess.

Ísland og aðrar þjóðir fá aukinn aðgang að veiðum í norskri efnahagslögsögu gegn því að Norðmenn fái aukinn hlut. Þannig fær Ísland heimild til að veiða 25.600 tonnum meira í norskri efnahagslögsögu en það sem samningurinn frá 1996 kvað á um. Veiði íslensk skip minna en 25.600 tonn í norskri efnahagslögsögu á árinu munu Norðmenn láta Íslendinga hafa 1.280 tonn af sínum hluta aflaheimilda á árinu 2008. Norðmenn fá heimild til að veiða 7,03 prósent í íslensku efnahagslögsögunni en höfðu heimild til að veiða 11,47 prósent samkvæmt fyrri samningi.



**VIÐ SÍLDVEIÐAR** Veiði í uppsjávartegundum verður lífleg á næstu misserum. Loðna er fundin fyrir norðan og austan og við bætist kvóti í norsk-íslensku síldinni sem hefur aukist frá fyrri árum. MYND/ÞORSTEINN

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem var í sendinefnd Íslands segir afar mikilvægt að samningar skyldu takast. „Það ástand sem skapaðist þegar Norðmenn neituðu að endurnýja samninginn frá 1996 var algjörlega óviðunandi. Þótt það sé hart að gefa eftir af hlut Íslands til Norðmanna, sem hafa hagað sér með afar óábyrgum hætti, tel ég það réttlætanlegt til að koma í veg fyrir að stofninn verði ofveiddur.“

**svavar@frettabladid.is**

**SAMNINGUR UM VEIÐAR ÚR NORSK-ÍSLENSKA SÍLDARSTOFNINUM 2007***

| | Tonn | prósent | 1996 |
|---|---|---|---|
| Noregur | 780.800 | 61,0% | 57,0% |
| Ísland | 185.728 | 14,5% | 15,5% |
| Rússland | 164.096 | 12,8% | 13,6% |
| ESB | 83.328 | 6,5% | 8,4% |
| Færeyjar | 66.048 | 5,2% | 5,45% |

*Samkvæmt verði á mörkuðum um miðjan janúar 2007 er hlutdeild Íslands um 3,7 milljarða króna virði. Verð á síld er helmingi lægra en það var í fyrra á sama tíma. Búist er við að verð lækki enn á næstu vikum.

# Sigur skynseminnar

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segist vera mjög ánægður með að samkomulag náðist um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum í fyrrakvöld. Hann segir viðræðurnar hafa verið afar erfiðar og ljóst hafi verið að allar þjóðirnar hafi orðið að gefa eftir af kröfum sínum til að árangur næðist. Hann telur íslensku samninganefndina hafa náð mjög góðum árangri.



**EINAR K. GUÐFINNSSON**

„Ég tel að heilbrigð skynsemi hafi sigrað. Náðst hefur samningur sem nær utan um veiðar á mjög verðmætum stofni sem við verðum að gæta að sé ekki ofveiddur“, segir Einar. Hann segir að með því skipulagi sem komið er á með gagnkvæmum veiðiheimildum, sé unnt að ná meiri arðsemi úr nýtingu síldarinnar.

Inntur eftir mikilvægi þess að fá veiðiheimildir innan norskrar fiskveiðilögsögu segir Einar. „Við höfum náð að veiða okkar kvóta utan norskrar lögsögu til undanförnu en það getur skipt máli fyrir okkur að geta veitt síldina innan lögsögu þeirra.“ Einar metur viðbrögð norskra útgerðarmanna við samningnum, en þeir telja að þarlend stjórnvöld hafi samið af sér, ósanngjörn. „Okkur fannst norsk stjórnvöld halda mjög fast á sínum málum og aðalatriðið er að þjóðirnar eru að sýna umheiminum að okkur er treystandi fyrir þessari miklu auðlind.“ **- shá**

Síldarsamningurinn:

# Norskir útvegsmenn ósáttir

**SJÁVARÚTVEGUR** Norskir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi eru æfir yfir samningi um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum sem skrifað var undir í fyrrinótt. Þeir telja að norsk stjórnvöld hafi sætt sig við of lítinn síldarkvóta og eru ósáttir við að veiðar innan norskrar fiskveiðilögsögu hafi verið leyfðar. Þeir telja að stjórnvöld hafi gefið eftir hagsmuni upp á milljarða og vildu sigla samningum í strand á þriðjudag.

Öll samtök í norskum sjávarútvegi lögðust gegn því að gefið yrði eftir í viðræðunum og óskuðu eftir að ýtrustu kröfum um kvóta yrði haldið til streitu. Forsvarsmenn samtakanna telja að stjórnvöld hafi brugðist og samningurinn sé Norðmönnum mjög óhagstæður. **- shá**



# Lagerútsala að Klettháls 13




Gildir meðan birgðir endast

Takmarkað magn




# 20-70% afsláttur

**Ótrúleg verð**
3+2 sæta Microfiber sófasett
á kr. **69.000**





af sófasettum og gjafavöru:
kerti, kertastjakar,
skrautsandur, glervara,
dúkar, púðar og
margt fleira

af útlitsgölluðum
og eldri gerðum
af heilsudýnum,
stillanlegum rúmum,
náttborðum, göflum og
ýmsum fylgihlutum



**HÚSGÖGNIN HEIM**
**AKUREYRI**

**Svefn & heilsa** ★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



Tilboð í viku 3 2007
Dekrum við
8 blöð - betri karl!
8 MACH 3 blöð
1119 KR.
MERKT VERÐ 1598 KR.
30% afsláttur við kassann
840g hnallþóra
Súkkulaðiterta 840g
599 KR.
HNALLÞÓRA
Íslenskir laxabitar kílóverð nú:
798 KR.
Merkt verð 998 KR.
Beinhreinsaðir íslenskir laxabitar frá Norðanfiski
5 sokkapör
25% afsláttur við kassann
5 sokkapör
449 KR.
Merkt verð 599 KR.
Ferskur og safaríkur ananas 2 kíló!
199 KR.
SJÁÐU VERÐIÐ!
FORELDUÐ SPARERIBS
FORELDUÐ SVÍNARIF Spareribs
839 KR.
MERKT VERÐ 1198 KR.
30% afsláttur við kassann
BAJONSKINKA kílóverð nú:
1189 KR.
MERKT VERÐ 1698 KR.
Soðin partýskinka -klár á diskinn!
Soðin og klár skinka kílóverð nú:
1259 KR.
Merkt verð 1798 KR.
Bajon skinka
30% afsláttur við kassann
PORK ROAST kílóverð nú:
1049 KR.
MERKT VERÐ 1498 KR.
Pork Roast helgarsteik frá ALI
Fyrir strákana í gamla daga!
Boxerbuxur
998 KR.
Bónus býður betur!
Vestfirskur hákarl
379 KR.
100g
Hann rífur í!
2 lítrar
760/800g pitsa
599 KR.
með 2 l Pepsi max
XXL risapitsa
12"
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# bóndann í dag!

Sjáðu verðið!

EKKERT BRUÐL




Tilboð dagsins!

40% afsláttur við kassann

19.000 bakkar!

40% afsláttur við kassann

Ferskar svínalundir:
Verð nú **1198**KR.kg
Merkt verð 1998KR.

Ferskt svínagúllas:
Verð nú **898**KR.kg
Merkt verð 1498KR.

Ferskt svínasnitsel:
Verð nú **898**KR.kg
Merkt verð 1498KR.

Ferskur svínahnakki:
Verð nú **898**KR.kg
Merkt verð 1498KR.

Ferskar kótelettur:
Verð nú **898**KR.kg
Merkt verð 1498KR.

Ferskt svínahakk:
Verð nú **479**KR.kg
Merkt verð 798KR.

Ferskir skankar:
Verð nú **299**KR.kg
Merkt verð 299KR.

www.bonus.is

ERAN/Landlist

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




Heimasíða Icelandair birtir rangt verð þrátt fyrir fjölmiðlaumfjöllun:

# Ósamræmi er í gjaldskránni

**SAMGÖNGUR** Bilun í bókunarvél Icelandair veldur því að verð fyrir flugmiða frá Halifax í Kanada til Keflavíkur er auglýst rúmlega helmingi hærra en verð frá Boston í Bandaríkjunum, að sögn Guðjóns Arngrímssonar, fjölmiðlafulltrúa Icelandair.

Þetta gaf tilefni til blaðaskrifa í Kanada þann 9. janúar, því milli borganna eru einungis 413 flugmílur, eða 665 kílómetrar.

Í greininni, sem birtist í Chronicle Herald, var einnig kvartað undan þjónustu Icelandair. Sagði blaðamaðurinn að hvorki skeytum né hringingum hefði verið svarað.

Á heimasíðu Icelandair stendur að kosti rúmar 65.000 krónur að fljúga til Íslands frá Halifax, en rúmlega 31.000 krónur frá Boston.

Guðjón Arngrímsson hjá Icelandair sagði í viðtali við Fréttablaðið þann 10. janúar að fréttin væri byggð á misskilningi: „Við erum og verðum að sjálfsögðu með hagstæð fargjöld frá Halifax og sambærileg eða lægri en frá Boston.“ Guðjón sagði einnig að blaðamaðurinn kanadíski hefði ekki gert fullnægjandi tilraun til að hafa uppi á talsmönnum fyrirtækisins.

Í gærdag var enn uppi sama verð á heimasíðu félagsins, icelandair.com, en þess skal getið að samkvæmt íslenskri heimasíðu Icelandair er ódýrara að fljúga til Halifax en til Boston. **- kóþ**




**ICELANDAIR-ÞOTA** Kanadamönnum virðist hagstæðara að fljúga til Bandaríkjanna og þaðan til Íslands, þrátt fyrir að beint flug sé frá Kanada til Keflavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Tvísýn barátta á milli Guðna og Hjálmars

**Framsóknarþingmennirnir Guðni Ágústsson og Hjálmar Árnason keppa um fyrsta sætið á lista flokksins í Suðurkjördæmi. Þrír gefa kost á sér í annað sætið og tveir í þriðja. Prófkjör fer fram á morgun.**

**STJÓRNMÁL** Framan af vetri var reiknað með að Guðni sæti einn að fyrsta sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi og kom yfirlýsing Hjálmars um að hann sæktist eftir sætinu mörgum á óvart. Ekki var Guðna síst brugðið og gaf hann lítið fyrir heilindi Hjálmars sem áður hafði lýst stuðningi við Guðna og um leið sagst sækjast eftir öðru sætinu. En mönnum er frjálst að skipta um skoðun og það gerði Hjálmar.

Viðmælendum Fréttablaðsins ber saman um að barátta tvímenninganna sé tvísýn þó staða Guðna sé metin heldur sterkari. Helgast það mat helst af því að Guðni nýtur talsverðra persónuvinsælda í kjördæminu, ekki síst á Suðurlandi. Þeir fyrirvarar eru þó gerðir að óvissa ríkir um þátttöku Suðurnesjamanna en Hjálmar er sagður sækja þorra fylgis síns til þeirra.

Það sætir athygli að ekki er nauðsynlegt að kjósendur í prófkjörinu hafi lögheimili í Suðurkjördæmi. Eina skilyrðið er að þeir séu skráðir í flokksfélag í kjördæminu. Er þetta líklega einsdæmi en þess er jafnan krafist að fólk eigi lögheimili þar sem það tekur þátt í kosningum, af hvaða tagi sem þær eru.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur prófkjörsbaráttan farið fram í bróðerni. Frambjóðendur hafa helst viðrað skoðanir sínar og hugsjónir á sameiginlegum framboðsfundum vítt og breitt um kjördæmið, auk þess að auglýsa í héraðsfréttablöðum. Byggðaþróun og atvinnumál hvíla hvað þyngst á Sunnlendingum, ekki síst þeim sem búa utan stóru þéttbýliskjarnanna á Reykjanesi og í Árborg. Hafa þau mál, auk samgöngumála, verið helst til umræðu á framboðsfundunum.

Guðni Ágústsson hefur setið á þingi síðan 1987, verið ráðherra frá 1999 og varaformaður Framsóknarflokksins frá 2003. Hjálmar var fyrst kjörinn á þing 1995 og hefur verið þingflokksformaður síðan 2003. Báðir eru því í forystusveit flokksins og hafa sem slíkir haft mikil áhrif á ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans á umliðnum árum.

Alls bjóða tólf sig fram í prófkjörinu. Þrír sækjast eftir öðru sæti, tveir eftir þriðja sæti og fimm stefna á fjórða til sjötta sæti.

Framsóknarflokkurinn á tvo þingmenn í Suðurkjördæmi; Guðna og Hjálmar. Flokkurinn hlaut tæp sex þúsund atkvæði í kosningunum fyrir fjórum árum; tæpan fjórðung allra atkvæða í kjördæminu. Í nýjustu könnun Capacent-Gallup mælist fylgið hins vegar sextán prósent.

Þau þrjú sem vilja annað sætið eru Selfyssingarnir Bjarni Harðarson, blaðamaður og bóksali, og Björn Bjarndal Jónsson, skógverkfræðingur og formaður UMFÍ, og Eygló Harðardóttir, framkvæmdastjóri þorskeldisfyrirtækisins Þorskur á þurru landi í Vestmannaeyjum. Bjarni hefur lengi verið áberandi í þjóðmálaumræðunni með skrifum og þátttöku í sjónvarps- og útvarpsumræðum. Björn hefur verið formaður UMFÍ frá 2001 en tekið þátt í starfi ungmennahreyfingarinnar um árabil. Eygló hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir Framsóknarflokkinn og er meðal annars varaþingmaður.

Elsa Ingjaldsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, og Kjartan Lárusson sauðfjárbóndi sækjast svo eftir þriðja sætinu.

Svo virðist sem frambjóðendur hafi gætt hófs í kostnaði við prófkjörsbaráttuna en auk sameiginlegra framboðsfunda og í kynningarbæklingi hefur fólk helst kynnt sig með auglýsingum í héraðsfréttablöðum og á vefnum. Bjarni, Björn og Eygló eru öll með heimasíður sem og Hjálmar Árnason. Hann hefur þó ekki stungið niður penna síðan á aðventu. Guðni Ágústsson er svo í hópi fárra stjórnmálamanna sem ekki bloggar, hvorki fyrir prófkjör og kosningar né þess á milli. **bjorn@frettabladid.is**



**Á GÓÐRI STUNDU** Guðni og Hjálmar brosa í kampinn í þinghúsinu. Þeir keppa nú um forystusæti framsóknarmanna í Suðurkjördæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## TILHÖGUN PRÓFKJÖRSINS

Prófkjörið fer fram á morgun og er kosið á 26 stöðum víðs vegar í kjördæminu. Á stærstu stöðum stendur kjörfundur frá klukkan 10-18 en skemur á fámennari stöðum.

Þátttaka er heimil öllum félagsmönnum í framsóknarfélögunum í Suðurkjördæmi sem og þeim sem undirrita inntökubeiðni í flokkinn fyrir lok kjörfundar. Kosning í sex efstu sætin er bindandi.

Atkvæði verða talin á sunnudag og er áætlað að fyrstu tölur liggi fyrir síðdegis.

## ÞAU GEFA KOST Á SÉR

| | |
|---|---|
| 1. sæti | Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra |
| | Hjálmar Árnason alþingismaður |
| 2. sæti | Bjarni Harðarson blaðamaður |
| | Björn Bjarndal Jónsson skógverkfræðingur |
| | Eygló Harðardóttir framkvæmdastjóri |
| 3. sæti | Elsa Ingjaldsdóttir framkvæmdastjóri |
| | Kjartan Lárusson sauðfjárbóndi |
| 3.-4. sæti | Guðni Sighvatsson nemi |
| 4. sæti | Brynja Lind Sævarsdóttir flugöryggismaður |
| 4.-6. sæti | Gissur Jónsson grunnskólakennari |
| 5.-6. sæti | Lilja Hrund Harðardóttir framkvæmdastjóri og nuddari |
| | Ólafur Elvar Júlíusson byggingatæknifræðingur |

omega CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

# BAÐ
## INNRÉTTINGAR

# SÉR TILBOÐ!



WLU 06A 120x49 sm
Útlit: Hvítt háglans og eik
**Verð stgr. kr. 58.900**
Innifalið: Handlaug, handlaugaskápur og spegilskápur. Einnig hár skápur þar sem þeir eru sýndir á myndunum.




WLU-150 146x49 sm
Útlit: Eik
Verð stgr. kr. 72.900*




WLU 141 126x52 sm
Hvítt háglans - Svart háglans
Verð stgr. kr. 76.900*




WLU 151 115x48 sm
Útlit: Hvítt háglans
Verð stgr. kr. 69.900*




WLU 147 86x48 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik / Hnota
Verð stgr. kr. 49.900*




WLU-149 116 x 49 cm
Útlit: Hvítt háglans / Hnota
Verð stgr. kr. 59.900*




WLU 125 45x30 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik
Verð stgr. kr. 28.900*




WLU 126 50x40 sm
Útlit: Hvítt háglans / Svart háglans
Verð stgr. kr. 28.900*

* Innifalið: Handlaug, handlaugaskápur og spegilskápur. Einnig hár skápur þar sem þeir eru sýndir á myndunum.

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**REISA NÝJAN MÚR** Í Heiligendamm í Þýskalandi eru verkamenn byrjaðir að reisa rammgerða girðingu umhverfis hótel sem verður vettvangur leiðtogafundar G8-hópsins í júní næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

VINNUMARKAÐUR

## Geymir skráir sig

Unnið er að því að skrá Geymi ehf. sem starfsmannaleigu hjá Vinnumálastofnun og hefur stofnunin veitt fyrirtækinu frest til að ganga frá sínum málum. Vinnumálastofnun telur sig hafa vissu fyrir því að fyrirtækið starfi sem starfsmannaleiga.

# Kosið í skugga Kosovodeilu

### Serbar ganga að kjörborðinu á sunnudaginn. Deilur um Kosovo hafa sett svip á kosningabaráttuna, sem annars er á milli umbótasinna og þjóðernissinna.

**BELGRAD, AP** Kosningar fara fram í Serbíu um helgina þar sem umbótasinnar hlynntir nánum tengslum við önnur Evrópuríki takast á við harða þjóðernissinna sem vilja draga Serbíu inn í skel sína frekar en að láta undan utanaðkomandi kröfum.

Þau átök, þótt harkaleg séu, hafa samt að verulegu leyti horfið í skuggann af enn harðvítugri deilum um Kosovo-hérað. Sameinuðu þjóðirnar eru að leggja lokahönd á tillögur um framtíðarstöðu héraðsins, sem er að mestu byggt íbúum af albönskum uppruna þótt Serbar hafi áður verið þar í meirihluta.

Þeir Vojislav Kostunica forsætisráðherra og Boris Tadic forseti eru á einu máli um Kosovo. Þeir hafna alfarið aðskilnaði héraðsins frá Serbíu en bjóða þess í stað víðtæka sjálfstjórn fyrir Kosovo án þess að landamærum verði breytt.

Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands, sem hefur haft umsjón með viðræðum Serba og Kosovo-Albana um framtíð héraðsins, ákvað í nóvember síðastliðnum að greina ekki frá tillögum sínum fyrr en að loknum kosningunum nú í janúar. Talið er að hann hafi ákveðið að bíða fram yfir kosningar til þess að koma í veg fyrir að Serbneski róttæki flokkurinn gæti aflað sér fylgis fyrir kosningarnar með því að úthrópa tillögurnar.

Þeir Kostunica og Tadic eru báðir í hópi umbótasinna. Þróun efnahagsmála hefur verið hagstæð allt frá því að Kostunica tók við völdum fyrir tveimur árum. Hagvöxtur á síðasta ári nam sex prósentum og verðbólgan hefur minnkað úr tuttugu prósentum niður í sjö prósent. Fjárfestingar erlendra fyrirtækja námu 350 milljörðum króna á síðasta ári.

Sterkasta afl þjóðernissinna er Róttæki flokkurinn, sem um skeið sat í stjórn landsins með Sósíalistaflokki Slobodans Milosevic. Leiðtogi Róttæka flokksins, Vojislav Seselj, gaf sig sjálfviljugur fram við stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Haag þar sem hann bíður enn réttarhalda.



**BÆRINN KLOKOT** Serbneskir íbúar Kosovo-héraðs ganga framhjá bandarískum hermönnum í bænum Klokot. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Úrslit kosninganna munu ráða nokkru um það hversu viljug stjórnvöld verða til þess að leita uppi herforingjann Ratko Mladic og afhenda hann dómstólnum í Haag. Hvort Serbía fær kost á nánari tengslum við Evrópusambandið og NATO fer síðan mikið til eftir því hvernig því máli lyktar.

gudsteinn@frettabladid.is




Dr. Halldór Björn Runólfsson:

# Forstöðumaður listasafns ráðinn

**LISTIR** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur skipað dr. Halldór Björn Runólfsson í embætti forstöðumanns Listasafns Íslands frá 1. mars næstkomandi. Ráðningin er til fimm ára. Alls sóttu átta um embættið hjá menntamálaráðuneytinu.

Halldór Björn starfar sem lektor og yfirmaður listfræða við Listaháskóla Íslands. Hann var myndlistarýnir við Morgunblaðið um árabil og fulltrúi Íslands í ritstjórnum erlendra myndlistartímarita. Hann lauk doktorsprófi frá sjónlista- og fagurfræðideild við Sorbonne-háskólann í París í mars á seinasta ári. - sþs

BANDARÍKIN

**Tóku barsmíðarnar upp**

Þrjár táningsstúlkur, tvær 14 ára og ein 13 ára, voru handteknar og ákærðar fyrir að ráðast á 13 ára stúlku með barsmíðum meðan þær tóku athæfið upp á myndband. Settu þær síðan myndbandið á tvær vefsíður.

Verklagsreglum breytt vegna deilu í Valhúsaskóla:

# Ekki skyldumæting í kirkjuferð

**MENNTUN** Skólastjóri Valhúsaskóla hefur ákveðið að endurskoða og bæta verklagsreglur skólans, eftir að nokkrar stúlkur mótmæltu kirkjuferð á skólatíma fyrir jólin.

Stúlkurnar fengu bágt fyrir þetta frá kennara, enda höfðu þær ekki gefið annað til kynna en að þær ætluðu með í kirkjuna. Stúlkurnar söfnuðu því undirskriftum frá stórum hópi nemenda sér til stuðnings. Þær fóru síðan alla leið fyrir framkvæmdastjóra fræðslu- og menningarsviðs Seltjarnarness til að vekja athygli á málstaðnum.

Framkvæmdastjórinn tók ekki afstöðu til málsins, en skólastjórinn, Sigfús Grétarsson, greip til sinna ráða og boðaði til kennarafundar. Á þeim fundi var ákveðið að setja skýrari verklagsreglur innan skólans. Héðan í frá láti foreldrar vita með fyrirvara hvort börnin ætli með í ferðirnar eða ekki. Þeim sem ekki vilja fara með verður boðið upp á aðra uppfræðslu á meðan. Málinu lauk því í mestu sátt.

Faðir einnar stúlkunnar, Ólafur Darri Andrason, segir þetta jákvæða lausn og er stoltur af dótturinni. „Þær voru þarna nokkrar valkyrjur sem voru ósáttar við að kirkjuferðin væri skylda en ekki valkostur. En þetta gekk alls ekki út á neina herferð gegn kristinni trú. Þetta gekk út á að börnin hefðu leyfi til að vera öðruvísi. Í fjölmenningarsamfélagi þarf jú að taka tillit til allra.“ - kóþ



**VALHÚSASKÓLI** Verklagsreglur vegna kirkjuferða verða endurskoðaðar.



ÓLAFUR DARRI ANDRASON



SIGFÚS GRÉTARSSON SKÓLASTJÓRI



**LEKINN MIKLI** Vatnið spýttist út um loftræstikerfið í kjallaranum.

Flóðið í Mosfellsbæ:

# Tryggingafélag annast viðgerð

**VATNSTJÓN** Tryggingafélagið Vörður stendur nú fyrir viðgerðum á miklum skemmdum sem urðu í desember á fjölbýlishúsinu í Klapparhlíð 1 í Mosfellsbæ. Að sögn Varðar Levís Traustasonar, formanns húsfélagsins, hafa Íslenskir aðalverktakar, sem byggðu húsið, ákveðið að hækka þá útblásturstúðu sem vatn streymdi inn um eftir að dæla í brunni á nálægu hringtorgi gaf sig í miklu rigningarveðri svo flæddi að húsinu.

Vörður segir tjónið á sameigninni hlaupa á mörgum milljónum króna. Það sé nú í höndum tryggingafélagsins að finna út hvar ábyrgðin á tjóninu liggi. - gar




## Svona erum við

> Fjöldi fólksbíla á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** BDSM

# *Kvalir og munúð um aldaraðir*

Hugtakið BDSM hefur verið nokkuð í umræðunni síðustu vikur eða allt frá því að þátturinn Kompás greindi fyrst frá mörgu misjöfnu sem átti sér stað á meðferðarheimilinu Byrginu.

**Hvað er BDSM?**
BDSM er upprunalega ensk skammstöfun á orðunum bondage, discipline, dominance, submission, sadism og masochism. Íslenska BDSM-félagið hefur þýtt hugtakið sem bindi-, drottnunar-, sadó- og masókistaleikir og munalosti. Það sem áhugafólk um BDSM á sameiginlegt er áhugi á kynferðislegum valdaleikjum. Sá sem stýrir leiknum er kallaður drottnari, sem er þýðing á dominance. Hinn undirgefni er kallaður þræll en það er þýðing á submission.

**Hver er saga BDSM?**
Upphaf BDSM er óljóst. Til eru heimildir frá 14. öld um fólk sem lét binda sig og hýða að eigin ósk áður en það hafði samfarir. Mörg rit miðalda um hirðlegar ástir þykja bera þess merki að þar hafi verið stundaðir bindi- og drottnunarleikir. Alþjóðlega heitið sadismi er dregið af nafni franska rithöfundarins Marquis de Sade sem var þekktur fyrir skáldsögur sem lýstu á opinskáan hátt þeirri kynferðislegu nautn sem felst í kvalalosta.

**Eru BDSM samtök á Íslandi**
Íslensku BDSM-samtökin halda úti vefsíðunni bdsm.is. Á síðunni stendur að sadómasókismalanganir hafi verið mjög misskildar í fjölmiðlaumræðu og af ýmsum sérfræðingum um árabil. BDSM-samtökin á Íslandi vilji leiðrétta ímynd sadómasókisma í augum almennings og gera grein fyrir því að sadómasókismi sé ekki kvöl og pína. Mikill munur sé á ofbeldi og öruggum, meðvituðum og samþykktum sadómasó-leik.



**Hve margir?**
Geir Guðmundsson, formaður íslensku BDSM-samtakanna, hefur sagt að reikna megi með því að um það bil 10 prósent þjóðarinnar aðhyllist BDSM að einhverju leyti.

Heimild: bdsm.is

**SPURT & SVARAÐ**
**AUKIÐ RANNSÓKNAFÉ TIL HÁSKÓLA ÍSLANDS**



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**
Alþingismaður og formaður menntamálanefndar.

## *Hlynntur því að styrkja HÍ*

Menntamálaráðherra og rektor Háskóla Íslands undirrituðu samning í viku liðinni um stóraukið fé til kennslu og rannsókna. Um tímamótasamning er að ræða sem talinn er gera skólanum kleift að ná langtímamarkmiðum sínum um að verða einn af 100 bestu háskólum heims.

**Getur HÍ orðið topp 100 háskóli?**
Já, hann getur það ef rétt er á málum haldið hvað varðar fjárframlög frá ríkinu, tengsl við atvinnulífið, upptöku skólagjalda og stjórnskipulag skólans.

**Hefði frekar átt að setja féð í samkeppnissjóð?**
Ég er hlynntur þessari eflingu rannsókna innan Háskóla Íslands en almennt hef ég verið hlynntastur samkeppnissjóðunum.

**Hvaða rannsóknir á helst að styrkja?**
Ég myndi telja að það ætti fyrst og fremst að leggja áherslu á að veita þessu rannsóknafé til þeirra sviða þar sem háskólinn vill helst byggja sig upp. Skólinn verður sjálfur að hafa stefnumörkun um það.

# Fíklum kastað milli ofsatrúarhópa

**Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ, segir skilningsleysi stjórnvalda, einkum framsóknarmanna, á málefnum drykkjusjúkra og vímuefnaneytenda, átakanlegt. Með því að vísa fyrri skjólstæðingum Byrgisins til Samhjálpar, sem Þórarinn kallar ofsatrúarhóp, hafi Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra, opinberað það viðhorf ráðamanna að fíkn sé synd en ekki sjúkdómur.**



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON** Yfirlæknirinn á Vogi segir áfengis- og lyfjafíkn einna mest rannsökuðu sjúkdómana um þessar mundir. „Það er ótrúlegum fjármunum veitt í þessar rannsóknir og það skýtur því skökku við að það eigi að meðhöndla þetta eins og enga sérþekkingu þurfi til. Það er alveg undarlegt.“

„Framsóknarflokkurinn hefur ráðið þessum málaflokki og bæði þingmenn og ráðherrar flokksins hafa mótað þessa stefnu sem nú er augljós og sýnileg öllum,“ segir Þórarinn og bætir því við að hingað til hafi verið litið á fíkn sem sjúkdóm og það veki því furðu að yfirvöld hafi ekki séð ástæðu til að leita ráða hjá SÁÁ og fagfólki sem fengist hefur við sjúkdóminn.

„Það hefur ekki nokkur einasti embættismaður eða stjórnmálamaður haft samband við mig sem forstöðumann þessarar stofnunar eða borið formlega upp erindi við okkur út af þessu máli. Enginn.“

Þórarinn sendi heilbrigðisráðherra þó, sumarið 2004, greinargerð um málefni endurkomufólks og kom með tillögur til úrbóta. Við þetta tækifæri varaði Þórarinn einnig við hættunni sem fælist í því að fela trúarhópum ummönnun þessara einstaklinga.“

### Syndaaflausn er ekki lækning

„Ég segi nú ekki að okkur finnist við sniðgengin en ég er harmi sleginn yfir þessu þar sem þarna kemur svo berlega í ljós hvaða stefnu og hugmyndafræði Framsóknarflokkurinn hefur í málefnum vímuefnasjúks fólks. Það er litið á þetta fólk sem syndugt og að besta meðferðin við fíknisjúkdómum sé kristniboð og syndaaflausn innan um það sem ég myndi hiklaust kalla ofsatrúarsamtök. Það er ekki hægt að lýsa því öðruvísi þegar fólk má ekki hugsa eða bera fram eðlilegar spurningar og er bara vísað á Biblíuna og öllum spurningum er svarað með orðréttum tilvitnunum í hana. Þetta er ofsatrú sem kemur í veg fyrir eðlilega hugsun og að menn nýti sér þá nútímaþekkingu sem er fyrir hendi í þessu þjóðfélagi.“

### Tímaskekkja Framsóknar

Þórarinn leggur áherslu á að fíkn sé sjúkdómur og ætti því að vera meðhöndluð sem slík en stjórnvöld virðist hafa misst sjónar á þeim skilningi. Málið er einfaldlega það að svo lengi sem ég man hefur íslenska þjóðin og heilbrigðisyfirvöld litið svo á að áfengis- og vímuefnafíkn væri sjúkdómur og meðhöndlað hann með lögum og fjárveitingum á þann hátt. Það skýtur því skökku við að nú, árið 2007 skuli forystumenn og allir innan Framsóknarflokksins meðhöndla málið með þessum hætti. Það er líka enn undarlegra að þeir sem talað hafa fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins virðast vera sömu skoðunar en mér þykir furðulegt að þeir skuli ekki þvo hendur sínar af þessari stefnu frekar en að halda fram að hún hafi borið góðan árangur.”

SÁÁ beinir skjólstæðingum sínum til AA-samtakana og mælir með 12 spora kerfi þeirra í baráttu fólks við fíknina. Annað spor AA er svohljóðandi: „Við fórum að trúa að máttur, okkur æðri, gæti gert okkur heil að nýju.“ AA-leiðin gerir því ráð fyrir því að meinið sé að einhverju leyti andlegt og lausnin hljóti því að þurfa að vera það líka. „Þarna er kynnt leið sem hefur virkað fyrir marga en það er þó tekið fram að hún virkar ekki fyrir alla,“ segir Þórarinn og bætir við að hvorki AA-bókin né AA-kerfið eitt og sér dugi til meðferðar við áfengis- og vímuefnafíkn einstaklina. „Það lesmál hefur ekki verið endurnýjað í áratugi. Biblían er miklu eldri og því enn síður tæk þó menn geti byggt upp slíkt prógramm þá myndum við nú ekki gera það með núverandi þekkingu.“

> ... þarna kemur svo berlega í ljós hvaða stefnu og hugmyndafræði Framsóknarflokkurinn hefur í málefnum vímuefnasjúks fólks. Það er litið á þetta fólk sem syndugt og að besta meðferðin við fíknisjúkdómum sé kristniboð og syndaaflausn innan um það sem ég myndi hiklaust kalla ofsatrúarsamtök.
>
> **ÞÓRARINN TYRFINGSSON**
> YFIRLÆKNIR SÁÁ

### Kosningamál

Þórarinn bætir því við að valdhafar verði að gera það upp við sig hvað fíknsjúkdómar eru í þeirra huga. „Haldi þeir að þetta sé synd þá skulu þeir bara koma fram með það og þá er það þeirra pólitíska stefna sem verður lögð í dóm kjósenda í næstu kosningum en þetta er greinilega stefna Framsóknarflokksins og hluta Sjálfstæðisflokksins eins og staðan er í dag.“

Þó þessi staða sé komin upp nú segist Þórarinn þó ekki líta svo á að um skyndilega stefnubreytingu í málaflokknum sé að ræða. „Þetta hefur legið fyrir framan mann og fyrir augum mínum í nokkurn tíma. Ég hef haft vísbendingar um það hvernig farið er með skjólstæðinga okkar á þessum trúarheimilum en einhvern veginn hef ég ekki viljað trúa því að svona væri farið með fólk. Það er ekki fyrr en allt í einu, á síðustu dögum, að hakan dettur niður á manni og maður gerir sér allt í einu ljóst hvernig þjóðfélagi við lifum í þó ég trúi þessu varla enn ef ég á að segja alveg eins og er.“

### Litið niður á fíkla

Þórarinn segir skilningsleysi stjórnvalda einnig kristallast í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að fela lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins formennsku í nefnd sem ætlað er að fjalla um málefni langt leiddra vímuefnasjúklinga. Aftur skíni í gegn skilningsleysi á eðli sjúkdómsins.

„Ég skrifaði greinar í Morgunblaðið fyrir nokkrum árum um að það þyrfti að leiðrétta stefnuna í vímuefnamálum því hún væri komin í þann farveg að það bæri að meðhöndla það fólk sem er að nota ólögleg vímuefni sem afbrotamenn. Ég hef heldur viljað halda hinum áherslupunktinum á lofti, að þetta væri fyrst og fremst sjúkt fólk og það ætti að meðhöndla það með betri heilbrigðisþjónustu en ekki auknum refsingum. Með þessari nefndarskipan, þar sem lögreglustjóri er í forsvari, sýnist mér enn meiri áhersla lögð á það að fólk sem er heimilislaust og er í vanda vegna geðsjúkdóma og fíkniefnaneyslu sé viðfang lögreglu og dómskerfis og það er yfirleitt litið svo á að það sé afbrotafólk.”

### Vanhugsuð neyðarúrræði

Þórarinn segist með gagnrýni sinni ekki vera að setja út á það þótt yfirvöld þurfi í vandræðum sínum að grípa til ýmissa neyðarúrræða. „Ég skil það vel að þegar jafn viðamiklar breytingar hafa orðið í heilbrigðiskerfinu og raun ber vitni þá komi það niður einhvers staðar og getur birst með ýmsu móti sem við kærum okkur ekki um. Ég er ekki að setja út á það. Heldur að hugmyndafræðin sé sú að ekki sé leitað til fagfólks og láta þá þekkignu sem við höfum yfir að ráða í geðlækningum, fíknlækningum og félagsvísindum ráða því til hvaða úrræða við grípum þegar við erum í slíkum vanda sem við erum í nú.“



FRÉTTAVIÐTAL
ÞÓRARINN ÞÓRINSSON
thorarinn@frettabladid.is



# LCD SKJÁ LÆKKUN

## TAKMARKAÐ MAGN • FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ




### 24"LCD WIDE

- Acer AL2416W Advanced PVA
- 24" WideScreen LCD skjár
- 1920x1200 upplausn
- 1000:1 skerpa
- 6ms viðbragðstími
- VGA og DVI tengi
- Hvergi lægra verð á LCD skjám
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**74.900**




### 20"LCD FERRARI

- Acer F20 Ferrari
- 20" CrystalBrite LCD skjár
- 1680x1050 upplausn
- 800:1 skerpa
- 8ms viðbragðstími
- VGA, DVI, AV, SVHS ofl. tengi
- Skjár sem tekið er eftir
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**49.900**




### 20"LCD GAMERS

- Acer AL2051W Gamers
- 20" CrystalBrite LCD skjár
- 1680x1050 upplausn
- 800:1 skerpa
- 8ms viðbragðstími
- VGA og DVI tengi
- Hátalari og öll tengi í fót
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**46.900**




### 22" LCD WIDE

- Acer AL2216WSD
- 22" WideScreen LCD skjár
- 1680x1050 upplausn
- 700:1 skerpa
- 5ms viðbragðstími
- VGA og DVI tengi
- Frábær skjár á ótrúlegu verði
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**36.900**




### 20"LCD SKJÁR

- Samsung SyncMaster 204B
- 20" háupplausnar LCD skjár
- 1600x1200 upplausn
- 800:1 skerpa
- 5ms viðbragðstími
- VGA og DVI tengi
- Hæðarstillanlegur fótur
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**41.900**




### 20"LCD WIDE

- Samsung SyncMaster 204BW
- 20" WideScreen LCD skjár
- 1680x1050 upplausn
- 600:1 skerpa
- 6ms viðbragðstími
- VGA og DVI tengi
- Frábær skjár á ótrúlegu verði
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**32.900**




### 17"LCD GAMERS

- Acer AL1751AS 17" Gamers
- 17" CrystalBrite LCD skjár
- 1280x1024 upplausn
- 500:1 skerpa
- 8ms viðbragðstími
- VGA og DVI tengi
- Hátalari og öll tengi í fót
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**24.900**




### 17"LCD SKJÁR

- Acer AL1706AS 17" LCD
- 17" vandaður LCD skjár
- 1280x1024 upplausn
- 500:1 skerpa
- 8ms viðbragðstími
- VGA tengi
- Frábær skjár á ótrúlegu verði
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**17.900**

Birt með fyrirvara um breytingar og villur

100% ábyrgð á pixlum í nýjum skjám

100% PIXLAR

Fylgir öllum nýjum skjám í Tölvutek




TAKMARKAÐ MAGN

# 19" ACER LCD SKJÁR Á ÓTRÚLEGU VERÐI



**FALLEG HÖNNUN**
Acer skjárinn er einstaklega skemmtilega hannaður og tekur lágmarks borðpláss



**1280x1024**
Alvöru 19" skjár með 1280x1024 upplausn, VGA tengi og fisléttur aðeins 5.6KG



**HRAÐI OG SKERPA**
Acer skjárinn er með 700:1 í skerpu og 8ms viðbragðstíma fyrir óaðfinnanleg gæði

100% PIXLAR

**PIXLA ÁBYRGÐ**
Í Tölvutek er 100% ábyrgð á dauðum eða heitum pixlum ef þeir finnast í nýjum skjá



**ÓTRÚLEGT VERÐ**
Einstaklega vandaður skjár sem býðst nú í takmörkuðu magni á frábæru tilboðsverði




**ACER GÆÐIN**
Acer er einn stærsti framleiðandi á LCD skjám í dag, hágæða skjáir á frábæru verði

- Acer AL1916 TN Panel
- Glæsilegur 19" LCD skjár
- 1280x1024 upplausn
- 700:1 skerpa
- 8ms viðbragðstími
- VGA tengi
- Silfurlitur og svartur
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

# 19.900

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# Matarást á bóndadaginn





Allir sem versla hjá okkur
fá rós í tilefni dagsins

GALLERÍ KJÖT

Í NAUTI ERUM VIÐ BESTIR

GRENSÁSVEGI 48 • SÍMI 553 1600




# Tóku fíkniefni og þýfi

**Nokkrar tegundir fíkniefna, stolin bifreið og þýfi. Þetta var uppskera götuhóps fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eftir hefðbundna eftirlitsferð í fyrrakvöld. Dágóð uppskera eftir eina vakt og það í miðri viku.**



**UPPSKERA EFTIRLITSINS** Hluti fíkniefnanna sem götuhópur fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á í fyrrakvöld. Þarna kennir ýmissa grasa. Meðal annars má sjá hassbúta og gulhvítt duft sem talið var vera sterkt amfetamín.



**STOFUBORÐ** Dæmigerð umgengni fíkniefnaneytenda sem blasti við í einni húsleitinni í fyrrakvöld.

Blaðamaður Fréttablaðsins átti þess kost að slást í för með götuhóp fíkniefnadeildar lögreglunnar á vakt í fyrrakvöld. Þar opnaðist nýr heimur sem hinn almenni borgari þekkir ekki og á ekki möguleika á að kynnast nema með því að ganga þar sjálfur inn og skella hurðinni á eftir sér. Afturkoman er ekki auðveld og flestum tekst aldrei að losna. Þessi heimur er veruleikafirrtur, spenntur og ógnvekjandi, samfélag í samfélaginu, sem lýtur allt öðrum lögmálum heldur en viðtekin eru í daglegu lífi. Og ógæfan er endalaus.

Í þessari eftirlitsferð lá leiðin fyrst á tvær spilakassabúllur, þar sem smásalar fíkniefna stunda oft iðju sína. Að þessu sinni var ekki margt um manninn þar inni. Þrátt fyrir það tikkuðu spilakassarnir og fólk sat að drykkju. Ástæða þótti til að athuga tvo náunga sem voru á öðrum staðnum og viðbrögðin létu ekki á sér standa:

„Hvers vegna eruð þið alltaf að elta okkur?“

„Hvað höfum við gert ykkur?“

„Ég er ekki með neitt, þið getið bara látið mig í friði!“

„Þið vitið vel að ég stend ekkert í þessu lengur. Þetta er ekkert annað en einelti.“

Ofsafengin viðbrögð komu ekki í veg fyrir að leitað væri á þessum góðkunningjum götuhópsins og fór sú leit friðsamlega fram. Þeir voru sáttir þegar þeir kvöddu rannsóknarlögreglumennina eftir stutt spjall.

### Fimm teknir

Nú var ekið af stað aftur og lá leiðin í austurhluta borgarinnar. Ekki leið langur tími þar til lögreglumennirnir komu auga á tvo menn hoppa inn í bíl sem síðan var ekið af stað. Bílnum var þegar veitt eftirför og hann stöðvaður skömmu síðar. Í honum reyndust vera fimm manns, flest ungmenni. Fíkniefni fundust á þeim fyrsta sem lögreglan leitaði á. Á þeim næsta fundust einnig fíkniefni. Þeir voru báðir settir í járn. Nú var ljóst að kalla þyrfti til lögreglu úr almennu deildinni til að flytja þessa tvo til skýrslutöku á lögreglustöðina við Hverfisgötu.

En ballið var ekki búið enn. Þegar verið var að setja mennina í lögreglubílinn áttaði árvökul lögreglukona sig á því að lýst hefði verið eftir sams konar bíl. Þegar var kallað eftir upplýsingum um númer þess bíls og það stóð heima. Þar að auki reyndist bíllinn sem ungmennin voru á vera stolinn. Fimm ungmenni, í stað tveggja, voru því flutt í járnum á lögreglustöðina. Eftir komuna þangað fundust fíkniefni á einu þeirra til viðbótar.

Það sýnir vel þá eilífu hringrás sem á sér stað þegar ógæfuhjólið hefur einu sinni farið af stað, að tveir piltanna sem teknir voru þarna höfðu losnað út af Litla-Hrauni skömmu áður. Sem sagt, eins sólarhrings frelsi, síðan handtaka, fangaklefi, yfirheyrslur og viðbót við sakaskrána.

### Tvö fíkniefnabæli

Fíkniefnabæli, þar sem fólk liggur og dópar, á milli þess sem það fer út til að harka sér efni með einhverjum hætti, eru á nokkrum stöðum í borginni. Götuhópurinn hafði viðkomu á tveimur slíkum í eftirlitsferðinni.

Í fyrra bælinu bar ýmislegt fyrir augu. Þar á bæ voru menn ekkert að fara í felur með neysluna. Sprautur lágu eins og hráviði út um allt, tómir skammtapokar, álpappír, íblöndunarefni og önnur tæki og tól til að gera fíkniefni sprautuhæf.

Viðtökurnar voru svipaðar og á spilakassabúllunum. Uppi varð fótur og fit og spenna fyllti loftið. Fólk sór og sárt við lagði að það hefði hreinan skjöld og ekkert að fela. Það leyndi sér þó ekki að það hafði í öllu falli verulegt magn fíkniefna í líkamanum. Einn íbúanna var svo báglega farinn að hann gat ekki komist hjálparlaust upp úr fletinu sem hann lá í og enn síður hangið á fótunum. Hann var málvana og virtist ekki hafa skímu um að fíkniefnalögreglan væri á staðnum. Engin efni fundust í bælinu að þessu sinni, en innlitið sagði sína sögu.

### Fíkniefni og þýfi

Næst lá leiðin í Mosfellsbæ. Rökstuddur grunur lék á að í tilteknu húsi færi fram sala á fíkniefnum. Lögreglumennirnir fóru í hóp og bönkuðu á útidyrnar. Annar húsráðenda kom til dyra, en um leið og hann sá hverjir voru komnir skellti hann aftur í lás og rauk inn. Einn lögreglumannanna þaut þá að glugga, náði að opna hann og smeygja sér inn. Hann skutlaði sér á eftir húsráðanda sem hafði ætt inn á klósett og var að sturta einhverju niður. Á meðan þurftu hinir lögreglumennirnir að brjóta rúðu til að komast inn um dyrnar. Allt gerðist þetta með einu samstilltu átaki og hraðar en auga á festi.

Þegar inn var komið reyndust fjögur ungmenni vera í húsinu. Strax við fyrstu leit fannst magn af hassbútum og síðan fleiri efni, sem lögreglumennirnir lögðu hald á. Einnig fannst umtalsverð fjárhæð í reiðufé. Lögreglubíll var kallaður á staðinn og húsráðendur fluttir á lögreglustöð til skýrslutöku.

Að þessu búnu var ekið í Hafnarfjörð. Þar voru grunsemdir um þýfi í tilteknu húsi. Lögreglumennirnir bönkuðu upp á sem fyrr og litu í kringum sig þegar inn var komið. Og sjá, þarna var dýrindis flatskjár og myndvarpi sem reyndist hafa verið stolið af bæjarskrifstofunum í Hafnarfirði þegar númer á gripunum höfðu verið skoðuð. Sá íbúanna sem geymdi þýfið inni hjá sér var ekki heima, en haft var samband við hann símleiðis og hann beðinn um að haska sér heim. Hann lofaði því, en lét ekki sjá sig. Kannski full ástæða til, því auk stolnu munanna voru greinileg merki um fíkniefnaneyslu í herberginu hans. Lögreglan tók þýfið með sér á stöðina.

### Einstakur hópur við erfiðar aðstæður

Það sem upp úr stendur eftir þessa kynnisferð með götuhópnum við störf eru ekki illa lyktandi fíkniefnaneytendur með þanin sjáöldur, yfirspenntir fíklar að reyna að ljúga sig út úr aðstæðunum né drulluskítug, brömluð og útkrotuð híbýli. Nei, það er hópurinn sjálfur og vinnubrögð hans.

Einhver gæti séð fyrir sér æðandi stormsveit með reiddar kylfur. En reyndin var öll önnur. Í húsleitum var gætt fyllstu tillitssemi við íbúa. Þær gengu hratt fyrir sig og lögreglumennirnir voru ótrúlega fljótir að finna efnin. Þeir unnu skipulega og eins og einn maður. Þeir töluðu ekki niður til fíkniefnaneytendanna heldur ræddu við þá eins og maður við mann. Hins vegar létu þeir ekki vaða yfir sig ef einhver var með tilburði í þá veru, eins og kom fyrir. Með einni góðri setningu var viðkomandi þá rekinn á stampinn og var þar uns yfir lauk.

Þessi hópur lögreglumanna vinnur mikið verk við erfiðar aðstæður. Þeir vita aldrei hvað er fyrir innan dyrnar þegar farið er í húsleitir. Þeir eru alltaf að fást við fólk í annarlegu ástandi, stundum hættulegt fólk, stundum vopnað. Þeirra hlutverk er að koma í veg fyrir að fíkniefnin komist á götuna og séu í umferð og það hafa þeir rækt með góðum árangri.

## ATBURÐARÁSIN

Eftirfarandi eru tímasetningar atburða í fíkniefnaeftirliti götuhóps fíkniefnadeildarinnar í fyrrakvöld.

**15.00 -**
**15.30** Fíkniefnaeftirlit í Hafnarfirði og Kópavogi
**15.30** Fíkniefnaeftirlit á Laugavegi
**16.55** Fimm handteknir með fíkniefni á stolnum bíl í Skipholti
**17.45** Fimmmenningarnir færðir á lögreglustöð til skýrslutöku
**19.00 -**
**20.00** Undirbúningur húsleitar sem gerð verður síðar
**21.15** Húsleit í Mosfellsbæ, fíkniefni fundust, fimm handteknir, tveir færðir á lögreglustöð til skýrslutöku
**22.30** Húsleit í Hafnarfirði, þýfi gert upptækt, sakborningur boðaður á lögreglustöð
**00.00 -**
**02.00** Farið á tvö skólaböll og nokkra skemmtistaði



FRÉTTASKÝRING
JÓHANNA S. SIGÞÓRSDÓTTIR
jss@frettabladid.is




**682** kr/kg. áður 909 kr/kg.
Borgarnes saltkjöt blandað




**2.064** kr/kg. áður 2.949 kr/kg.
KEA hangiframpartur soðinn

**2.232** kr/kg. áður 3.189 kr/kg.
KEA hangilæri soðið




**310** kr/kg. áður 619 kr/kg.
Goða lambasvið




**1.394** kr/kg. áður 1.858 kr/kg.
Grand Or. helgarsteik




**1.741** kr/kg. áður 2.679 kr/kg.
Matfugl kjúklingabringur




**2 fyrir 1**
Chicago Town pizza




**49** kr/kg. áður 99 kr/kg.
Pripps léttöl 0.5 ltr. í dós

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 19. janúar til 21. janúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.834 **-0,15%** **Fjöldi viðskipta:** 523 **Velta:** 9.482 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | +1,33% | **Eimskipafélagið** | -3,62% |
| **Atlantic Petroleum** | +0,73% | **Mosaic** | -3,06% |
| **Actavis** | +0,71% | **FL Group** | -1,38% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,55 -0,44% ... Actavis 70,60 +0,71% ... Alfesca 4,90 -0,41% ... Atlantic Petroleum 552,00 +0,73% ... Atorka 6,88 -0,87% ... Bakkavör 63,90 +0,47% ... Eimskipafélagið 32,00 -3,62% ... FL Group 28,50 -1,38% ... Glitnir 24,70 -0,80% ... Kaupþing 911,00 +0,66% ... Landsbankinn 28,60 -1,38% ... Marel 76,00 +1,33% ... Mosaic Fashions 14,25 -3,06% ... Straumur-Burðarás 18,00 +0,00% ... Össur 113,00 +0,44%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápur...*

### Finnair flýgur á skýrslu

Hlutabréf í Finnair hækkuðu um fjögur prósent á miðvikudaginn eftir að ABN Amro sendi frá sér skýrslu um evrópsk flugfélög þar sem mælt var með kaupum á bréfum finnska flugfélagsins.

„Við teljum að smærri evrópsk flugfélög skili bestri ávöxtun á þessu ári, þökk sé lækkun á olíuverði og Bandaríkjadal," segja skýrsluhöfundar.

FL Group er annar stærsti hluthafinn í hinu 83 ára gamla flugfélagi með 23 prósenta hlut. Finnska ríkið hefur töglin og hagldirnar í Finnair, enda á það rúman meirihluta hlutafjár.

Jafnframt mælti ABN Amro með kaupum á bréfum í SAS og Air Berlin, þriðja stærsta lággjaldaflugfélagi Evrópu, en ráðlagði fjárfestum að selja í Ryanair Holding.



### Ipodinn mallar

Bandaríski tölvurisinn Apple skilaði eins milljarðs Bandaríkjadala hagnaði á síðasta fjórðungi liðins árs. Þetta jafngildir rúmum 70 milljarða dala á tímabilinu, sem er 78 prósenta aukning á milli ára. Til samanburðar nam hagnaður fyrirtækisins „einungis" 565 milljónum dala, eða um 39,5 milljörðum króna, á sama tíma árið á undan.

Helsta ástæðan er helmingi meiri sala á iPod-spilurum en árið á undan og meiri sala á fartölvum en gert var ráð fyrir um jólin.

### MARKAÐSPUNKTAR...

Greiningardeild Landsbankans gerir ráð fyrir að stýrivöxtum verði haldið óbreyttum í 14,25 prósentum á næstu tveimur vaxtaákvörðunarfundum Seðlabankans. Hinn 5. júlí er gert ráð fyrir 0,25 prósenta lækkun.

Birtingu á uppgjöri Eimskipafélagsins, sem átti að birta í gær, var frestað til dagsins í dag. Greiningardeild Landsbankans gerir ráð fyrir að hagnaður félagsins verði 128 milljónir dala á fjórða ársfjórðungi, um 8,9 milljarðar íslenskra króna.

Vísitala neysluverðs hækkaði um hálft prósent í Bandaríkjunum í desember. Þetta jafngildir því að verðbólga standi í 2,5 prósentum. Fátt bendir til þess að bandaríski seðlabankinn lækki stýrivexti á næstunni.



# www.icelandair.is besti íslenski vefurinn

Vefurinn www.icelandair.is, var valinn besti íslenski vefurinn úr hópi allra innsendra tilnefninga, í öllum flokkum, til íslensku vefverðlaunanna. Að auki var hann valinn besti fyrirtækisvefurinn.

Forsætisráðherra, Geir H. Haarde, afhenti verðlaunin í gær við hátíðlega athöfn í Iðnó. Þátttakendur tilnefndu vefi í fimm flokkum og voru veitt verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í hverjum flokki.

Vefurinn www.midi.is hlaut tvenn verðlaun, fyrir bestu útlits- og viðmótshönnunina og besta þjónustuvefinn. Þá þótti www.baggalutur.is besti afþreyingarvefurinn og www.icomefromreykjavik.is besti einstaklingsvefurinn.

Aðstandendur íslensku vefverðlaunanna eru Samtök vefiðnaðarins (SVEF) og ÍMARK. - hhs






# Mál Stork enn í biðstöðu

**Úrskurði fyrirtækjadómstóls í Amsterdam í Hollandi var fagnað á hluthafafundi Stork fyrirtækjasamstæðunnar síðdegis í gær. Naprir vindar blésu fyrir utan meðan hiti var í fundargestum innandyra. Enn dregst að niðurstaða fáist í deilur um framtíð Stork. Marel hefur hug á að kaupa matvælavinnsluvélahluta samstæðunnar.**




**YFIRMENN STORK** Hans Bouland, Sjord Vollebregt og Maarten Schonfeld á uppgjörsfundi. Á hluthafafund í gær mætti lögmaður fyrir sjóðina Centaurus og Paulson. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Nokkrir smærri hluthafar í Stork fyrirtækjasamstæðunni hollensku deildu hart á stærstu hluthafana, bandarísku fjárfestingasjóðina Centaurus og Paulson, á hluthafafundi sem sjóðirnir fóru fram á að yrði haldinn.

Kalsaveður var í Hollandi í gær og almenningssamgöngur teknar að raskast þegar fundi var slitið seinni partinn. Á fundinum var hins vegar hiti í mönnum, en til hafði staðið að leiða til lykta deilu milli hluthafa Stork og stjórnar með því að kjósa um hvort víkja ætti stjórninni frá. Deilan snýst um hvort skipta eigi félaginu upp. Meðal annars vilja sjóðirnir selja matvælavinnsluhluta Stork, en Marel hefur haft hug á að eignast hann og hefur átt í óformlegum viðræðum við Stork um það.

Deginum áður hafði hins vegar fyrirtækjadómstóll í Amsterdam úrskurðað að á fundinum mætti ekki nota 30 milljónir nýútgefinna hlutabréfa sem nota átti til að verja stjórnina. Eins var úrskurðað að ekki mætti greiða atkvæði um þær tillögur sem fyrir fundinum lágu. Þá verða samkvæmt úrskurðinum skipaðir þrír nýir stjórnarmenn til eftirlits, en þeir fá meiri völd en aðrir í því að þeir geta knúið í gegn stefnumarkandi ákvarðanir. Þá hefur fyrirtækjadómstóllinn ákveðið að rannsaka skuli aðdraganda deilunnar.

Deiluaðilar lýstu hins vegar allir ánægju með úrskurðinn á hluthafafundinum og það gerðu sömuleiðis fleiri hluthafar, auk Samtaka hollenskra fjárfesta. Töldu menn að nú myndi verða til grundvöllur til viðræðna og von væri um hagfellda úrlausn mála. Allir kváðust jú vilja veg fyrirtækisins sem mestan.

Hluti hluthafa hefur hins vegar áhyggjur af því að í viðræðum bandarísku sjóðanna og stjórnar Stork kunni að koma fram verðmyndandi upplýsingar sem skekki stöðu manna innan hluthafahópsins. Fulltrúar Stork töldu hins vegar að gengið yrði úr skugga um að svo yrði ekki. Þá er mikil óvissa um aðkomu stjórnarmannanna þriggja sem eftir á að skipa samkvæmt úrskurði dómstólsins. Stjórnarformaður Stork sagðist hins vegar hlakka til að starfa með þeim, en taldi tvær til þrjá vikur yrði að setja þá inn í stjórnina. Innsetningin sem bundin er lögum fengi hins vegar flýtimeðferð.

olikr@frettabladid.is

# Úrvalsvísitalan í átta þúsund stigum við árslok

**Þróun markaðarins ræðst af gengi bankanna sem að öllum líkindum fara í yfirtökur. Spáð er 45 prósenta hagnaðaraukningu milli ára fyrir fjórða ársfjórðung.**

Sérfræðingar Greiningardeildar Kaupþings taka í sama streng og kollegar þeirra í hinum viðskiptabönkunum að líkur eru fyrir góðu ári á innlendum hlutabréfamarkaði.

Kaupþing sér Úrvalsvísitöluna fara upp í átta þúsund stig fyrir árslok sem væri um 24,8 prósenta árshækkun. Greinendur hjá Glitni og Landsbankanum gera einnig ráð fyrir að markaðurinn hækki um 20-25 prósent á árinu. Kaupþing segir að þróunin ráðist að miklu leyti af gengi viðskiptabankanna þriggja sem vega um 64 prósent í Úrvalsvísitölunni. Yfirgnæfandi líkur eru fyrir því að bankarnir og önnur fyrirtæki ráðist í yfirtökur á árinu sem styður við hækkun vísitölunnar.

Bankinn á von á töluverðum sveiflum á hlutabréfamarkaði vegna hás vaxtastigs og óstöðugleika krónunnar. „Þrátt fyrir það teljum við möguleika til hækkunar Úrvalsvísitölunnar nokkuð góða en mikil umsvifaaukning og væntingar okkar um áframhaldandi ytri vöxt félaga ættu að styðja við frekari hækkanir."

### SPÁR UM ÞRÓUN ÚRVALSVÍSITÖLUNNAR ÁRIÐ 2007

| | Lokagildi | Hækkun í ár |
|---|---|---|
| Glitnir | 7.756 | 21,0% |
| Kaupþing | 8.000 | 24,8% |
| Landsbanki | 7.692-8.013 | 20-25% |

Greiningardeildin spáir að þau fimmtán félög, sem hún hefur til skoðunar, auki hagnað fyrir fjórða ársfjórðung um 45 prósent á milli ára og skili alls sextíu milljörðum króna í hús. Af einstökum félögum mun FL Group skila yfir 32,6 milljarða króna hagnaði á fjórða ársfjórðungi, Glitnir verður með 8,3 milljarða, Straumur-Burðarás með 7,8 milljarða og Landsbankinn tæpum 6,9 milljörðum.

Reiknað er með að hagnaður Kauphallarfélaga fyrir árið 2007 dragist saman um sextán prósent á milli ára þrátt fyrir 59 prósenta aukningu hagnaðar rekstrarfélaganna. Minni gengis- og söluhagnaður hjá fjármálafyrirtækjum veldur þessum samdrætti.

Nokkrar breytingar eru gerðar á vogunarráðgjöf bankans, það er hvernig einstök félög þróast til skamms tíma í samanburði við markaðinn. Actavis og Straumur-Burðarás fara úr markaðsvogun í yfirvogun, Össur fer úr undirvogun í yfirvogun og Alfesca og Marel eru færð úr undirvogun í markaðsvogun. Þá fara Hf. Eimskipafélagið og Glitnir í undirvogun og Mosaic fellur úr yfirvogun í markaðsvogun.

- eþa

# Útsala

## fjöldi raftækja á frábæru útsöluverði




### Thomson 32" LCD sjónvarp

- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive scan
- HD ready
- Skerpa:1.000:1
- Birta: 550 cd/m2
- Svartími: 8ms
- 2x14w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart (með RGB), HDMI, component, CVBS og VGA tengi

**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **9.999*** kr á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 99.990,-
Verð áður 149.990,-




### Philips 32" LCD sjónvarp

- HD ready
- 2 x 30w nicam stereó hljóðkerfi með dolby virtual surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **12.499*** kr á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 124.990,-
Verð áður 149.990,-




**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **6.999*** kr á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 69.990,-
Verð áður 89.990,-

### United 27" LCD sjónvarp

- Progressive scan • HD ready • Skerpa: 900:1 • 2x6w nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, CVBS og heyrnartólstengi

**TILBOÐ 39.990kr**
Verð áður 49.990-




### United 20" LCD sjónvarp

- Digital comb filter
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart (með RGB), component, SVHS, CVBS

**TILBOÐ 34.990kr**
Verð áður 39.990-




### United 15" LCD sjónvarp

- Digital comb filter
- 8w nicam stereó hljóðkerfi
- 12V og 220V
- Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi




**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **14.999*** kr á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 149.990,-
Verð áður 169.990,-

### Thompson 42" Plasma sjónvarp

- Upplausn 852x480 • Skerpa: 3.000:1 • Birtustig: 1000 cd/m2
- Sjónsvið (H/V): 160/160° • DVI tengi (styður VGA, SVGA, XGA, SXGA) • 2 scart, component, SVHS, CVBS • Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 112,8x70x9,3 • Þyngd: 33kg

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 19. janúar eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Grundvallargildi og varnir landsins:

## Rétt samhengi

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Langt er nú um liðið síðan rætt hefur verið um varnir landsins í samhengi við pólitísk grundvallargildi og hugsjónir. Þegar Berlínarmúrinn féll var eins og ólík hugmyndafræði kæmi pólitískri umræðu tæpast við lengur. Af þessu hefur leitt að umfjöllun um varnarmál hefur frá þeim atburðum snúist mest um tækni.

Í þessu ljósi hlýtur ræða utanríkisráðherra í Háskólanum í gær að vekja nokkra athygli. Þar setti ráðherrann stefnu Íslands í öryggis- og varnarmálum í mjög skýrt hugmyndafræðilegt ljós með skírskotun til þess að grunnforsenda varnarsamstarfs Atlantshafsbandalagsríkjanna er sameiginlegt gildismat þegar kemur að lýðræði og mannréttindum.

Hér verður því ekki haldið fram að slokknað hafi á þessu ljósi, hvorki hér heima fyrir né á fjölþjóðlega vísu. Hitt blasir við að það hefur ekki skinið skært í almennri umræðu, sennilega vegna þess að yfir höfuð hefur ekki verið talin sama þörf og áður á að kasta því á umræður um þessi efni.

En tímarnir breytast stöðugt. Á allra síðustu árum hefur hugmyndafræðileg togstreita milli þjóða vaxið á ný. Utanríkisráðherra segir réttilega að atlögur hryðjuverkamanna að Vesturlöndum miði að því að grafa undan þeirri sameiginlegu grundvallarstoð þeirra er felst í lýðræði og mannréttindum.

Með öðrum orðum er ráðherrann að draga fram að Vesturlönd standa frammi fyrir ögrun gegn grundvallargildum og siðareglum. Það eru verðmæti sem við viljum verja bæði á heimavelli og í alþjóðlegu félagi bandamanna. Til þess duga hins vegar ekki orðin tóm. Virkar ráðstafanir eru nauðsynlegar.

Engum getur dulist að gild rök eru nú fyrir því að draga fram hugmyndafræðilegar forsendur fyrir stefnumótun og ráðstöfunum sem gerðar eru á sviði varnar- og öryggismála. Full ástæða er því til þess að meta maklega framlag utanríkisráðherra til þeirrar umræðu.

Að vísu stöndum við og bandalagsþjóðir okkar ekki frammi fyrir beinni ógn af því tagi sem við reyndum á tímum kalda stríðsins. En sú ögrun gegn lýðræði og mannréttindum sem felst í hryðjuverkunum er ekki fyrirbæri sem unnt er að loka augunum fyrir. Þau mál snúast ekki bara um tækni heldur grundvallargildi.

Á þessum forsendum ítrekaði utanríkisráðherra í gær að brottför varnarliðsins hefði í engu hnikað þeirri staðreynd að varnarsamningurinn við Bandaríkin væri áfram hornsteinn varna landsins. Á bak við þær skuldbindingar Bandaríkjanna er nú hreyfanlegur herstyrkur en ekki föst viðvera herliðs. Það er eðlileg afleiðing nýrra aðstæðna.

Brottför varnarliðsins og nýjar aðstæður hafa hins vegar leitt til margvíslegra breytinga. Á okkar herðum hvíla til að mynda fleiri verkefni og meira krefjandi en nokkru sinni fyrr varðandi innra öryggi og björgunarmál. Fast og örugglega hefur verið tekið á þeim viðfangsefnum. En samskipti okkar og virk samvinna með bandalagsþjóðunum er einnig að breytast. Sá tími er réttilega liðinn að við séum einungis frumkvæðislausir þiggjendur í þeim efnum.

Það sem helst skorti í ræðu ráðherrans var að gera grein fyrir þeim fjárhagslegu takmörkunum sem varnarviðfangsefnin hljóta að lúta. Á þessu stigi umræðunnar skipti þó máli að setja stefnumörkun landsins á þessu sviði í rétt hugmyndafræðilegt samhengi. Það gerði ráðherrann skilmerkilega.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871

BFGoodrich Tires

Er jeppinn tilbúinn fyrir veturinn?
All Terrain
31” 13.950,- stgr.
33“ 16.980,- stgr.
35” 16.990,- stgr.
Gerið verðsamanburð margar stærðir
NESDEKK
Seltjarnarnesi
Sími: 561 4110
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Heiðurskvöldverður

Helstu forystu- og trúnaðarmenn Sjálfstæðisflokksins mættu til kvöldverðar á Grand Hótel í Reykjavík í gærkvöldi. Tilefnið var að heiðra Kjartan Gunnarsson, fráfarandi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins síðustu áratuga, og Sigríði Snævarr konu hans. Til veislunnar buðu Geir H. Haarde, formaður flokksins, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður. Líklega hefur þetta verið kærkomin hvíld fyrir margan þingmanninn, sem hefur þurft að sitja undir RÚV-ræðum stjórnarandstöðunnar stanslaust frá þingbyrjun.



### Einkaveisla

Sjálfstæðismenn höfðu vit á því að panta sal fyrir veisluna hjá fyrirtæki úti í bæ. Mörður Árnason hamast nú í framsóknarmönnum fyrir veisluhöld í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Vill hann vita hver pantaði bústaðinn þegar Halldór Ásgrímsson var kvaddur. Pétur Gunnarsson blaðamaður rifjar upp á heimasíðu sinni að Mörður hafi þurft að verja gerðir Ólafs Ragnars Grímssonar árið 1989 stuttu eftir að hann var ráðinn upplýsingafulltrúi fjármálaráðuneytisins. Hafði Ólafur Ragnar notað ráðherrabústaðinn til að heiðra Lúðvík Jósepsson, fyrrum formann Alþýðubandalagsins.



### Karlapukur

„Það andrúmsloft leyndarhyggju, sem áður var ríkjandi gagnvart þjóð, Alþingi og utanríkismálanefnd þegar að varnarmálum kom, er ekki það vinnulag sem ég vil viðhafa. Raunar verð ég að játa að mér hefur oft fundist pukur af þessu tagi fremur einkenna karlana, sem hafa tilhneigingu til að leiða málin til lyktar í reykfylltum bakherbergjum,“ sagði Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra í gær. Virðist hún hafa fundið örugga syllu í þessum málaflokki og styrkst með hverri raun. Ófeimin breytir hún skipulagi í ráðuneytinu og talar opinskátt um „jeppagengi“ og karlapukur. Sannarlega kærkominn tónn úr þessari átt.

bjorgvin@frettabladid.is

# Sænsku leiðina?



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Lífskjör

Kosningar nálgast, og kosningaskjálfti er hlaupinn í Stefán Ólafsson prófessor. Hann hefur í ótal viðtölum látið í ljós þá skoðun, að Íslendingar séu á rangri leið. Þeir fari bandarísku leiðina og minnki velferðaraðstoð, en ættu þess í stað að fara sænsku leiðina og auka slíka aðstoð. Margt sé athugavert við bandarísku leiðina. Bandaríkjamenn vinni of mikið, og þar sé tekjuskipting ekki nógu jöfn. Hinir verst settu séu betur settir í Svíþjóð.

Skoðun Stefáns er því miður sett fram þrjátíu árum of seint. Sænska leiðin þótti fullfær fram á sjöunda áratug síðustu aldar. Svíar höfðu árin 1870-1950 búið við mesta hagvöxt í heimi. Jafnaðarmenn tóku völdin 1932 og héldu þeim samfleytt til 1976. Þeir gættu þess að hrófla ekki við öflugum einkafyrirtækjum, sem kepptu á alþjóðamarkaði, heldur einbeittu sér að því að dreifa hinum miklu skatttekjum, sem einstaklingar og atvinnulíf gátu borið. Sænska velferðarríkið var öfundarefni um heim allan. Svo virtist sem sameina mætti vaxandi atvinnulíf og víðtæka velferðarþjónustu. Þjóðin var samstæð og vinnufriður góður.

Smám saman komu brestir í þetta kerfi, aðallega upp úr 1970. Sænskt atvinnulíf hætti að vaxa. Það dróst aftur úr hinu bandaríska. Árið 1964 voru lífskjör í Svíþjóð, eins og þau mælast í vergri landsframleiðslu á mann, 89% af því, sem þau voru í Bandaríkjunum. Árið 2004 eru þau komin niður í 75%. Svíar njóta að jafnaði aðeins ¾ þeirra lífskjara, sem Bandaríkjamenn njóta. Sænska þjóðin var hin ríkasta á Norðurlöndum fyrir þrjátíu árum. Nú er hún hin fimmta og síðasta í röðinni.

Atvinnulíf í Svíþjóð er staðnað. Þar hafa nánast öll ný störf frá 1950 orðið til í opinbera geiranum. Sérstaklega hefur smáfyrirtækjum verið gert erfitt fyrir með margvíslegri skriffinnsku. Atvinnuleysi er verulegt í Svíþjóð, 15-17%, þótt reynt sé að fela það með námskeiðshaldi og öðru slíku. Skattheimta er komin upp úr öllu hófi. Skatttekjur ríkisins á mann í Svíþjóð eru svipaðar og í Sviss, um eitt þúsund Bandaríkjadalir, en skattheimtan er um 60% af VLF í Svíþjóð og um 30% í Sviss. Svíar eru bersýnilega að ganga á skattstofna sína með ofsköttun, eins og við gengum forðum á fiskistofna okkar með ofveiði.

*Íslendingar hafa farið íslensku leiðina, hvorki hina bandarísku né hina sænsku. Íslendingum finnast Bandaríkjamenn of tómlátir um þá, sem lítils mega sín, en Svíar of rausnarlegir við þá, sem geta unnið, en vilja það ekki.*

Fróðlegt er að bera saman fátækt í Bandaríkjunum og Svíþjóð. Bandaríkjamenn reyna að fjölga tækifærum fólks til að komast út úr fátækt, en Svíar að gera fátæktina sem bærilegasta. Afleiðingarnar blasa við. Árið 1959 voru 22% bandarískra heimila innan fátæktarmarka, eins og þau voru þá skilgreind. Árið 2004 voru 12% bandarískra heimila hins vegar innan fátæktarmarka, eins og þau voru þá skilgreind. Það ár voru 25% bandarískra heimila með innan við 25 þúsund dala árstekjur, en um 40% sænskra heimila. Í stórfróðlegri bók eftir sænsku hagfræðingana Fredrik Bergström og Robert Gidehag, EU versus USA, er sýnt, að almenn lífskjör eru talsvert betri í Bandaríkjunum en löndum Evrópusambandsins. Væri Svíþjóð eitt Bandaríkjanna, þá væri það eitt fátækasta ríkið, ásamt Arkansas og Mississippi.

Svíum er vandi sinn ljós, og þeir hafa skipað fjölda spakvitringa í nefndir til að leggja á ráðin um úrbætur. Var Þorvaldur Gylfason prófessor í einni þeirri, og tillögur hans voru að lækka skatta, auka atvinnufrelsi, mynda sveigjanlegri vinnumarkað og gæta hófs í velferðaraðstoð. Hann talar ekki þar úti eins á Íslandi. En Svíar eiga úr vöndu að ráða, því að meiri hluti kjósenda er ýmist í starfi hjá hinu opinbera eða styrkþegar þess, en þessir hópar vilja auðvitað ekki minnka umsvif ríkisins. Svíar eru því í sjálfheldu sérhagsmunanna.

Íslendingar hafa farið íslensku leiðina, hvorki hina bandarísku né hina sænsku. Íslendingum finnast Bandaríkjamenn of tómlátir um þá, sem lítils mega sín, en Svíar of rausnarlegir við þá, sem geta unnið, en vilja það ekki. Við höfum aukið atvinnufrelsi stórlega síðustu fimmtán árin. Afleiðingin hefur orðið sú, sem Adam Smith sagði fyrir um, að atvinnulífið hefur eflst og skatttekjur aukist. Íslenska leiðin er meðalvegur milli hinnar bandarísku og hinnar sænsku. Þar er meiru skipt en í Bandaríkjunum og meira til skiptanna en í Svíþjóð, af því að meira er skapað.

# Líttu þér nær – Takið til hendinni

**UMRÆÐAN**

Stækkun álversins



GUNNAR SVAVARSSON

Það er ánægjulegt að bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði skuli nú loksins í aðdraganda íbúakosninga um stækkun álversins í Straumsvík, vera búnir að átta sig á því hvaða undirbúningsverkum er ólokið til að þær kosningar geti farið fram. Ekki síður að þeir séu farnir að sýna því áhuga að bæjarbúar fái að kjósa um málið. Hingað til hafa fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn verið á móti íbúakosningum, líkt og kollegar þeirra í flokknum víða um land.

Hitt er sínu verra að einstaka bæjarfulltrúar hafi ekki ennþá áttað sig á því hvar vandamálin eru til að allar nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir, en þessi mál hafa verið til umræðu í stjórnkerfi bæjarins um langa hríð. En skýringin er að sjálfsögðu nærtæk. Þeir sem eiga eftir að klára sína heimavinnu og þeir sem hafa sent út þau skilaboð að Hafnfirðingar fái engin skýr svör fyrr en eftir væntanlegar íbúakosningar eru ráðamenn Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn.

Það er því ekki að undra að flokksfélagar ráðherranna vilji ekkert um það skrifa, heldur reyna að finna aðra sökudólga, jafnvel saka bæjarstjórann um iðjuleysi. Það er kominn tími til að þeir líti sér nær og taki þessi mál upp við sína eigin flokksráðherra. Er það kannski svo að Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði hafi ekkert að segja um störf flokksins, ekki einu sinni í þeim málum sem snerta hagsmuni þeirra heimabyggðar.

Það væri ráð að bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins nýttu krafta sína í það að ýta við þessum félögum sínum og kenndu þeim að spýta í lófana. Ekki er vanþörf á að um það sé skrifað. Allur annar undirbúningur væntanlegra íbúakosninga hér í bænum er í góðum og vönduðum farvegi. Deiliskipulagsvinna og yfirferð á málmeðferðarreglum vegna íbúakosninga. Prívatpólítík bæjarfulltrúa Rósu Guðbjartsdóttur er ekki til neins annars fallin en að draga fram sundurlyndið í Sjálfstæðisflokknum í Hafnarfirði. Hér er aðför hennar að oddvita Sjálfstæðisflokksins sem hefur unnið, undanfarin 5 ár, í samráði innan bæjarstjórnar að þessum málum af heilum hug.

*Höfundur er forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði.*

## ELDAÐ Á FRANSK-ÍSLENSKA VÍSU

Kokkarnir á Vox elda úr hráefnum sem notuð eru á heimsmeistarakeppninni Bocuse d'Or.

MATUR 2



## VIGTAÐ Í HVERN OG EINN

Grænmeti í áskrift allt árið er nýjung í rekstri Græna hlekksins.

MATUR 4

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ]

**Þorrahlaðborð** Múlakaffis er fyrir löngu búið að festa sig í sessi í tilveru margra. Þar er boðið upp á allan hefðbundinn súrmat, kalda þorrarétti, heita rétti eins og hreindýraragú, lambalæri, saltkjöt og uppstúf. Einnig er boðið upp á eldreyktan lax.



**Euro** Sko í Firði Hafnarfirði veitir 30-50 prósenta afslátt af kuldaskóm á alla fjölskylduna.

**Lokadagar** útsölu standa nú yfir í Herralagernum við Suðurlandsbraut 54. Áttatíu prósenta afsláttur af öllum útsöluvörum. Til dæmis er hægt að fá jakkaföt frá 7.356 krónum.

**GK** Reykjavík við Laugaveg 66 veitir fimmtíu prósenta afslátt af vörum sínum.

**Flugfélag** Íslands býður upp á HM tilboð til allra áfangastaða. Þegar bókað er á netinu kostar miðinn 3.990 krónur aðra leið.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 19. janúar, 19. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.45 | 13.38 | 16.32 |
| Akureyri | 10.49 | 13.23 | 15.58 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Edda Gunnarsdóttir, Sigurlaug G. Sverrisdóttir, Ellen Sigurðardóttir og Ásdís Gunnarsdóttir velja súrmatinn. Stúlkurnar Auður Alexandra og Ásta Jónína Arnardætur fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Döllurnar fagna þorra með stæl

***Konurnar sjö sem mynda dalvíska saumaklúbbinn í Reykjavík borða alltaf saman þorramat um bóndadagshelgina. Nokkrar þeirra voru í Nóatúni að viða að sér veisluföngum í gamalt trog.***

„Hákarlinn verður að vera vel kæstur og súrmaturinn vel súr. Annars er ekkert varið í þetta," segir Ellen Sigurðardóttir þar sem hún er að velja þorramat í trog. Hún ætlar að halda þorrablótið heima hjá sér að þessu sinni og hefur steikt laufabrauð sérstaklega af þessu tilefni. Allar klúbb-systur leggja svo peninga í púkk til innkaupanna. Inntar eftir uppáhaldinu í þorramatardeildinni nefna þær hákarl og magál. „En okkur þykir þetta allt nokkuð gott," segja þær og lýsa yfir ánægju með að súri hvalurinn skuli vera fáanlegur aftur enda séu þær aldar upp við hann. Ellen telur Nóatún standa sig vel í verkun súrmatarins og því kveðst hún yfirleitt kaupa hann þar.

„En laufabrauðið verður að vera að norðan," segir Sigurlaug ákveðin. „Já, frá Stebba bakara á Dalvík," tekur Ásdís undir. „Flatkökurnar verða að vera frá honum líka. Þær fást í Nettó svo þar getum við Norðlendingar komist í þær," segir Edda og bætir við: „Það er svosem ágætlega séð fyrir þörfum okkar sem höfum flutt hingað suður yfir heiðar."

Þær kalla sig Döllurnar. Það er stytt útgáfa af nafni dalvíska saumaklúbbsins sem hefur verið við lýði í tólf ár. Við eftirgrennslan kemur í ljós að þetta er ekta saumaklúbbur. „Við sitjum aldrei auðum höndum heldur saumum, prjónum eða föndrum," segja þær sannfærandi. Þorrablótið er líka fastur liður og þær hlakka greinilega til helgarinnar. Að lokum upplýsa þær eina hefðina enn.

„Einn eiginmaðurinn klæðir alltaf brennivínsflösku í þorskhaus og skellir á þorramatarborðið, beint úr frosti."

Þegar þær sjá undrunarsvipinn á blaðamanni segja þær hlæjandi: „Við skulum bara taka mynd af henni handa Fréttablaðinu."

*gun@frettabladid.is*



ÚTSALAN Hefst í DAG Kl.10

Sú besta hingað til

Húsgögn sem lentu í óhappi vantar laghenta eigendur, fást fyrir mjög gott verð. **Verð frá kr. 5000.**

**Opið alla helgina** og frí heimsending á húsgögnum þessa helgi

60% 30% 80% 25% 15%

15% afsláttur af nýjum vörum **fyrstu útsöluvikuna***

*Öllum nema pöntunarvöru

Nýtt kortatímabil

UNIKA

Fákafeni 9 Sími: 568 6700

mán-fös. 10-18, laug. 11-16 og sun 13-16

www.unika.is

**Engiferrót** er góð í ýmsa rétti, sérstaklega með kjúklingi, en gagnast líka vel soðin með sítrónu og hunangi við háls-bólgu og kvefi.



Fjöruborðið
Og hafið sagði ok.
Við Fjöruborðið
Eyrarbraut 3 • 825 Stokkseyri • S. 483 1550
www.fjorubordid.is • INFO@FJORUBORDID.IS







# Eldað á fransk-íslenska vísu

***Kokkarnir á Vox halda dýrindis veislu í kvöld og elda úr svipuðum hráefnum og notuð eru á heimsmeistarakeppninni Bocuse d´Or 2007 sem fram fer í Lyon í Frakklandi í næstu viku.***

„Við köllum þetta Bocuse mat og matargerðin er svo flókin að það fer enginn heilvita maður að elda hann. Mikið lagt í hvern rétt og skreytingar og fjöldi smáatriða skipta máli. Því gef ég engar uppskriftir heldur lýsi bara hugmyndafræðinni,“ segir Sigurður Gíslason, yfirmatreiðslumaður á Vox, þegar hann er spurður út í veisluhöldin í kvöld. Hann segir alla þátttakendur á Bocuse d´Or 2007 í Lyon vinna úr sama hráefninu í keppninni. Réttirnir á Vox verði úr því hráefni í grunninn þótt það verði með norrænum blæ. „Keppnin úti er mjög frönsk en við íslenskum þetta upp. Notum til dæmis íslensk söl til að selta lúðuna og sjóðum hana í mysu. Við reykjum skraut og meðlæti, notum hvannarót sem krydd í kjúklinginn og gerum sósu á grunni gömlu góðu lúðusúpunnar sem eldra fólk kannast við.“

Sigurður segir komna hefð á svona Bocuse mat á Vox. „Við höfum haft veislur til heiðurs Bocuse d´Or keppninni síðan við opnuðum staðinn og eldum þá úr sama grunnhráefninu. Við erum bara að byggja upp stemningu og byrjum til dæmis veisluna á að bjóða upp á franskt kampavín. Gestirnir eru mataráhugamenn og á sunnudaginn fljúga margir þeirra til Frakklands að fylgjast með hinni einu sönnu Bocuse d´Or 2007 í Lyon.“

Sigurður segir mikið lagt í allan undirbúning veislunnar og af frásögn hans að dæma er ekki síður fjör í eldhúsinu en salnum. „Það er alltaf rosa stemning. Allir kokkarnir og allir nemarnir að vinna þennan dag, hvort sem þeir eiga frí eða ekki. Það er öðruvísi en dags daglega.“

Nú er Sigurður beðinn um að lýsa matseðli kvöldsins.

„Forrétturinn er hægelduð smálúða, fyllt með kóngakrabba og humri og borin fram með gulrótarköku, lárviðarlaufsflanni, kryddjurtakartöflum og reyktum tómötum sem við eldum í heilan dag. Svo er létt lúðusósa með, búin til úr lúðuhausum og döðlum.

Aðalrétturinn er kjúklingur. Það er bringa fyllt með sveppum, kryddjurtum og gæsalifur og elduð í loftþéttum poka með kryddjurtum og hvannarót.

Hún er borin fram með fáfnisgraskrydduðum kartöflum, sveppaköku og maíssósu.

Í eftirrétt ætlum við að bera fram fáfnisgraskryddaða súkkulaðimús með súkkulaði- og karamellusósu. Smá bombu.

Við notum Valrona-súkkulaði sem framleitt er í Lyon og er það besta sem hægt er að fá. Þannig að súkkulaðið er að minnsta kosti ekta franskt.“

*gun@frettabladid.is*



Allir kokkar og nemar á Vox leggja hönd á plóg í matreiðslunni. Stefán Viðarsson, Sigurður Rúnar, viðmælandinn Sigurður Gíslason, Jóhann Proppé, Hilmar, Snorri Viktor, Elísabet, Högni og Wei.



Aðalrétturinn er fyllt kjúklingabringa með fáfnisgraskrydduðum kartöflum, sveppum og maíssósu.



Forrétturinn er fyllt smálúða með lárviðarlaufsflanni, kryddjurtakartöflum og reyktum tómötum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Eftirrétturinn er fáfnisgraskrydduð súkkulaðimús með súkkulaði- og karamellusósu.




# Unaðslegar stundir

**með spennandi fjögurra rétta kvöldverði á aðeins 3.900.- allar helgar í janúar, febrúar og mars**

rauða húsið restaurant Eyrarbakka
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakki • 483-3330

Leyfðu okkur að koma þér og elskunni þinni á óvart þegar við leikum okkur í eldhúsinu og töfrum fram ferska og framandi fiski- fugla- og kjötrétti með unaðslegum eftirréttum.



Rauða Húsið | 483 3330 | Búðarstíg 4 · 820 Eyrarbakka | www.raudahusid.is · Aðeins 45 mín frá Reykjavík





Feðgarnir Þórður og Gunnar Örn sjá um pökkunina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vigtað í hvern og einn

***Grænmeti í áskrift allt árið er nýjung í rekstri Græna hlekksins. Áður hefur fólk notið þeirrar þjónustu yfir íslenska uppskerutímann.***

„Við erum farin að kaupa grænmeti og ávexti frá dreifingarfyrirtæki í Hollandi yfir vetrarmánuðina og flytja það viðkvæmasta inn með flugi til að halda ferskleikanum," segir Þórður Halldórsson, framkvæmdastjóri Græna hlekksins, er hann lýsir bættri þjónustu. „Áður seldum við eigin afurðir frá byrjun júní og út október en svo lá salan niðri frá nóvember og út maí.“


Allir fá þá eitthvað fallegt!

Þórður er frumkvöðull þess að selja grænmeti í áskrift hér á landi, ásamt konu sinni Karólínu Gunnarsdóttur. Þau eiga garðyrkjustöðina Akur í Laugarási í Biskupstungum. „Þegar við byrjuðum fyrir átta árum að selja vinum og vandamönnum grænmeti vorum við bara með eigin afurðir; tómata, gúrkur og paprikur. Svo vatt þetta upp á sig og fleiri framleiðendur bættust við; garðyrkjustöðin Engi með salat og krydd, garðyrkjustöðin Kvistholt með gulrætur sem komu snemma á markaðinn og garðyrkjustöðin Hæðarendi í Grímsnesinu með útigrænmeti eins og kartöflur, kál, gulrætur og fleira. Þá var þetta orðið fýsilegt fyrir fólk sem vildi vera áskrifendur. Eftir að dreifingarfyrirtækið Græni hlekkurinn var stofnað hafa mjólkurvörur frá Bio bú og bygg frá Móður jörð bæst við.“

Nú eru lífræn matvæli komin í flesta stórmarkaði og allar heilsubúðir, meðal annars frá Græna hlekknum. Öðruvísi var um að litast þegar Þórður og Karólína voru að byrja að koma sínum lífrænu vörum á markað 1991. „Við vorum svo bjartsýn að halda að við gætum selt í gegnum dreifingarfyrirtæki sem þá voru starfandi. Ágæti fékk sér meira að segja vottun til að vera löglegur söluaðili. En við fengum ekkert hærra verð fyrir vöruna en þeir sem ræktuðu með hefðbundnum og fljótvirkari aðferðum og Ágæti bjó ekki til neina nýja markaði fyrir okkur svo það endaði með


Þær tegundir sem minnst geymsluþol hafa eru fluttar til landsins með flugvélum til að tryggja ferskleikann.

því að við fórum að sjá sjálf um söluna. Það var náttúrlega fullt af fólki sem vissi af okkur og vildi vörurnar og þá kom til þessi leið, grænmeti í áskrift.“

Þegar forvitnast er um fyrirkomulagið svarar Þórður: „Við erum með heimasíðuna www.link.is þar sem er póstlisti sem fólk getur skráð sig á og við sendum svo út pöntunarlista vikulega og fólk getur pantað þegar það vill. Sumir vilja fá sendingu vikulega, aðrir hálfsmánaðarlega og enn aðrir endrum og sinnum. Þeir velja af vörulistanum og það er vigtað ofan í hvern og einn. Við byrjuðum á að vera með ákveðna pakka eins og tíðkast víða erlendis en uppgötvuðum að Íslendingar voru ekki tilbúnir í það. Þetta er að sjálfsögðu meiri vinna en fólk er miklu ánægðara. Enn ein lukkan í okkar rekstri var svo sú að við komumst með dreifinguna inn í Uppgripsverslanir Olís og þar er opið til hálf tólf þannig að fólk getur haft sína hentisemi en vörur út á land fara með flutningabílum.”

*gun@frettabladid.is*

# Brunarústir á pönnunni

***Langflestir hafa lent í því að þurfa að skrúbba brunabletti úr pönnum eftir illa lukkaða eldamennsku.***



Það er fátt eins leiðinlegt í eldhúsverkunum og þegar maturinn festist á pönnunni. Þá fer kannski hluti af góðu hráefni förgörðum, fallegt heilt stykki dettur í sundur og verður að kássu. Svo má ekki gleyma þrifunum eftir slíkar aðfarir sem eru tímafrek, subbuleg og óttalega leiðinleg. Hér eru nokkrar aðferðir til að koma í veg fyrir þessi leiðindi:

1. Einfaldasta ráðið er auðvitað að kaupa potta og pönnur sem ekki festist í. Margir alvöru kokkar kjósa að nota ekki svoleiðis potta og pönnur því þeir segja að maturinn brúnist ekki eins vel, en þeir þurfa líka sjaldnast að þvo upp eftir sig sjálfir.

2. Ef þú ert sammála kokkunum í ráði eitt skaltu kaupa þunga og stæðilega potta og pönnur og líttu á kaupin sem ævilanga fjárfestingu. Því meiri gæði, því auðveldara að þrífa græjurnar og viðhalda þeim.

3. Hreinsaðu potta og pönnur vel! Virðist einfalt ráð en það er auðvelt að skola mestu fituna bara af og stinga svo áhöldunum inn í skáp. Ekki nota stálull heldur frekar eitthvað sem leysir upp fitu á ljúfan máta. Láttu heitt sápuvatn hiklaust standa yfir nótt ef einstaklega andstyggilegur blettur neitar að fara.

4. Ekki setja kaldan mat á heita pönnu heldur láttu matinn ná herbergishita fyrst. Þegar elda á þurrmat er nauðsynlegt að setja smá olíu á pönnuna og leyfa henni að hitna áður en matnum er skellt á pönnuna.





Finnski Pitokokki-potturinn notar mun minni orku en hefðbundin matreiðsla krefst. Hægt er að stilla að morgni hvenær suða á að hefjast þannig að kvöldmaturinn sé tilbúinn þegar fólk kemur heim.

# Hægt og hljótt

***Pitokokki hægsuðupottur einfaldar matreiðsluna auk þess sem hann varðveitir bragð matarins og næringarefni.***

„Þú bara stingur pottinum í samband við rafmagn, stillir hann á tíma og maturinn er tilbúinn þegar þú kemur heim. Maturinn sýður við vægan hita í eigin safa og heldur vel bragði og næringu.“ Þannig lýsir Tyrfingur Tyrfingsson verslunarmaður notkun Pitokokki-pottsins sem hann hefur flutt inn. Potturinn er finnskur að uppruna eins og nafnið bendir til og að sögn Tyrfings er hann að slá í gegn, einkum þó í Ameríku. „Kaninn er mjög hrifinn af þessari eldamennsku og konur sem hafa búið í Bandaríkjunum hafa komið til mín í búðina og fagnað því mjög að sjá pottana hér. Segjast hafa leitað að þeim lengi,“ segir Tyrfingur, sem nýlega opnaði verslunina Icefin með finnskar vörur í Nóatúni 17. Einnig hefur hann opnað netverslun á síðunni www.icefin.is.

Pitokokki potturinn er tvöfaldur. Maturinn er settur í leirpott sem er ofan í stálpotti. Hann er til í tveimur stærðum í Icefin, 3.8 lítra og sex lítra. Sá minni kostar 9.500 krónur í netversluninni.

Tyrfingur segir pottinn henta einkar vel til eldunar á kjötsúpu, villibráð, gúllasi, grænmetisréttum, hangikjöti og hrísgrjónagraut svo eitthvað sé nefnt. Sjálfur er hann matreiðslumaður og gefur hér uppskriftir sem hann mælir með. Svo segir hann óþarft að vakta það sem verið er að sjóða. „Hráefnið er bara sett í pottinn og Pitokokki sér um afganginn.“



Það hentar vel að sjóða kjötsúpu í Pitokokki pottinum.

**Pitokokki kjötsúpa**

Súpukjöt, sirka 300 g með beini á mann.
Kartöflur
Laukur
Blaðlaukur
Gulrætur
Rófur
Súpujurtir (að vild)
Salt og pipar 1/2 - 1 matskeið af hvoru.
Vatn

Kjötið er sett í botninn á pottinum, kryddað með saltinu og piparnum. Grænmetið er sett ofan á og vatnið er látið fljóta yfir grænmetið. Stillt á suðu í tvo tíma á mesta hita, (high) og sirka þrjá tíma á minni hitanum (low). Potturinn fer sjálfkrafa að halda matnum heitum eftir að suðutíma er lokið. Súpunni er ausið beint upp úr pottinum á diskana og helst hún þannig heit alla máltíðina.

**Nautasteik**

fyrir 4-5
1 kg innanlærisvöðvi, kjötið er skorið í skammtastærðir 180-200 g.
1/2 bolli hveiti
4-5 skrældar kartöflur
4 stórar gulrætur
2 skornir laukar
1/2 tsk. salt
1/2 tsk. pipar
400 g dós niðursoðnir tómatar, skornir eða maukaðir.
250 g dós tómatsósa
Kryddjurtir, t.d. timjan

Hitið olíu á pönnu, veltið kjötinu upp úr hveitinu og brúnið, takið það upp og látið olíuna renna vel af. Setjið kartöflurnar, gulræturnar og laukinn í botninn á leirpottinum. Setjið kjötið ofan á grænmetið og stráið salti og pipar yfir. Hellið tómötunum og tómatsósunni yfir og setjið ferska timjangrein ofan á ef hún er til. Lokið og stillið á tvær klukkustundir á lægsta straum eða einn tíma á hæsta.

# Nýtt og ferskt

***Ferskar kjötvörur hafa sett ný salöt og niðurskorna ávexti á markað undir vörumerkinu Ferskt.***

Þrjár tegundir af blönduðu fersku salati og fjórar tegundir af ferskum skornum ávöxtum eru í boði með merkinu Ferskt. Salatið er pakkað í loftskiptar umbúðir og aðskilið frá öðru sem fylgir með í pakkanum sem er til dæmis soðið egg, maís, sólþurrkaðir tómatar, kryddleginn fetaostur og brauðteningar. Gaffall og sósa fylgja. Þrjár tegundir eru í boði; blandað salat með hunangsskinku, túnfiski eða kjúklingi.

Ávextirnir eru líka pakkaðir í loftskiptar umbúðir, sem heldur þeim lengur ferskum en ella. Ferkst er selt í Bónus, Hagkaupum og 10-11.



# Gómsætur framandi réttur með lítilli fyrirhöfn

***Sigríður Heiða Kristjánsdóttir gefur Fréttablaðinu sérlega girnilega uppskrift að kjúklingarétti.***



Sigríður Heiða í vel útbúnu eldhúsi, vopnuð dósaupptakara og kryddi frá Pottagöldrum. Enda um það bil að fara að fremja slíkan galdur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Undanfarin ár hafa Íslendingar orðið opnari fyrir erlendum áhrifum í matargerð sinni og nú er svo komið að það sem við köllum heimilismat er um það bil að hverfa af borðum landsmanna. Fæstir koma heim til sín og sjóða kjötbollur í hvítkálsbögglum eða brasa kótelettur í smjörlíki. Nú er öldin önnur. Maturinn okkar er ættaður frá Ameríku, Taílandi, Japan og Ítalíu og sífellt fleiri leggja það fyrir sig að læra að matreiða slíka rétti. Ein þeirra sem hefur tekist vel til í slíkri matargerð er Sigríður Heiða Kristjánsdóttir, starfsmaður hjá Tryggingamiðstöðinni sem nú dvelur heima við í fæðingarorlofi.

„Yfirleitt leita ég bara að einföldum lausnum í vikunni en reyni svo að hafa eitthvað fínna um helgar,“ segir Sigríður Heiða. „Mest hef ég gaman af því að útbúa erlenda rétti, til dæmis frá Mexíkó eða Indlandi. Fyrsti alvöru rétturinn sem ég matreiddi var til dæmis mexíkósk tortilla. Held að ég hafi verið svona sextán ára með vinkonur mínar í mat. Þar áður hafði ég aðallega bara soðið pylsur. Mamma mín er líka svo góður kokkur að mér datt ekki í hug að reyna að elda neitt fyrr.“

Spurð að því hver hafi verið stærsta áskorun hennar í matargerð segir Sigríður það hafa verið kálfasteik sem hún eldaði fyrir skömmu. „Þetta var voða flott kálfasteik með einhverri sítrónuolíu. Ég var mikið stressuð yfir þessu og fannst þetta hrikalega flókið en svo var þetta ekkert svo svakalega erfitt. Eftir að maður er búinn að elda eitthvað einu sinni þá verður það alltaf auðveldara næst,“ segir Sigríður að lokum.

Uppskriftin sem Sigríður gefur Fréttablaðinu er girnileg en um leið ákaflega einföld matreiðsla. Það er sannarlega eitthvað sem margir leita eftir þegar komið er heim úr vinnu. Að njóta góðs matar sem krefst ekki mikillar fyrirhafnar.



Bringurnar eru léttsteiktar og kryddaðar áður en þær eru settar í eldfast mót með dýrlegri sósunni.

6 kjúklingabringur
Kjúklingakrydd frá Pottagöldrum
1 1/2 krukka mangó chutney
1 msk. karrí
1 tsk. tandoori-krydd
1/2 l matreiðslurjómi
2 bananar

Léttsteikið bringurnar og kryddið með kjúklingakryddi. Setjið mangó chutney, rjóma, karrí og tandoori-krydd í pott og hitið saman svo það blandist. Kjúklingurinn settur í eldfast mót, bananar brytjaðir yfir og sósunni að lokum hellt yfir allt. Mótið sett inn í ofn og hitað á 180 í 30-40 mín.

Borið fram með naan-brauði, hrísgrjónum og fallegu salati.

*mhg@frettabladid.is*



**50%** Hagkaup og Krónan slást um toppsætið á töflunni. Í Hagkaup er það stór humar sem lækkar úr 1.699 kr. pundið í 899 krónur og í Krónunni eru það kjúklingavængir sem lækka úr 299 kr. kílóið í 149.


SKAUTA HÖLLIN REYKJAVÍK

**Allir á skauta**

Skautaholl.is

Opið frá kl. 13 00 allar helgar



**SalinaGel®**

*Veitir raka og vellíðan í nefholi.*

***SalinaGel sem byggir á jafngildri saltvatnslausn verkar gegn þurrki og ertingu í nefholi, slíkt gerist oft með:***

- *hækkandi aldri.*
- *vegna aukaverkana lyfja.*
- *í kulda.*
- *við meðferð á unglingabólum.*
- *er fylgikvilli ofnæmis.*

***SalinaGel er hefur þrennskonar virkni:***

- *Eykur raka í nefholi og mýkir upp hart slím.*
- *Kemur í veg fyrir ofþornun og ertingu.*
- *Eykur virkni þekjufruma við að hreinsa innandað loft.*

***SalinaGel tryggir eðlilega virkni og vellíðan í nefholi.***

*Ýmus ehf.* Sími: 564 3607
www.ymus.is ymus@islandia.is

SalinaGel Nasal Moisturizing Gel For Dry Nose






Helgar-tilboð

Snaigé kæliskápar

með allt að 40% afslætti

Gerð RF-315
HxBxD=173x60x 60 cm
229 ltr. kælir
61 ltr. frystir

Gerð RF-390
HxBxD=200x60 x60 cm
253 ltr. kælir
90 ltr. frystir

Margar aðrar gerðir í boði!

Snaigé KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR

Hvítur ......64.900 / 49.900 / 23%
Stál..........84.700 / 59.900 / 29%

Hvítur ......84.700 / 67.900 / 20%
Stál.........102.100 / 69.900 / 32%

Opið:
Mán. - fös. kl. 9-18
Laugardaga 10-15

Friform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500


**HAGKAUP**

Tilboðin gilda til 21. jan.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ostafyllt lambalæri úr kjötborði | 1.998 | 2.298 | 1.998 | 15 |
| Nautafille úr kjötborði | 2.498 | 3.349 | 2.498 | 25 |
| Grísahelgarsteik með sósu | 1.273 | 1.698 | 1.273 | 25 |
| Íslandsgrís reyktar kótelettur | 1.019 | 1.698 | 1.019 | 40 |
| Humar 500 g stór | 899 | 1.699 | 1.700 | 50 |
| Jarðarber 250 g | 219 | 399 | 876 | 45 |
| Bláber | 199 | 339 | 199 | 40 |
| Blandaður blómvöndur stór | 1.690 | 1.989 | 1.690 | 15 |
| Blandaður blómvöndur | 1.010 | 1.189 | 1.010 | 15 |

**BÓNUS**

Tilboðin gilda til 21. jan.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus ferskir kjúklingabitar | 293 | 377 | 293 | 25 |
| Holta kjúklingavængir fulleldaðir | 399 | 499 | 399 | 20 |
| KS fosin lambasvið | 298 | 399 | 298 | 25 |
| KS frosinn lambabógur | 595 | 699 | 595 | 15 |
| NF íslenskir laxabitar beinlausir | 798 | 998 | 798 | 20 |
| Polarbrauð 6 stk. | 159 | 189 | 26 | 15 |
| Egils pilsner 500 ml | 49 | 69 | 98 | 30 |
| Jumbo hamborgari m/ brauði | 199 | 279 | 199 | 30 |
| Kattamatur 100 g í áli | 39 | Nýtt | 390 | |
| ES hundamatur 1250 g dós | 139 | Nýtt | 111 | |

**FK FJARÐARKAUP** *ekki bara verð!*

Tilboðin gilda til 20. jan.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Súpukjöt frá Fjallalambi | 498 | 498 | 498 | |
| Svið frá Fjallalambi | 395 | 598 | 395 | 35 |
| Svínalundir úr kjötborði | 1.698 | 1.998 | 1.698 | 15 |
| Svínahnakki úrb. úr kjötborði | 998 | 1.298 | 998 | 25 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 1.198 | 1.855 | 1.198 | 35 |
| Berjablanda frosin 2.5 kg | 898 | 1.198 | 898 | 25 |
| Jarðaber frosin 2.5 kg | 898 | 954 | 898 | 5 |
| Kjúklingabringur frá Matfugli | 1.875 | 2.679 | 1.875 | 30 |

**KRÓNAN**

Tilboðin gilda til 21. jan.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa læri/leggir magnkaup | 389 | 649 | 389 | 40 |
| Móa kjúklingavængir magnkaup | 149 | 299 | 149 | 50 |
| Grísalundir m/sælkerafyllingu | 1.595 | 2.798 | 1.595 | 45 |
| Lasagne | 977 | 1.395 | 977 | 30 |
| Laxaflök beinhreinsuð | 998 | 1.498 | 998 | 35 |
| Gourmet ungnautagúllas | 1.518 | 2.168 | 1.518 | 30 |
| Goða svið soðin | 489 | 698 | 489 | 30 |
| Goða dúett súrir pungar/sviðas. | 1.587 | 1.984 | 1.587 | 20 |
| Danpo kjúklingabringur 900 g | 1.399 | 1.998 | 1.554 | 30 |
| Grand It tortelini 4 tegundir 250 g | 223 | 279 | 892 | 20 |

**NÓATÚN**

Tilboðin gilda til 21. jan.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ungnautahakk | 798 | 1.398 | 798 | 45 |
| Lamba framhryggjasneiðar | 1.298 | 1.798 | 1.298 | 30 |
| Grísahnakki úrb. sneiðar | 998 | 1.598 | 998 | 40 |
| Goða folaldakjöt reykt m/beini | 475 | 679 | 475 | 30 |
| Goða folaldakjöt saltað m/beini | 475 | 679 | 475 | 30 |
| Nóatúns saltkjöt blandaðir pakkar | 799 | 899 | 799 | 10 |
| Kartöflur Nóatúns 2 kg pokar 3 gerðir | 239 | 299 | 120 | 20 |
| Ömmu rúgbrauð 200 g | 129 | 158 | 645 | 20 |
| Ömmu flatkökur 160 g | 69 | 109 | 431 | 35 |
| Toppur 1.5 l 3 tegundir | 129 | 184 | 86 | 30 |

**Þín verslun**

Tilboðin gilda til 24. jan.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Saltkjöt blandað vac. | 729 | 909 | 729 20 | |
| Hótel lifrarkæfa 165 g | 206 | 258 | 1.248 | 20 |
| Frönsk sveita skinka 1/1 pökkuð | 1.469 | 1.835 | 1.469 | 20 |
| Barilla spaghetti 500 g | 79 | 89 | 158 | 11 |
| Celest Organic Te 10 stk. | 99 | Nýtt | 10 | |
| WasaSesam 12x200 g | 149 | 215 | 745 | 30 |
| Wasa Sport 24x275 g | 129 | 179 | 469 | 30 |
| Wasa Ragi 24x275 g | 129 | 149 | 469 | 15 |
| Wasa Fiber plus 12x230 g | 189 | 249 | 822 | 24 |
| Tilda Basmati í suðupoka 500 g | 229 | 266 | 458 | 15 |
| Tilda Brown Basmati poki 500 g | 159 | 219 | 318 | 25 |
| Tilda Royal Korma sósa 350 g | 299 | 409 | 854 | 25 |
| Tilda Tikka Masala Makh. sósa 350 g | 299 | 409 | 458 | 25 |

# *Hljóðfæri á útsölu*

***Í Hljóðfærahúsinu er hægt að gera góð kaup á hljóðfærum.***

Útsalan í Hljóðfærahúsinu stendur til 1. febrúar og er hægt að fá fjölda skemmtilegra hljóðfæra á góðu verði. Nýjar vörur eru seldar þessa dagana með tíu til tuttugu prósenta afslætti og eldri vörur með þrjátíu til sjötíu prósenta afslætti. *- eö*



Mikill afsláttur er af eldri vörum.

# Allt í þorrabakkann

***Þorramaturinn er kominn í Krónuna.***

Í Krónunni er tuttugu prósenta afsláttur af öllum þorramat frá Goða. Einnig er tuttugu og fimm prósenta afsláttur af Goða saltkjöti og kartöflusalat og rófustappa frá Stjörnusalati er á góðu verði. Þeir sem ætla að halda upp á að þorrinn er genginn í garð ættu því að geta gert góð kaup í Krónunni. *- eö*



Þorramaturinn er á góðu verði í Krónunni.



Gott verð er á lítið útlitsgölluðum rúmum.

# Lítið gallað á góðu verði

***Í Betra baki er verið að rýma til fyrir nýjum vörum.***

Hægt er að fá ýmsar vörur með miklum afslætti í verslunum Betra baks og má þar nefna sængurver með fimmtán til þrjátíu prósenta afslætti, gafla og náttborð með fimmtán til fimmtíu prósenta afslætti og svefnsófa með fimmtán til þrjátíu prósenta afslætti. Einnig eru lítið útlitsgölluð rúm seld með miklum afslætti í verslununum þessa dagana. *- eö*



## HM tilboð

DOMINO'S PIZZA

Domino's pizza býður svöngum aðdáendum handbolta upp á pizzutilboð frá 20. janúar til 4. febrúar. Tilboðið hljóðar upp á 15 tommu pizzu með tveimur áleggstegundum, stóran skammt af brauðstöngum með stósu, tveggja lítra Coke og hvítlauksolíu á 1.990 krónur. Tilboðið á eingöngu við um sóttar pantanir.
Veitingastaðir Domino's eru á tíu stöðum á höfuðborgarsvæðinu, einn á Reykjanesi og einn á Akureyri.

## Gerðu vel við kroppinn

AFSLÁTTUR AF VÖRUM Í BODY SHOP

The Body Shop á Íslandi veitir viðskiptavinum 25 prósenta afslátt af allri vöru í versluninni dagana 18-21. janúar. Í Body Shop er hægt að fá allt sem snýr að snyrtingu; húðvörur, snyrtivörur, ilmvötn og olíur. Body Shop búðir eru í Kringlunni, Smáralind og á Akureyri.






## Gott verð á gjafavöru

***Lagerútsala stendur yfir í Svefni og heilsu að Klettthálsi.***

Á útsölunni er hægt að fá tuttugu til sjötíu prósenta afslátt af sófasettum, gjafavöru, kertum, kertastjökum, dúkum, púðum og fleiru. Einnig er afsláttur af útlitsgölluðum eldri gerðum af heilsudýnum, stillanlegum rúmum, náttborðum, göflum og fylgihlutum auk þess sem hægt er að fá sófasett á mjög góðu verði.

*- eö*




sia HOME FASHION
Sia • Laugavegi 86-94 • Sími: 511-6606


# Blóm á góðu verði

***Í Blómavali stendur yfir útsala á pottaplöntum.***

Tuttugu og fimm til sjötíu prósenta afsláttur er af öllum pottaplöntum í Blómavali þessa dagana. Heilsudagar standa einnig yfir í Blómavali og er því tuttugu til þrjátíu prósenta afsláttur af heilsuvörum. Auk þess er þrjátíu prósenta afsláttur af allri gjafavöru, glervöru og Soldis-vörum.

*- eö*



Hægt er að fá blóm á einstaklega góðu verði í Blómavali þessa dagana.

# Fínt verð í Flexor

***Skóútsala stendur yfir í Flexor.***



Allt að 50 prósenta afsláttur er í boði af skóm frá Ecco, Scarpa, Teva og Asics í versluninni Flexor, að Suðurlandsbraut 34. Hjá Flexor fást íþrótta-, göngu- og barnaskór. Einnig innlegg, hita- og stuðningshlífar og armstafir. Þá er hægt að fá greiningu og ráðgjöf sérfræðinga. Útsala stendur til janúarloka. Hægt er að afla sér frekari upplýsinga á heimasíðunni www.flexor.is eða með því að hafa samband í síma 517-3900.

# Stórútsala hjá Agli

***Útsöludagar eru í verslun Egils Árnasonar.***

Allt að sjötíu prósenta afsláttur er á stórútsölunni hjá Agli Árnasyni sem nú stendur yfir. Allar hurðir eru seldar með tuttugu prósenta afslætti, plankaparkett er á fimmtán til þrjátíu prósenta afslætti, tuttugu prósenta afsláttur er í baðdeildinni og allt að sjötíu prósenta afsláttur er af flísum.

*- eö*



Tuttugu prósenta afsláttur er í baðdeildinni hjá Agli Árnasyni.


THE BODY SHOP™




25% afsláttur
18. - 21. janúar

The Body Shop á Íslandi gefur viðskiptavinum 25% afslátt af allri vöru í verslunum The Body Shop dagana 18. - 21. janúar.

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI

THE BODY SHOP




Útsalan er hafin
2 fyrir 1
Meðgögnufatnaður // Barnafatnaður
tvö líf
Holtasmári 1• sími 571 8500 • www.tvolif.is
Opið 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum

allt bílar
Alla laugardaga

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




Ásthildur Helgadóttir kann dollaranum litlar þakkir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Mazda árgerð ‘82 sem var aðeins of góð

***iPod er nauðsynlegur þegar ferðast er mikið, að sögn Ásthildar Helgadóttur knattspyrnukonu.***

Ásthildur ferðast mikið bæði vegna vinnu sinnar og svo auðvitað íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu. Fátt er leiðinlegra en að sitja tímunum saman í flugvél og hafa ekkert að gera nema láta sér leiðast. „Þá hefur iPodinn oft bjargað mér og er hann í raun nauðsynlegur á öllum þessum ferðalögum,“ segir Ásthildur.

Önnur góð kaup sem Ásthildur nefnir eru eini bíllinn sem hún hefur átt. Bílinn keypti hún í slagtogi með systur sinni og var um Mazda-bíl frá árinu 1982 að ræða. „Við fengum hann fyrir slikk, 80 þúsund held ég, og hann svínvirkaði,“ segir Ásthildur. „Svo vel að ég var meira að segja tekin fyrir of hraðan akstur á honum,“ bætir hún við hlæjandi.

Ásthildur er lítið fyrir að missa svefn yfir slæmum kaupum. „Ég græt það ekki þó svo að ég kaupi hlut sem ég get ekki notað. Ég er alltaf að lenda í því og lenda ekki allir í því?“ spyr Ásthildur, sem augljóslega er lítið fyrir að passa budduna fram úr hófi. „Þetta eru bara peningar og ég er ekkert voðalega að passa upp á þá. Ekki það að ég eigi nóg af þeim, síður en svo.“

Þegar velja þarf misheppnuðustu kaupin úr öllum þeim sem illa hafa farið velur Ásthildur viðskipti sín með dollara. „Ég keypti fullt af dollurum vegna þess að einhver í vinnunni hafði sagt að það væri sniðugt. Svo hrundi dollarinn og ég tapaði fúlgu í ekki neitt,“ segir Ástildur og lofar um leið að halda sig frá öllu gjaldeyrisbraski í framtíðinni.

*tryggvi@frettabladid.is*


Líkamsrækt fyrir konur
Betri heilsa á 30 mínútum



**Meira fjör, styttri tími og skemmtilegur félagsskapur.**
Hjá okkur færðu, aðhald og stuðning hvort sem þú þarft að grennast eða styrkjast. Reglulegar líkamsmælingar svo þú getir fylgst með árangrinum.

Curves
"The power to amaze yourself."

Fyrir allar konur

Hringdu og pantaðu prufutíma og líkamsmælingu
50% afsláttur af þjónustugjaldi
Curves, Bæjarlind 12 - Sími 566 6161 - curves@simnet.is
Curves, Stillholt 23, Akranesi • Sími 433 8787 • curves@simnet.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


## Ódýrt í Outlet 10

FÖT Á LÆKKUÐU VERÐI Í OUTLET 10.



Í versluninni Outlet 10 að Faxafeni 10 fást föt á góðu verði í miklu úrvali. Dömu-, herra- og barnafatnaður. Buxur, peysur, skyrtur, bolir, blússur, dragtir, jakkaföt, pils, nærföt og sokkar frá 99 krónum og upp úr. Vönduð vörumerki á borð við Levi's, Day og svo framvegis. Hægt er að kynna sér tilboðin betur með því að hafa samband í síma 534 4450.

## Aðeins fimm verð



Barnaföt eru á góðu verði í Next þessa dagana.

ÚTSALA STENDUR YFIR Í NEXT Í KRINGLUNNI.

Á útsölunni í Next er hægt að gera góð kaup á alla í fjölskyldunni því aðeins fimm verð eru í boði. Verðin eru 500 krónur, 1.000 krónur, 1.500 krónur, 2.000 krónur og 2.500 krónur.

*- eö*

## Frítt rúðupiss og þorratilboð

OLÍS BÝÐUR RÚÐUPISS MEÐ BENSÍNINU.



Með því að láta fylla á bílinn á næstu Olísstöð fá viðskiptavinir rúðupiss í kaupbæti. Meðan fyllt er á er svo hægt að fá sér pylsu og kók á sérstöku þorratilboði enda rétturinn orðinn nokkurs konar þjóðarréttur Íslendinga.

## Sprengivika

18.-28. JANÚAR STENDUR YFIR SPRENGIVIKA Í HÚSASMIÐJUNNI.

Á sprengiviku Húsasmiðjunnar er hægt að fá öll hreinlætistæki með þrjátíu til sjötíu prósenta afslætti. Sama verð er á tækjunum í verslunum Húsasmiðjunnar um allt land. - eö



Blöndunartæki eru á góðu verði í Húsasmiðjunni.

# sirkus

19. janúar 2007



**Ólafur Ólafsson**
Milljarðamæringurinn heldur upp á fimmtugsafmæli sitt um helgina. Boðið verður upp á enska sushi-kokka og fokdýra erlenda leynihljómsveit. **BLS. 2**



**Á rauða dreglinum**
Stjörnurnar glitruðu í galaveislu Glitnis í Laugardalshöllinni um síðustu helgi. **BLS. 5**



VIÐTAL BLS. 8 | LEIKKONAN ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR

# BRYNJA TOPPAR MIG Í TÖFFARASKAPNUM

SIRKUSMYND/ANTON BRINK




Greiðslukjör í allt að 36 mánuði

Gleraugað
Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík
Sími 568 1800

Sjónmælingar
linsumælingar

# fréttir

## Heyrst hefur



### Spesferð frá Köben í Glitnisveislu

Það var augljóslega eftirsótt að mæta í galaveislu Glitnis í Laugardalshöllinni á laugardaginn. Feðgarnir og kvikmyndamógularnir Sigurjón Sighvatsson og Þórir Snær Sigurjónsson flugu frá Kaupmannahöfn til að mæta í hina glæsilegu veislu þar sem færri komust að en vildu.




### Allt brjálað í útibúunum

Og meira af Glitnisveislunni því það var ekki tekið út með sældinni að vera útibússtjóri hjá bankanum í síðustu viku. Nær enginn útibússtjóranna kom neinu í verk því að allur þeirra tími fór í að svara brjáluðum viðskiptavinum sem var ekki boðið í veisluna fínu.



### Solla græna á bensínhák

Solla á Grænum kosti hefur löngum predikað mikilvægi þess að borða holla fæðu og umgangast líkama sinn með virðingu. Það var því óneitanlega skrýtið að sjá þessa manneskju sem óneitanlega er annt um grænmetið og umhverfi sitt aka umá risastórum Porsche-jeppa sem er annálaður bensínhákur. Það hefði verið eðlilegra að sjá hana á hinum vistvæna Toyota Prius.



**BOÐSKORTIÐ** Eins og sjá má var boðskortið flott.

MILLJARÐAMÆRINGURINN ÓLAFUR ÓLAFSSON:

# 70 MILLJÓN KRÓNA LEYNIHLJÓMSVEIT Í FIMMTUGSAFMÆLINU



**VETTVANGUR VEISLUNNAR** Ólafur heldur veisluna í Ísheimum, hinni glæsilega fjölnota frystivörumiðstöð Samskipa við Kjalarvog.



Athafnamaðurinn Ólafur Ólafsson, sem er oft kenndur við Samskip, heldur upp á fimmtugsafmæli sitt á morgun, laugardag. Ólafur fyllir fimm tugi næstkomandi þriðjudag og hyggst bjóða samstarfsmönnum sínum og vinum til stórglæsilegrar veislu í Ísheimum, sem er frystivörumiðstöð Samskipa við Vogabakka. Öllum starfsmönnum Samskipa sem unnið hafa hjá fyrirtækinu í fimm ár eða meira er boðið í afmælið og má búast við að mörg hundruð manns verði samankomin í veislunni annað kvöld. Starfsmenn Samskipa hafa ekki talið það eftir sér að vinna fram á kvöld undanfarið við undirbúning veislunnar enda Ólafur með eindæmum vinsæll á meðal þeirra. Frystivörumiðstöðin verður samkvæmt heimildum Sirkus inréttuð sem veiðikofi með tilheyrandi kostnaði.

Ólafur er einn af ríkustu mönnum landsins en hans helsta eign er tæplega 10% hlutur í Kaupþingi sem metinn er á rúma 65 milljarða. Ekki verður heldur neinn svikinn af því að mæta í afmælisveisluna á morgun því hún verður stórglæsileg samkvæmt heimildum Sirkus. Ólafur mun fljúga inn kokkum frá hinu virta sushi-veitingahúsi Nobu í London til að matreiða fiskinn ofan í veislugesti. Þar fyrir utan munu öll helstu veitngahús landsins koma að veislunni á einn eða annan hátt.

Til að toppa allt hyggst Ólafur síðan bjóða upp á óvænta uppákomu. Heimildir Sirkus herma að þar sé á ferðinni afar fræg erlend hljómsveit sem muni mæta á svæðið í sérpantaðri 16 manna einkaþotu og taka milljón dollara, um 70 milljónir íslenskra króna, fyrir að troða upp. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst Sirkus ekki að komast að nafni hljómsveitarinnar. Það er hernaðarleyndarmál sem aðeins Ólafur og hans nánustu vita.

Í boðskorti sem veislugestir fengu er skýrt tekið fram að ræðuhöld séu bönnuð, aðalmáli skipti að fólk skemmti sér vel. Þá er þess einnig getið að gjafir eru afþakkaðar en fólki er bent á að fara inn á vefsvæði Ólafs þar sem það getur látið fé af hendi rakna til Unicef eða Rauða krossins. Þetta eru málefni sem Ólafur og eiginkona hans, Ingibjörg Kristjánsdóttir, hafa látið sig mikið varða. Þau styrktu til að mynda menntaverkefni Unicef í hinu fátæka og stríðshrjáða Afríkulandi Síerra Leóne um 36 milljónir í apríl á síðasta ári.

**Ólafur Ólafsson** Athafnamaðurinn sem oft er kenndur við Samskip heldur upp á fimmtugsafmæli sitt með pompi og prakt á morgun, laugardag.






G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007
Útsalan heldur áfram.
Nú 50%-70%.
RAW DEFENDER
marc newson
g-star.com


# Ætlar að toppa í vor með nýja toppinn

„Ég er bara hæstánægð með þessa nýju greiðslu," segir Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra aðspurð um hárgreiðsluna sem hún skartar þessa dagana. Siv er komin með topp eftir að hafa leyft slegnu hárinu að njóta sín í mörg ár á undan.

Hún breytti um hárgreiðslu þegar hún var hluti af tískuteymi Samtaka iðnaðarins á sýningunni Konur í lok október á síðasta ári.

„Þetta minnir mig á gömlu góðu dagana því ég var með topp sem barn og unglingur. Maðurinn tók nú varla eftir þessu en strákarnir mínir sáu þetta strax," segir Siv, sem ætlar að halda toppnum á þessum mikilvægu mánuðum sem nú fara í hönd áður en kosið verður til þings í vor.

„Ég ætla að toppa í kosningunum með nýju hárgreiðsluna," segir Siv og hlær.



**MEÐ TOPPINN** Óhætt er að segja Siv sé einn allra glæsilegasti ráðherrann með nýju hárgreiðsluna.



**FLAKSANDI HÁR** Svona höfum við séð Siv mörg undanfarin ár.









# þar sem feguðin er þægileg

exó

Fákafen 9
108 Reykjavík
Sími: 568 2866
www.exo.is

**Reykjavík - Oslo**

# fréttir







**1. Logi og Svanhildur** Þegar börnin eru orðin sex veitir ekki af plássinu sem Hummerinn býður upp á.



**2. Katrín Anna Guðmundsdóttir** Talsmaður feminista ætti að grípa gæsina, kaupa bílinn og mála hann bleikan.




**3. Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir** Svona limma er það eina sem vantar upp á hjá þeim til að fullkomna ímyndina. Fegurðardrottningarnar, penthouse-íbúðirnar, pelsarnir og peningarnir eru þegar til staðar.



**4. Ásgeir Kolbeins** Það er mál manna að gulur litur fari afar vel við appelsínugula húð fjölmiðlamannsins geðþekka.



**5. Guðjón Þórðarson** Það er kominn tími á nýja liðsrútu hjá Skagaliðinu í fótbolta. Guðjón væri góður undir stýri og liturinn passar fullkomlega.



Á BYRJUNARREIT Kári er ekki enn byrjaður að byggja glæsihöll sína í Kópavoginum. SIRKUSMYND/GVA



KÁRI OG VALGERÐUR Voru glæsileg í galaveislu Glitnis um helgina. SIRKUSMYND/DANÍEL

## KÁRI STEFÁNSSON STÓRHUGA Í HÚSBYGGINGUNUM

# Byggir 550 fermetra höll með bíósal

Er þetta nýja tónlistarhúsið?," spurði einn ljósmyndara Sirkus þegar hann fékk það verkefni að skanna inn teikningu af nýrri glæsivillu Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, sem rísa á í Fagraþingi í Kópavogi. Húsið er stórt og glæsilegt svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Kári er ekki enn byrjaður að byggja tæplega 550 fermetra glæsihöll í Fagraþinginu. Fæðing þessarar hallar hans Kára hefur gengið nokkuð erfiðlega en minnstu munaði að hann missti af lóðinni þar sem hann var of lengi að skila endanlegum teikningum. Því var þó reddað fyrir horn og Kári gat byrjað að byggja þessa glæsivillu, sem samkvæmt heimildum Sirkus kostar ekki undir 150 milljónum.

Sirkus hefur séð teikningarnar af glæsivillu Kára og þar er gert ráð fyrir glæsilegu 60 fermetra hringlaga bókasafni með bókahillum á brautum. Auk þess verður 40 fermetra bíósalur í villunni, svo ekki sé minnst á 45 fermetra hjónasvítu. Bílskúrinn er tæplega 50 fermetrar en húsið sjálft 499 fermetrar á tveimur hæðum. Það er arkitektinn Hlédís Sveinsdóttir sem teiknar húsið fyrir Kára.

Í dag búa Kári og eiginkona hans, Valgerður Ólafsdóttir, í fallegu einbýlishúsi á Hávallagötunni í vesturbæ Reykjavíkur. Þaðan er stutt fyrir Kára að fara til vinnu sinnar í Vatnsmýrinni. Óhætt er að segja að sá spotti lengist töluvert fyrir Kára en á móti kemur að húsið er sniðið að þörfum hans og fjölskyldunnar. Auk þess á Valgerður glæsilega 180 fermetra penthouse-íbúð í Þingholtsstrætinu.



GLÆSIHÖLL Eins og sjá má á þessari samþykktu teikningu byggingafulltrúa Kópavogsbæjar þá er húsið sem Hlédís Sveinsdóttir teiknaði fyrir Kára Stefánsson stórglæsilegt og risastórt.



Á HÁVALLAGÖTUNNI Kári og fjölskylda hafa búið á Hávallagötunni í vesturbænum undanfarin ár.


Vetrarútsalan á fullu skriði!




Peysur með allt að 70% afslætti!
Bútasaumsefni á 600kr/m, mikið úrval!
Bútasaumsbækur á 60% afslætti
Bómullar-, silki og ullarbolir á 30% afslætti!

Diza
Laugavegi 44 • S:561-4000 • www.diza.is


## SYLVÍA NÓTT FRUMFLYTUR LAG Á FM-HÁTÍÐ

Hlustendaverðlaun FM957 verða afhent við hátíðlega athöfn í Borgarleikhúsinu næstkomandi þriðjudagskvöld. Skemmtikrafturinn og sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal verður kynnir á hátíðinni og lofar hann miklu fjöri. „Þetta verður allt í léttari kantinum. Mitt hlutverk verður bara að láta þetta rúlla. Það er það mikið af góðum atriðum að ég verð nú bara í aukahlutverki," segir Auðunn hógvær en meðal listamanna sem troða upp eru Ampop, stúlknasveitin Nylon og síðan Sylvía Nótt sem mun frumflytja nýtt lag.

Því hefur verið fleygt að Auðunn hyggist opna hátíðina á eftirminnilegan hátt en hann vill sem minnst gera úr því. „Það er verið að skoða þetta. Ég vil nú segja sem minnst þannig að fólk verði ekki fyrir vonbrigðum. Ég kem þó alla vega ekki fljúgandi inn," segir Auðunn og hlær.

Óhætt er að segja að hljómsveitin Jeff Who? hafi stolið senunni í tilnefningunum því sveitin er tilnefnd í sjö flokkum af átta.



Sylvía Nótt Dívan frumflytur nýtt lag á Hlustendaverðlaununum.



JAMES BOND ÍSLANDS Þórður Birgir Bogason, forstjóri Mest, var flottur og ekki ólíkur sjálfum James Bond þegar hann gekk rauða dregilinn inn í Laugardalshöll á laugardagskvöldið. Þórður Birgir var með tvær glæsilegar konur upp á arminn, eiginkonu sína Tinnu Björk Baldvinsdóttur (til vinstri), og frænku hennar Birnu Rún Gísladóttur, unnustu tónlistarmannsins Jakobs Frímanns Magnússonar. Tinna Björk er í kjól frá Filippu K sem keyptur var í Hollandi og kostar um 100 þúsund. SIRKUSMYND/DANÍEL

# STEFNUMÓT VIÐ STJÖRNURNAR

Ég held svei mér þá að drengurinn sé bara svar Íslands við James Bond. Sérstaklega þegar hann er búinn að setja upp þverslaufuna og með þessar laglegu konur upp á arminn," sagði Stuðmaðurinn Jakob Frímann Magnússon þegar hann horfði á eftir vini sínum Þórði Birgi Bogasyni, forstjóra Mest, ganga rauða dregilinn fyrir utan Laugardalshöllina á laugardagskvöld þar sem Glitnir stóð fyrir galaveislunni Stefnumót við stjörnurnar. Þar var Þórður Birgir með unnustu Jakobs sjálfs, Birnu Rún Gísladóttur, upp á arminn sem og eiginkonu sína Tinnu Björk Baldvinsdóttur.

Um 600 gestir auk starfsmanna Glitnis og maka þeirra voru mættir í galaveisluna á Laugardalshöll sem var hin glæsilegasta. Fjöldi fyrirmenna mætti í veisluna, jafnt stjórnmálamenn sem og mektarmenn úr viðskiptalífinu.

Íslenska kokkalandsliðið matreiddi gómsæta rétti og Stórsveit Reykjavíkur ásamt látúnsbörkunum Kristjönu Stefánsdóttur og Páli Óskari Hjálmtýssyni lék fyrir dansi.

Allir kvenkyns veislugestir fengu afhenda silfurgrímu fyrir veisluna og glæsilegt sérsmíðað armband frá Guðbjörgu Kr. Ingvarsdóttur í Aurum.



FLOTT FEÐGIN Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, tók sig vel út á rauða dreglinum með hinni söngelsku dóttur sinni Védísi Hervöru. Aðspurður sagði Árni að Bryndís eiginkona hans hefði verið erlendis og því hefði hann fengið þennan fína staðgengil í dóttur sinni. „Ég passaði mig þó á því að kynna hana sem dóttur mína fyrir öllum þannig að fólk fengi ekki á tilfinninguna að ég væri að yngja upp. Það er alltof mikið af slíku í dag," sagði Árni. SIRKUSMYND/DANÍEL



RAUTT HÁR OG RAUTT DRESS Söngkonan Diddú mætti brosmild að vanda ásamt eiginmanni sínum Þorkeli Jóelssyni. Takið eftir því hvað rauður kjólinn fer vel við rautt hár söngdívunnar. Þetta var þó ekki aðaldress dívunnar síkátu því ef grannt er skoðað má sjá að hún heldur á hvítum poka. „Ég geymdi aðaldressið í pokanum. Það var fjólublár kjóll úr flauelssilki sem ég keypti í Kína. Sigurbjörg kjólameistari saumaði hann á mig og þetta er alveg einstök flík. Sá rauði fór vel við dregilinn og hárið og auðvitað verður maður alltaf að vera í stíl," sagði Diddú og hló. SIRKUSMYND/DANÍEL



MÆTTU Í JÓLAGJÖFUNUM Jóhannes Jónsson oft kenndur við Bónus og kona hans Guðrún Þórsdóttir voru glæsileg á dreglinum á laugardagskvöldið. Jóhannes bar forláta silkitrefil sem hann fékk frá börnum Guðrúnar í jólagjöf. „Ég hlýddi bara konunni sem setti þennan trefil á mig. En flottur er hann," sagði Jóhannes í samtal við Sirkus. Guðrún var líka stórglæsileg í pelsi úr fiskimarðarskinni. „Ég fékk hann í jólagjöf frá Jóhannesi í fyrra. Ég veit ekkert um pelsa en Eggert feldskeri þræddi þennan pels af stakri snilld. Og hann er hlýr."

Í ÞVOTTABIRNI Á DREGLINUM Örn Svavarsson, oft kenndur við Heilsuhúsið, vakti mikla athygli á dreglinum ásamt eiginkonu sinni Kristínu Ólafsdóttur. Örn bindur bagga sína greinilega ekki sömu hnútum og samferðamenn hans, því hann mætti í forláta pels af þvottabirni. Aðspurður um pelsinn sagði Örn að hann hefði dregið hann fram í kuldanum á laugardaginn. „Hann hefur ekki verið mikið notaður í seinni tíð en góðvinur minn Eggert feldskeri þræddi hann saman fyrir einhverjum fimmtán árum," sagði Örn.



ELEGANT FORSTJÓRI Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri Byko, og eiginmaður hennar Aðalsteinn Jónsson, lögfræðingur og nánasti samstarfsmaður Þórðar Más Jóhannessonar hjá fjárfestingarfélaginu Gnúpi, voru glæsileg á dreglinum. Ásdís Halla tók sig vel út í gotneskum/miðaldalegum kjól úr svörtu flaueli og dimmgrænu silki. Takið eftir að hún er ekki hrædd við að vera berfætt í skónum í kuldanum. SIRKUSMYND/DANÍEL



# partí

## Hverjir voru hvar



Starfsfólk tímaritaútgáfunnar Birtings gengur glatt um götur borgarinnar þessa daganna og á föstudaginn sáust þrír ritstjórar útgáfunnar skála í kampavíni á **101 Hótel**. Þar voru á ferðinni Elín Arnar, ritstýra Vikunnar, Guðmundur Arnarsson, ritstjóri á Bleiku og bláu, og Halldór Tinni Sveinsson, sem ræður ríkjum á Húsum og híbýlum.



Fullt var út að dyrum á **Boston** á föstudaginn. Leikarar hertóku eitt horn staðarins og þar mátti meðal annars finna Ólaf Darra Ólafsson og eiginkonu hans, leikaraparið Álfrúnu Örnólfsdóttur og Friðrik Friðriksson, leikstjórann Agnar Jón Birgisson sem og Rakel Garðarsdóttur, framkvæmdastýru Vesturports og unnustu Björns Hlyns Haraldssonar sem var þó hvergi sjáanlegur. Listakonan Gabríela Friðriksdóttir naut lífsins við eitt borðið og Henrik Björnsson og félagar hans úr Singapore Sling voru ferskir sem og ljósmyndarinn Silja Magg.





Tónlistarmaðurinn Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson fékk sér einn kaldan á **Ölstofunni** á föstudagskvöldið með eiginkonu sinni Þórunni Geirsdóttur og þar mátti einnig sjá rauðhærðan kollinn á Sveini Guðmarssyni, fréttamanni á Stöð 2.



Sjónvarpskonan og flugfreyjan Nadía Banine fór mikinn á **Oliver** á laugardagskvöldið en hún fagnaði þar fertugsafmælinu sínu af miklum móð ásamt Sigga Kristjáns flugþjóni. Þar mátti einnig sjá Ásgeir Kolbeins ásamt ónafngreindri dömu, Herra Ísland Kristin Darra Röðulsson, handboltalandsliðskappann Sigfús Sigurðsson, eignasalann Andrés Pétur Rúnarsson og Svölu Björgvins.



# Breytti módeli í jarðarber í Kanada

Draumurinn er að komast inn í bíómyndir," segir Sigríður Þóra Ívarsdóttir, sem útskrifaðist úr förðunarskólanum Complexions International í Toronto í Kanada í desember. Sigríður Þóra hafði tekið þriggja mánaða nám í förðunarskóla No Name hér heima en námið úti tók átta mánuði. „Þetta er lengsta nám sem er í boði í förðun og ég fékk mjög víðtæka þekkingu svo ég er komin með ágætis reynslu," segir Sigríður Þóra, sem byrjar að kenna í Förðunarskóla Snyrtiakademíunnar á mánudaginn. Þar hittir hún meðal annars fyrir fyrsta og eina karlkyns snyrtifræðinema Íslands, Jóhann Daníelsson, en ranghermt var í Sirkus fyrir tveimur vikum að Jóhann hefði lokið námi frá skólanum. Hið rétta er að Jóhann byrjaði í náminu í nóvember og er á sinni fyrstu önn við Snyrtiskólann.



Sigríður Þóra Ívarsdóttir förðunarfræðingur „Mér finnst tískuförðun líka spennandi en kvikmyndaförðun heillar mest."

Aðspurð segir Sigríður að förðun og tíska hafi alltaf verið í sérstöku uppáhaldi hjá henni. „Þetta fag hefur alltaf verið draumur hjá mér. Ég fann mig um leið og ég prófaði þetta og svoleiðis er það þegar maður veit hvað maður vill gera í framtíðinni."

Lokaverkefni Sigríðar Þóru vöktu mikla athygli kennara og annarra nemenda skólans enda frumleg og skemmtileg. „Ég breytti bæði módeli í jarðarber og vélmenni og fékk rosa góð viðbrögð og hæstu einkunn og jarðarberið fór upp á vegg í skólanum," segir hún ánægð og bætir við að draumurinn sé að að farða fyrir kvikmyndir. „Það er svo skemmtilegt að búa til mar og skurði á módelin. Mér finnst tískuförðun líka spennandi en kvikmyndaförðun heillar mest."

*indiana@frettabladid.is*



LOKAVERKEFNI Sigríður bjó til jarðarber á andlit módels. Einnig bjó hún til litlu jarðaberin í kring og körfuna.





**SUNGIÐ AF INNLIFUN** Hljómsveitin Jet Black Joe hefur nokkrum sinnum haldið uppi fjörinu á Gauki á Stöng. Þessi mynd er tekin 2001.

SKEMMTISTAÐNUM GAUK Á STÖNG HEFUR VERIÐ LOKAÐ EFTIR RÚMLEGA TUTTUGU ÁR Á TOPPI ÍSLENSKRAR SKEMMTANAMENNINGAR. MARGAR ÍSLENSKAR HLJÓMSVEITIR STIGU SÍN FYRSTU SPOR Á GAUKNUM AUK ÞESS SEM ÞAR VORU HALDIN FYRSTU ALVÖRU SVEITABÖLLIN Á MÖLINNI.

# GAUKUR Á STÖNG Í 20 ÁR



**GAUKSMENN** Guðvarður Gíslason ásamt þeim Úlfari Þórðarsyni og Elíasi Gunnarssyni fyrir framan Gauk á Stöng í nóvember 1998.

Skemmtistaðurinn Gaukur á Stöng hefur verið fastur punktur í skemmtanalífi Íslendinga í meira en tvo áratugi en nú er víst með framtíð þessa eins frægasta og elsta skemmtistaðs landsins. Gaukur á Stöng hefur verið einhvers konar gróðrarstöð íslenskra bílskúrsbanda og miðstöð íslenskrar tónlistarmenningar. Tónleikahald hefur einkennt Gauk á Stöng og hljómsveitir eins og Loðin rotta með Richard Scobie í fararbroddi, Bítlavinafélagið sem til varð vegna Lennon-kvölda sem stofnað var til, Djassgaukarnir, Rokkabillibandið og Kentárar spiluðu allar á fyrstu árum Gauksins. Danski tónlistarmaðurinn Kim Larsen var einn fyrsti erlendi listamaðurinn sem hélt tónleika á Gauknum en hins vegar létu erlendir listamenn sig ekki vanta í fjörið á Gauknum. Allir vissu hvar mesta fjörið væri og mættu á Gaukinn eftir að hafa spilað á öðrum skemmtistöðum borgarinnar.

## Eigendur kenndir við Gaukinn

Gaukur á Stöng var opnaður árið 1983 þegar nokkrir vinir fengu hugmynd að veitinga- og skemmtistað. Páll Kr. Pálsson, Elías Gunnarsson, Sveinn Úlfarsson, Árni Vilhjálmsson og Sigurður Skagfjörð opnuðu staðinn og nokkru síðar gekk Guðvarður Gíslason til liðs við þá félaga. Guðvarður, eða Guffi eins og hann er kallaður, og eiginkona hans Guðlaug Halldórsdóttir keyptu staðinn árið 1985 og ráku hann til ársins 1989 þegar þau völdu fjóra drengi úr starfsliði sínu til að kaupa staðinn af sér. Í þeim hópi var Úlfar Þórðarson aðalsprautan og var oftast kallaður Úlli á Gauknum. Félagarnir ráku staðinn í nokkur ár en seldu hann síðan en Úlli virtist ekki geta slitið sig frá Gauknum og keypti staðinn aftur og rak hann áfram þar til hann seldi hann aftur.

## Björk ekki hleypt inn

Þegar hjónin Guffi og Gulla ráku staðinn var boðið upp á stærstu og frægustu böndin í bænum. Fyrsta alvöru bandið sem spilaði á Gauknum á þeim tíma var hljómsveitin Hálft í hvoru. Á þessum tíma var ákveðið að halda tónleika eitt til tvö kvöld í viku sem fljótlega magnaðist upp í fjögur til fimm kvöld. Alls kyns þekkt andlit urðu fljótt fastakúnnar á Gauknum svo sem Richard Scobie, Dóra Takefúsa, þingmennirnir Mörður Árnason og Össur Skarphéðinsson, myndlistamennirnir Biggi Andrésar og Bjarni sjónlistamaður auk Sykurmolanna þótt Björk Guðmundsdóttur hafi ekki verið hleypt inn vegna aldurs. Fyrirtækin í kringum Gaukinn mættu í hádeginu enda var staðurinn skyndibitastaður, kaffihús, flott veitingahús, pöbb, skemmtistaður og tónleikahús allt í einum pakka.



**SÆT SAMAN** Hjónin Guffi og Gulla ráku staðinn á einu blómaskeiðanna frá 1985 til 1989.



**VEITINGASTAÐUR OG KAFFIHÚS** Fólk að spjalla saman og njóta veitinga á Gauki á Stöng árið 1983.



**SKÍTAMÓRALL** Hljómveitin Skítamórall með alvöru sveitaball á mölinni árið 1996.



**BJÓRINN TEYGAÐUR** Tónlistarmaðurinn Jón Ólafsson teygar hér bjórinn úr forláta stígvéli á sjálfan Bjórdaginn.



**HRAFNINN Á GAUKNUM** Kvikmyndaleikstjórinn góðkunni Hrafn Gunnlaugsson var einn þeirra sem heiðruðu Gauk á Stöng með nærveru sinni.



**STUÐ Á GAUKNUM** Stuðmennirnir Jakob Frímann Magnússon og Ragnhildur Gísladóttir mættu oft á Gaukinn á sínum tíma enda mikið tónlistaráhugafólk.

## Gaukurinn stækkaður

Gaukur á Stöng gekkst undir miklar breytingar undir stjórn Úlfars Þórðarsonar sem stækkaði staðinn heldur betur árið 1999. Eftir breytingarnar varð staðurinn vinsæll til veisluhalda og hægt var að halda þrjú risa partý á sitthvorri hæðinni sem svo sameinuðust í eitt risa partý undir tónlist frægrar hljómsveitar eftir miðnætti.

Þekktar hljómsveitir í bland við óþekkt bönd hafa spilað á Gauknum og margar sveitir hafa tekið sín fyrstu skref þar á sviði. Um tíma spilaði Guðmundur Ingólfsson djassari á píanó og svokölluð „djömm“ voru vinsæl. Tónlistarmennirnir Rúnni Júll, KK, Maggi Eiríks og Pálmi Gunnarsson eru einnig dæmi um menn sem kunnu að halda uppi fjörinu á Gauknum. Alls kyns tónlistarstefnur fengu því að njóta sín á Gauknum svo kúnnahópurinn var breiður og fjölbreyttur.

## Sveitaböll á mölinni

Fyrstu alvöru sveitaböllin á mölinni voru haldin á Gauk á Stöng. Sveitaböllin voru ekki aðeins haldin á föstudags- og laugardagskvöldum heldur var dansað uppi á borðum á sunnudags- og mánudagskvöldum þegar þekktu sveitirnar komu aftur í bæinn eftir sveitaballahald úti á landsbyggðinni.

Eftir rúmlega tuttugu ára feril Gauks á Stöng á toppnum í skemmtanalífi Reykjavíkurborgar mun stórt skarð myndast ef honum verður lokað. Hitt er víst að minningarnar og sögurnar munu lifa áfram.

*indiana@frettabladid.is*


ÚTSALA
ELM DESIGN
ÍSLENSK HÖNNUN
Laugavegi 1 • sími 511 0991 • www.elm.is



**NÁKVÆMLEGA EINS** Að sögn Elvu Óskar rugluðust margir á þeim þegar búið var að dúða Brynju í búning Elvu en stór hluti myndarinnar var tekinn við erfiðar aðstæður uppi á hálendi landins. Förðun: Elín Reynisdóttir

# „ÉG ER ÁGÆTIS TÖFFARI EN BRYNJA TOPPAR MIG“

**viðtal**

**Brynja Gunnarsdóttir lék áhættuatriðin fyrir Elvu Ósk Ólafsdóttur leikkonu í kvikmyndinni Kaldri slóð. Elva Ósk er ánægð með frammistöðu Brynju, sem er sannkallaður töffari. Brynja þeyttist um á hestbaki og snjósleðum við erfiðar og hættulegar aðstæður en segir að lífsreynslan hafi ekki kveikt í henni leiklistarbakteríuna.**

Það var frábært að fá Brynju í þetta og hún leysti verkefnið glæsilega enda algjör töffari,“ segir Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona en Brynja Gunnarsdóttir lék áhættuatriðin fyrir Elvu Ósk í kvikmyndinni Kaldri slóð. Elva Ósk fer með hlutverk Freyju í myndinni, sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum landsins.

Brynja og Elva Ósk eru glettilega líkar þegar að er gáð, báðar ljóshærðar, hávaxnar og glæsilegar konur og að sögn Elvu Óskar rugluðust margir á þeim þegar búið var að dúða Brynju í búning Elvu en stór hluti myndarinnar var tekinn við erfiðar aðstæður uppi á hálendi landins.

## Gerði meira en ég gat

Brynja segist ekki hafa spáð mikið í það hverju hún væri að játast þegar hún tók verkefnið að sér. Gamall skólafélagi, Gunnar Árnason hljóðmaður í myndinni, hafi hringt í hana og beðið hana um að taka að sér að vera áhættuleikari fyrir Elvu. „Ég var í rauninni að gera miklu meira en ég gat því ég hafði ekki farið á snjósleða í 16 ár og þótt ég hafi stundað hestamennsku reglulega þegar ég var yngri geri ég það ekki lengur þótt ég reyni að fara í eina góða hestaferð á ári. Tökurnar með hestunum áttu samt betur við mig en fæstar þeirra rötuðu inn í myndina. Ég hafði samt voðalega gaman af þessu,“ segir Brynja og bætir við að fyllsta öryggis hafi verið gætt. „Ég held að flestir hafi samt orðið hræddir alla vega einu sinni nema þá kannski ég,“ segir Brynja hlæjandi og bætir við að í einu atriðinu hafi hún þurft að keyra snjósleða á mikillri ferð undir hurð sem hafi verið í þann mund að lokast. „Ég kom á þeysireið þarna inn og rétt slapp undir hurðina en við höfðum ekkert spáð í hvernig ég ætti að stoppa þegar inn var komið. Ég lenti á girðingu sem hélt sem betur fer því fallið handan hennar var um tíu metra niður á túrbínu. Í næstu tökum var búið að setja upp mottur svo þetta reddaðist,“ segir hún og bætir við að aðstoðarleikstjórinn hafi líklega verið hræddastur þegar hann hafði gert sér grein fyrir hvernig hefði getað farið.



**Brynja Gunnarsdóttir og Elva Ósk Ólafsdóttir eru glettilega líkar þegar að er gáð, báðar ljóshærðar, hávaxnar og glæsilegar konur. SIRKUSMYND/ANTON BRINK**



**ÞARFASTI ÞJÓNNINN Brynja hafði ekki setið að neinu ráði á hesti frá unga aldri þegar hún mætti í tökur myndarinnar.**

## Skynsemin hafði yfirhöndina

Í fyrstu hafði karlmaður verið fenginn til að leika fyrir Elvu í hættulegustu áhættuatriðunum en þegar Gunnar hljóðmaður stakk upp á Brynju var hugmyndinni vel tekið. „Það er erfitt að finna konu sem kann bæði á hesta og sleða. Stundum var færið mjög slæmt þannig að það kom fyrir að hún þurfti að dröslast á sleðanum yfir urð og grjót en hún gerði þetta með glæsibrag,“ segir Elva Ósk um stöllu sína og viðurkennir að hana hafi dauðlangað að taka sem flest atriðin sjálf. Skynsemin hafi hins vegar sagt henni að það væri ekki gáfulegt þótt björgunarsveitin hefði verið á staðnum og líflínur og önnur öryggistæki til staðar enda aðstæður erfiðar og hættulegar. „Ef ég hefði verið tíu árum yngri hefði ég barist fyrir að fá að gera þetta og hefði örugglega viljað bæta fallhlífarstökki inn í söguþráðinn. Ég er nefnilega talin ágætis töffari en ég held að Brynja toppi mig þarna í töffaraskapnum,“ segir Elva Ósk hlæjandi og bætir við að hún sé frekar óvön vélsleðum og því hefði tekið langan tíma að æfa þau atriði ef hún hefði ætlað að leika þau sjálf. „Hestar eru mér ekki heldur ókunnir en það var fljótlegra og sniðugra að fá vana manneskju í þetta.“

> „ÉG ER VOÐALEGA MIKIÐ FYRIR ALLSKYNS SPORT, ÁTTI SNJÓSLEÐA UM TÍMA OG ER MEÐ SKELLINÖÐRUPRÓF OG HELD AÐ ÉG GETI FLEST ALLT.“

## Með skellinöðru- og kafarapróf

Brynja játar að vera líklega svolítil ævintýramanneskja í sér. Fyrir utan hestamennskuna og snjósleðana er hún lærður kafari og stundar einnig skíðamennsku. „Ég er voðalega mikið fyrir allskyns sport, átti snjósleða um tíma og er með skellinöðrupróf og held að ég geti flest allt. Það eina sem ég myndi ekki gera er að fara í fallhlífarstökk. Þar dreg ég mörkin.“

Brynja hefur aldrei áður komið að kvikmyndagerð. Hún segist hafa skemmt sér vel en að hún hafi ekki áhuga á frekari leiklist. „Það sást aldrei í andlit mitt og ég þurfti ekkert að segja og var því alveg laus við að óttast myndavélarnar. Þetta var gaman en mig langar hins vegar ekkert að gerast kvikmyndaleikkona. Það freistar mín ekki enda yrði ég örugglega ekki svona afslöppuð ef ég yrði að segja eitthvað og leika. Ég er þegar búin að fá tilboð um nýtt hlutverk en gat ekki annað en hlegið að því. Maður verður að kunna að stoppa og þar sem ég slapp við meiriháttar meiðsl í þetta skipti ætla ég að láta það duga,“ segir Brynja og bætir við að Elva Ósk hafi staðið sig vel í hlutverki Freyju.

## Ótrúlega líkar

„Ég er búin að sjá myndina og finnst hún mjög góð og mér finnst Elva alveg æðisleg,“ segir Brynja og Elva tekur undir að myndin sé frábær. „Mér líst alveg rosalega vel á þetta og held að fólk átti sig ekki á því að þarna er ég með „stuntara“. Við erum ótrúlega líkar,“ segir hún en bætir aðspurð við að þótt þær hafi verið ágætis kunningjakonur í langan tíma hafi hún aldrei gert sér grein fyrir hversu líkar þær væru. „Allavega hafði ég aldrei spáð í að við gætum leikið sömu manneskjuna svo þetta kom skemmtilega á óvart. Brynja er líka svo skemmtileg kona svo það var aldrei leiðinlegt hjá okkur. Hún gekk í hlutina og miklaði þá ekkert fyrir sér og hún tók að sér þau verkefni sem leikstjórinn, Björn Brynjólfur, bað hana um. Maður verður að hugsa vel hættulegar senur því það er ekkert grín ef aðalleikararnir slasast því þá stoppar allt ferlið og hver dagur telur.“

*indiana@frettabladid.is*



## ÓÐUR TIL ÞORRANS

*Maturinn framreiddur á nýjan hátt*

SJÁ BLS. 6



## ÞÓTTI EKKI FÍNN MATUR Á HÁTÍÐIR

*Saga þorrans* SJÁ BLS. 7

[ SÉRBLAÐ UM ÞORRABLÓT – FÖSTUDAGUR 19. JANÚAR 2007 ]

# Þorrinn




Góð veisla lifir lengi
Pantið tímanlega

*Allar nánari upplýsingar veita matreiðslumenn okkar frá kl. 12:00 - 17:00 alla daga nema sunnudaga í síma 555 1810 eða á heimasíðu okkar www.veislulist.is*

Þorramatur & Mannfagnaðir

Veislulist





Veislulist og Skútan, Hólshrauni 3 - Hafnarfirði - Sími 555 1810

Skutan.is
Veislulist.is

# Þorramatur fyrir börn

Mörgum af yngri kynslóðinni þykir þorramatur frekar sérstakur og jafnvel lítið spennandi. Innan um hrútspunga og sviðasultur leynist þó ýmislegt sem flest börn ættu að geta borðað og því ekkert því til fyrirstöðu að fjölskyldan haldi upp á þorrann saman.



Flest börn borða slátur með bestu lyst og þá sérstaklega lifrarpylsu.



Íslendingar borða hangikjöt, sama á hvaða aldri þeir eru. Hangikjötið er líka fínt ofan á flatbrauð fyrir minnstu börnin.



Öll börn eru vitlaus í harðfisk. Eins furðulegt og það er að nútímabörn skuli vilja borða þurrkaðan fisk þá er það einfaldlega staðreynd.



Fæstum börnum finnst allt í þorrabakkanum girnilegt en innan um er ýmislegt sem þeim finnst flestum gott.



Lifnaðarhættir Íslendinga hafa breyst mikið og fyrir nútímafólk er tæpast æskilegt að hafa þennan mat á borðum oftar en einu sinni á ári.

# Þorramatur í lagi einu sinni á ári

Næringarfræðingur ráðleggur hjartasjúkum að forðast þorramat en aðrir mega njóta hans í hóflegu magni.

„Það er vitanlega mikilvægt að halda í hefðirnar og mörgum finnst þetta gífurlega góður matur. Sumir leggja til dæmis mikið upp úr því að fara á þorrablót og kaupa sér þorrabakka. En næringarlega séð er þorramatur engin hollusta þó að sumt sé vissulega í lagi,“ segir Fríða Rún Þórðardóttir næringarfræðingur, sem starfar meðal annars sem næringarráðgjafi eldhúss Landspítala - háskólasjúkrahúss og í World Class Laugum.

Hún segir að fyrir suma sjúklinga sé ekki heppilegt að borða þorramat. „Flestir geta reyndar borðað þennan mat en eins og með allt annað þá er það magnið sem skiptir máli. Fólki með hjartasjúkdóma er ráðlagt að sneiða hjá þessum mat og til dæmis fá sjúklingar á hjartadeild spítalans ekki þorramat sendan til sín. Hann er mjög saltur og hangikjötið er reykt og fólk sem er með hjartasjúkdóma ætti að sneiða hjá reyktum og mjög söltum mat. Langflestur þorramatur er líka í feitari kantinum. Hjarta og æðakerfið þolir slíkt illa í miklu magni en að sjálfsögðu þarf þó hver og einn að meta þetta út frá sér og sinni heilsu.“

Spurð að því hvort þorramatur mætti vera á borðum landsmanna þrisvar í viku (eins og kannski var hér á öldum áður) svarar Fríða að slíkt sé ekki æskilegt. „Það er bæði vegna fituinnihaldsins og alls saltsins sem í honum leynist. Lifnaðarhættir okkar hafa líka breyst og orkuþörfin er mun minni en hér áður fyrr. En að borða eina slíka máltíð og hafa aðrar máltíðir dagsins í hollari kantinum, það kemur vissulega ekki að sök. Þetta kemst fyrir á matseðli okkar einu sinni á ári og það sleppur,“ segir hún og bætir því við að inni á milli leynist samt hollusta í þorramat. „Rófustappan er náttúrlega grænmeti, flatkökur fínar og harðfiskur er meinhollur.“

*mhg@frettabladid.is*

| NÆRINGARGILDI Í ÞORRABAKKA MEÐ EFTIRFARANDI MAGNI: |
|---|
| Hangikjöt 60 g |
| Hákarl 10 g |
| Lifrarpylsa 50 g |
| Blóðmör 50 g |
| Sviðasulta 50 g |
| Hrútspungar 40 g |
| Flatkaka 1/2 stk. |
| Smjör 2 stk. |
| Harðfiskur 10 g |
| 880 hitaeiningar |
| 50 g prótein |
| 60 g fita |
| 30 g kolvetni |






SÚR HVALUR
SÚRT RENGI
HARÐFISKUR

Gnoðavogi 44, s. 588 8686. Opið alla laugardaga 11-14.

FISKBÚÐIN HAFBERG

# Hið víðfræga þorrahlaðborð Múlakaffis

Það er ekkert ofsagt þótt gestir okkar til fjölmargra ára haldi því fram að við séum sjálfkjörnir kóngar þorrans enda koma hinir sömu ár eftir ár og halda þorrann hátíðlegan í Múlakaffi.



Aðeins **2.980 kr.** í hádeginu
**3.980 kr.** á kvöldin

**Múlakaffi**
– kóngar þorrans
Sími 553 7737

***Tryggðu þér sæti í tíma***

*föstudaginn 19. eða 26. jan.*
*laugardaginn 20. eða 27. jan.*
*sunnudaginn 21. eða 28. jan.*

**Ekki bara þorramatur**

- Allur hefðbundinn súrmatur
- Hefðbundnir kaldir þorraréttir
- Heitir réttir, s.s. hreindýraragú með eplasalati, glóðarsteikt lambalæri með tilheyrandi og saltkjöt og uppstúf
- Eldreiktur lax með graslaukssósu á klettasalati

auk alls annars sem er ómissandi í eðalþorraveislum

Himinn og haf / SÍA




# Ekta harðfiskur og súrir pungar á heimsvísu

Þorrinn er hafinn og Íslendingar erlendis standa nú í ströngu við að skipuleggja blót sem fara fram með ýmsum hætti víða um heim.

Íslendingafélög víða um heim hafa fyrir sið að skipuleggja þorrabló og eru þau oft meðal stærstu samkoma Íslendinga erlendis.

Blótin eru flest í byrjun febrúar og margir fá hljómsveitir að heiman til að halda uppi stuðinu á meðan aðrir nýta sér iPod og góða söngmenn.

Í London spilar Skítamórall fyrir dansi 3. febrúar, Ízafold heldur uppi stemmingu með súrmetinu í Osló sama kvöld en Páll Óskar og Skari skrípó verða í forsvari fyrir hátíð Íslendinga í Stokkholmi 10. febrúar. „Við ákváðum að bregða útaf hefðinni og halda dúndrandi árshátíð með þriggja rétta hátíðarmáltíð miðsvæðis í Stokkhólmi í stað þorrablóts til að prófa eitthvað nýtt," segir Ragnheiður Eiríksdóttir, sem er í forsvari fyrir undirbúning hátíðarinnar í Stokkhólmi.

Í Bandaríkjunum eru fjöldinn allur af Íslendingafélögum þar sem þorranum er fagnað, til að mynda í Norfolk, Chicago, Seattle og Los Angeles.

„Þetta er stærsti samkoma klúbbsins á árinu. Við flytjum inn mat frá Íslandi ásamt hljómsveit og höfum söngbækur á borðum eins og tíðkast heima," segir Margrét Sölvadóttir hjá Íslendingaklúbbnum í Seattle í og bætir við að staup af brennivíni ásamt hákarli sé alltaf á boðstólum fyrir þá sem þori.

Í Chicago fer hátíðin fram á ensku, til að Vestur-Íslendingar geti notið hátíðarinnar, en allir fá þó að spreyta sig á íslensku í hópsöngnum að sögn Einars Steinssonar, formanns Íslendingafélagsins í Chicago. Þorrakræsingarnar eru að mestu leyti fluttar frá Íslandi en þó er meðlæti eins og kartöflur og rófur keypt í hverju landi fyrir sig eins og Egill Antonsson gerir í Berlín í Þýskalandi þar sem þorra verður fagnað í febrúar. Samkvæmt Umhverfisstofu er öllum frjálst að senda þorramatinn úr landi í pósti eða taka með sér í flugi. Síðan gilda lög viðtökulands og dæmi eru um að þorramaturinn hafi verið fastur í tollinum og ekki komist í trogin í tæka tíð. Sendiráð aðstoða mörg Íslendingafélög við innflutning á þorramat eins og til dæmis í Svíþjóð, en einnig eru dæmi um að hljómsveitir sem koma frá Íslandi taki með sér rúllu og harðfisk í gítartöskur. Víða er minni karla og kvenna lesið, ásamt skemmtiatriðum þar sem happdrætti með flugferð heim er oft einn af hápunktum kvöldsins. - rh


Glatt var á hjalla á þorrablóti Íslendinga í Norfolk í Bandaríkjunum þar sem vel var tekið undir hópsöng.







allt matur
Alla föstudaga

# Brennivín í brúsann

Sala á brennivíni eykst ár frá ári.
Sérstaklega er þessi árstími vínbúðum gjöfull.

Brennivín er sannkallaður þjóðardrykkur og eins og vant er um slíka drykki finnst flestum það þrælvont. Brennivín höfðar helst til ferðamanna sem trúa því að Íslendingar drekki snafsinn helst í öll mál og sé því einkennandi fyrir land og þjóð. Sannleikurinn er þó líklega sá að brennivín er sjaldan dregið fram nema til að pína það ofan í ferðamenn ásamt öðru dýrlegu hráefni, hákarlinum.

Á þessu eru þó undantekningar. Á þorrablótum skella Íslendingar í sig hverju staupinu á fætur öðru þótt líklega sé tilgangurinn helst sá að deyfa bragðið af hákarlinum.

Brennivín var fyrst framleitt 1. febrúar árið 1935 þegar Áfengisverslun ríkisins aflétti banni á sölu á sterku áfengi. Ríkið taldi þó nauðsynlegt að hafa miðann á flöskunni eins óaðlaðandi og mögulegt var og svarti liturinn hafður til að fæla fólk frá drykkju. Þessi áætlun virkaði þó ekki sem skyldi þar sem útlitið hafði áhrif á vinsældir drykkjarins og varð hann þekktur undir nafninu „Svarti dauði“ sem hefur fylgt drykknum alla tíð síðan.

Áfengismagn í íslensku brennivíni er 37,5 prósent og er það því rótsterkt. Því svipar að mörgu leyti til hins danska ákavítis. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sá fyrst um framleiðslu á því. Nú er það blandað í Ölgerð Egils Skallagrímssonar, sem tók við framleiðslunni árið 2002. Miðanum á flöskunni var breytt fyrir nokkru. Inni í hvítum hring á svörtum fleti stóð ÁTVR en í dag eru þar útlínur Íslands.

Uppskriftin hefur hins vegar verið sú sama frá upphafi. Ölgerðin hefur stundum breytt út af vananum og boðið upp á brennivín með öðrum keimi, eins og jólabrennivín. Brennivínsblandan er hernaðarleyndarmál en spírinn er keyptur að utan og honum blandað saman við ýmis bragðefni héðan, eins og kúmen.

Kúmen hefur verið notað öldum saman á Íslandi til að bragðbæta brennivín, kaffi og brauð og nú á seinni árum líka í hina ýmsu grænmetis- og kjötrétti. Kúmen er ein þeirra kryddjurta sem þrífast hér á landi þótt vaxtarstöðum hennar hafi fækkað eftir að notkun tilbúins áburðar hófst. Vísi-Gísli Magnússon, bóndi á Hlíðarenda í Fljótshlíð, flutti plöntuna hingað til lands á 17. öld og síðan breiddist hún út um landið. Kúmen var meðal annars ræktað í jurtagarði Skálholts fyrr á öldum. Kúmen er talið vera upprunnið við botn Miðjarðarhafs en jurtin vex villt víða í Evrópu og til dæmis lagði framleiðsla kúmenlíkjörs grunninn að Bols-verksmiðjunum á 16. öld sem enn eru í fullum gangi. Jurtin verður 20-50 cm á hæð en fræin mynda kryddið sem notað er í matargerð, bakstur, osta og áfengi.

Samkvæmt upplýsingum frá Ölgerðinni seldust um nítján þúsund lítrar af brennivíni á síðasta ári. Salan eykst stöðugt, sérstaklega í fríhöfninni. Þó eru um áttatíu prósent brennivínsins seld í íslensku vínbúðunum og eru þar plastpelarnir vinsælastir.

Að lokum kemur hér þjóðleg uppskrift að krónukaffi:

1 króna
lögg af kaffi
töluvert af brennivíni

Krónan er sett í botn bolla, kaffi hellt yfir eftir þörfum og brennivíninu bætt við þar til krónan sést á botninum.

*solveig@frettabladid.is*



Brennivínsblandan er hernaðarleyndarmál.

# Þorrablót Ásatrúarfélagins

Þorrablót Ásatrúarfélagsins er líklega einn þjóðlegasti viðburður sem hægt er að fara á. Þar helgar allsherjargoði, Hilmar Örn Hilmarsson, blótið með orðunum: Lýsi ég staðarhelgi, lýsi ég mannhelgi, lýsi ég blóthelgi. Lýsi ég véböndum, lýsi ég griðum, lýsi ég sáttum.



Þá drekkur goðinn til landvætta áður en gestir matast. Rímnakveðskapur er ómissandi á þorrablótum og verða þær að sjálfsögðu kveðnar á þorrablóti Ásatrúarfélagsins sem haldið verður föstudaginn 19. janúar í Mörkinni 6. Fjöldasöngur er einnig fastur liður en dans verður stiginn fram að miðnætti. Þorrablótin eru fjölskylduvæn og fá til dæmis börn yngri en 12 ára frítt inn.

Ekki er nauðsynlegt að vera ásatrúar enda félagsmenn hvattir til að taka með sér utanfélagsgesti.






# Óður til þorrans

Þorraveisla að hætti matreiðslumanna Sigga Hall á Óðinsvéum.

Matreiðslumenn á veitingastað Sigga Hall á Óðinsvéum hafa lagt sterka áherslu á þjóðlega matseld alveg frá því að staðurinn var opnaður árið 2000. Viðbrögðin létu því ekki á sér standa þegar Fréttablaðið bað yfirkokk staðarins, Eyþór Rúnarsson, um að matreiða eina af helstu menningararfleiðum Íslendinga, það er að segja þorramatinn góða.

„Ég tók saman þrjá rétti af þessu tilefni, það er að segja síld, harðfisksalat og saltkjöt,“ segir Eyþór. „Alla jafna bjóðum við ekki upp á dæmigerðan þorramat, nema þá helst síldina og útgáfu af harðfisksalatinu, sem hafa hvorutveggja verið á matseðlinum. Saltkjötið er réttur sem menn tengja yfirleitt við sprengidaginn en mér finnst tilvalið að hafa það með til að blása nýju lífi í þetta gamla hugtak. Enda hugmyndin sú að nýta hráefnin á nýstárslegan og skemmtilegan hátt.“

Þótt þorramatur sé ekki á meðal þess sem er á matseðli Óðinsvéa eru þjóðlegir réttir þar hafðir í fyrirrúmi. Til marks um það er áhersla lögð á fisk og íslensk hráefni í matseldinni. „Saltfiskur er aðalsmerki staðarins og eitt helsta aðdráttaraflið,“ útskýrir Eyþór. „Fólk hvaðanæva úr heimininum kemur hingað til að bragða á fisknum og nýtur saltfiskurinn ómældra vinsælda.“

Að sögn Eyþórs eru þorskur, lúða, skötuselur og humar einnig á meðal eftirsóttra rétta, en framboð þeirra er háð árstíma. „Matseðillinn okkar er árstíðaskiptur. Af því sem gestum stendur nú til boða má nefna þorsk, þorskhnakka, lúðu og saltfiskinn. Hægt er að velja á milli tvenns konar saltfisksrétta. Annars vegar steiktan saltfisk, borinn fram með smjörsteiktum rófum, gulrótum og rauðrófusósu og hins vegar saltfisk á þrjá vegu. Hugsunin er sú að hafa þetta í þjóðlegri kantinum með nýstárlegri nálgun. Ekki ósvipað þorraréttunum,“ bætir hann við.

*roald@frettabladid.is*



Eyþór Rúnarsson yfirkokkur lét ekki sitt eftir liggja þegar Fréttablaðið fór þess á leit við hann að matreiða þorraveislu.

## 1. SÍLD MEÐ SOÐNUM EGGJUM, SÚRUM GÚRKUM OG PIKKLUÐUM LAUK Á RÚGBRAUÐI MEÐ RAUÐRÓFUMAJONES.

*Uppskrift fyrir 4*

**PIKLAÐUR SKALOTLAUKUR**

*Innihald:*
2 stk. skalotlaukur
1 dl vatn
1 dl borðedik
3 msk. sykur

*Aðferð:*
Sjóðið upp á vökvanum og sykrinum og kælið. Skerið laukinn í örþunnar sneiðar og leggið í vökvann í 1 klst.

**RAUÐRÓFUMAJÓNES**

*Innihald*
4 msk. majónes
1 tsk. sherry edik
1 msk. fínt skorin graslaukur
1 msk. maukaðar rauðrófur
Salt

*Aðferð:*
Sláið majónesið í sundur og bætið hinu innihaldinu saman við. Smakkið til með saltinu.

**ANNAÐ HRÁEFNI:**
Marineruð síld
Soðin egg
Súrar gúrkur
Fínt skorinn graslaukur

Síld með soðnum eggjum, súrum gúrkum og pikkluðum lauk á rúgbrauði með rauðrófumajones.

## 2. KALT SALTKJÖT Í PIPARRÓTARDRESSINGU MEÐ RÓFUMAUKI OG FLATBRAUÐI.

*Uppskrift fyrir 4*

**PIPARRÓTARDRESSING**

*Innihald:*
3 msk. majones
2 msk. sýrður rjómi
1 tsk. hlynsíróp
1 msk. fínt rifin piparrót
1 msk. fínt skorin graslaukur
500 g soðið saltkjöt
svartur pipar úr kvörn

*Aðferð:*
Hrærið majónesið, sýrða rjómanum og hlynsírópinu saman. Blandið svo saltkjötinu, graslauknum og piparrótinni saman við. Smakkið til með piparnum.

**RÓFUMAUK**

*Innihald:*
1 stk. lítil rófa
½ l mjólk
¼ l rjómi
2 msk. smjör
salt

*Aðferð:*
Flysjið og skerið rófuna í litla bita, setjið í pott og hellið mjólkinni og rjómanum yfir. Sjóðið þar til rófan er orðin mjúk undir tönn. Hellið vökvanum af og setjið rófuna í blandara könnu ásamt smjörinu. Maukið þar til allt er orðið silkimjúkt. Smakkið til með salti.

**ANNAÐ HRÁEFNI**
Flatkökur

## 3. HARÐFISKSLAT MEÐ SMJÖRVINAIGRETTE, RAUÐLAUKSHRINGJUM OG RÚGBRAUÐSTENINGUM.

*Uppskrift fyrir 4*

**RÚGBRAUÐSTENINGAR**

*Innihald:*
2 sneiðar af seiddu rúgbrauði.

*Aðferð:*
Skerið rúgbrauðið í litla teninga. Setjið þá inn í 100 gráðu heitan ofn og þurrkið í ca 1 klst. eða þar til teningarnir eru stökkir.

**SMJÖRVINAGRETTE**

*Innihald:*
100 g saltað smjör skorið í litla bita
1 msk. sérrí-edik
1 msk. fínt skorin steinselja
Salt og hvítur pipar úr kvörn

*Aðferð:*
Setjið vatn í botninn á litlum botti svo að rétt fljóti yfir. Látið vatnið sjóða þar til um það bil helmingurinn er farinn af því. Setjið smjörteningana smátt og smátt út í og þéttið af fullum krafti á meðan. Bætið edikinu og steinseljunni út í og smakkið til með saltinu og piparnum.

**ANNAÐ HRÁEFNI:**
1 rauðlaukur skorinn í þunna hringi
1 poki blandað salat
Harðfiskbitar eftir smekk



Kalt saltkjöt í piparrótardressingu með rófumauki og flatbrauði.



Harðfisksalat með smjörvinaigrette, rauðlaukshringjum og rúgbrauðsteningum.



Veislusalur - fundir - ráðstefnur

RÚGBRAUÐSGERÐIN

Veislusalurinn Rúgbrauðsgerðin ehf
Borgartúni 6 • 105 Reykjavík •Sími 517-6545
www.rugbraudsgerdin.is

Salurinn hentar fyrir alls konar veislur

brúðkaup • fermingar • skírnir • erfidrykkjur • afmæli • árshátíðir • þorrablót • jólahlaðborð

# Saga þorrans og þorrablóta

Þótt þjóðin hafi borðað þorramat öldum saman er aðeins hálf öld síðan farið var að tengja súrmat þessum árstíma öðrum fremur. Litlar sem engar heimildir eru til um þorrablót til forna.

Lítið er til af rituðum heimildum um mat frá miðöldum, helst var skrifað um hann í tengslum við bardaga eins og til dæmis ef menn voru að berja hverjir aðra með bjúgum eða drekkja hvor öðrum í soðkötlum. Nánast engar heimildir eru um að þorrablót hafi yfirleitt verið haldin á miðöldum og því ekkert vitað um matarvenjur á slíkum samkomum.

Með þjóðfrelsisbaráttu 19. aldar hefst þorrablótahald á þorranum og þar var hangikjöt, hákarl, bjór og brennivín á borðum. Súrmatur var hins vegar ekki í boði enda var hann nánast daglega á borðum landsmanna langt fram á tuttugustu öldina og hefur því tæpast þótt nógu fínn fyrir blótandi fólk.

Um miðja síðustu öld fara menn svo að tala um þorramat og hefur veitingamönnum á Naustinu gjarnan verið eignaður heiðurinn af því orði. Upp úr því bætist svo súrmaturinn við þorratrogin, svo og ýmsar aðrar matartegundir sem ekki eru beinlínis þjóðlegar eins og svonefnt ítalskt salat, síld og jafnvel kótilettur í raspi en dæmi eru um slíkt á sumum stöðum á landinu.

Þótt lítið sé af beinum heimildum um miðaldamat Íslendinga hafa fræðimenn verið lunknir við að geta í eyðurnar. Þar sem sýruker öld hafa fundist við fornleifauppgröft má einfaldlega draga þá ályktun að menn hafi lagt mat í sýru. Líklegt er að þessi geymsluaðferð hafi tíðkast hér frá ómunatíð. Sennilega hafa landnámsmennirnir komið með þessa þekkingu frá Noregi þar sem þetta tíðkaðist. Síðan verður þetta almenn geymsluaðferð hér vegna þess að hér var svo lítið salt fyrr á öldum.



Um miðja síðustu öld fóru menn að tala um þorramat og hefur Naustinu verið eignaður heiðurinn af því orði.





HARÐFISKUR - BITAFISKUR
GÆÐAFISKUR
TÍU-ELLEFU • HAGKAUP • SKELJUNGSBÚÐIRNAR

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga






# ÞORRAGANGA

*19. janúar 2007*



Þann 19. janúar verður gengin hin árlega Þorraganga Perlunnar. Hressileg ganga um Öskjuhlíðarskóg, göngukakó og Þorraveisla að hætti Perlunnar. Ævintýraleg útivera og veisla í hjarta borgarinnar.

**4.440 kr.**

*Borðapantanir í síma 562 0200*

## Allt í steik
*4. janúar - 28. febrúar*

4ra rétta matseðill ásamt sértilboði á vínum. Hægt er að panta nautalund Bourguinonne, lambahrygg, kjúklingabringu eða – í fyrsta sinn á Íslandi – Pétursfisk (John Dory).

Verð frá 3.990 kr.

## Sjávarréttahlaðborð
*Hefst í mars*

Sjávarréttahlaðborð Perlunnar er einstakt tækifæri til að upplifa nýjungar í matargerð ólíklegustu skelfisk og fisktegunda. Margverðlaunaðir matreiðslumeistarar Perlunnar útbúa yfir 30 tegundir heitra og kaldra fiskrétta. Hér finna allir eitthvað við sitt hæfi.

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - S: 562 0200 - Fax: 562 0207 - Netfang: perlan@perlan.is - Heimasíða: www.perlan.is


Þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette
nicorette
fruitmint
HØJ STYRKE
105 stk.
nicorette
fruitmint 4 mg
nicotin
Mjúkt að innan
Stökkt yfirborð
Frískandi bragð
Gómsæt blanda af ávöxtum og myntu
Bragð sem kemur á óvart
25%
afsláttur af Fruitmint
www.nicorette.is
Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: Pfizer Denmark PCH ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

**Hollywood Hanna**

# Stjörnurnar lifa alltof hátt



NÝI KAPPINN **Claire Danes** er nú komin með nýjan meðleikara upp á arminn. Hann heitir **Hugh Dancy**. **Billy Crudup** virðist vera algjörlega úr sögunni.

Það er svo furðulegt í Hollywood hvað flestallir eru fljótir að jafna sig eftir skilnað. Ungstirnið Hilary Duff var lengi vel með „rokkaranum" Joel Madden. Þau hættu saman fyrir aðeins nokkrum vikum og strax er hann byrjaður með mjónunni Nicole Richie. Samband þeirra er orðið svo alvarlegt að þau eru búin að fara í frí saman. Það sama má segja um Claire Danes. Hún hætti með æskuástinni sinni til þess að vera með leikaranum Billy Crudup – sem gekk út frá konunni sinni kasóléttri til að vera með Claire. Claire og Billy voru saman um nokkurt skeið, en nú segja fjölmiðlar vestanhafs að Claire og Billy séu hætt saman og hún strax komin með nýjan upp á arminn. Hann heitir Hugh Dancy og leikur með henni í myndinni The Evening. Þetta er svo furðulegt allt saman. Það mætti halda að þetta fólk sé ekki með neinar tilfinningar.



**BYRJAÐI EKKI VEL Billy Crudup fór frá eiginkonu sinni kasóléttri til að vera með meðleikkonu sinni Claire Danes. Nú hefur hún farið frá honum.**

**ALVARA Í SAMBANDINU Nicole Richie og Joel Madden eru aðeins búin að vera saman í nokkrar vikur og strax búin að fara í frí saman.**





**MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI Hilary Duff og Joel Madden á góðri stundu. Þau voru saman í tvö ár. Þau hættu saman fyrir ekki svo löngu síðan og hann byrjaði strax með Nicole Richie.**




allt tíska
Alla fimmtudaga

**ENGIN ILLINDI ÞARNA Mikið er talað um rifrildi milli aðþrengdu eiginkvennanna. Ekki er hægt að sjá annað á þessari mynd en að þeim þyki mjög vænt um hverja aðra. Mjög sætt móment.**

**SJALDSÉÐ ALÚÐ Brad Pitt og Angelina Jolie voru án efa par kvöldsins. Í eftirpartíi náðist mynd af þessu ofurfræga pari að kyssast.**







**KÓNGURINN Sasha Baron Cohen sló ærlega í gegn á hátíðinni. Hann skemmti sér fram eftir öllu ásamt unnustu sinni Islu Fisher, sem flestir ættu að kannast við úr kvikmyndinni The Wedding Crashers. Ástin blómstar greinilega hjá þessu pari. Takið eftir því hvernig hann horfir á hana. Ó, en sætt.**

## EFTIR GOLDEN GLOBE-ATHÖFNINA HÓFST FJÖRIÐ

# Skemmtilegasta partí ársins!

Golden Globe-verðlaunahátíðin er án efa ein skemmtilegasta verðlaunahátíðin í Hollywood. Þarna eru allir mættir, bæði úr kvikmynda- og sjónvarpsheiminum. Athöfnin í ár var sérstaklega lífleg og mikið var um grín og glens. En fyndasti maður kvöldsins var án efa Sasha Baron Cohen. Salurinn grenjaði úr hlátri er hann tók við verðlaunum sem besti karlleikari í grínhlutverki. Sirkus kíkti bakvið tjöldin þegar búið var að slökkva á sjónvarpsvélunum.



**BAKVIÐ MYNDAVÉLINA Sienna Miller greip í myndavélina í einu eftirpartíinu og smellti af nokkrum myndum.**

**PAR KVÖLDINS Meistari Warren Beatty var heiðraður á verðlaunahátíðinni með Cecil B. DeMille-verðlaunum. Hann fór fögrum orðum um eiginkonu sína Annette Bening sem var tilnefnd um kvöldið. Alltof sætt par.**





**HEILLAR HVAÐA MANN SEM ER Paris Hilton heillaði rithöfundinn Dominic Dunn upp úr skónum. Kappinn mætti ásamt leikkonunni Sharon Stone á hátíðina. Eitt er víst að herra Dunn var í flottustu jakkafötunum á hátíðinni.**



**LJÓTASTA HÁR KVÖLDSINS Það er alltaf óskiljanlegt þegar leikkonur sem eiga fáránlega mikinn pening geta ekki eytt honum í vandaðri hárgreiðslur. Leikkonan Vanessa Williams var með rosalega hárlenginu sem passar engan veginn við alvöru hár hennar. Þetta er bara sorglegt.**

# BJART YFIR JESSICU

Árið 2006 var ekki ár Jessicu Simpson. Það er alveg á hreinu. Platan hennar seldist alveg hrikalega illa, hún var í sárum eftir skilnaðinn við Nick Lachey og í raun virtist ekkert ganga upp hjá henni. En trúbadorinn John Meyer hefur greinilega áhuga, þrátt fyrir ítrekaðar neitanir í fjölmiðlum. Parið eyddi gamlárskvöldi saman í New York og það er ekki annað hægt að segja en að þau skemmti sér vel saman. En svona í alvöru, hverjum er ekki sama?



**SKEMMTU SÉR VEL Jessica litla og John áttu gott kvöld saman. Það er vonandi að árið 2007 verði hennar ár.**



**SVO FLIPPUÐ Ó Jessica, Jessica. Alltaf svo klikkuð.**

# RÁÐNINGARÞJÓNUSTAN





Ráðningarþjónustan er framsækið fyrirtæki, á traustum 11 ára grunni, sem sérhæfir sig í persónulegri þjónustu á sviði ráðninga, jafnt til fyrirtækja sem og umsækjenda. Hjá Ráðningarþjónustunni starfa ráðgjafar með sterkan faglegan bakgrunn á sviði mannauðsfræða sem og víðtæka reynslu af íslenskum vinnumarkaði.

Atvinnurekendum stendur til boða að spara dýrmætan tíma, fyrirhöfn og fjármuni við að nýta sér ráðningar- og starfsmannaþjónustu fagfólks og geta með einu símtali sett af stað ferli sem við sjáum svo um að ljúka. Ráðningarþjónustan sér þannig um allt ráðningarferlið, frá upphafi til enda.

### Okkar þjónusta

- Aðstoð við gerð starfslýsinga
- Gagnagrunnsleit
- Birting auglýsinga á heimasíðu okkar
- Hönnun og gerð auglýsinga í dagblöð
- Svörun fyrirspurna frá umsækjendum
- Fagleg ráðgjöf og þátttaka í ráðningarviðtölum
- Stöðluð viðtöl hjá ráðgjafa
- Sérhæfð viðtalstækni; hegðunartengd viðtöl
- Öflun umsagna
- Persónu- og hæfnismat
- Persónuleikapróf
- Fundaraðstaða
- Aðstoð við gerð ráðningarsamninga
- Túlkun og þýðingar fyrir ensku- og pólskumælandi umsækjendur
- Ráðningarferli lokað og umsækjendum svarað

### Ráðningar

- Ráðningar í allar stöður frá stjórnendum til almennra starfsmanna
- Ráðningar erlends starfsfólks
- Einstaklingsskönnun (e. headhunting)

### Okkar sérstaða

- Persónuleg og fagleg þjónusta
- Gagnkvæmur trúnaður
- Sterkur faglegur bakgrunnur ráðgjafa
- Tengsl við erlendar ráðningarstofur
- Öflugur gagnagrunnur
- Þekkt og fjölfarin heimasíða
- Samkeppnishæf verð
- Ábyrgð á ráðningum

RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is



Skápur kr. ~~135,000~~ 108,000



Sófi kr. ~~142,000~~ 92,000 - Borð kr. ~~29,000~~ 20,000



Ljósakróna k. ~~33,500~~ 23,450



Lampar 20% afsláttur





Sófi kr. ~~114,000~~ 74,000 - Stóll kr. ~~46,000~~ 36,000



Jólavara 30-50% afsláttur



Stóll kr. ~~45,000~~ 29,995



Rúmteppagrind kr. ~~8,900~~ 6,230



Dúkar 30-50% afsláttur



Rafmagnsvörur



BORÐ FYRIR TVO - Skemmuvegur 6 (blá gata) - s: 568-2221

## Opnunartímar

| | |
|---|---|
| Mán-Fös | 11-18 |
| Laugardaga | 11-16 |

Skemmuvegur 6 (blá gata)

S: 568-2221


Bunzlau - 20% afsláttur


Kerti 30-50% afsláttur


Kertastjakar 40% afsláttur


Borð kr. ~~55,000~~ 45,000 - Stólar kr. ~~22,000~~ 16,200


Matarstell


Hnifapör kr. 4,200 (24 stk)


Kjertastjakar 40% afsláttur

# ÚTSALA

BORÐ FYRIR TVO

Einstakir hlutir fyrir einstök heimili

# helgin

## Við mælum með



„Ég mæli með myndinni The Count of Monte Cristo. Þetta er besta mynd sem ég hef séð og ég held mikið upp á hana enda búin að sjá hana rosalega oft. Það er svo mikil barátta í henni að maður hrífst með.“

**Guðrún Árný Karlsdóttir söngkona**




„Ég mæli með að fólk andskotist í ræktina. Janúar og febrúar eru mjög leiðinlegir mánuðir og ekkert að gera nema koma sér í form. Sporthúsið er langbest, það er svo heimilislegt og notalegt.“

**Egill „Gillz“ Einarsson**



„Ég mæli með að fólk fái sér hádegismat á heilsuhlaðborðinu í World Class. Þar er hægt að fá alls kyns meiriháttar heilsurétti og það er svo þægilegt að þurfa ekkert að velta fyrir sér hvað maður ætli að fá sér því þarna eru allir réttirnir hollir.“

**Sesselja Thorberg Sigurðardóttir hönnuður**

„Ég mæli með matnum á Sólón en þar er hægt að fá bæði hollan og góðan mat og svo af venjulegum matseðli. Einnig mæli ég með að fólk hreyfi sig minnst þrisvar í viku.“

**Kristín Ýr Bjarnadóttir, knattspyrnu- og tónlistarkona**



## Hvað á að gera um helgina?



„Helgin er óráðin eins og er. Það eina sem ég veit er að mig langar að sjá þessa mynd hans Mel Gibson, Apocalypto. Kannski ég skreppi í bíó en annars ætla ég að taka því rólega auk þess sem ég þarf að vinna í handriti vegna uppsetningar hjá FG.“

**Brynja Valdís Gísladóttir leikkona**

„Ég verð í fríi um helgina og ætla austur til mömmu til að taka til í bílskúrnum. Búslóðin mín er öll í skúrnum og ég þarf að púsla henni betur fyrir svo mamma komi bílnum þarna inn. Svo verða örugglega bara rólegheit. Kannski kíki ég í bíó og fæ mér eitthvað gott að borða og kíki á kaffihús með stelpunum.“

**Hugrún Harðardóttir fegurðardrottning**



„Ég er alsæl yfir að helgin skuli vera mömmuhelgi, maður sér nógu lítið af krílunum. Ég verð því með strákinn minn um helgina og svo er ég að fara út að borða með fullt af skemmtilegum stelpum á laugardagskvöldið en stefnan er sett á Apótekið. Þetta er því frábær helgi sem er framundan, svona eins og lífið sjálft.“

**Marsibil Sæmundardóttir framsóknarkona**



„Ég á afmæli á sunnudaginn og ætla því að kíkja út á lífið með vinkonum mínum á laugardagskvöldið. Hingað til höfum við oftast farið á á Óliver svo stefnan verður líklega sett þangað. Á sunnudaginn ætla ég svo að bjóða fjölskyldunni til mín í kaffi. Þetta verður því vonandi skemmtileg helgi.“

**Harpa Melsted handboltakona**



UNDANKEPPNI FYRIR EUROVISION HEFST Á MORGUN, LAUGARDAG:

# Heiða gat valið úr fimm lögum

Það er um að gera að taka þátt, þetta er svo skemmtilegt,“ segir Aðalheiður Ólafsdóttir söngkona, sem mun taka þátt í undankeppni Söngvakeppni sjónvarpsstöðvanna en lagið hennar verður spilað í Sjónvarpinu á morgun. Heiða gat valið úr fimm lögum en valdi lagið Engin eins og þú eftir Roland Hartwell með texta eftir Stefán Hilmarsson. „Mér leist strax mjög vel á þetta lag, það er mjög fallegt og öðruvísi lag,“ segir Heiða en bætir við að hún geri sér enga grein fyrir hvernig henni og laginu muni vegna í keppninni. Aðspurð segist hún meira en tilbúin í að fara fyrir hönd okkar Íslendinga í stóru keppnina úti ef hún muni standa uppi sem sigurvegari hér heima.

„Ég myndi alla vega ekki skorast undan ábyrgðinni,“ segir hún hlæjandi og bætir við að auðvitað færi hún út enda um frábært ævintýri að ræða.

Eftir frammistöðu Silvíu Nætur segir Heiða að líklega sé besta ráðið fyrir okkur Íslendinga að gera hlutina af alvöru í þetta skiptið. „Ég held að það væri allavega ekkert vitlaust,“ segir hún en bætir við að hún eigi ekkert sérstakt uppáhalds Eurovisionlag. „Það eru nokkur sem koma upp í hugann eins og Waterloo með Abba og svo náttúrlega Gleðibankinn. Mér finnst alltaf jafn skemmtilegt að hlusta á þessi lög þótt þau séu kannski í engu uppáhaldi hjá mér. Ég hef alltaf fylgst með þessari keppni þrátt fyrir að vera enginn Eurovision-nörd og get alls ekki þulið lögin aftur í tímann. Þetta er samt svo spennandi og frábært fyrir íslenska tónlistarmenningu enda eru að koma þarna 24 ný íslensk lög. Mér finnst ótrúlega gaman að taka þátt í þessu, fólki í kringum þetta er skemmtilegt og svo er gaman að hitta „kollegana“. Eins held ég að mörgum Íslendingum þyki skemmtilegt að setjast niður með fjölskyldunni á laugardagskvöldum með popp og kók og fylgjast með lögunum. Mér líst vel á þau lög sem ég hef heyrt og það verður erfitt að segja til um hvernig þetta fer.“

**Aðalheiður Ólafsdóttir** Heiða segist að sjálfsögðu ekki myndu skorast undan ábyrgðinni ef hún stæði uppi sem sigurvegari keppninnar hér heima enda væri það mikið ævintýri að keppa fyrir Íslands hönd.

# Bjórbirgjar bjóða bareigendum upp á lán

Það er hörð barátta á milli bjórbirgja um að komast með sinn kranabjór á barina í Reykjavík. Tveir stærstu birgjarnir, Ölgerðin og Vífilfell, sem ráða yfir tæplega 85% af markaðnum, bjóða meira að segja þeim bareigendum sem þeir bera traust til lán til að fjármagna kaup á þeim öldurhúsum borgarinnar sem talin eru líkleg til að bera sig. Heimildir Sirkus herma að það fé sem þessi tvö fyrirtæki hafa bundið í börum bæjarins sé á annað hundruð milljónir.

Þessi lán bjórbirgjanna eru þannig að bareigendur fá afslátt sinn af kranabjór greiddan fyrirfram, oft tveggja til fjögurra ára fyrirframgreiðslu. Þessi upphæð getur verið allt frá milljón upp í tuttugu milljónir, allt eftir stærð og styrkleika öldurhúsanna. Í staðinn koma bjórbirgjarnir sínum kranabjór inn á staðina.

Friðjón Hólmbertsson, framkvæmdastjóri veitingasviðs Ölgerðarinnar, segir í samtali við Sirkus að samkeppnin í kranabjórnum sé afar hörð. „Þetta er eitthvað sem hefur þróast svona í harðri samkeppni. Við lánum ekki hverjum sem er heldur skiptir það máli hver einstaklingurinn og hvort við höfum trú á honum. Þetta er mikil áhætta fyrir okkur og við gerum kröfu um að fá peningana til baka,“ segir Friðjón en að hans sögn fá á milli 50 til 70 viðskiptavinir Ölgerðinnar slík lán.

Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri söludeildar Vífilfells, tekur í sama streng og Friðjón og segir það lykilatriði að aðeins sé lánað til manna sem Vífilfell þekki og treysti til að reka staðinn. „Við höfum dregið mikið úr þessu en í sumum tilfellum er þetta það sem þarf að gera til að koma kranabjórnum okkar inn á staði. Þetta eru talsverðar upphæðir en ég get ekki farið nánar út í þær vegna trúnaðar við viðskiptavini okkar,“ sagði Guðjón.



**Friðjón Hólmbertsson** Segir Ölgerðina lána vel völdum viðskiptavinum sínum enda sé það nauðsynlegt í harðri samkeppni.

ÚTRÝMINGARSALA BT

# BT

## AÐEINS 3 dagar eftir

## 40" LCD VEGGSJÓNVARP

MEDION

MD30202
40" Medion LCD veggsjónvarp
Upplausn: 1366x768 HD ready

- **HD ready** -Fyrir framtíðina
- **HDMI tengi** -Tryggir stafræn gæði
- **8ms svartími** -Fyrir sportið
- **176° áhorfsvinkill**
- **Sleep timer (tímarofi)**
- **Barnalæsing á tökkum** -Fyrir öryggið




40"

26.400.- verðlækkun

~~215.988~~ * 15.799

7.102 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.

15.799 *Vaxtalaust 12 mán.

189.588 Staðgreitt

## WORLD OF WARCRAFT BURNING CRUSADE



3.999

"Svakalegur aukadiskur sem gerir World of Warcraft enn stærri. Fleiri hlutir, störf, landssvæði, ættbálkar og margt fleira. Nú geta leikmenn einnig hækkað karakteranna uppí level 70. Vandaður leikur sem gerir heim World of Warcraft enn meira spennandi."








## FARTÖLVA




36.000 AFSLÁTTUR

FUJITSU SIEMENS

9.999*

~~155.988~~

LKN:DAN-159900-025
FSC AMILO PI CORE2
Intel Core 2 Duo T5500
15.4" WXGA Crystal View
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
- up to 512MB Hypermemory
1024MB DDR533 Vinnsluminni
100GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
7.1 Hljóð í gegnum SPDIF
Express Card rauf
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi

9.999 *Vaxtalaust 12 mán.

119.988 Staðgreitt

## FARTÖLVA




36.000 AFSLÁTTUR

TOSHIBA

9.999*

~~155.988~~

PSPA0E-039037ED
TOSHIBA SATELLITE P100-253
Intel® Centrino® Duo T2050
17" Wide XGA+ skjár
- upplausn 1440 x 900
Intel 945GM Calistoga skjástýring
1024MB DDR Minni (Mest 4GB)
100GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort Intel ABG
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
Harman Kardon® hátalarar
SRS® TruSurround XT™ technology
Rafhlöðuending 3:30 (Mobile Mark™)
Aðeins 3.2 kg

9.999 *Vaxtalaust 12 mán.

119.988 Staðgreitt

## BORÐTÖLVA



40.800 AFSLÁTTUR

6.599*

~~119.988~~

FUJITSU SIEMENS

LKN:DAN-889240-049
FSC SCALEO H1
AMD64 AM2 örgjörvi
ATI X1600Pro 256MB skjákort
1024MB Vinnsluminni DDR2
250GB Harður diskur
Media Bay að framanverðu
DVD Skrifari
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð og mús

6.599 *Vaxtalaust 12 mán.

79.188 Staðgreitt

Fiat Panda

Bíll ársins í Evrópu 2004

# Lipur og spræk Panda




- Sparneytinn – eyðir undir 6 lítrum á hverja 100 km.
- Stór að innan svo það fer vel um alla í bílnum.
- Frábær í bæjarsnúningana – „city"-hnappurinn léttir stýrið sem auðveldar þér að leggja í stæði o.þ.h.
- Fáanlegur 4x4.

## Verð frá 1.290 þús.


Fiat Ducato


Fiat Dobló


Fiat Punto


Fiat Multipla


Fiat Croma

FIAT

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

ALFA ROMEO DUCATI Ferrari FIAT MASERATI

**Opið:**
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

PI PAR • SÍA • 70084

### Hybrid í stað Dísel!

Forstjóri Toyota segir Hybrid bíla „mun haghvæmari en dísel“. Islandus.com kynnir HYBRID fólksbíla, jeppa og pallbíla frá helstu framleiðendum. Öflugar umhverfisvænar vélar sem brenna allt að 40% minna eldsneyti! Íslensk stjórnvöld veita Kr. 300.000 afslátt af tollum/VSK. Hjá Islandus.com færðu hagstæðasta innkaupsverðið frá USA og bílinn heim í flugi með Icelandair. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! T.d. Toyota Camry frá Kr. 3.450.000. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com




### 7,5 l/100 innanbæjar!

Forstjóri Toyota segir Hybrid bíla „mun haghvæmari en dísel“. Islandus.com kynnir HYBRID fólksbíla, jeppa og pallbíla frá helstu framleiðendum. Öflugar umhverfisvænar vélar sem brenna allt að 40% minna eldsneyti! Íslensk stjórnvöld veita Kr. 300.000 afslátt af tollum/VSK. Hjá Islandus.com færðu hagstæðasta innkaupsverðið frá USA og bílinn heim í flugi með Icelandair. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! T.d. Toyota Highlander lúxusjeppi 208 hestöfl frá Kr. 4.390.000. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com




### Útsala - Útsala - Útsala!

Stórútsölur bílaframleiðenda. Allt að Kr. 500,000 afsláttur á nýjum bílum. Bílinn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fjcruiser torfærujeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísel! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

## Sendibílar



Til sölu Sommer beislisvagn , lengd 8.90 og hæð 2.50 , alopnum beggja megin og hurðir að aftan. Mjög lítið notaður , verð 4.800.000 + vsk. Upplýsingar s. 864 0984



Til sölu M.Bens Atego 9.23 árgerð 2000 , 28 m3 kassi , 1.5 t lyfta , opnum öðru megin. Verð 2.000.000 + vsk . Athuga skipti á nýrri sendibíl. Upplýsingar s. 864 0984.

Til sölu er Vw Caddy 4 stk. Árg frá „00-“02. Lán getur fylgt. Uppl. i s. 824 1450.

## Vélsleðar






### Allur pakkinn!

Arctic Cat Ext ‘91 og Cheetah ‘89, í ágætu lagi á kerru. 220 þús. stgr. S. 868 2969 & 899 0117.



Til sölu frábær ferðasleði Artic cat Pantera árg. ‘03, ek. 3950 km. Fullt af aukabúnaði svo sem GPS festing, brúsafestingar, farangurskassi, fjarstart, gróft 2 tommu belti, lengd 151 tommur. o.m.fl. Verð kr. 720.000. Uppl. í s. 896 8462.

Til sölu arcticcat thundercat 1000 cc árg.2000 ek. 2400 km. neglt belti, uppl. í s. 861 3040.

Yamaha sxr 700 árgerð 2001, ekin 3.000. Uppl. í s. 893 1680.

## Vörubílar



Til sölu MAN TGA 510. Árg. ‘03. Ek. 285þ. Ssk. Mjög góður bíll. Uppl. í s. 846 8564.

## Húsbílar



Ford Econoline 1988, 7,3 dísel, ekinn 130þús. km., olíumiðstöð, sólarsella, gaseldavél. Allir rafgeymar nýjir. Góður ferðabíll í toppstandi. Upplýsingar í síma 893 9712 og 555 1675.

## Mótorhjól




### Götuskráð Pit Bike

Götuskráð Pit Bike. 50cc skellinaðra kr. 169.000. 125cc, kr. 199.000. Auka felgur með kubbadekkjum fylgir með. Masai umboðið. Kaplahrauni 1. Hafnafirði. S 565 1725. www.masai.is

## Kerrur

Kerra með loki til sölu 1.55 x 1.02 m. Bátur 2.50 m á lengd og 2 mótorar í lagi fylgja með. Sanngjarnt verð. Uppl. í s. 568 7926

og 693 0959.

## Fellihýsi




## Vinnuvélar






Til sölu Traktorsgrafa Komatsu WB97s skr.12.2005, ek. 1100vst. Vökvahraðtengi að framan og aftan. Uppl. í s. 894 1725.

### www.snjokedjur.is

Mikið úrval fyrir vinnuvélar og vörubíla. www.snjokedjur.is Skm ehf. Uppl. í s. 517 8400.

## Lyftarar




### Körfubílaleigan.

Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.




Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is




## Varahlutir




### Bílapartasalan Ás

Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

### Hedd Dráttabílaþjónusta & Bílapartar.

Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Iðndalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

### Bílapartar ehf S.587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

### Partar s. 565 3323

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

## TIL SÖLU

**Sólbaðstofa Grafarvogs opnar á ný.**

Komið og fáið lit á sérstöku opnunartilboði.

Tveir fyrir einn á 800 kr.
10 tíma kort + 1 á 5.990 kr
5 tíma kort + 1 á 3.150 kr.

SÆDSÓLAR

Sími: 587 55 77. Hverafold 5. 112 Reykjavík.

**allt matur**
Alla föstudaga

## bifreiðasalan

*Tangarhöfði 2 (við Bíldshöfða) • s.5774400*
*www.bifreidasalan.is*



### MERCEDES BENZ ML 500 árg, 2003

fallegur bíll og lítið ekinn, þokkalega búinn. Tilbúinn í ýmiskonar skipti.
Verð 4.900.000.-



### BMW X5 Sport

Nýskráður 3 / 2004
Bensín 5 manna 3000 cc. slagrými 5 dyra 6 strokkar
Sjálfskipting 225 hestöfl. Fjórhjóladrif 2140 kg.
**Aukahlutir & búnaður**
ABS hemlar - Álfelgur - Fjarstýrðar samlæsingar - Geislaspilari - Hleðslujafnari - Hraðastillir - Höfuðpúðar aftan - Leðuráklæði - Líknarbelgir - Rafdrifin sæti - Rafdrifnar rúður - Samlæsingar - Topplúga - Útvarp - Veltistýri - Vökvastýri Verð 5.450.000.-




### NISSAN TERRANO 3,0 TDI LUXURY

árg, 2003 35” breyttur, sjálfskiptur ekinn
100 þús, sæmilegur bíll, verð 3.000.000.-

**Handknattleiksfélag Kópavogs**

**Starfsfólk óskast í hlutastarf hjá Handknattleiksfélagi Kópavogs. Upplýsingar fást hjá Jóhönnu á netfanginu johanna@hk.is eða í síma 570 4990/ 894 3027.**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Laust starf á rannsóknarstofu Mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Um er að ræða 50% starf, eftir hádegi. Einhver tölvuþekking æskileg. Nánari upplýsingar gefur Hafsteinn Már í síma 569-2200 eða 569-2310.

Óskum eftir vönum manni á vörubíl með krana til starfa strax hjá Hlaðbæ Colas. Nánari upplýsingar í síma 565 2030.

Vana sjómenn vantar á 65 tonna netabát. Uppl. í s. 848 4851.

Óska eftir vönum vélamanni sem er með meirapróf. Uppl. í s. 434 1500 & 897 6705.

Starfsmaður óskast á bílapartasölu, mikil útivinna í porti. skilyrði: kunnátta á bílum, heiðarleiki, stundvísi, samviskusemi, reyklaus með bíl til umráða. Umsókn sendist á fallegastur@visir.is

Vantar duglegan smið/verkamann í uppsláttarvinnu. Uppl. veitir Guðmundur í S: 895 6820.

**Verslunarstörf**

Óskum eftir starfsfólki í tískuvöruverslun í Kringlunni. Heilsdags og hlutastörf. Umsóknareyðublöð á staðnum Acceorize/Monsoon, Kringlunni.

Rafvirki / nemi óskast til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Frekari upplýsingar í síma 897 6673.

## Atvinna óskast

25 ára kona óskar eftir dagvinnu. Getur hafið störf 1. feb. Uppl. í s. 698 4940.

Kona óskar eftir vinnu sem fyrst, hluta úr degi, er vön ýmsum störfum t.d. matreiðslu og þjónustustörfum, heimilishjálp kemur vel til greina. Uppl. í s. 869 6715.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Púnsi er týndur, hann á heima á Mánbr. 19, Kópavogi. Hvítur með svört eyru og svarta rófu. Hann er að verða 2 ára, með svarta ól með 2 bjöllum. Uppl. í s. 554 2431 & 846 4242.

## Tilkynningar



**Kriya Yoga**

**Fyrirlestur um Kriya Yoga hugleiðslu verður haldinn Föstudaginn 19. janúar kl. 20 í sal Rósarinnar Bolholti 4. Þeir sem hafa áhuga eiga kost á að læra Kriya Yoga í Jógastöðinni Heilsubót Síðumúla 15 Laugardaginn 20 janúar, kl. 10. Allir innvígðir Kriya Yoga iðkendur velkomnir. Leiðbeinandi Swami Mangalananda.**

**Uppl. í s. 860 8447 & 691 8565**
**www.kriyayoga.is**

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

## Ýmislegt



**Uppskriftir**

Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

**Munið eftir bóndadeginum!**

30% afsláttur af öllum DVD myndum í tilefni dagsins!

Einmana með eldri mönnum, óska þess að sjá. Heiðarlega heldri hönnun, hinu kyninu frá. Aldur 67+. Uppl. í síma 849 5034.

# A. Þ. Þrif

Framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í þrifum á nýbyggingum óskar eftir starfsmönnum í fullt starf vegna mikilla umsvifa. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri.

**Upplýsingar gefur Steini í síma 821-9908.**

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI **550 5000**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## ÞJÓNUSTULIÐI - RÆSTING

## í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari

Límtré Vírnet
ÁREIÐANLEIKI - ÞJÓNUSTA - ÁRANGUR
www.limtrevirnet.is

## Blikksmiðir, vélvirkjar, járnsmiðir og rafvirkjar

Starfsfólk óskast á starfsstöð okkar í **Borgarnesi.**

Leitað er að körlum jafnt sem konum með sveinspróf eða reynslu í þessum greinum.
Nánari upplýsingar veitir:
Reynir Guðmundsson starfsmannastjóri í síma 530 6073 eða á netfanginu **reynir@limtrevirnet.is.**

Samgönguráð
-Flugmálastjórn Íslands
-Siglingastofnun Íslands
-Vegagerðin
Samgönguráðuneytið

## Stefnumótun í samgöngum

Samgönguráð efnir til fundaraðar um samgöngumál. Fundirnir verða haldnir mánaðarlega næstu mánuði. Á fyrsta fundi verður fjallað um efnið:

## Ferðir, búseta og samgöngukerfi

- ***Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu. þéttbýlisstaða. Kynning á niðurstöðum rannsókna.*** Dr. Bjarni Reynarsson Land - ráði sf
- ***Áhrif umbóta á samgöngukerfi á byggð.*** Vífill Karlsson dósent við Háskólann á Bifröst
- ***Breyting á umferð og búsetu 2000 - 2005.*** Dr. Hreinn Haraldsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar
- ***Umræður og fyrirspurnir.***

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 25. janúar 2007 kl. 15 - 17 á Grand Hótel Reykjavík. Aðgangur er ókeypis og öllum er heimill aðgangur. Væntanlegir þátttakendur eru vinsamlegast beðnir að skrá sig á netfangið postur@sam.stjr.is eigi síðar en klukkan 12:00 þann 25. janúar nk.

Næstu fundir í fundaröðinni: Öryggi vega, Fjármögnun samgöngumannvirkja og Umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

# Skrifstofuhúsnæði með glæsilegu útsýni.

Til leigu u.þ.b. 200 fm. (þ.m.t. sameign) skrifstofu húsnæði á 7. hæð, Höfðabakka 9, í Reykjavík. Húsnæðið skiptist í tvö stór rými sem auðvelt er að stúka í minni einingar, eldhús, snyrtingu, sameiginlega glæsilega móttöku og fundarherbergi. Hæðin er nýstandsett með parketi. Glæsilegt útsýni og næg bílastæði. Hagstætt leiguverð.

**Nánari upplýsingar í síma:**
**414-5000 á skrifstofutíma eða 896-1377, 699-7153.**

FÉLAG ELDRI BORGARA
FEB

**Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, verður haldinn á Hótel Sögu Súlnasal, laugardaginn 17. febrúar 2007 kl. 13.30.**

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál.

Tillögur kjörnefndar til stjórnarkjörs Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni ásamt tillögum um fulltrúa á Landsfund Landssambands eldri borgara liggja frammi á skrifstofu félagsins að Stangarhyl 4.

Tillögur félagsmanna um einstaka menn til stjórnarkjörs skulu berast skrifstofu eða kjörnefnd minnst hálfum mánuði fyrir aðalfund.

**Stjórnin**

## Tillaga að breytt deiliskipulagi "Miðbæjar", við Strandgötu 19 í Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 9. janúar 2007, að auglýsa til kynningar tillögu að breytt deiliskipulagi "Miðbæjar", við Strandgötu 19 í Hafnarfirði, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í því að viðbygging aftan við húsið á lóðinni Strandgötu 19 verður rifin og byggt tveggja hæða hús ásamt kjallara.

Deiliskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 19. janúar 2007 – 16. febrúar 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 2. mars 2007. Þeir sem ekki gera athugasemd við breytinguna teljast samþykkir henni.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is




**allt ferðir**
**Alla miðvikudaga og laugardaga**


ATLAS
international
Húseignir á Spáni,
Kýpur og Grikklandi
– Atlas fylgir þér alla leið –
Yfir 100 starfsmenn í þjónustumiðstöð Atlas
Vingjarnlegt viðmót, aðstoð og ráðleggingar
Allar húseignir á eignarlóðum
Verð frá 75.000 €
Mörg hundruð eignir um að velja
Nýjar og notaðar eignir
Aðstoð við rekstur
Tryggingar
Húsgögn
Leiguþjónusta
28 ára reynsla
68.000 viðskiptavinir
– SÝNINGARTILBOÐ – 2 fyrir 1
Skoðunarferðir
Sölusýning í Perlunni
á laugardaginn og sunnudaginn
20.–21. janúar frá kl.: 11–17
Frá aðalskrifstofunni á Spáni kemur;
Björn Björnsson íslenski fulltrúinn/leiðsögumaðurinn okkar á Spáni.
Frá höfuðstöðvunum í Bretlandi kemur;
James Dearsley sölustjóri Evrópu og
Julia Norton sölustjóri Bretlands
Frá aðalskrifstofunni á Kýpur kemur; Lee Bailey sölufulltrúi Kýpur
og sérfræðingur í eignum á Kýpur og Grikklandi.
Vilt þú eignast fasteign erlendis og ert búinn að hugsa lengi?
Vilt þú kynna þér málin vel, taka ákvörðun, fara í skoðunarferð?
Þá er þessi sýning fyrir þig!
Fáðu glænýjan íslenskan bækling til að taka með heim.
Verið velkomin!
Nánari uppl. milli kl: 12 og 16 alla virka daga – Sími: 586 2880 – Gsm: 696 1960
www.atlasiceland.com – sales@atlasiceland.com
Frum



Norræna húsið, Askja og Perlan mynda skemmtilegt þríeyki í skammdeginu í Reykjavíkurborg. Daginn er þó tekið að lengja og ekki lengur jafn dimmt þegar fólk heldur heim á leið úr vinnu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Sjónvarp fyrir alla - alltaf en ekki bara stundum

**UMRÆÐAN**

Textun sjónvarpsefnis



JÓHANNES BALDVIN JÓNSSON

Undanfarið hafa málefni heyrnarlausra verið nokkuð til umfjöllunar í íslenskum fjölmiðlum. Fréttastofur sjónvarpsstöðvanna hafa birt fréttir af niðurstöðum könnunar sem leiðir í ljós hátt hlutfall þolenda kynferðislegs ofbeldis meðal heyrnarlausra, auk þess sem menntamál þeirra í fortíð og nútíð hafa verið til umfjöllunar.

Fjallað hefur verið um mál þessi í fréttatímum beggja sjónvarpsstöðva í nokkur skipti og þau skoðuð frá nokkrum sjónarhornum. Það má hljóma undarlegt að textun þessara frétta, sem líklega á að þjóna heyrnarlausum og heyrnarskertum áhorfendum, fer verulega fyrir brjóstið á undirrituðum.

Þannig er í pottinn búið að fyrstu fréttir Stöðvar 2 af misnotkunarmálinu voru birtar ótextaðar. Síðari fréttaflutningur var textaður að hluta. Ríkissjónvarpið renndi sínum frumflutningi af málinu í gegn með meingallaðri textun, þó svo að síðari fréttir hafi verið betur unnar. Þarna virðast tæknilegir örðugleikar hafa spilað inn í hjá Ríkissjónvarpinu, en textun á Stöð 2 virðist lúta dyntum þeirra sem hafa um málið að segja.

En víkjum svo að því sem brennur mest á undirrituðum. Textun frétta sem taka fyrir málefni heyrnarlausra er góðra gjalda verð, en í henni liggur jafnframt tvískinnungsháttur. Hún færir þau skilaboð að ótextaðar fréttir um annað en málefni heyrnarlausra komi heyrnarlausum í sjálfu sér lítið við. Þetta hefur oft verið gert áður þegar fjallað er um málefni þessa þjóðfélagshóps á báðum þeim sjónvarpsstöðvum sem flytja Íslendingum fréttir og mætti helst líkja við að bókmenntir fyrir blinda væru eingöngu gefnar út á hljóðbókum ef þær fjölluðu á einhvern hátt um blint fólk. Stutt fréttaágrip á táknmáli virðist eiga að nægja.

Þrátt fyrir ýmsar framfarir í réttindamálum heyrnarlausra undanfarna áratugi, þá hefur lítið miðað í þessu máli. Textun íslensks sjónvarpsefnis er í skötulíki. Ríkissjónvarpið má að vísu eiga það að hafa textað íslenska þætti og bíómyndir, en fréttir og fréttaskýringaþættir hafa ekki verið álitnir textaþurfi nema að þessu litla leyti. Sú textun sem í boði er, er jafnframt ekki af þeim gæðum sem helst ætti að sæma nútímavæddum sjónvarpsstöðvum einnar ríkustu þjóðar heims. Textun á sjónvarpsefni meðal nágrannaþjóða okkar inniheldur lýsingar á umhverfishljóðum sem geta skipt framvindu efnisins miklu máli og oft birtast í sviga ofan hins eiginlega texta. Jafnframt er mælandi gjarnan tilgreindur í efri hornum skjás.

Aðrar sjónvarpsstöðvar, s.s. Stöð 2 og Skjár einn hafa sniðgengið heyrnarlausa þegar kemur að textun leikins íslensks efnis. Einu skiptin sem virkilega er litið til þarfa heyrnarlausra er í kringum kosningasjónvarp sjónvarpsstöðvanna þar sem túlkar hafa verið fengnir til starfa. Það segir manni að heyrnarlausir séu álitnir mikilvægur hópur í samfélagi atkvæðabærra, en kannski aðeins atkvæðanna virði, eða hvað?

Það er kominn tími til að heyrnarlausir fái að sitja við sama borð og aðrir þjóðfélagsþegnar. Réttindum hefur verið ábótavant á mörgum sviðum og sú stefna sem ríkti í kennslu þeirra mestan part nýliðinnar aldar virðist hafa verið gölluð á margan hátt og leitt af sér vandamál í samfélagi þeirra Íslendinga sem ekki heyra. Undirritaður telur það lágmarkskröfu í réttindamálum heyrnarlausra að íslenskt sjónvarpsefni sé gert aðgengilegt með metnaðarfullri textun. Yfirvöld, með menntamálaráðherra í broddi fylkingar, stjórnendur sjónvarpsstöðva og aðrir sem málið heyrir undir ættu að sjá sóma sinn í að koma þessum málum í viðunandi horf. Textun nýtist ekki aðeins heyrnarlausum, en jafnframt fólki með heyrnarskerðingu og sá hópur er ekki lítill. Íslenskt sjónvarpsefni á að vera fyrir alla Íslendinga, alltaf, ekki stundum.

*Höfundur er garðyrkjufræðingur og nemi við Landbúnaðarháskóla Íslands.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Mismunað í krafti almannafjár!

**Brynjar Guðnason skrifar um MORFÍS**

Þrjár keppnir eru fastir liðir í félagslífi framhaldsskólanema ár hvert; spurningakeppnin Gettu Betur, mælsku- og rökræðukeppnin MORFÍS og söngkeppnin. Tvær þessara keppna eru sýndar í Ríkissjónvarpinu – sjónvarpi allra landsmanna. Þar er MORFÍS látið sitja úti í kuldanum þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til þess að fá ráðamenn RÚV til þess að sýna úrslitakeppni MORFÍS.

Það er ekki svo að skilja að eitthvað sé athugavert við sýningu Gettu Betur eða söngkeppninnar í sjónvarpi en það er með öllu óskiljanlegt að MORFÍS fái ekki sömu meðferð og hinar keppnirnar tvær hjá sjónvarpsstöð sem rekin er fyrir almannafé.

Það er hreint og beint ótrúlegt til þess að hugsa að á meðan öllum umferðum Gettu Betur er útvarpað og þremur þeirra sjónvarpað þá fæst RÚV ekki til að sýna úrslitakeppni MORFÍS sem tekur eina kvöldstund.

Undirritaður skorar hér með á Pál Magnússon og samstarfsmenn til þess að stöðva mismununina og hleypa MORFÍS inn í hlýjuna í boði allra landsmanna.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


Útsala
Útsala
20-80% afsláttur af öllum vörum


22%
Sófaborð með skúffu
Natur Eik eða Amerísk Hnota, Stærð: 120x60x46
verð áður: 49.900,- **verð nú: 37.900,-**


40%
Sófasett Gossip - 3+1+1 - Hamrað leður hvítt
verð áður: 289.000,- **verð nú: 169.000,-**


40%
Stofuskenkur - Natur Eik eða Amerísk Hnota
stærð: 200x46x85 - verð áður: 112.970,-
**verð nú: 69.000,-**
stærð: 150x46x85 - verð áður: 92.950,- 36%
**verð nú: 59.000,-**

**Verðdæmi:**

Stækkanlegt borðstofuborð
Natur Eik eða Amerísk Hnota 40%
(stærð: 160/240x100x76 cm)
verð áður: 112.970,- **verð nú: 69.000,-**

Tungusófi - 6 manna - tauáklæði 60%
verð áður: 141.570,- **verð nú: 59.000,-**

Stofustóll - PU 80%
svartur, hvítur eða rauður
verð áður: 24.500,- **verð nú: 4900,-**

Svefnsófi - microfiber - þrír litir 30%
verð áður: 69.900,- **verð nú: 49.000,-**

Baðinnrétting með blöndunartækjum 57%
verð áður: 70.070,- **verð nú: 29.900,-**

Legubekkur - tauáklæði 52%
litir: grænn, hvítur eða rauður
verð áður: 42.185,- **verð nú: 19.900,-**

Borðstofustóll - PU - svartur eða hvítur
verð áður: 14.157,- **verð nú: 8900,-** 37%

**Mikið úrval af Eikar- og Hnotuhúsgögnum á útsöluverði.
Sjón er sögu ríkari**

BOHEMIA vöruhús

Bohemia Vöruhús - Askalind 2 - Kópavogur
Opið virka daga 10-18 og laugardaga 10-16

# Opinberi meðferðarfulltrúinn Jesús

**UMRÆÐAN**
Málefni Byrgisins

Það virðist margt hafa verið athugavert við starfsemi Byrgisins sáluga. Fjölmiðlar hafa verið duglegir að benda á meinta fjármálaóreiðu og kynferðislega misnotkun, sem auðvitað er viðurstyggileg. Færri hafa hins vegar bent á hversu óeðlilegt það er að ríkið ausi fjármunum í trúarlega meðferðarstarfsemi. Engum dettur í hug að leggja til að ríkið styrki kristilega krabbameinsmeðferð eða tannlæknastofu Votta Jehóva, þar sem „fagaðilar“ eru prestar og forstöðumenn, en ekki læknar. Hvers vegna virðist öllum þá vera sama um að almennir skattgreiðendur séu látnir borga undir áfengis- og fíkniefnameðferð sem byggir á bókstafstrúarlegum forsendum?

Nú þegar Byrginu hefur verið lokað tilkynnir félagsmálaráðherra að kristilega meðferðarheimilið Samhjálp eigi að taka við skjólstæðingum Byrgisins. Hverjir borga? Jú að miklu leyti við, skattgreiðendurnir. Hvers vegna er hið opinbera að borga undir öll þessi trúarlegu meðferðarheimili? Er skortur á sálfræðingum, læknum, félagsráðgjöfum, iðjuþjálfum og öðru menntuðu fagfólki? Skýtur það ekki skökku við að á meðan yfirvöld neita að greiða niður þjónustu fagmanna eins og sálfræðinga reka þau trúarleg meðferðarheimili í stórum stíl?


SIGURÐUR HÓLM GUNNARSSON

Ef vefsíða Samhjálpar er skoðuð er hægt að finna fjölmargar greinar um Guð og Jesú, en nánast ekkert um læknisfræðilega nálgun á áfengis- og fíkniefnavandanum. Hjá Samhjálp eru prestar og forstöðumenn hvítasunnusafnaða reglulegir gestir á meðan læknar og annað fagfólk eru sjaldséðir fuglar.

Það getur ekki verið í lagi að hið opinbera, sem á að veita þjónustu fyrir alla óháð trúarskoðun, skuli borga undir meðferðarheimili eins og Samhjálp þar sem forstöðumaðurinn segir: „Frelsið er gjöf til allra manna, gjöf sem við getum ekki öðlast fyrir verk, aðeins fyrir trú á Jesúm Krist.“ Með öðrum orðum getum við samkvæmt Samhjálp aðeins losnað undan fíkn með því að trúa á kristna guðinn Jesú. Það skiptir litlu hvað menn gera, svo lengi sem þeir trúa á Jesú verður allt í lagi. Enn fremur segir forstöðumaðurinn skjólstæðingum sínum reglulega að syndgi þeir muni þeir deyja, ef þeir trúi á Jesú Krist muni þeir hins vegar öðlast eilíft líf. Um þetta er fjallað aftur og aftur á vefsíðu Samhjálpar. Ég mótmæli því harðlega að skattpeningar mínir séu notaði í svo augljóst trúboð.

*Skýtur það ekki skökku við að á meðan yfirvöld neita að greiða niður þjónustu fagmanna eins og sálfræðinga reka þau trúarleg meðferðarheimili í stórum stíl?*

Rökin fyrir stuðningi hins opinbera við trúarleg samtök sem þessi eru oft þau helst að það vanti úrræði fyrir fíkla og alkóhólista og því eigi að styðja vel við „frjáls félagasamtök“. Þvílík vitleysa. Auðveldlega væri hægt að verja peningum skattgreiðenda í fagleg meðferðarúrræði í staðinn, en yfirvöld kjósa að gera það ekki. Er ekki kominn tími til að taka Jesú út af launaskrá hins opinbera og forgangsraða í þágu skjólstæðinga?

*Höfundur er varaformaður Siðmenntar og nemandi í iðjuþjálfun við HA.*

# Enn um flutning ríkisstofnana

**UMRÆÐAN**
Byggðamál

Nýverið skrifaði ég grein um flutning ríkisstofnana í Fréttablaðið. Markmiðið var að opna umræðu um þennan málaflokk og reyna að skoða forsendur slíkra flutninga. Oftar en ekki hafa ákvarðanir um slíkan flutning verið byggðar á pólitískum forsendum þar sem ráðherra hefur í flestum tilvikum flutt ríkisstofnun í sitt kjördæmi. Tilgangurinn hefur verið að fjölga tryggum störfum í kjördæmi ráðherra. Ég hef verið mikill áhugamaður um byggðamál allt frá þeim tíma þegar ég tók að mér að ritstýra ritinu Byggðastefna til nýrrar aldar árið 1998 um það leytið sem Byggðastofnun var flutt á Sauðárkrók. Grein mín var íhugun um þennan málaflokk en ekki hugsuð sem fræðileg úttekt.

Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri Byggðastofnunar gerir mér þann heiður að svara grein minni í Fréttablaðinu. Ég þakka honum fyrir að leiðrétta nokkrar misfærslur í grein minni, sérstaklega hvenær Hvalfjarðargöngin voru byggð. Stundum er minni manns brigðult.

Kjarninn í grein minni var þessi: Flestar ríkisstofnanir þurfa sérmenntað starfsfólk, störf fyrir maka starfsmanna, góðar samgöngur við höfuðborgina, nettengingu og öfluga grunngerð. Það sýna athuganir erlendis frá. Ég tel að einungis svæðin í kringum höfuðborgina og Akureyri hafi nægilega virkan vinnumarkað og góða grunngerð til að sérhæfðar ríkisstofnanir sem þarfnast sérmenntað starfsfólk geti þrifist þar til lengdar. Aðalsteinn telur að Sauðárkrókur sé einnig í þeim hópi. Okkur greinir á um það. Í því ljósi lagði ég til í grein minni að ný Nýsköpunarmiðstöð yrði sett á fót með höfuðstöðvar á Akureyri. Einnig gat ég þess að miðstöðin gæti hentað vel á Keflavíkurflugvelli, enda er mikið rætt um þessar mundir um fyrirhugaða uppbyggingu á því svæði. Fyrir mér vakti það eitt að benda á staðsetningu sem gæti bæði eflt frekar vinnumarkað og atvinnulíf viðkomandi svæðis og lagt grunn að farsælli framtíð slíkrar miðstöðvar. Í því felst glæpur minn.


INGI RÚNAR EÐVARÐSSON

Eftir að grein mín birtist frétti ég af þingsályktunartillögu Samfylkingarinnar um störf án staðsetningar á vegum hins opinbera. Tillagan gerir ráð fyrir að fela ríkisstjórn Íslands það verkefni að skilgreina öll störf á vegum hins opinbera sem unnt er að vinna að mestu eða öllu leyti óháð staðsetningu. Megin tilgangurinn er að gera landsbyggðarfólki mögulegt að sækja um og sinna margvíslegum störfum á vegum hins opinbera; að gera hæfu fólki í störfum á vegum hins opinbera mögulegt að búa víðar en á höfuðborgarsvæðinu og að auka skilvirkni og draga úr kostnaði í opinberum rekstri. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að um 600 störf gætu losnað á ári hverju hjá ríkinu sem væri mögulegt að veita hæfu fólki á landsbyggðinni forgang að. Þetta er nýjung hér á landi sem er vel tilraunarinnar virði.

Ég óska Aðalsteini og stofnun hans velfarnaðar í framtíðinni.

*Höfundur er prófessor.*

# *Ég skammaðist mín fyrir Sjálfstæðisflokkinn*

**UMRÆÐAN**
Stofnun Flokksins


HAUKUR NIKULÁSSON

Undirritaður er einn af stofnendum nýrra stjórnmálasamtaka sem nefnast einfaldlega Flokkurinn. Þetta er nýr jafnaðarmannaflokkur settur saman af hópi fólks úr ýmsum flokkum. Sjálfur hef ég kosið Sjálfstæðisflokkinn í 30 ár en get ekki lengur vegna trúnaðarbrests. Ég vil leyfa mér að skýra hvers vegna. Síðar mun ég skýra hvers vegna aðild að öðrum flokkum kom heldur ekki til greina.

Á síðasta kjörtímabili hefur forysta Sjálfstæðisflokksins misst eiginlega alla dómgreind. Þetta eru stór orð en því miður sönn. Ég leyfi mér að nefna eftirfarandi atriði máli mínu til stuðnings:

Sjálfstæðisflokkurinn ákvað að styðja Bandaríkin í árásarstríðinu á Írak. Stuðningur Íslands við Íraksstríðið er þjóðarskömm, sem þessi flokkur er enn að verja.

*Ég skammast mín fyrir að hafa látið forystu Sjálfstæðisflokksins blekkja mig jafn lengi og raun ber vitni.*

Sjálfstæðisflokkurinn klúðraði varnarsamningnum. Samt fann núverandi formaður hvöt hjá sér að kyssa Condoleezzu Rice fyrir þennan innihaldslausa samning og bjóða henni aukreitis í heimsókn.

Fyrrverandi formaður sakaði Baugsmenn um mútutilraun upp á 300 milljónir. Hann gat aldrei fært sönnur á þetta mál. Að undirlagi hans og núverandi dómsmálaráðherra hefur nánast öll starfsgeta ríkissaksóknara verið lögð í að knésetja þá í framhaldinu með linnulausum málaferlum. Á sama tíma hafa játningar í verðsamráði olíufélaganna verið sofandi í kerfinu og mun það mál trúlega fyrnast rétt eftir næstu kosningar. Hverjir skyldu hafa haft áhrif þar?

Sem enn frekari hefndaraaðgerð var lagt fram hið dæmalausa fjölmiðlafrumvarp sem forsetinn illu heilli afstýrði.

Hvaða dómgreind er það hjá Sjálfstæðisflokknum að ætla að djöfla frumvarpinu um Ríkisútvarpið ohf. í gegnum Alþingi í ósátt við næstum alla þingmenn og mest alla þjóðina að auki?

Sjálfstæðisflokkurinn fékk samþykkt umdeilt eftirlaunafrumvarp sem tryggir sumum margföld eftirlaun. Leiðrétting á þeim lögum er ekki í sjónmáli.

Einkavinavæðing stjórnarflokkanna á ríkisfyrirtækjum vekur viðbjóð. Einkavinir manna í æðstu stöðum hafa fengið þessi fyrirtæki meira og minna gefins. Sum þeirra jafnvel án útborgunar.

Forysta Sjálfstæðisflokksins stóð fyrir því að veita dæmdum þjófi „uppreist æru“ beinlínis í þeim tilgangi að hann gæti boðið sig fram til þingkosninga. Maður skammast sín þegar Sjálfstæðisflokkurinn leiðir fram svona fyrirmynd annarra manna til Alþingis.

Prófkjör sjálfstæðismanna var ógeðfelldur fjáraustur. Laun sumra þeirra duga ekki til að greiða auglýsingakostnaðinn á heilu kjörtímabili. Hvaðan fá þeir peningana til þess?

Rétt fyrir síðustu jól samþykktu allir flokkar lög um fjármál stjórnmálaflokka. Í tengslum við þau afgreiða þeir sjálfa sig um 300 milljónir til að borga óhóflegar kosningaauglýsingar. Þetta er siðlaust athæfi og sóðaleg atlaga að lýðræðinu.

Í aðdraganda komandi alþingiskosninga eru stórnarflokkarnir að skuldbinda framtíðarfjárlög í milljarðavís í heimildarleysi. Þessi sýndarmennska er sjúkt kosningaleikrit.

Listinn yfir trúnaðarbrest Sjálfstæðisflokksins er orðinn svo langur að Fréttablaðið rúmar hann varla, þótt stórt sé. Ég var því beðinn að stytta þessa grein og á ótalin fjölmörg mál eins og hlerunarmálið, málefni aldraðra, öryrkja og mörg fleiri. Það bíður síns tíma.

Ég skammast mín fyrir að hafa látið forystu Sjálfstæðisflokksins blekkja mig jafn lengi og raun ber vitni. Ég skora á þenkjandi jafnaðarmenn í Sjálfstæðisflokknum að hugsa sinn gang. Venjulegt fólk á enga samleið með Sjálfstæðisflokknum og ég hvet þig, lesandi góður, að hugleiða hvort þú viljir ekki sjá breytingar. Það er allt hægt með vilja.

Flokkurinn er stofnaður til að vera lýðræðislegur vettvangur fyrir framboð jafnaðarmanna. Þar á enginn neitt framboðssæti fyrirfram og okkur vantar frambærilega frambjóðendur og í framhaldi af því hugsandi kjósendur.

Hafi þér tekist að lesa þessa grein til enda máttu senda mér hugleiðingar þínar á tölvupóstfangið haukur@mtt.is. Flokkurinn verður með vefsíðuna www.flokkurinn.net og auk þess eru hugleiðingar mínar geymdar á www.haukurn.blog.is - kíktu á það. Takk fyrir að veita þessu athygli.

*Höfundur er formaður Flokksins – stjórnmálasamtaka.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Gómsætar lausnir
– úrval af tilbúnum fiskréttum

Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir

FISKISAGA Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is

SJÓNVARPSTÆKI HEYRNARTÓL BÍLHÁTALARAR BÍLTÆKI ÚTVÖRP HLJÓMBORÐ BÍLMAGNARAR
MYNDAVÉLAR HÁTALARAR
DVD SPILARAR FERÐATÆKI
ELDAVÉLAR LCD SJÓNVÖRP
ÞVOTTAVÉLAR PLASMA SJÓNVÖRP
MYNDBANDSTÆKI ÍSSKÁPAR MP3 SPILARAR
MAGNARAR
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR
ÖRBYLGJUOFNAR
KAFFIVÉLAR
BLANDARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
SAMLOKUGRILL HRÆRIVÉLAR
STRAUJÁRN
VÖFFLUJÁRN
RYKSUGUR
RAKVÉLAR
HÁFAR

BROT AF ÞVÍ BESTA

**Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárblásarar og fleira frá kr. 995**

**Sjónvörp með allt að 200.000 króna afslætti**

**NAD hljómtæki með miklum afslættti**

**Þvottavélar á frábæru verði**

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**

**Skoðið tilboðin á www.ht.is**

## TAKMARKAÐ MAGN

**Fyrstur kemur – fyrstur fær!**

**OPIÐ Á LAUGARDAG 10-16**

**Heimilistæki**
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | SELFOSS |
| --- | --- | --- |
| SÆTÚNI 8 | GLERÁRGÖTU 36 | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 480 3700 |

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost Indesit VESTFROST Whirlpool




**Volvo XC90.** Verð frá 6.590.000 kr. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




Volvo. For life.

Skoðaðu nýja tækni Volvo XC90. Hvern dag leita hönnuðir Volvo sannleikans líkt Albert Einstein gerði. Þeir rannsaka bíla við ólíkar aðstæður, reikna út og safna verðmætri þekkingu fyrir nýjar kynslóðir Volvo. Skoðaðu nýjan Volvo XC90 - tækni sem hrífur alla sem henni kynnast. Slík afburðatækni hefur ekki áður sést í sportjeppum enda flókin stærðfræði.

**Lífið er verðmætt - skoðaðu nýja tækni**

Sérstök tækni vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC90 og breytir 75 prósentum af slæmu ósóni (liggur við jörðu) í hreint súrefni. Sérvalið leðurefni er í Volvo XC90. Stýri, lyklar og aðrir snertifletir eru lausir við ofnæmisvaka samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex. Hönnuðir Volvo fundu leið til að lækka þyngdarpunktinn sem eykur öryggi og aksturseiginleika Volvo XC90. DSTC stöðugleikastýrikerfi Volvo leiðréttir mistök í akstri. RSC veltivörnin reiknar líkur á veltu og bregst við ef þurfa þykir.
Sérstyrkt Boronstálið í burðarvirki yfirbyggingarinnar er 5 sinnum sterkara en venjulegt stál.

Þetta er Volvo XC90. Öryggi fyrir alla: allt að sjö manns og aðra vegfarendur einnig!

Öryggi er lúxus – lifðu í lúxus. Komdu í Brimborg. Þú prófar Volvo XC90. Spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um afburðartækni Volvo XC90.

Hugsaðu um börnin. Lifðu í lúxus.

Skoðaðu núna nýjan Volvo XC90. Nýtt útlit. Ný innrétting. Meiri staðalbúnaður. Meiri aukabúnaður: Dynaudio hljómtæki, Xenon ljós með beygjustýringu. Veldu Volvo.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is

Volvo XC90 AWD.

Öryggi er lúxus. Lifðu í öryggi.
Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.

**SÉRPANTANIR VOLVO**

Kynntu þér Sérpantanaþjónustu Volvo hjá Brimborg. Gerðu hagstæðari kaup og sérhannaðu þinn eigin Volvo.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is**

**ÓLAFUR THORS FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1892**

*„Að sjálfsögðu er okkur mikil nauðsyn að halda fast á málum okkar og forðast taglhlýðni og undirgefni ekki síður en stífni og hroka.“*



*Fyrrverandi forsætisráðherra Íslands fæddist þennan dag fyrir 115 árum. Hann lést árið 1964.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 19. JANÚAR 1966

## Indira Gandhi kjörin forsætisráðherra



Á þessum degi fyrir 41 ári var Indira Gandhi kjörin forsætisráðherra Indlands. Hét hún því að skapa friðsamlegt andrúmsloft í landinu, rétt eins og faðir hennar hafði reynt.

Indira var einkadóttir fyrsta forsætisráðherra Indlands, Jawaharlal Nehru. Hún hafði lengi starfað í stjórnmálum áður en hún tók við sem forsætisráðherra og starfaði meðal annars sem upplýsingaráðherra Indlands í tíð Lal Bahadur Shastri.

Indira, sem var 48 ára þegar hún var kjörin forsætisráðherra, var menntuð í Vestur-Bengal og í Oxford. Átti hún tvo syni, Rajiv og Sanjay. Hún fékk ekki nafnið Gandhi frá friðarsinnanum þekkta Mahatma Gandhi heldur frá eiginmanni sínum Feroze Gandhi sem lést árið 1960. Indira og Feroze voru bæði virk í stjórnmálunum og þurftu m.a. að dúsa í 13 mánuði í fangelsi fyrir að berjast gegn yfirráðum Breta á Indlandi.

Indira var myrt af lífvörðum sínum árið 1984. Sonur hennar, Rajiv, sem varð forsætisráðherra Indlands eins og móðir hans, var ráðinn af dögum árið 1991.

### MERKISATBURÐIR

1903 Þýski togarinn Friederich Albert strandar á Skeiðarársandi. Þrír menn fórust.

1907 Tímaritið Variety birtir kvikmyndadóma í fyrsta skipti.

1915 Þjóðverjar gera sína fyrstu loftárás á Bretland í fyrri heimsstyrjöldinni úr tveimur Zeppelin-loftförum.

1937 Howard Hughes setur met þegar hann flýgur frá Los Angeles til New York á 7 klukkustundum og 28 mínútum.

1977 Gerald Ford Bandaríkjaforseti gefur Iva Toguri D'Aquino, betur þekktri sem Tokyo Rose, upp sakir vegna landráða sem hún framdi í seinni heimsstyrjöldinni.

---



*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Anna Brynjólfsdóttir**

Víðilundi 6b, Akureyri,

sem andaðist laugardaginn 13. janúar, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 22. janúar kl. 13.30.

**Erla Halls** — **Guðjón Þór Helgason**
**Brynleifur Hallsson** — **Emma Magnúsdóttir**
**Theodór Hallsson** — **Halla Snorradóttir**
**og öll ömmubörnin stór og smá.**

---



*Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ólafía Einarsdóttir (Lóa)**

Hjallavegi 5, Reykjanesbæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi, fimmtudaginn 11. janúar.

**Pétur Matthíasson**
**Einar Otti Gunnarsson** — **Eva Dögg Þorsteinsdóttir**
**Aron Sölvi Gíslason**
**Ægir Þorleifsson** — **Áslaug Fjóla Magnúsdóttir**
**Anna Sigríður Þorleifsdóttir** — **Magnús Freyr Smárason**
**Þórunn Berglind Þorleifsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdasonur og bróðir,*

**Jóhann Pálmason**

lést þann 17. janúar sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Ragnheiður Gísladóttir**
**Hlynur Jóhannsson**
**Egill Þór Jóhannsson**
**Askur Jóhannsson**
**Alfa Jóhannsdóttir**
**Alfa Malmquist** — **Pálmi Sveinsson**
**Sveinbjörg Pálmadóttir** — **Kristrún Pálmadóttir**
**Jóna Birta Óskarsdóttir** — **Gísli Jónsson**

---



**HÓTEL ÖRK** Hótelið var opnað árið 1986 en þar sem ekki gafst tími til að halda upp á það í fyrra er glatt á hjalla í ár.

HÓTEL ÖRK: FAGNAR TUTTUGU ÁRA AFMÆLI SÍNU Í JANÚAR

# Hverfa aftur til fortíðar

Hótel Örk í Hveragerði heldur upp á tuttugu ára afmæli sitt þessa dagana. „Hótelið var opnað í júní 1986, svo eiginlega áttum við afmæli síðasta sumar. Við náðum hins vegar ekki að halda neitt upp á það þá, svo við gerum það núna í staðinn,“ sagði Sigurður Hrafn Tryggvason hótelstjóri sem hefur jafnframt lengstan starfsaldur starfsmanna á Hótel Örk. Í tilefni af afmælinu var ákveðið að hverfa aftur til ársins 1986 í verðlagningu út janúar. „Við erum með upphaflega verðlagið núna, 5.540 krónur fyrir gistingu, morgunverðarhlaðborð, þriggja rétta kvöldverð og dansleik. Þetta er ekki neitt, neitt. Enda tók aðsóknin svo mikinn kipp að það fylltist allt, og við þurftum að bæta við viku í febrúar út af biðlistanum,“ sagði Sigurður. „Það er allt hótelið undirlagt,“ bætti hann við.

Þegar Hótel Örk var opnuð var hún að sögn Sigurðar til skamms tíma stærsta hótel utan Reykjavíkur. „Það þótti mjög veglegt, og er það í dag líka,“ sagði Sigurður, en hótelið var tekið í gegn þegar nýir eigendur tóku við rekstrinum árið 2004. Helsta aðdráttaraflið, að minnsta kosti fyrir yngri kynslóðina, var þó vatnsrennibrautin við sundlaugina. „Heldur betur,“ sagði Sigurður hlæjandi. „Dag eftir dag var hérna löng röð af börnum og unglingum sem vildu komast í rennibrautina. Hún var sú fyrsta af þessari gerð á landinu, þó að hún sé orðin barn síns tíma í dag,“ sagði hann.



**SIGURÐUR HRAFN TRYGGVASON** Hótelstjórinn segir Hótel Örk henta vel undir hvers kyns samkundur, og heldur Sparidaga fyrir eldri borgara á hverju ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Að afmælistilboðinu loknu taka við Sparidagar á Hótel Örk. „Það er sérstaklega fyrir eldri borgara. Þeir koma á sunnudögum og fara á föstudögum viku eftir viku fram á vorið,“ sagði Sigurður, en Hótel Örk hefur haft Sparidaga í heiðri frá árinu 1990. „Þá prufuðum við þetta fyrst í samvinnu við Hermann Ragnar Stefánsson danskennara heitinn og Unni Arngríms,“ sagði Sigurður, sem sagði húsakynni Hótel Arkar henta sérstaklega vel undir slíkar samkundur. „Við höfum svo mikið salarými. Við erum með boccia, danskennslu og sýnum leikrit, það er spiluð félagsvist, haldið bingó og farið í dagsferðir.“

Á seinni árum hefur hótelið lagt aukna áherslu á þá fundaraðstöðu sem það hefur yfir að ráða og jafnframt fært út kvíarnar. „Hótel Hlíð hérna fyrir neðan var opnað 2003 og svo erum við líka með sumarhús á Núpum sem við leigjum út,“ sagði Sigurður. „Þetta er orðin mjög víðtæk starfssemi.“

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Þorsteins M. Árnasonar**

frá Miðfjarðarnesi, Skeggjastaðahreppi.

**Kristín Þorsteinsdóttir** — **Kristján Jónsson**
**Hugrún Þorsteinsdóttir** — **Rafn Gunnarsson**
**barnabörn og fjölskyldur.**

---



*Faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hafþór Svavarsson**

lést á Landspítalanum 25. desember síðastliðinn.

Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Börn hins látna.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

---



## 70 ára

**María Gunnþórsdóttir**

Selnesi 32, Breiðdalsvík,

**verður sjötug laugardaginn 20. janúar næstkomandi og af því tilefni verður opið hús að Fögrubrekku 13 í Kópavogi, þar sem tekið verður á móti gestum frá kl. 15.00.**

# VEGNA FRAMKVÆMDA Á SMÁRATORGI

## ÞÁ VILJUM VIÐ BENDA VIÐSKIPTAVINUM Á BÍLASTÆÐI DALVEGS MEGIN OG Í BÍLAKJALLARA




## FRAMKVÆMDUM VERÐUR LOKIÐ 1. APRÍL 2007

Framkvæmdir við bílakjallara undir Smáratorgi hefjast fyrstu vikuna í janúar 2007. Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem framkvæmdirnar kunna að valda viðskiptavinum okkar.
Við biðjum ökumenn og vegfarendur að sýna okkur þolimæði og tillitsemi á framkvæmdatímanum.


SMÁRATORG | Sundaborg 7 | 104 Reykjavík | Sími: 533 2880 | Fax: 533 2881


SMÁRATORG




## STUÐ MILLI STRÍÐA Trjágreinar vinna aldrei stríð

**TRYGGVI GUNNARSSON** NEYDDIST TIL AÐ NOTA ÍMYNDUNARAFLIÐ SEM BARN



Þegar ég var krakki voru foreldrar mínir frekar fátækir, eins og ungir námsmenn oft á tíðum. Ekki svo fátækir að þeir þyrftu að borða mat úr ruslafötu og sofa á planinu við Kringluna (enda var hún ekki til þá), heldur fátækir þannig að við systkinin áttum voðalega lítið af leikföngum og mamma og pabbi áttu engan bíl.

Þetta kom sér ótrúlega vel því við lærðum að virkja ímyndunaraflið. Sviðakjammar urðu byssur (móður minni til mikillar armæðu), pappakassar breyttust í hallir fyrir augunum á okkur og ég veit ekki hversu oft síðari heimsstyrjöldin var til lykta leidd í sandkassanum í æsispennandi baráttu milli tindáta og trjágreina. Trjágreinarnar unnu aldrei, enda voru þær þýskar.

Stundum náðu trjágreinarnar þó að hrekja bandamenn á flótta tímabundið. Þeir neyddust til að leita skjóls í blómabeðum þar sem sprengjum rigndi yfir þá. Þrátt fyrir að útlitið væri svart höfðu þeir alltaf sigur að lokum, en það kostaði sitt. Alltaf gleymdist einhver tindáti í ómerktri gröf og ég held að mamma hafi enn verið að grafa þá upp átta árum síðar.

Eitt af fáum leikföngum sem ég átti og þótti vænt um var Playmodót. Þau voru í miklu uppáhaldi en vandamálið var að Playmo-karlarnir voru ekki nándar nógu margir til að seðja óstjórnlegan metnað minn um fjölmenna bardaga í villta vestrinu, á Englandi miðalda, eða á Júpíter. Þeir voru ekki mikið fleiri en tíu svo ef slagurinn átti að endast gátu þeir ekki gefist upp við fyrsta skot eða högg.

Þetta vandamál var leyst á afar kristilegan hátt. Enginn dó heldur rotuðust menn unnvörpum. Skotið var í byssuna í hendi þeirra og skaust byssan í beinu og afar eðlilegu framhaldi í hausinn á þeim og rotaði þá. Þegar fáliðað var orðið í bardaganum rönkuðu menn einfaldlega við sér, gripu næsta vopn, og héldu áfram þar til þeir voru rotaðir aftur. Hneit þar...

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






*EF MYNDIRN THE SENTINAL ER EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

TILBOÐIÐ GILDIR 10.-31. JANÚAR UM ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING - MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDABRENGL.

**Kl. 13.00**
*Myndlistarkonan Melkorka Huldudóttir sýnir á Vesturvegg menningarmiðstöðvarinnar Skaftfells á Seyðisfirði. Sýningin Beinin mín brotin verður opin um helgar út janúarmánuð milli kl. 13-18.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Hið þekkta og óþekkta*

Myndlistarmennirnir Hlaðgerður Íris Björnsdóttir og Aron Reyr Sverrisson opna sýninu á verkum sínum í Listasafni Reykjanesbæjar á morgun kl. 14. Sýningin ber yfirskriftina „Tvísýna“ og er haldin í Duushúsum.

Hlaðgerður Íris er þekkt fyrir ofurraunsæislegar en jafnframt rómantískar olíumyndir sínar af börnum en Aron Reyr sýnir uppdiktaðar landslagsmyndir og myndir af íverustöðum sem „hrista upp í viðteknu viðhorfi okkar til rómantískrar tjáningar“, eins og Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur nefnir í inngangi sínum í sýningarskrá. Hann nefnir ennfremur að margir gætu freistast til þess að líta á verk þeirra beggja sem „einskonar sýnisbækur grundvallarviðhorfa í allri myndlist“ en í þeim búi svo miklu meira en það enda þrífist myndlist þeirra beggja í víxlverkun þess þekkta og óþekkta.

Sýningin er opin alla daga milli 13-17.30 og stendur til 4. mars.



**VITINN** Verk eftir Hlaðgerði Írisi Björnsdóttur.



**> Ekki missa af…** síðustu sýningum á leikritinu **Amadeus** í Borgarleikhúsinu. Hádramatískt leikrit **Peters Shäffers** í leikstjórn Stefáns Baldurssonar skartar leikurunum **Hilmi Snæ Guðnasyni** og **Víði Guðmundssyni** í hlutverkum tónskáldanna **Salieris** og **Mozarts** sem kepptu um hylli tónleikagesta og hefðarslektis í Vínarborg.

# Jón Gunnar á ný

Það er ekki á hverjum degi að efnt er til sölusýningar á verkum Jóns Gunnars Árnasonar myndlistarmanna. Hann lést fyrir aldur fram en hafði þá verið áberandi í íslensku listalífi um nokkurt skeið. Jón fæddist 1931 og lést 1989. Hann stundaði nám í Myndlistarskólanum og var við framhaldsnám í London á árunum 1965-1967.

Fyrstu sýningar hans voru á kaffihúsinu Mokka, en með stofnun SÚM listahópsins varð hann einn drifkrafturinn í þeim merka félagsskap þó verk hans sem þar voru sýnd styngju almennt í stúf við verk annarra myndlistarmanna á þeim slóðum: minnisstæðar eru þær allar fyrir óvenjulega skarpa myndvísi í umbreytingu járns og stáls en Jón var skúlptúristi af guðs náð.

Verk Jóns eru engu öðru lík í íslenskri myndlist og ber það að þakka nánum kynnum hans af efninu sem hann skóp í, málminum sem hann þekkti af annarri vinnu sinni.

Á sýningunni sem opnar í dag í Gallerí Turpentine í Ingólfsstræti, eru sjö stór verk og nokkuð af skissum. Verð þeirra er frá nokkrum tugum þúsunda í fjórar og hálfa milljón. Vanmat hefur verið á markaði á verkum hans. Stutt er síðan vegg-object eftir hann seldist á uppboði Foldar fyrir fáeina tugi þúsunda meðan raunvirði þess er tífalt miðað við stöðu Jóns og framboð verka hans á markaði.

Sýningin er steinsnar frá fyrsta sýningarstað hans, Mokka, og gamla verkstæðinu hans við Bergstaðastræti sem hann skreytti á sinn hátt skúlptúr sem því miður var numinn burt. Þeir sem ganga framhjá Sólfari hans við Sæbraut vita að verk hans eru máttug.

Sýningin er einstakt tækifæri til þess að sjá verk Jóns á frumstigi í skissum og í lokagerð. Hún verður opin til 4. febrúar. - pbb



**SKÚLPTÚRISTI AF GUÐS NÁÐ** Jón Gunnar Árnason markaði sér fljótt sérstöðu með verkum sínum.



**FRAMTÍÐ MANNKYNS Í HÚFI** Þórunn Erna Clausen í hlutverki sínu í Sælueyjunni eftir Jacob Hirdwall. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Erfðatækni, ást og eilífðin

**Hvernig fer maðurinn með þá þekkingu sem hann öðlast og hversu langt er mannfólkið til í að ganga í leit sinni að heilbrigði, lækningu og eilífu lífi? Í leikritinu Sælueyjan sem Þjóðleikhúsið frumsýnir í kvöld er fjallað um erfðatækni og ást og stærstu spurningar framtíðarinnar.**

Leikstjórinn María Ellingsen fékk upphringingu frá Þjóðleikhúsinu skömmu eftir að hún og aðrir aðstandendur sýningunnar Úlfhamssögu fengu sjö Grímutilnefningar. Það var fyrsta leikstjórnarverkefni Maríu en hún vann leikgerð þess verks upp úr fornhandritum ásamt samstarfsfólki sínu. „Ég kíkti á þetta verk, Sælueyjuna, sem þá var enn í vinnslu og fékk að vita að höfundurinn væri tilbúinn að vinna verkið áfram með leikstjóra. Það er vinnuferli sem mér fellur mjög vel og þegar ég vissi að hópurinn sem stóð að Úlfhamssögu með mér væri til í þetta verkefni slógum við til.“

María vinnur leikgerð verksins ásamt Grétu Maríu Bergsdóttur dramatúrg en auk þess starfa hönnuðirnir Snorri Freyr Hilmarsson, Björn Bergsteinn Guðmundsson og Gideon Kiers að sýningunni líkt og Úlfhamssögu. Um tónlistina sér Ólafur Björn Ólafsson.

Höfundurinn er ungur sænskur leikhúsmaður, Jacob Hirdwall, sem starfað hefur sem dramatúrg, leikskáld, leikstjóri, fyrirlesari, þýðandi og leikari. „Hann er mjög skemmtilegur, djúpþælandi drengur,“ segir María en Jacob ferðaðist á sínum tíma hingað til lands í kjölfar umræðunnar um gagnagrunninn og starfsemi DeCode.

María segir að það mætti vel kenna Sælueyjuna við heimildaleikhús því margt af efniviði Hirdwalls sé tekið beint upp úr blaðagreinum, ritgerðum og viðtölum við fólk. „Þegar við tókum við verkinu var ákveðið að einfalda það til að hægt væri að setja það upp með átta leikurum. Vinnan okkar Grétu fólst í því að meitla verkið – færa það úr heimildabúningnum yfir í dramatíkina.“

María útskýrir að þeirra áherslur hafi miðað að því að færa umfjöllunarefni verksins nær umræðu dagsins í dag – Íslendingar þekki umræðuna um gagnagrunninn að utan og innan og því hafi þær ákveðið að horfa lengra. „Við förum og leituðum til allra sem að þessu máli koma og spurðum hvar víglínan lægi núna?“ útskýrir María og áréttar að eitt það athyglisverðasta við þetta leikrit sé snerting þess við íslenskan samtíma og þær stóru spurningar sem við stöndum öll frammi fyrir. „Vísindasamfélagið stendur á krossgötum eins og það hefur jú oft gert áður en í þetta skipti er það Ísland sem leiðir heiminn að næstu víglínu. Umræðan um gagnagrunninn vekur skjálfta um allan heim sem Jacob nemur og skrifar verk sitt um.“

Söguþráður verksins er sá að einn kaldan haustmorgun finnst maður uppi á hálendi nær dauða en lífi. Hann krefst þess að ná tali af umdeildum forstjóra íslenska erfðagreiningarfyrirtækisins Genome Genetics. Maðurinn trúir forstjóranum fyrir mikilvægu leyndarmáli en ung og metnaðarfull vísindakona, Tekla að nafni, er síðan ráðin til fyrirtækisins. Brátt spinnst flókinn vefur um þessa þremenninga og brátt er framtíð mannkynsins alls í húfi.

María lýsir verkinu sem bæði pólitísku og heimspekilegu leikriti en nefnir að atburðarásin sé reyfarakennd á köflum. „Svo er náttúrlega ástarsaga í miðju þessa alls,“ segir hún, „já og eilífur maður“.

Leikarar sýningarinnar eru Anna Kristín Arngrímsdóttir, Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Trausti Hreinsson. Elma Lísa Gunnarsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson, Kristján Franklín Magnús, Sólveig Arnarsdóttir og Þórunn Erna Clausen. María segir að vinnuferlið hafi verið einstakt. „Það er mjög gefandi að vinna með reyndum, færum og flottum leikurum eins og hér í Þjóðleikhúsinu. Hér er fólk sem er vant að takast á við óhefðbundna hluti og átti margar bestu hugmyndinar að sýningunni.“

kristrun@frettabladid.is



**SAMNEMENDUR LEIKA SAMAN Á NÝ** Sigíður Hulda Geirlaugsdóttir, Sigurður Flosason og Valgerður Andrésdóttir í suðrænni stemningu.

# Brasílísk birta

Kulsæknir tónleikagestir geta hugsað sér gott til glóðarinnar því í kvöld ætlar harla óvenjulegt tríó að veita birtu og yl í íslenska skammdeginu.

Hér á landi er staddur píanóleikarinn Sigríður Hulda Geirlaugsdóttir sem alla jafna leikur listir sínar sunnar á hnettinum en hefur nú fengið liðsinni Sigurðar Flosasonar saxófónleikara og Valgerði Andrésdóttur píanóleikara við að miðla brasilískum tónum hérlendis.

Þess má geta að öll þrjú voru samnemendur í Tónlistarskólanum í Reykjavík á áttunda og níunda áratug síðustu aldar.

Yfirskrift tónleikanna sem fara fram í sal FÍH við Rauðagerði í kvöld er „Brasilísk birta í íslensku skammdegi“ en þar verða flutt verk eftir tónskáldin Mignone, Nazareth, Gnattali og hinn franska Milhaud sem dvaldi í Ríó de Janeiro í byrjun 20. aldarinnar og varð fyrir tónlistarlegum innblæstri.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 í kvöld.

# FYRSTA HJÁLP
## - við kvefi!



## OTRIVIN NEFÚÐI
Fyrir börn og fullorðna.




## STREPSILS HÁLSTÖFLUR
4 bragðtegundir, fæst einnig sykurlaust.




## VECTAVIR FRUNSUKREM
Verkar á öllum stigum frunsunnar.




## VOLTAREN DOLO
Fljótvirkt verkjalyf, verkjastillandi og hitalækkandi.




Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbúprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Rokksveit
Rúnars Júlíussonar
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum
KRINGLU KRÁIN

Brilljantín kynnir POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)
Verkið er aðeins sýnt í viku.
Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20
Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER
Frumsýning Fös 26. jan kl. 20 / Lau 27. jan kl. 20 /
Fös 2 feb. kl. 20 / Lau 3. feb kl. 20
AUSTURBÆR
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

Flagari í framsókn The Rake's Progress IGOR STRAVINSKY
FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni
FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
Landsvirkjun
ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ


Stóra sviðið kl. 20:00
STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter.
Lau. 20/1 nokkur sæti laus, lau. 27/1, fös. 2/2, fös. 9/2.
Fáar sýningar eftir.
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 27/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 4/2 kl. 14:00, sun. 11/2 kl. 14:00.
BAKKYNJUR eftir Evripídes.
Í kvöld fös. 19/1, fös. 26/1, lau. 3/2.
Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýningarnar 18/1 og 19/1. Enginn aðgangseyrir.
Aðeins þrjár sýningar eftir!
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Lau. 20/1 uppselt, mið. 24/1 kl. 14:30 uppselt, lau 27/1, mið. 7/2 örfá sæti laus. fös.2/2, mið. 7/2 örfá sæti laus, lau. 10/2, lau. 17/2 kl. 16:00 nokkur sæti laus, mið. 21/2 uppselt.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.
Kassinn kl. 20:00 forsala hafin
SÆLUEYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Frumsýning í kvöld fös. 19/1 uppselt, lau. 20/1 örfá sæti laus, fös. 26/1, lau. 27/1, örfá sæti laus.
Kúlan
SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 20/1 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 nokkur sæti laus og kl. 14:00 uppselt, sun. 21/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 27/1 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 uppselt og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 11:00, kl. 12:15, kl:14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, lau. 3/2 kl. 11:00, 12:15 og kl, 14:00, sun. 4/2 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00. Síðustu sýningar.
PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00, sun. 18/2 kl. 13.30 og kl. 15:00
Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR"
DAGUR VONAR
ÓFAGRA VERÖLD
Sun 21/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 28/1 kl. 20
Lau 3/2 kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN?
Í kvöld kl. 20
Fim 25/1 kl. 20
Fös 2/2 kl. 20
Lau 10/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20
SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800
MEIN KAMPF
Lau 20/1 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING
Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar
EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Fös 2/2 kl. 20
Sun 4/2 kl. 20
DAGUR VONAR
Sun 21/1 kl. 20 UPPSELT
Fös 26/1 kl. 20 UPPSELT
Lau 3/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 4/2 kl. 20
Fös 9/2 kl 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.
AMADEUS
Lau 20/1 kl. 20
Síðasta sýning
FOOTLOOSE
Lau 27/1 kl. 20
Síðasta sýning
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 21/1 kl. 14
Sun 28/1 kl. 14
Sun 4/2 kl. 14
Sun 11/2 kl. 14
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Í kvöld kl. 20 UPPSELT
Fim 25/1 kl. 20
Fim 8/2 kl. 20 AUKASÝNING
Fös 16/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar
FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI
Börn, 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum.
* Gildir ekki á barnasýningar og söngleiki.
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

# Dauður köttur á veginum



**SVARTUR KÖTTUR** Þráinn Karlsson í hlutverki sínu í írsku uppgjöri við ást og hatur, þráhyggju og vonir. LJÓSMYND: GRÍMUR BJARNASON /LA

Á laugardag er frumsýning hjá Leikfélagi Akureyrar á gráum gamanleik, Svörtum ketti, eftir írska leikskáldið Martin McDonagh. Leikritið er margverðlaunað og hefur víða vakið verðskuldaða athygli. Það er yngra en þau verk Martins sem hér hafa verið flutt bæði sunnan og norðan heiða: Halti Billi og Fegurðardrottningin frá Línakri, en eldra en Koddamaðurinn sem Þjóðleikhúsið flutti fyrir tveimur árum. Um sérstaka hátíðarfrumsýningu er að ræða í tilefni af því að 20. janúar eru 100 ár frá fyrstu frumsýningu í samkomuhúsinu í brekkunni á Akureyri.

Svartur köttur heitir á frummálinu The Lieutenant of Inishmore og er „brjálæðislegt leikrit, fyndið og djarft" segir í tilkynningu LA. Sagan er kynnt svo: „Þetta hófst allt með því að dauður köttur fannst á veginum – besti vinur Patreks í öllum heiminum. Hann leitar hefnda, Mairead leitar að ástinni, allir leita að Patreki úr klandrinu." Þess er ekki getið að þegar verkið var frumflutt fyrir fjórum árum var það talið af flestum gagnrýnendum á Bretlandseyjum harkaleg og háðsleg umfjöllun um ofbeldishringrás hefnda og gagnhefnda milli aðila á Írlandi. Mörgum ofbauð blóðið sem rann en gamansemin fór ekki framhjá neinum. Almennt var Martin hrósað fyrir glæsilega byggingu en ýmsir efuðust um að tilgangurinn helgaði meðalið.

Sagan er reyfarakennd og fyndin, persónurnar vitgrannar en brjóstumkennanlegar, umfjöllunarefnið áleitið og húmorinn flugbeittur. Svartur köttur var frumsýnt í Bretlandi fyrir fjórum árum og var valið gamanleikrit ársins af þarlendum gagnrýnendum. Nú í vor var það svo frumsýnt á Broadway og er sýningum þar nýlega lokið.

Martin McDonagh er í fremsta flokki ungra leikskálda heims um þessar mundir. Verk hans hafa verið sett upp um allan heim en íslenskir áhorfendur hafa barið þrjú verka hans augum; Fegurðardrottninguna frá Línakri (Borgarleikhúsið), Halta Billa (Þjóðleikhúsið) og Koddamanninn (Þjóðleikhúsið). Svartur köttur ber sterk höfundareinkenni McDonaghs þótt húmorinn sé fyrirferðarmeiri en áður. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson. Filippía Elísdóttir hannar leikmynd og búninga en hún er með reyndustu og eftirsóttustu búningahönnuðum landsins. Hún hefur þó ekki áður hannað leikmynd fyrir leikhús. Þórður Orri Pétursson hannar lýsingu.

Hljómsveitin SKE semur, útsetur og flytur tónlist og þýðingu annaðist Hávar Sigurjónsson. Ragna Fossberg hannar gervi. Leikarar eru: Guðjón Davíð Karlsson, Þráinn Karlsson, Ívar Örn Sverrisson, Gísli Pétur Hinriksson, Ólafur Steinn Ingunnarson, Páll S. Pálsson og Þóra Karítas Árnadóttir.

**- pbb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

16 17 18 **19** 20 21 22

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 21.00 Hljómsveitirnar **Mammút** og **Slugs** leika á Café Amsterdam.

### OPNANIR

☐ 17.00 **Stephan Stephensen**, öðru nafni **President Bongo**, opnar ljósmyndasýningu í **101 Gallerý** við **Hverfisgötu.**

### SÝNINGAR

☐ 09.00 Í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem tæplega þrjátíu íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu.

☐ 10.00 Á sýningunni **Uncertain States of America** í **Listasafni Reykjavíkur**, **Hafnarhúsi**, sýna 45 vonarstjörnur bandarískrar samtímalistar það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag. Sýningin stendur til 21. janúar.

☐ 11.00 Færeysku listmálarnir **Edward Fuglø**, **Astri Luihn**, **Sigrun Gunnarsdóttir**, **Torbjørn Olsen**, **Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningarmiðstöð Hafnarfjarðar í **Hafnarborg**. Sýningin stendur til 4. febrúar.

☐ 11.00 Sýning á verkum **Guðrúnar Öyahals** myndlistarmanns hefur verið opnuð á 1. hæð **Grófarhúss**, **Tryggvagötu** 15.

☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar.

☐ 15.00 **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast **Les yeux de l'ombre jaune** eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Bateman ber heitið **Tyrfingar**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

ÞORRABLÓTSDANSLEIKUR
Harmonikufélags Reykjavíkur
laugardagskvöld 20. janúar kl. 22:00
í Kiwanissalnum Engjateigi 11 Reykjavík.
Allir velkomnir. - Aðgangseyrir kr. 1.500.

GERÐUBERG
www.gerduberg.is

Sólin hefur enn ekki sungið sitt síðasta
Ritþing Ingibjargar Haraldsdóttur
Laugardaginn 20. janúar kl. 13:30 - 16:00
Samstarf við Eddu útgáfu
Frá Kölska til kynlífs - Málþing um þýðingar
Sunnudaginn 21. janúar kl. 13:30 - 16:00
Samstarf við Jón á Bægisá - Tímarit þýðenda og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur
Síðasta sýningarhelgi!!!
Guðrún Bergsdóttir - Hugarheimar
Útsaumsmyndir og túsSteikningar
Þetta vilja börnin sjá!
Myndskreytingar úr barnabókum 2006
Brot af því besta
úr listsmiðjunum Gagn og gaman
Vissir þú...
...að í Gerðubergi er góð aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og móttökur
Sjá nánari upplýsingar á www.gerduberg.is
Sýningarnar eru opnar virka daga frá kl. 11 -17 og um helgar frá kl. 13 - 16
Gerðuberg • sími 575 7700

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ




# FRUMSÝND Í DAG!

VESTURPORT í samstarfi við ARTBOX, KLIKK PRODUCTIONS og KÖGGULL KVIKMYNDAGERÐ kynnir

Kvikmynd eftir RAGNAR BRAGASON

Aðalhlutverk INGVAR E.SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, VÍKINGUR KRISTJÁNSSON ofl.

Framleiðendur GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, INGVAR E.SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, RAGNAR BRAGASON og VÍKINGUR KRISTJÁNSSON Executive Producer KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR / B.T.B

Stjórn kvikmyndatöku BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON Klipping SVERRIR KRISTJÁNSSON

Tónlist PÉTUR ÞÓR BENEDIKTSSON Hljóðhönnun HULDAR FREYR ARNARSON

Handrit RAGNAR BRAGASON, INGVAR E.SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, VÍKINGUR KRISTJÁNSSON & LEIKHÓPURINN

Leikstjórn RAGNAR BRAGASON

Styrkt af KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

GK REYKJAVÍK


NORAH JONES


CLAP YOUR HANDS SAY YEAH

## Í SPILARANUM

Norah Jones - Not Too Late
The Good The Bad & The Queen - The Good The Bad & The Queen
Chris Garneu - Music for Tourists
Menomena - Friend And Foe
Clap Your Hands Say Yeah - Some Loud Thunder

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Ewan leiki Cobain

Skoski leikarinn Ewan McGregor er talinn líklegastur til að fara með hlutverk Kurts Cobain, fyrrverandi söngvara Nirvana, í nýrri mynd um ævi hans.

„Nokkrir leikarar hafa verið nefndir í tengslum við hlutverkið en Ewan virðist vera fyrsti valkostur,“ sagði heimildarmaður dagblaðsins The Daily Express. McGregor hefur áður leikið rokkara í myndinni Velvet Goldmine, auk þess sem hann vakti athygli fyrir sönghæfileika sína í Moulin Rouge!

Courtney Love, ekkja Cobains, fundar um þessar mundir með framleiðendum í Hollywood um gerð myndarinnar. Verður hún byggð á ævisögunni Heavier Than Heaven eftir Charles Cross.

Ekki er talið að félagar Cobains úr Nirvana, Dave Grohl og Kris Novoselic, muni koma nálægt gerð myndarinnar, enda hafa þeir og Love lengi eldað grátt silfur saman.


**KURT COBAIN** Mynd um rokkarann látna er væntanleg á hvíta tjaldið.


**EWAN MCGREGOR** Skoski leikarinn mun hugsanlega leika Kurt Cobain í nýrri kvikmynd.



> **Plata vikunnar**

Patrick Watson - Close to Paradise

★★★★

„Þegar hann heimsótti okkur á Airwaves hafði enginn hugmynd um hver hann var, en Patrick Watson er undrabarn og þessi nýja plata hans meistarastykki.“ BÖS



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Tónlist er ódýrari á netinu*

Að panta tónlist á netinu er góð skemmtun. Þó að plötubúðir hér í Reykjavík séu furðu margar og góðar miðað við stærð markaðsins þá verður að segjast alveg eins og er að oft getur verið mun hentugra að panta á netinu.

Ástæðurnar fyrir því að maður pantar á netinu en skreppur ekki í næstu plötubúð eru margar. Í fyrsta lagi er úrvalið á netinu, þar er öll tónlist! Alveg sama hverju maður er að leita að þá er hægt að finna tónlistina á netinu, þó stundum sé hún vandfundin en hún er þarna. Úrvalinu er talsvert ábótavant hér á landi og þar að auki berast nýjustu titlarnir hingað oft bæði seint og illa eða jafnvel einfaldlega ekki.

Stærsti kostur þess að kaupa inn plötur á netinu er hins vegar verðið. Oftast eru plöturnar seldar þar á innan við þúsund krónur. Amazon selur til dæmis sjaldnast plötur yfir fjórtán dollurum. Hins vegar má ekki láta glepjast af þessu verði, ekki alveg strax. Við þetta bætist síðan flutningskostnaður sem á sumum stöðum getur hækkað verðið á plötunni um allt að 100%. Við þetta bætist svo hin óþolandi bið eftir pakkanum. Rétt rúm vika er venjulegur biðtími og er þá komið með hann upp að dyrum. Ef pakkinn hins vegar lendir í því að eðlileg tollskoðun getur ekki farið fram þá getur biðin verið allt að tveimur mánuðum. Allir pakkar mínir frá vefversluninni Insound hafa sem dæmi tekið svo langan tíma. Ástæðan er yfirleitt sú að ekki er kvittun framan á kassanum og því þarf að dröslast upp á Stórhöfða og framvísa kvittun.



Og þá eru ónefnd tollgjöldin; tollur (10% samkvæmt tollur.is), hinn fasíski 24,5% virðisaukaskattur (líka af tollinum!) og síðan meðhöndlunargjald. Þumalputtareglan er sú að um 500 krónur bætist við hvern disk. Þrátt fyrir þetta eru diskarnir iðulega ódýrari eftir þetta ferli en úti í næstu plötubúð. Hvers vegna er það?

Oft sleppur maður reyndar við að borga tollgjöldin. Til dæmis ef pantað er beint af listamönnum, einstaklingum eða sumum plötufyrirtækjum þá áttar pósturinn sig ekki á því að pakkinn sé í raun og veru tollskyldur. Ekki amalegt að fá glænýjan disk sendan heim að dyrum, þurfa að greiða innan við þúsund krónur fyrir hann og biðin ekki nema vika.

Að lokum vil ég þó hvetja fólk til þess að KAUPA plötur, hvort sem það er hérlendis eða erlendis. Svo vil ég einnig enn og aftur hvetja stjórnvöld til þess að lækka virðisaukaskatta á tónlist áður en þau ganga af bransanum dauðum.

# Það sem Damon gerði næst

**Damon Albarn er duglegur við að finna sköpunarþörfinni nýjan farveg. Nú kynnir hann til sögunnar ofursveitina The Good The Bad & The Queen sem auk hans er skipuð gamla Clash bassaleikaranum Paul Simonon, afró-beat goðsögninni Tony Allen og Verve-gítarleikaranum Simon Tong. Trausti Júlíusson lagði við hlustir.**


**SÚPERGRÚPPA** Tónlist The Good The Bad & The Queen mætti kalla enskt fjölbragðapopp.

Ef maður ber saman alla þá tónlist sem Damon Albarn hefur gert á ferlinum þá rennur það upp fyrir manni hvað hann er í raun ofboðslega fjölbreyttur tónlistarmaður. Ólíkt t.d. Oasis sem hefur hljómað eins frá byrjun þá tók tónlist Blur miklum breytingum frá plötu til plötu og önnur verkefni Damons, hip-hop poppsmellasmiðjan Gorillaz og samstarfsplatan sem hann gerði með malískum tónlistarmönnum eru frekari staðfesting á fjölbreytninni. Nýja hljómsveitin hans, The Good The Bad & The Queen er svo enn eitt afbrigðið. Fyrsta plata þeirrar sveitar sem heitir í höfuðið á henni kemur út á mánudaginn.

### Tóku fyrst upp plötu 2004

Sögu The Good The Bad & The Queen má rekja aftur til Blur lagsins Music is my Radar sem sveitin hljóðritaði fyrir safnplötuna Best of Blur sem kom út árið 2000. Þar syngur Damon m.a. „Tony Allen got me dancing“. Tony heyrði þetta og bauð Damon að koma og hitta sig í París. Þeir náðu vel saman og árið 2004 tóku þeir upp plötu í Nígeríu ásamt gítarleikaranum Simon Tong. Þær upptökur þóttu hins vegar ekki alveg nógu spennandi þannig að Damon datt í hug að hringja í Paul Simonon og bæta honum í hópinn. Damon, Paul, Simon og Tony byrjuðu svo upp á nýtt og tóku upp plötu í London undir stjórn Danger Mouse sem einnig hafði stjórnað upptökum á annarri plötu Gorillaz, Demon Days.

### Súpergrúppa

The Good The Bad & The Queen er sannkölluð súpergrúppa. Tony Allen sem er 66 ára gamall spilaði á trommur í hljómsveit nígerísku afró-beat stórstjörnunnar Fela Kuti. Hann hefur sjálfur gefið út fjölda platna með eigin sveit bæði fyrir og eftir dauða Fela úr alnæmi í ágúst 1997. Afró-beat er tónlist sem blandar saman bandarísku fönki í anda James Brown og afrískri tónlist. Margar af plötum bæði Fela og Tony Allen eru algjör snilldarverk sem menn ættu ekki að hika við að tékka á.

Simon Tong var gítarleikari The Verve eins og áður segir. Hann var líka tónleikagítarleikari Gorillaz. Paul Simonon var bassaleikari The Clash. Hann hefur lítið fengist við tónlist eftir að The Clash hætti, en var þó í hljómsveitinni Havana 3AM snemma á tíunda áratugnum. Hann hefur einbeitt sér að listmálun undanfarið og á m.a. myndirnar sem prýða umslag plötunnar. Paul er þekktur fyrir að vera reggí- og dub-hneigður bassaleikari eins og heyrist best á laginu Guns of Brixton á London Calling sem hann samdi og söng.

### Enskt fjölbragðapopp

Tónlistin á The Good The Bad & The Queen er nokkuð fjölbreytt. Inn í hana blandast ólík áhrif. Dub-bassaleikur Pauls Simonon er áberandi. Textarnir fjalla um London og platan hljómar mjög ensk. Að sögn Damons var það Danger Mouse sem átti hugmyndina að því að gefa plötunni enskan hljóm. Þetta er poppplata, en þó að það sé fullt af flottum melódíum að hætti Damons þá er þetta tilraunkennt og fljótandi popp, ekki einfaldir smellir. Orðið fjölbragðapopp kemur upp í hugann. Það kemur reyndar á óvart hvað hlutur Tonys Allen er rýr á plötunni, en þetta er plata sem vinnur mikið á við frekari hlustun. Flott plata og enn ein skrautfjöðurin í hatt Damons Albarn.






## BRENNSLAN JÓN BJÖRN RÍKHARÐSSON

# Rokkað á blandspólu

„Þar sem ég kann ekki að skrifa diska hef ég ákveðið að gera blandspólu eins og við félagarnir kölluðum það þegar við vorum litlir. Vitaskuld er hún tekin upp af vínylplötum á krómkassettu. Ég mana alla til að dusta rykið af kasettutækjunum og búa til eina slíka,“ segir Jónbi, trommari Brain Police.

**Lag 1: Speed King - Deep Purple.** „Þessi ruslatunnubyrjun er bara snilld og lagði línurnar fyrir rokkið sem koma skyldi. Ian Pace sýnir hvers megnugur hann er. Einn af tveimur trommurum sem ég lít mest upp til.“

**Lag 2: 25 or 6 to 4 - Chicago.** „Ég heyrði þetta lag fyrst heima hjá félaga mínum eftir gott gigg. Það bjargaði deginum og er sérlega hressandi til að hlusta á nú í mesta skammdeginu.“

**Lag 3: Tomorrow Night - Atomic Rooster.** „Mætti halda að Wolfmother hefðu hlustað eitthvað aðeins á þessa drengi. Frábært band, trommur, gítar og Hammond-orgel. Gríðarlegt grúv og seiðandi kúabjalla!!“

**Lag 4: Tomorrow Never Knows - The Beatles.** „Besta lag Bítlanna. Geggjaður afturábak gítar við hrikalega grúvaðan trommutakt. Ringo í sínu besta formi, mjög vanmetinn snillingur þar á ferð.“

**Lag 5: Showdown - E.L.O.** „Flottur hetjufílingur í gangi. Eitt af þessum lögum sem kemur manni í góðan fíling og hentar vel á rúntinum.“

**Lag 6: Green Machine - Kyuss.** „Fyrst við erum á rúntinum þá er ekki úr vegi að skipta niður í 3ja og halda út á þjóðveginn. Ég væri ekki hér í dag ef það væri ekki fyrir þessa menn.“

**Lag 7: Ghosts of War - Slayer.** „Dave Lombardo! Þarf ekki að segja meira.“

**Lag 8: Nobody´s Fault But Mine - Led Zeppelin.** „Guðfaðir minn grúvar þarna af sér spikið. Ein mesta perla sem Zepparарnir skildu eftir sig í flóði tónsnilldar.“


**JÓNBI** Trommari Brain Police hefur rokkið í fyrirrúmi á „blandspólunni“ sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**Lag 9: Powerslave - Iron Maiden.** „Þegar allir voru að nota tvær bassatrommur þá kom Nicko McBrain bara með eina! Eitt af mínum uppáhaldslögum þessa dagana.“

**Lag 10: Black Diamond - Kiss.** „Eitt besta endalag allra tíma. Þegar ég var 5-6 ára þá dró ég pabba út í búð og heimtaði að hann keypti Destroyer með Kiss og það varð ekki aftur snúið.“



**TOTO** Hljómsveitin Toto heldur tónleika í Höllinni 10. júlí næstkomandi.

# Miðasala á Toto í dag

Miðasala á tónleika Toto í Laugardalshöll þann 10. júlí hefst í dag. Hljómsveitin á farsælan 30 ára feril að baki og hefur selt yfir 25 milljónir platna.

Á meðal frægustu laga Toto eru Hold the Line, Rosanna og Africa. Björgvin Rúnarsson, tónleikahaldari hjá 2B Company, segir Toto frábæra á tónleikum. „Ég get nefnt að Vignir Snær Vigfússon sá þá í Amsterdam og sagði tónleikana með því flottara sem hann hefði séð,“ segir hann. „Þeir eru í hörkuformi og við ætlum sjálfir á tónleikana 19. mars í Amsterdam.

Miðasalan hefst klukkan 10.00 á midi.is. Miðaverð er 7.400 kr í stúku og 5.300 í stæði.



**TRENT REZNOR** Næsta plata Nine Inch Nails er væntanleg í apríl.

# Year Zero væntanleg

Næsta plata hljómsveitarinnar Nine Inch Nails, Year Zero, er væntanleg í apríl. Síðasta plata sveitarinnar, With Teeth, kom út fyrir tveimur árum og fékk góðar viðtökur.

„Þið eigið eftir að sjá og heyra hvernig nýja platan verður. Sum ykkar eiga örugglega eftir að hata hana en öðrum á eftir að finnast hún besta plata sem ég hef gert. Hún er öðruvísi en fyrri plötur mínar á marga vegu og hún endurspeglar ástand mitt í dag,“ sagði forsprakkinn Trent Reznor.



**ASH** Söngvari Ash ætlar að gefa út lagið Glow á smáskífu.

# Gefur út smáskífu

Tim Wheeler, söngvari hljómsveitarinnar Ash, gefur þann 20. mars út lagið Glow á smáskífu. Lagið var unnið í samvinnu við upptökustjórann Arthur Baker. Hann hefur áður unnið með þekktum nöfnum á borð við New Order og Bob Dylan.

Ekki er langt síðan gítarleikari Ash, Charlotte Hatherley, ákvað að hefja sólóferil eftir níu ára veru í sveitinni. Ash, sem vinnur nú að sinni sjöttu plötu í New York, ætlar á tónleikaferð um Bretland þann 19. febrúar undir yfirskriftinni Higher Education.

# Miklu stærri og betri

Bandaríska hipparokksveitin Kings of Leon gefur út sína þriðju plötu, Because of the Times, 2. apríl næstkomandi.

Fyrsta smáskífulag plötunnar, On Call, fer í spilun 26. mars. „Lögin eru miklu stærri en áður og þessi hljómsveit er orðin miklu betri,“ sagði söngvarinn og gítarleikarinn Caleb Followill.

Platan var tekin upp af þeim Ethan Johns og Angelo, sem einnig tóku upp fyrstu tvær plötur sveitarinnar, Youth and Young Manhood árið 2003 og Aha Shake Heartbreak sem kom út ári síðar. Fengu þær báðar mjög góðar viðtökur þar sem lög á borð við Molly´s Chambers, Red Morning Light og The Bucket vöktu mikla athygli. Var nýja platan tekin upp í tveimur hljóðverum, annað er í Nashville og hitt í Los Angeles. „Sumir greindu ákveðin þroskamerki á Aha Shake Heartbreak frá Youth and Manhood en í þetta sinn er enginn vafi um það. Ég held að breytingarnar komi í ljós um leið og fólk hlustar á plötuna,“ segir Followill.



**KINGS OF LEON** Bandarísku rokkararnir í Kings of Leon eru að gefa út sína þriðju plötu.

## > Lög vikunnar

**Kaiser Chiefs - Ruby**
Nýja lagið gefur góð fyrirheit um næstu plötu.

**Laddi - Tvær úr Tungunum**
Ein af perlunum á safnplötu Ladda.

**James Morrison - Pieces Dont Fit Anymore**
Hnakkarnir fá bara ekki nóg af þessum dreng.



**Muse - Starlight**
Sólargeisli á köldum degi.

**Damien Rice - Coconut Skins**
Rice klikkar seint.




**Veittu vellíðan – gefðu bónda þínum gjafakort í NordicaSpa**



Gjafakort í heilsulind NordicaSpa er tilvalin gjöf. Við bjóðum upp á fyrsta flokks snyrtimeðferðir fyrir andlit og líkama og ýmsar tegundir af nuddi.

Hægt er að kaupa gjafakort fyrir ákveðna upphæð, í tiltekna meðferð og ýmsa spa pakka. Einnig er hægt að kaupa gjafakort í heilsuræktina – meðlimakort, einkaþjálfun eða námskeið. Við aðstoðum þig við að finna réttu gjöfina handa þeim sem þú vilt gleðja.

Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega vellíðan og er Nordica Spa heimur út af fyrir sig.

**Opnunartímar:**

Mán-fimmtd 6:00–21:00 Laugd 9:00–18:00
Föstudaga 6:00–20:00 Sunnd 10:00–16:00

NORDICASPA



Nordica Hotel ▪ Suðurlandsbraut 2 ▪ Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is ▪ www.nordicaspa.is

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

## REYKJAVÍKURNÆTUR: HARPA PÉTURSDÓTTIR FÓR Á SKÍÐI

# Ást af öllu tagi



Jæja, í dag er fimmti í skíðum í Selva og ég er barasta að verða ansi sleip í brekkunum. Við komum á hótelið síðla kvölds en hlupum auðvitað beinustu leið út að kaupa skíðapassann til að geta örugglega tekið fyrsta daginn alveg frá opnun. Æsingurinn við að komast á skíði var gífurlegur og fólk hreinlega slóst um plássin í gondólunum og sætin í stólunum.

Þegar við gátum náð ró okkar á ný skoðuðum við hótelið sem kom í ljós að er lúxus út í gegn. Morgunverðarhlaðborðið er svo fjölbreytt að við eigum í stökustu vandræðum með að koma öllu niður sem okkur langar í. Kvöldmaturinn er margréttaður og sérvalið vín með hverjum rétti. Í gær fórum við svo í vínsmökkun með „sommeliernum“ okkar í vínkjallaranum sem er einmitt staðsettur gegnt spa-inu sem býður upp á allar tegundir af sauna, böðum og nuddi. Ofan á allt saman bætist svo við að hér er nostrað við okkur og stjanað eins og við séum kóngafólk! Ég get svo svarið það að mér hefur aldrei fundist ég jafn ótrúlega merkilegur einstaklingur og hér. Maður er svo sannarlega settur á stall. En það kostar líka sitt. Víst er að ekkert er ókeypis í þessum heimi og hér er engin undantekning þar á.

Ég verð þó að játa það að Ítalirnir gera þetta vel og af ástríðu. Þeir elska hreinlega matinn sinn og vínið sitt. Þeir hafa líka þjónustulund og vilja gera allt vel. Í vínsmökkuninni sagði þjónninn: „In Italy, everything is small!“ sem er svo sannarlega rétt því þeir setja gæði fram yfir magn í því sem þeir taka sér fyrir hendur. Það heitir sönn ást!

Ég hef líka komist að því í þessari ferð að Ítalir kunna svo sannarlega að meta konur. Ég var svo séð að fara í nokkra skíðatíma. Það er svo sem ekki í frásögur færandi að skíðakennararnir döðruðu stíft á milli þess sem þeir fóru með mig í tækniæfingar og skíðaþrautir. Ég hef komið hingað oft áður en aldrei fundið jafn sterkt fyrir ítölsku testósteróni.

Ég fékk þrjá kennara: Florian sem var ungur og villtur foli, Toni, sem var greinilega einu sinni ungur foli og enn villtur og svo Giovanni, sem var ungur en góður foli. Allir voru þeir gífurlega myndarlegir og döðruðu jafn mikið. Svo ég varð hálf feimin allan tímann og einbeitingin lítil. En þeir vildu allir vel og fengu seðil að launum fyrir skjallið.

Ég get sagt ykkur það að sólarlandaferðir eru rusl samanborið við þessa ferð, sem er búin að vera einstök. Ég mæli með því að skella sér á skíði og láta nostra við skilningarvitin!



**LINDSAY LOHAN** Leikkonan tvítuga hefur skráð sig í meðferð.

## Lohan í meðferð

Leikkonan Lindsay Lohan er komin í meðferð í Los Angeles vegna vímuefnavandamála sinna. „Ég hef ákveðið að hugsa um heilsu mína. Ég þakka fyrir góðar kveðjur og vonast til að einkalíf mitt verði virt,“ sagði Lohan í yfirlýsingu sinni.

Í síðasta mánuði greindi upplýsingafulltrúi Lohan frá því að leikkonan hefði sótt AA-fundi. Sagðist Lohan þá hafa sótt fundina í eitt ár. „Ég hef ekki drukkið í sjö daga. Ég er ekki einu sinni nógu gömul til þess. Ég drekk ekki þegar ég er á klúbbum en ég drekk með vinum mínum heima hjá mér. Ég þarf þess samt ekki. Mér líður betur án áfengis, það er miklu skemmtilegra,“ sagði hin tvítuga Lohan.

Í júlí síðastliðnum var Lohan lögð inn á sjúkrahús í nokkra klukkutíma vegna vökvataps við tökur á myndinni Georgia Rule. Ekki er langt síðan botnlanginn var tekinn úr henni.

# Kynþáttaníð hjá Stóra bróður

**Allt er í háalofti út af Big Brother þætti í Bretlandi en þar varð einn þátttakandinn fyrir barðinu á kynþáttafordómum.**

Í þættinum létu þær Jade Goody, Danielle Lloyd og Jo O'Meara öllum illum látum og varð hin indverska Shilpa Shetty fyrir kynþáttaníði frá þeim. Ekki stóð á viðbrögðum frá breskum sjónvarps-áhorfendum en kvörtunum rigndi yfir Ofcom-fyrirtækið sem er hálfgerður siðgæðisvörður fyrir breskt sjónvarpsefni. Framleiðendur þáttarins, sem sýndur er á Channel 4, lýstu því yfir í gær að engir kynþáttafordómar hefðu komið í ljós í þættinum og töldu málið hafa verið blásið upp.



**JADE GOODY** Er sökuð um að svívirt indversku þjóðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

„Vissulega áttu sér stað átök milli ólíkra menningarhópa og stétta,“ sagði í yfirlýsingu frá stöðinni. Shilpa Shetty sjálf vísaði þessum fullyrðingum stöðvarinnar á bug og taldi að orð stúlknanna þriggja hefðu verið meiðandi í hennar garð og Indverja almennt. Vinir þeirra Goody, Lloyd og O'Meara reyndu að verja sitt fólk og sögðu að engin þeirra hefðu orð á sér fyrir að vera rasisti. Vinirnir lýstu hins vegar allir yfir að þeir hefðu orðið fyrir vonbrigðum með þær og hegðun þeirra í garð Shetty.

Ekki sér fyrir endann á deilunni og hafa stjórnmálaleiðtogar í Bretlandi lýst yfir megnustu óbeit á framferði bresku stúlknanna. Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, gat varla hugsað sér verri byrjun á heimsókn sinni til Indlands og sagði að kynþáttafordómar ættu ekki að líðast meðal bresku þjóðarinnar. Forsætisráðherrann Tony Blair tók undir þau orð og lýsti því yfir að Bretar væru andsnúnir allri kynþáttahyggju. Í gær svaraði David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, tölvupósti frá lesendum vefsíðu BBC og taldi að þátturinn hefði farið yfir öll velsæmismörk. „Þessu verður að linna,“ skrifaði Cameron og vildi hætta sýningum á þættinum.

Hálfgerð milliríkjadeila vofir yfir milli Bretlands og Indlands og hafa indversk stjórnvöld lýst því yfir að þau muni taka á málinu af heilbrigðri skynsemi. „Fordómar eiga ekki heima hjá siðmenntuðum þjóðum,“ sagði Anand Sharma, aðstoðarmaður utanríkisráðherra Indlands. Mótmælendur hafa safnast fyrir á götum úti víðs vegar um Indland og brennt vörumerki tengd sjónvarpsþættinum. Umboðsmaður Shilpa Shetty, Jaz Barton, hefur aftur á móti reynt að þagga andmælin niður og sagði þátttakendurna ekki hafa hugmynd um hvað þeir hefðu verið að segja. „Þetta var sagt af fáfræði og öfund,“ sagði Barton. „Stúlkurnar verða fyrir áfalli þegar þær gera sér grein fyrir afleiðingum orða sinna.“

Málið hefur fengið mikla umfjöllun í heimspressunni og hafa virtar fréttastöðvar á borð við CNN fjallað ítarlega um málið. Big Brother-þættirnir eru meðal vinsælustu raunveruleikaþátta í Bretlandi og er talið að um fimm milljónir manna horfi reglulega á þá.



**SHILPA** Varð barðinu á kynþáttafordómum í sjónvarpsþættinum Celebrity Big Brother.







# BT ÚTRÝMINGARSALA

## FARTÖLVA



- 200GB diskur -Fyrir gögnin
- GeForce Go 7300 -Fyrir leikina
- Core 2 Duo -40% hraðvirkari
- 2GB minni -Fyrir vinnsluna

26.000.- AFSLÁTTUR

**TOSHIBA**
PSAA9E-0PP043N5
TOSHIBA SATELLITE A100-998
Intel® Core 2 Duo T5500
15.4” WXGA TrueBrite
NVIDIA® GeForce™ Go 7300
- up to 512MB Hypermemory
2GB DDR Minni (Mest 4GB)
200GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 5 - 1
Vökvaþolið lyklaborð

15.799*
215.588

| 7.086 | 15.799 | 189.588 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | *Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## FARTÖLVA



- Aukin gagnavernd -3D shock
- 5 klst -Rafhlöðuending
- Core 2 Duo -40% hraðvirkari
- Aðeins 1,86 kg -Fislétt

40.000.- AFSLÁTTUR

**TOSHIBA**
PLUA1E-01801KN5
TOSHIBA SATELLITE U200-198
Intel® Core 2 Duo T5500
12.1” Wide XGA skjár
512MB DDR Minni
60GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort Intel ABG
Kortalesari 4 - 1
BlueTooth
Fingrafaralesari - Biometric
Windows XP Professional

11.666*
179.992

| 5.304 | 11.666 | 139.992 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | *Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## TEXTASKANNI

25% LÆKKUN



HIPXP2TPAIN480
IRISPEN MINI
Les texta inn í Word ofl.
Styður íslenska stafi!

12.999
16.999

## HARÐUR DISKUR

7.999

250 GB



WD2500JB
Western Digital 250GB
7200RPM 8MB

## FLAKKARI

3.000 AFSLÁTTUR



LACIE
301063EK
LaCie 300GB LACIE BRICK
USB2 8MB

16.999
19.999

## LYKLABORÐ

67% LÆKKUN

Með ábrenndum íslenskum stöfum.



14883-TRU
TRUST SLIMLINE ÍSLENSKT
LYKLABORÐ
Ábrenndir íslenskir stafir

999
2.999

## HÁTALARAR



43% LÆKKUN

14931-TRU
TRUST 2.0 HÁTALARAR 2200

1.999
3.499

## LJÓSMYNDA PRENTARI

Prentar - skannar - ljósritar

25% LÆKKUN



Q8160B
HP PHOTOSMART C3180 ALL IN ONE
Jaðarlaus prentun
USB og PictBridge tengi
Innbyggður Kortalesari

8.999
11.999

## HEYRNARTÓL

27% LÆKKUN



3.499
4.499

## STAFRÆNN SENDIR



25% LÆKKUN

Logitech
980441-0914
LOGITECH WIFI SYSTEM MP3/IPOD
Stafrænn þráðlaus sendir frá iPod
eða MP3 spilara í hvaða græjur
sem er!

12.999
16.999

## LJÓSMYNDA PRENTARI

SONY



64% LÆKKUN

6.999
14.999

DPPFP35
SONY MYNDAPRENTARI FP35




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 |
| APOCALYPTO | kl. 5, 8 og 10.55 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50 B.I. 7 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ÍSL. TAL | kl. 3.40 |
| ERAGON | kl. 3.40 B.I. 10 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 10.10 B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 6, 8.20 og 10.40 |
| APOCALYPTO | kl. 6 og 9 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.50 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 10.10 B.I. 14 ÁRA |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| APOCALYPTO | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 6 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is

BÍÓ.IS – allt á einum stað

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíó merktar með rauðu








# Kynlífsmyndband fer sem eldur í sinu um netið

**Undanfarna daga, og einkum í gær, fór myndband sem sýnir Guðmund Jónsson í Byrginu í kynlífsathöfnum ásamt stúlku sem þegar hefur kært Guðmund fyrir nauðgun, eins og eldur í sinu um netið.**



**GUÐMUNDUR Í BYRGINU** Myndband sem sýnir hann í kynlífsathöfnum með ungri stúlku hefur gengið sem eldur í sinu um netið. Má ætla að tugþúsundir manna hafi skoðað það á netinu í gær og á umliðnum dögum.

Fram hefur komið í fréttum að Guðmundur hyggst kæra á móti. Nauðgun. Að stúlkan hafi byrlað sér smjörsýru og hann þannig viljalaust verkfæri í höndum hennar. Á myndbandinu er Guðmundur vissulega í hlutverki „fórnarlambs“ en erfitt mun reynast að halda því fram að hann hafi verið nauðugur sem slíkur.

Myndbandið fór eins og eldur í sinu um netið í gær. Fréttablaðið náði tali af ungum manni sem skráður er fyrir netsíðunni http://influks.com sem um hríð hýsti þetta myndband. Hann vill ekki undir nokkrum kringumstæðum koma fram undir nafni, vill ekki láta bendla sig við málið, en segir að hýsingin hafi einungis verið hugsuð fyrir þröngan vinahóp. Hefur síðan verið tekin niður. Ekki hafi verið ætlunin að hafa myndbandið uppi til sýnis fyrir alla þjóðina. En sett var vísun á síðuna með hlekk á tenglanetsíðunni 69.is. Maðurinn áætlar að um 40 til 50 þúsund gesta hafi farið inn á síðuna. Hún var sett upp seint að kvöldi miðvikudags. Að sögn mannsins hefur myndbandið verið hýst á fleiri síðum auk þess sem myndbandið hafi gengið manna á milli í tölvupóstum. Sjálfur segist hann hafa fengið það á irc-spjallforriti.



**ÞÓRÐUR SVEINSSON** Segir netið alls ekki undanþegið lögum um dreifingu óhróðurs sem og viðkvæma persónuupplýsinga. Þannig að fjöldi Íslendinga hefur framið lögbrot að undanförnu.

Síðan, sem hýst er úti í Bretlandi, fór svo upp aftur um stundarsakir seinnipart gærdags og notaði þá 640 megabit af umferð til útlanda á sekúndu, sem þýðir 25 prósent af allri netumferð til útlanda! Ísland er með um 2 til 3 gígabita notkun á sekúndu. Þannig að ekki vantar áhugann.

Skilja má að hinn ungi maður vilji hvergi láta bendla sig við hýsingu og þar með dreifingu á myndbandinu. En ef að líkum lætur hafa fjölmargir gert sig seka um ólöglegt athæfi á undanförnum dögum. Að sögn Þórðar Sveinssonar lögmanns hjá Persónuvernd er það alveg óyggjandi að samkvæmt lögum er stranglega bannað að dreifa óhróðri sem og viðkvæmum persónuupplýsingum.

„Alveg sömu lög gilda um dreifingu slíks efnis á netinu sem og á öðrum vettvangi,“ segir Þórður. Hann segir hins vegar misvel ganga að rekja slíkt og finna hvar ábyrgðin liggur.

„Það getur reynst erfiðleikum bundið í praxís að upplýsa slík brot og koma ábyrgð yfir á þá sem framið hafa verknaðinn,“ segir Þórður.

Ekki hafa mörg mál komið upp þar sem birting slíkra upplýsinga á netinu á í hlut og Þórður man helst eftir tölvupóstmálum Jónínu Benediktsdóttur.

Þórður segir afar fá mál sem varða persónuupplýsingar á netinu hafa komið til kasta dómstóla og enginn á Íslandi hefur enn verið dæmdur fyrir slíkt. Fólk hefur ekki mikið kært í slíkum málum. En Þórður býst fastlega við því að þau verði fleiri í framtíðinni í kjölfar aukinnar umræðu um að sömu lögmál gildi um netið sem og aðra miðla.

jakob@frettabladid.is













Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FORELDRAR | kl. 10 | | THE HOLIDAY | kl. 8 | B.i. 7 |
| BABEL | kl. 6 - 9 - 10:30 | B.i.16 | FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 - 8 | B.i. 16 |
| THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 | B.i.12 | DÉJÁ VU | kl. 10:30 | B.i. 12 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:50 | B.i.16 | THE DEPARTED | kl. 10:30 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BABEL | kl. 5:30 - 8 - 10:50 | B.i.16 | THE CHILDREN OF MEN | kl. 8:30 - 10:30 | B.i.16 |
| BABEL VIP | kl. 8 - 10:50 | Leyfð | THE CHILDREN... VIP | kl. 5:30 | |
| FORELDRAR | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | Leyfð | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:20 - 5:40 | Leyfð |
| THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 3:20 | Leyfð |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | Leyfð | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:20 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| FORELDRAR | kl. 6 - 8:30 - 10:30 | Leyfð | |
| THE PRESTIGE | kl. 6 - 8:15 - 10:40 | B.i.12 | |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 10:30 | Leyfð | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 3:40 - 5:50 - 8:10 | Leyfð | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5:45 - 8 - 10:15 | Leyfð |
| HAPPY FEET m/ísl. tali | kl. 5:45 | Leyfð |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE PRESTIGE | kl. 10:15 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BABEL | kl 8 - 10:40 | B.i.16 |
| HAPPY FEET m/ísl. tali | kl. 6 | Leyfð |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl 5:40 | B.i.16 |
| THE PRESTIGE | kl 8 | B.i.12 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl 10:20 | B.i.16 |

www.SAMbio.is | 575 8900

Skráðu þig á SAMbio.is




**FRELSISSTELLINGIN** Stephan breikar við sundlaug Ernest Hemingway þar sem skáldið hélt sín villtustu teiti.

# Breik um allan heim

„Myndirnar eru vísir að stjórnarskrá teknósins,“ segir fjöllistamaðurinn Stephan Stephensen, sem opnaði í gær ljósmyndasýningu í 101 galleríi. Ljósmyndirnar eru um margt sérstakar en þar sést Stephan breika í öllum heimshornum. Stellingin er öll sú sama og hefur verið gefið nafnið „Frelsisstellingin“. „Þetta hefur ljóst og leynt verið aðaláhugamálið, að taka myndir af breiki, á ferðum mínum sem plötusnúður,“ útskýrir hann.

Stephan hefur komið víða við ef marka má myndirnar en hann sést meðal annars breika fyrir framan Lincoln-minnismerkið í Washington, á Rauða torginu í Moskvu og fyrir framan Eiffel-turninn í París. „Svo er mynd af mér fyrir framan sundlaug bandaríska skáldsins Ernest Hemingway í Key West,“ útskýrir Stephan, sem fannst að eigin sögn það tilvalinn staður til að stíga nokkur spor. „Þarna hélt skáldið öll sín villtustu partí,“ segir Stephan.

Fjöllistamaðurinn hefur í mörg horn að snúast um þessar mundir því auk ljósmyndasýningarinnar var nýjasta afurð Gus Gus að koma í hús. „Diskurinn kemur út í lok janúar, fyrst í Þýskalandi og svo hér heima samfara öðrum Evrópulöndum,“ segir Stephan og telur Gus Gus vera eilítið rokkaðri en áður. Hann reiknar fastlega með að hljómsveitin bregði undir sig betri fætinum og haldi í tónleikaferð um Evrópu til að kynna diskinn. „Við erum reyndar ekkert búnir að negla það niður,“ segir Stephan. - fgg



**ÚR NIGHT AT THE MUSEUM** Ben Stiller leikur lánlausan öryggisvörð sem leysir úr læðingi forna bölvun.

# Erfið nótt á safninu

Kvikmyndin Night at the Museum með Ben Stiller, Ricky Gervais og Robin Williams í aðalhlutverkum verður frumsýnd í kvikmyndahúsum hér á landi í kvöld. Myndin fór í efsta sæti bandaríska aðsóknarlistans þegar hún kom út milli jóla og nýárs en eins og Fréttablaðið sagði frá í fyrra ljær Stefán Karl Stefáns nokkrum persónum rödd sína.

Night at the Museum fjallar um öryggisvörðinn Larry sem vinnur á Náttúrugripasafni Bandaríkjanna. Fyrir hreina slysni leysir hann úr læðingi forna bölvun sem gerir að verkum að dýrin sem eru til sýnis vakna til lífsins og valda miklum usla. Áður en nóttin er úti verður Larry að ná stjórn á skepnunum og koma safninu aftur í samt lag. Sér til aðstoðar lífgar hann við fyrrum forsetann og útivistargarpinn Teddy Roosevelt og saman reyna þeir að koma ástandinu í fyrra horf.

# Þýskt teknóstuð

Þýska teknóhljómsveitin Booka Shade, sem er sjóðheit um þessar mundir, spilar á árslistakvöldi Party Zone á Gauknum á föstudag. Sveitin er skipuð þeim Walter Merziger og Arno Kammermeier og hafa þeir sem Booka Shade gefið út tvær plötur á jafnmörgum árum sem hafa báðar fengið góðar viðtökur. Booka Shade hefur skapað sér sinn eigin hljóðheim og stíl sem einkennist af minimalískri og lágstemmdri teknótónlist sem er á sama tíma kraftmikil og magnþrungin.



**BOOKA SHADE** Það verður væntanlega hörkustemning á Gauknum í kvöld.

Á tónleikunum koma líka fram danssveitirnar FM Belfast og Hairdoctor. Jack Schidt leiðir síðan alþjóðlega sveit plötusnúða sem koma fram á báðum hæðum Gauksins. Auk hans þeyta skífum dönsku skvísurnar DJuna Barnes og Miss Lori og breski plötusnúðurinn Darren C.

Stuðið byrjar klukkan 21.00 og er miðaverð 1.990 krónur.

# Hip hop í fjórða sinn

Fjórða hip hop kvöld Triangle Productions verður haldið á Barnum á laugardagskvöld. Fram koma Beatmakin Troopa, Rain, Earmax, Vibe O Razor, Steve Sampling og Raguel.



**RAIN**

Fagnað verður tveimur útgáfum. Vibe O Razor gaf nýverið út sína fyrstu plötu, Worst of, og Rain er að gefa út sína þriðju sólóplötu, Art Made of Garbage. Sú plata verður aðeins fáanleg á tónleikunum í fimmtíu eintökum.

Aðgangseyrir er enginn og hefst stuðið klukkan 22.00.


verðhrun

70% afsláttur

af öllum útsöluvörum

oasis

KRINGLAN | SMÁRALIND | DEBENHAMS

www.oasis-stores.com

## > Kolbeinn æfir með Álasundi

Knattspyrnumaðurinn Kolbeinn Sigþórsson æfir þessa dagana með norska úrvalsdeildarliðinu Álasund. Kolbeinn er 16 ára gamall og yngri bróðir Andra Sigþórssonar, fyrrum atvinnu- og landsliðsmanns. Forráðamenn Álasunds hafa fylgst með Kolbeini í langan tíma og hafa lengi undirbúið heimsókn hans til félagsins. Til stendur að hann spili æfingaleik með aðalliði félagsins gegn Hödd á morgun.
Í síðasta mánuði fór Kolbeinn til Hollands þar sem hann æfði með AZ Alkmaar. Hann lék fimm leiki með HK í sumar og skoraði eitt mark í þeim er liðið tryggði sér sæti í Landsbankadeild karla.

**sport**

sport@frettabladid.is

HALLA GUNNARSDÓTTIR: HEFUR BLANDAÐ SÉR Í SLAGINN UM FORMANNSSÆTIÐ HJÁ KSÍ

# *Fótbolti er landamæralaus leikur*

„Ég er vön því að fara í fullri alvöru í allt það sem ég tek mér fyrir hendur," segir Halla Gunnarsdóttir sem varð í gær þriðji aðilinn til að bjóða sig formlega fram til formanns KSÍ. Halla er kennari að mennt og stundar nám í alþjóðasamskiptum í Háskóla Íslands. Hún er 26 ára og hefur undanfarin ár unnið sem blaðamaður, þáttastjórnandi í sjónvarpi og fyrirlesari.

„Mér finnst margt gott sem KSÍ hefur gert en ég tel mig hafa eitthvað fram að færa sem getur bætt sambandið enn frekar. Mér finnst skömm að því hvernig staðið hefur verið að málefnum kvennaboltans og KSÍ hefur ekki brugðist rétt við gagnrýni varðandi þau málefni. Formaðurinn hefur vikið sér undan því að ræða þessi mál en mér finnst að formaður KSÍ eigi að vera þjónn félaganna sem hann er í forsvari fyrir, bæði lítil og stór félög," segir Halla en litli maðurinn í fótboltanum stendur henni nærri að eigin sögn.

„Ég hef mikla ástríðu fyrir leiknum sem fótbolti er. Ég sé fótboltann fyrir mér sem lífsstíl, þetta er vinsælasta íþrótt í heimi og er á allra vörum. Í litlum sveitahéruðum í Kambódíu eru börn að búa sér til bolta til að geta leikið sér, hafa enga aðstöðu en búa yfir þessari ástríðu sem mér finnst svo heillandi. Fótboltinn er landamæralaus leikur, þvert á alla pólitík, og ég vil ýta undir það. Stétt, staða eða kyn á ekki að skipta máli, þetta er leikur sem við eigum öll að geta verið í," segir Halla sem kallar sig fótboltastelpu.

„Ég hef æft fótbolta síðan ég var krakki. Síðustu ár hef ég verið að leika mér nokkrum sinnum í viku með ákveðnum hópum. Ég er uppalin í Aftureldingu í Mosfellsbæ en hef einnig spilað með Þrótti/Haukum, Leikni Fáskrúðsfirði og liði í Danmörku. Svo hef ég einnig þjálfað, bæði hér á landi og í Taílandi auk þess sem ég kom að uppbyggingu knattspyrnuvalla fyrir sígaunabörn í Rúmeníu sem geta ekki leikið sér með öðrum börnum vegna kynþáttafordóma."



HM Í ÞÝSKALANDI HEFST Í DAG

Ragnar Óskarsson:

# Bíður á fæðingarvaktinni

**HANDBOLTI** Miðjumaðurinn Ragnar Óskarsson er í erfiðri stöðu þessa dagana. Hann er kominn til Magdeburg með íslenska landsliðinu en heima í Frakklandi er eiginkona hans kasólétt af þeirra fyrsta barni.

Áætlaður fæðingardagur barnsins er 10. febrúar en fari svo að eiginkona Ragnars taki léttasóttina á meðan mótið er enn í gangi bíður Ragnar í startholunum tilbúinn að fara til Frakklands. Hann nýtur þar stuðnings landsliðsþjálfarans, Alfreðs Gíslasonar, sem hefur gefið honum leyfi til að skjótast til Frakklands sé það mögulegt þegar að fæðingu kemur. Ragnar sagði við Fréttablaðið í gær að hann léti símann ekki langt frá sér þessa dagana. - hbg

# Áhyggjur af öxl Ólafs

**Íslenska landsliðið í handbolta kom til Þýskalands í gær. Læknir liðsins, Brynjólfur Jónsson, vonast til að hafa minna að gera á þessu móti en á EM í Sviss. Hann segir ekki ljóst hversu mikið Ólafur Stefánsson geti beitt sér á mótinu.**

**HANDBOLTI** Heimsmeistarakeppnin í handknattleik hefst í dag en Íslendingar hefja leik á morgun er þeir mæta Ástralíu. Strákarnir komu til Þýskalands í gær en flogið var til Frankfurt og við tók rúmlega fimm tíma ferð til Magdeburg í lítilli og gamalli rútu.

Sökum slæms veðurs sóttist ferðin til Magdeburg ekki vel og liðið missti af æfingu sem það átti klukkan sjö. Liðið mun æfa einu sinni í dag.

Nokkur óvissa er með hversu mikinn þátt nokkrir leikmanna liðsins geta tekið í mótinu en þeir hafa sumir hverjir átt við þrálát meiðsl að stríða. Mesta áhyggjuefnið er fyrirliðinn Ólafur Stefánsson sem hefur verið slæmur í öxlinni í marga mánuði og í raun hlíft henni í margar vikur.

Brynjólfur Jónsson, læknir landsliðsins, sagði við Fréttablaðið í gær að það kæmi í ljós á mótinu sjálfu hversu mikið álag öxlin á Ólafi þyldi því ekki hefði reynt á það í langan tíma. Það er trosnuð sin í öxlinni á Ólafi og hann mun líkast til þurfa að gangast undir aðgerð vegna meiðslanna næsta sumar.

Annars sagðist Brynjólfur óska þess að ekki yrði jafn mikið að gera hjá honum nú og á EM í Sviss í fyrra er hver leikmaðurinn á fætur öðrum meiddist alvarlega og eyddi Brynjólfur mörgum kvöldum á sjúkrahúsum í Sviss með leikmönnum liðsins.

Roland Valur Eradze markvörður á við svipuð meiðsli í öxl að stríða og Ólafur en Alfreð þjálfari hefur áður sagt að hann búist ekki við því að Roland taki þátt í mótinu nema að takmörkuðu leyti.



**MIKILL FARANGUR** Íslensku landsliðsmennirnir hlaða farangri sínum í rútu liðsins og Ólafur Stefánsson fyrirliði fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hornamaðurinn Alexander Petersson er slæmur í ökklanum og hefur verið í margvíslegri meðferð síðustu vikur. Hann hefur ekki náð sér að fullu, og mun líkast til aldrei gera það, en mun halda áfram að vera í meðferð og svo mun hann væntanlega bíta á jaxlinn eins og hann er frægur fyrir.

Það sama gildir með hann og Ólaf að það á eftir að koma í ljós hversu mikið álag ökklinn þolir. Við vonum það besta enda eru þetta allt lykilmenn sem Ísland þarf á að halda í mótinu.



HM Í ÞÝSKALANDI

**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
*skrifar frá Magdeburg*
henry@frettabladid.is



**FJÖLSKYLDAN MEÐ** Einar Örn Jónsson ásamt syni sínum, Agnari Daða, og eiginkonunni Birnu Ósk Hansdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


STENDUR ÚTBÚNAÐURINN ÞÉR FYRIR ÞRIFUM?

20% AFSLÁTTUR AF RÆSTIVÖGNUM



**Ræstivagn ACE A**
Léttur vagn, fyrir pressu (fylgir ekki með) með hillum og pokastatívi

**Ræstivagn 18L**
Lítil fata fyrir pressu (fylgir ekki með)





**Ruslapokastatív**
á hjólum með loki og fótstigi

**Ræstivagn 25L**
Lítill, léttur vagn með handfangi, bakka og ruslapokastatívi



*Gildir til 28. febrúar eða meðan birgðir endast

Suðurlandsbraut 26
Reykjavík
Sími: 510 0000

Miðási 7
Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Brekkustíg 39
Njarðvík
Sími: 420 0000

Grundargötu 61
Grundarfirði
Sími: 430 0000

BESTA
www.besta.is


Lög Knattspyrnusambands Íslands um ársþing sambandsins gagnrýnd:

# KSÍ gætir ekki jafnréttis kynjanna

**FÓTBOLTI** Halla Gunnarsdóttir tilkynnti í gær framboð sitt til embættis formanns KSÍ. Í kjölfarið fór af stað mikil umræða á netinu, bæði á blogg- og spjallsíðum, um lög KSÍ varðandi ársþing sambandsins.

Þar kemur fram hverjir hafa atkvæðisrétt þegar kemur að formannskjörinu. Félög í efstu deild karla og kvenna fá jafnmarga fulltrúa á þingið en lið í 1. deild kvenna og lið í 3. deild karla fá jafnstóran hlut.

Ein þeirra sem gagnrýndi þetta fyrirkomulag er Elísabet Ronaldsdóttir sem á sæti í ráði Femínistafélags Íslands.

„Hér á landi eru lög sem fara fram á að hlúð sé að jafnrétti kynjanna. KSÍ sinnir því á engan hátt með því að birta sama og engar upplýsingar um kvennaknattspyrnu á heimasíðu sinni og breyta ekki lögum sínum í samræmi við landslögin."

Hjá körlunum fær hvert lið í efstu deild fjóra fulltrúa á ársþinginu, lið í 1. deild fá þrjá, 2. deildarlið fá tvo fulltrúa og lið í 3. deild einn.

Hjá konunum fá lið í efstu deild fjóra fulltrúa og 1. deildarliðin einn fulltrúa.

3. deild karla er skipt í riðla, sem og 1. deild kvenna.

„Þetta er ekki skýrt merki um að KSÍ sjái auð í knattspyrnu kvenna. Þetta er heldur ekki til þess að hvetja konur til að stunda knattspyrnu og fælir þær sem hafa áhuga á íþróttinni í burtu. Ég get tekið sjálfa mig sem dæmi. Minn áhugi er minni af því að ég fæ mörg skýr skilaboð frá þjóðfélaginu um að ég sé ekkert sérstaklega velkomin."

Elísabet telur að konur muni fylkja sér um Höllu í komandi formannskjöri. Það eru þó aðeins fulltrúar aðildarfélaga KSÍ á ársþinginu sem hafa atkvæðisrétt.

„Þetta snýst um hvernig aðildarfélögin meta markmið KSÍ og hvort stuðlað verði að því að gera þessi markmið að veruleika. Ef eitt af þeim er að auka hag KSÍ með því að fá þann fjölda kvenna sem er opinn fyrir því að taka þátt í starfseminni tel ég að Halla sé mjög frambærilegur formaður. Hún hefur þekkingu á málefninu og reynslu af íþróttinni," sagði Elísabet.

„Þetta er umræða sem þarf að eiga sér stað og mér finnst að Halla hafi með framboði sínu gangsett hana." - esá



**ELÍSABET RONALDSDÓTTIR** Gagnrýnir lög KSÍ sem hún segir ekki lúta jafnréttislögum. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.



**RAGNA INGÓLFSDÓTTIR** Vann sinn leik í einliðaleik gegn Ítölum í gær með yfirburðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Evrópumót B-þjóða:

## Ísland vann Ítalíu örugglega

**BADMINTON Íslenska landsliðið í badminton vann í gær frábæran sigur á Ítölum á Evrópumóti B-landsliða sem fer fram í Laugardalshöll þessa dagna. Ísland vann fjórar viðureignir af fimm.**

**Á morgun mætir landsliðið Portúgal sem til þessa hefur borið sigurorð af liðum Króatíu og Ítalíu, rétt eins og Ísland. Má því búast við erfiðri viðureign.** - esá

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*Iceland Express deild karla*

KR-KEFLAVÍK 93-82

**Stig KR**: Tyson Patterson 25 (10 stoðs.), Jeremiah Sola 22 (11 frák.), Fannar Ólafsson 13, Brynjar Þór Björnsson 9, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 7, Skarphéðinn Freyr Ingason 5, Edmund Azemi 5, Steinar Kaldal 5, Darri Hilmarsson 2.

**Stig Keflavíkur**: Magnús Þór Gunnarsson 24, Ismail Mohammad 16 (9 frák.), Arnar Freyr Jónsson 12, Jón Nordal Hafsteinsson 10 (5 stoðs.), Sebasian Hermanier 10 (9 frák.), Sverrir Þór Sverrisson 6, Halldór Halldórsson 2, Gunnar Einarsson 2.

FJÖLNIR-SNÆFELL 84-87

**Stig Fjölnis**: Nemanja Sovic 24, Kareem Johnson 17 (12 frák.), Árni Ragnarsson 13, Hörður Vilhjálmsson 7 (5 stoðs.), Níels Dungal 9, Valur Sigurðsson 6, Hjalti Vilhjálmsson 4, Þorsteinn Sverrisson 2.

**Stig Snæfells**: Justin Shouse 21, Magni Hafsteinsson 17, Hlynur Bæringsson 13 (10 frák.), Sigurður Þorvaldsson 10, Sveinn Davíðsson 6, Gunnlaugur Smárason 4, Jón Ólafur Jónsson 2, Bjarne Nielsen 2.

ÍR-HAMAR/SELFOSS 99-76

**Stig ÍR**: Ómar Sævarsson 19, Hreggviður Magnússon 15, Nate Brown 15 (8 frák., 6 stoðs.), Steinar Arason 12, Sveinbjörn Claessen 11, Ólafur Sigurðsson 6, Keith Vassell 5, Eiríkur Önundarson 5 (8 stoðs.).

**Stig Hamars/Selfoss**: George Byrd 22 (9 frák.), Bojan Bojovic 16, Svavar Pálsson 14, Lárus Jónsson 14 (5 stoðs.), Friðrik Hreinsson 4, Hallgrímur Brynjólfsson 4.

NJARÐVÍK-SKALLAGRÍMUR 95-91

# Verðum að fá góða markvörslu

**Tékknesku markverðirnir voru með 7% hærri markvörslu en þeir íslensku í æfingaleikjunum. Mestu munar um markvörslu í langskotum, af línu og úr horni. Hálfa árið í Þýskalandi nýtist vonandi Birkir Ívari vel.**



**Á SÍNU 4. STÓRMÓTI** Birkir Ívar Guðmundsson varði 43% skota á HM í Frakklandi 2001, 45,5% skota á HM í Túnis 2005 og 33,2% skota sem á hann komu á EM í Sviss 2006. Hér sést hann á dramatískri stund í Svíaleiknum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**HANDBOLTI** Markvarslan hjá íslenska landsliðinu er eilífðar áhyggjuefni enda íslenska þjóðin orðin þreytt á að sjá „óþekkta# varamarkverði loka markinu fyrir íslensku skotmönnunum á meðan allt lekur inn í íslenska markið. Í leikjunum gegn Tékkum á dögunum horfðu menn öfundaraugum á tékkneska markvörðinn Martin Galia verja 25 skot puttabrotinn og leggja grunninn að sigri síns liðs. Á HM í Þýskalandi eru markverðirnir okkar lykilmenn ætli íslenska landsliðið sér að komast langt. Við þurfum í kringum 40% markvörslu til þess að vera á sömu blaðsíðunni og aðrar þjóðir.

Íslensku markverðirnir vörðu 29,9% skota sem á þá komu í leikjunum gegn Tékkum sem var 7% lægri markvarsla en hjá stöllum þeirra í tékkneska markinu. Þegar markvarsla liðanna úr ákveðnum stöðum er borin saman kemur í ljós mikill munur á markvörslu úr langskotum, hornum og af línu. Hér eru tékknesku markverðirnir að verja 16,3% eða hærra hlutfall skota en þeir íslensku. Íslensku markverðirnir eru aðeins yfir í vítamarkvörslu (+16,1%) og liðin eru jöfn úr markvörslu úr fyrstu bylgju hraðaupphlaupa.

Markvarslan hefur verið upp og niður á síðustu stórmótum, hún var góð á HM í Portúgal 2003 og munaði þar miklu um góða innkomu Roland Vals Eradze sem varði 43% skota sem á hann komu í keppninni. Tvö síðustu mót Guðmundar Hrafnkelssonar (EM í Slóveníu og Ólympíuleikarnir í Aþenu) voru slök og markvarslan fór alveg niður í 29% í Aþenu. Birkir Ívar Guðmundsson sannaði sig og varði vel á HM í Túnis en markvarslan var ekki nægilega góð í síðustu keppni á EM í Sviss.

Birkir Ívar Guðmundsson stóð sig vel í leikjunum gegn Tékkum. Hann hefur greinilega haft gott af dvölinni í erfiðustu deild í heimi í vetur og hann mun örugglega standa í íslenska markinu megnið af heimsmeistarakeppninni. Birkir Ívar varði 12 af 20 langskotum í leikjunum sem er frábært ekki síst þar sem hinir markverðir liðsins vörðu aðeins 3 af 20 langskotum eða 45% lægra hlutfall en Birkir Ívar. Birkir hefur þurft að glíma við þrumuskyttur í allan vetur og ef marka má tilþrif hinna markvarðanna tveggja þá virðist það vera nauðsynlegt ætli markmenn að eiga roð við bestu langskyttur heims.

Roland Valur Eradze var allt annað en sannfærandi í marki íslenska liðsins á móti Tékkum. Hann fékk að spreyta sig í 43 mínútur í fyrri leiknum en varði aðeins 7 af 30 skotum sem á hann komu. Roland er enn sterkur maður gegn manni (5 af 14 skotum, 36%) en það var í langskotunum sem hann virtist hvað eftir annað vera varnarlaus. Roland varði bara 2 af 15 langskotum sem á hann komu og það þrátt fyrir að mörg þeirra voru af mjög löngu færi. Meiðslin munu einnig há Roland sem getur aldrei verið með í öllum leikjunum. Roland er hinsvegar okkar besti markvörður í að „loka“ markinu og líkt og gegn Portúgal á HM í Portúgal gæti verið gott að eiga „stuðið hans“ inni á úrslitastundu í Þýskalandi.

Hreiðar Leví Guðmundsson fékk að spreyta sig í 10 mínútur í seinni leiknum og varði aðeins 1 skot en hann var með góðum innkomum í mótinu í Danmörku búinn að setja Björgvin Pál Gústavsson aftur fyrir sig og tryggja sig inn í HM-hópinn. Björgvin Páll var vissulega fyrir framan hann þegar undirbúningurinn hófst en Hreiðar nýtti tækifærið þegar það gafst. Hreiðar býr af reynslunni frá því fyrir ári og gæti átt ágætar innkomur ekki fyrir þær sakir hversu ólíkur hann er hinum tveimur.

Sem fyrr gæti markvarslan verið örlagavaldur íslenska liðsins á HM. Birkir Ívar er sá markvörður sem Alfreð Gíslason mun örugglega treysta á og það ætti að vera góður grunnur fyrir hann að koma inn á sitt fyrsta mót sem atvinnumaður í handbolta eftir hálft tímabil með TuS N-Lübbecke. Við verðum að fá góða markvörslu í Þýskalandi og leggjum traust okkar á að Birkir Ívar sé orðinn skólaður sem markvörður í alþjóðaklassa.



ÍÞRÓTTALJÓS
**ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON**
ooj@frettabladid.is

**MARKVARSLAN Á MÓTI TÉKKLANDI**

| | Ísland | Tékkland | Mismunur |
|---|---|---|---|
| Samtals | 29,9% | 37,1% | **-7,2%** |
| Langskot | 37,5% | 53,8% | **-16,3%** |
| Horn | 14,3% | 35,3% | **-21,0%** |
| Lína | 20,0% | 36,4% | **-16,4%** |
| Gegnumbrot | 33,3% | 40,0% | **-6,7%** |
| Hraðaupphlaup | 21,4% | 21,4% | **0,0%** |
| Víti | 28,6% | 12,5% | **+16,1%** |

**MARKVARSLA Á SÍÐUSTU STÓRMÓTUM:**

| | |
|---|---|
| EM í Sviss 2006 | 33,2% |
| HM í Túnis 2005 | 38,7% |
| ÓL í Aþenu 2004 | 29,1% |
| EM í Slóveníu 2004 | 33,8% |
| HM í Portúgal 2003 | 40,8% |
| EM í Svíþjóð 2002 | 38,6% |

**MARKVARSLAN Á MÓTI TÉKKUM ÚR STÖÐUM:**

| | |
|---|---|
| **Langskot** | |
| Birkir Ívar Guðmundss. | 20/12 (60%) |
| Hreiðar Guðmundss. | 5/1 (20%) |
| Roland Eradze | 15/2 (13%) |
| Martin Galia | 21/12 (57%) |
| **Horn** | |
| Roland Eradze | 2/1 (50%) |
| Birkir Ívar Guðmundss. | 5/0 (0%) |
| Martin Galia | 13/6 (46%) |
| **Lína** | |
| Roland Eradze | 3/1 (33%) |
| Birkir Ívar Guðmundss. | 6/1 (17%) |
| Martin Galia | 20/8 (40%) |
| **Maður gegn manni** | |
| Roland Eradze | 14/5 (36%) |
| Birkir Ívar Guðmundss. | 24/4 (17%) |
| Hreiðar Guðmundss. | 2/0 (0%) |
| Martin Galia | 54/21 (39%) |
| **Víti** | |
| Birkir Ívar Guðmundss. | 6/2 (33%) |
| Roland Eradze | 1/0 (0%) |
| Martin Galia | 7/1 (14%) |







FALLING IN BETWEEN
NBC
2B COMPANY
kynnir
TOTO
Laugardalshöll 10.07.07
Miðasala hafin!
kl. 10:00 á midi.is og í verslunum BT og Skífunnar
Miðaverð: Stúka kr.7400 · Stæði kr.5300 · Húsið opnar kl.19:00
ICELANDAIRHOTELS
THULE
midi.is
www.TOTO99.com

## > BEN STILLER



Fæddist 30. nóvember 1965 í New York. Hann fetaði í fótspor foreldra sinna, Jerry Stiller og Anne Meara, og gerðist gamanleikari. Hann ólst upp í Hollywood og sýndi áhuga á því að verða leikari og einnig að vera hinumegin við myndavélina. Hann hefur leikið í mörgum vinsælum gamanmyndum en There's Something About Mary skaut honum almennilega upp á stjörnuhimininn. Hann leikur illmennið í myndinni Dodgeball sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í dag.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON STENDUR MEÐ SÍNUM MÖNNUM

# *Styttist í styrjaldarástand á heimilum*

Nú líður senn að baráttu minni við „anti-sportista“ og óvildarmenn handknattleiksins. Á morgun hefst eitt glæsilegasta handknattleiksmót sögunnar, sem fram fer í Þýskalandi. Íslenska landsliðið hefur lagst í víking og hyggst koma heim með glæsilegt herfang, kannski verðlaunapening. Þjóðin myndi fara yfir um, rétt eins og þegar Magni vann „næstum því“ Rock Star. Smáralindin og ekkert minna ef við skákum stórþjóðunum.

Herlegheitin byrja á laugardag, útsending hefst tæplega tvö og lýkur korteri fyrir kvöldfréttir. „Er þetta nú boðlegt,“ heyrist sport á einhverju heimilinu. Á einhverjum vinnustöðum fussa sumir og sveia þegar aðdáendur klappa og kalla eftir að „strákarnir okkar“ skora glæsilegt mark. „Er ekki hægt að lækka í þessu? Meiri hávaðinn alltaf í þessu fólki,“ lætur einhver út úr sér en uppsker eingöngu illt auga frá öskurópunum sem halda vart vatni yfir framgöngu landsliðsins. Ríkissjónvarpið, sem þegar er milli steins og sleggju



stjórnar og stjórnarandstöðu, á eftir að fá yfir sig holskeflu kvartana. Þarf að svara fyrir það hvort rétt sé að sjónvarp allra landsmanna fórni barnatímum, fræðsluþáttum og öðru íslensku dagskrárefni fyrir fjórtán fullorðna karlmenn að kasta bolta á milli sín? Svarið liggur milli hluta en símastúlkurnar í Efstaleitinu eiga síðan alla mína samúð. Vonandi þrauka þær fram yfir mótslok.

Óvildarmenn íþróttarinnar geta vart á heilum sér tekið yfir þessum áhuga meirihluta þjóðarinnar. Þeir eru ófáir sem halda því fram að handknattleikurinn sé deyjandi sport og það sé varla takandi því að vera sinna þessu móti. Þeir eiga þó væntanlega eftir að halda sig til hlés þegar göturnar verða auðar og um fátt verður annað rætt á kaffistofum bæjarins en framgöngu íslensku víkinganna.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** National Treasurer Stöð 2 Bíó



▶ **21.00** Till Death Do Us Part Sirkus



▶ **21.25** Derrem Brown Stöð 2



▶ **22.50** Everybody Loves Raymond Skjár einn



▶ **23.30** Dallas - LA Lakers Sýn

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Snillingarnir** (19:28)
**18.25 Ungar ofurhetjur** (11:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Óskin** (You Wish!) Nýsjálensk fjölskyldumynd frá 2003 um strák sem óskar sér þess að hann losni við litla bróður sinn en iðrast seinna og vill fá hann aftur. Leikstjóri er Paul Hoen og meðal leikenda eru A.J. Trauth, Spencer Breslin, Lalaine og Tim Reid.
**21.40 Hart gegn hörðu** (The Hard Word) Áströlsk bíómynd frá 2002. Þrír bankaræningjar detta niður á óvænta gróðaleið í fangelsi en afleiðingarnar eru alvarlegar. Leikstjóri er Scott Roberts og meðal leikenda eru Guy Pearce, Rachel Griffiths, Robert Taylor og Joel Edgerton. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Vondir kostir** (Deep End of the Ocean) Bandarísk bíómynd frá 1999 um fjölskyldu sem verður fyrir því að yngsta syninum er rænt en þegar fjölskyldan flyst í annan bæ níu árum seinna finnst hann aftur. Leikstjóri er Ulu Grosbard og meðal leikenda eru Michelle Pfeiffer, Treat Williams, Jonathan Jackson og Whoopi Goldberg. e.
**01.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 Scooby Doo 2**
**08:00 What a Girl Wants**
**10:00 Diary of a Mad Black Woman**
**12:00 National Treasure**
**14:10 Scooby Doo 2**
**16:00 What a Girl Wants**
**18:00 Diary of a Mad Black Woman**
▶**20:00 National Treasure** Ævintýramynd í anda Da Vinci-lykilsins. 2004.
**22:10 Back in the Day** (Í þá gömlu góðu daga) Stranglega bönnuð börnum.
**00:00 Friday After Next**
**02:00 The Last Shot**
**04:00 Back in the Day**

## STÖÐ 2

**06:58 Ísland í bítið**
**09:00 Bold and the Beautiful**
**09:20 Í fínu formi 2005**
**09:35 Oprah**
**10:20 Ísland í bítið (e)**
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:40 Neighbours** (Nágrannar)
**13:05 Valentína**
**14:35 Extreme Makeover: Home Edition** (24:25) (Hús í andlitslyftingu)
**15:20 Jamie Oliver - með sínu nefi** (13:26) (Oliver's Twist)
**15:55 Hestaklúbburinn** (Saddle Club)
**16:18 Nýja vonda nornin**
**16:43 Titeuf**
**17:08 Kringlukast**
**17:28 Bold and the Beautiful**
**17:53 Neighbours** (Nágrannar)
**18:18 Íþróttir og veður**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**20:05 The Simpsons** (3:22) Átjánda og nýjasta þáttaröð langlífustu gamanþáttaraðar í sögu sjónvarpsins.
**20:30 X-Factor** (9:20) (Sagan) Kynnir er Halla Vilhjámsdóttir.
▶**21:25 Derren Brown: Hugarbrellur - NÝTT** Sjónhverfinga- og hugarbrellumeistarinn Derren Brown heldur uppteknum hætti við að beita fórnarlömb sín ótrúlegum hugarbrellum og sýna fram á hversu vegir hugarins eru órannsakanlegir. Sjón er sögu ríkari.
**21:50 The Fighting Temptations** (Freistingar) Létt og skemmtileg gaman- og söngvamynd með Óskarsverðlaunaleikaranum Cuba Gooding Jr. og söngstjörnunni Beyoncé í sínu fyrsta alvöru kvikmyndahlutverki. 2003.
**23:50 Trespass** (Á bannsvæði) Hörkuspennandi mynd þar sem Ice Cube og Ice-T fara með hlutverk vondu karlanna. Tveir slökkviliðsmenn komast yfir kort sem bendir til að falinn fjársjóð sé að finna í yfirgefinni verksmiðju.1992. Stranglega bönnuð börnum.
**01:30 Sleeping Dictionary** (Elsku Selima) Dramatísk mynd þar sem rómantíkin er ekki langt undan. Bönnuð börnum.
**03:15 Ísland í bítið e**
**04:50 Fréttir og Ísland í dag**
**06:25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18:00 Entertainment Tonight (e)**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:30 American Dad 3 (e)**
**20:00 Tónlist**
**20:55 Leiðin að Hlustendaverðlaunum FM 957** Upphitun fyrir Hlustendaverðlaun FM 957 sem fram fara í Borgarleikhúsinu 23. janúar.
▶**21:00 Till Death Do Us Part: Carmen (e)** Það virðist sem nýjasta æðið hjá hjónum í Hollywood sé að gera raunveruleikaþætti þar sem hjónakornin opinbera ást sína og gera í því að sýna áhorfendum hversu hamingjusöm þau eru. En einhver álög virðast þó vera á slíkum þáttum þar sem öll pörin virðast skilja um leið og tökum lýkur. Ofurgellan Carmen Electra og metró rokkarinn Dave Navarro eru ekki undanskilin þeirri gullnu reglu og í þessum þáttum fáum við að fylgjast með undirbúningi brúðkaups þeirra og lífinu í kjölfarið. Hjónin dugðu í 7 þætti sem er bara nokkuð gott í Hollywood, ekki satt?
**21:30 Sirkus Rvk (e)**
**22:00 South Park (e)**
**22:30 Chappelle´s Show 1 (e)** Önnur þáttaröðin af þessum vinsælum gamanþáttum þar sem Dave Chappelle lætur allt flakka.
**23:00 Brat Camp USA (e)**
**23:50 Pepper Dennis (e)**
**00:40 X-Files (e)** (Ráðgátur)
**01:25 Van Wilder** Frábær gamanmynd sem kemur öllum í gott skap. Van Wilder er eilífðarstúdent. Hann er búinn að vera sjö ár í framhaldsskóla en útskrift er enn fjarlægur draumur. Pabbi hans er búinn að fá nóg og neitar að borga skólagjöldin. Van lætur sér ekki bregða og snýr sér að því sem hann er bestur í. Partí hafa alltaf verið ástríða hjá kappanum og nú getur hann einbeitt sér að þeim fyrir fullt og allt. Aðalhlutverk: Ryan Reynolds, Tara Reid, Tim Matheson, Kal Penn. Leikstjóri: Walt Becker. 2002. Stranglega bönnuð börnum.
**02:55 Entertainment Tonight (e)**
**03:20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:15 Beverly Hills 90210 (e)**
**08:00 Rachael Ray (e)**
**08:55 Melrose Place (e)**
**15:05 The King of Queens (e)**
**15:35 Queer Eye for the Straight Guy**
**16:35 Beverly Hills 90210**
**17:20 Rachael Ray**
**18:15 Melrose Place**
**19:00 Everybody loves Raymond (e)**
**19:30 Still Standing (e)**
**20:00 Bak við tjöldin - Blood Diamond**
**20:10 Trailer Park Boys** Þættir um vinina Ricky og Julian sem hafa oftar en ekki villst út af beinu brautinni í lífinu. Uppvöxturinn í hjólhýsahverfinu var ekki beinlínis uppbyggjandi og hafa þeir eytt stórum hluta lífs síns á bak við lás og slá. Julian vill byrja nýtt og betra líf og neitar öllum samskiptum við Ricky – en gamla lífsmynstrið er lífseigt.
**21:00 The Bachelor VIII** Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem myndarlegur piparsveinn leitar að draumadísinni. Þetta er áttunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er læknirinn Travis Stork.
**22:00 Kojak** Sköllótta löggan með rauða sleikipinnann er mætt aftur. Nú er það Ving Rhames sem leikur Kojak. Sprengjuvargur gengur laus og Kojak telur málið tengjast djasssöngkonu með brjálaðan aðdáanda.
▶**22:50 Everybody loves Raymond**
**23:20 Nightmares and Dreamscapes**
**00:20 House (e)**
**01:20 Close to Home (e)**
**02:10 Beverly Hills 90210 (e)**
**02:55 Melrose Place (e)**
**03:40 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

## SKJÁR SPORT

**07:00 Liðið mitt (e)**
**14:00 Everton - Reading (frá 14. jan)**
**16:00 Man. Utd. - Aston Villa (frá 13. jan)**
**18:00 Upphitun** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**18:30 Liðið mitt (e)**
**19:30 Watford - Liverpool (frá 13. jan)**
**21:30 Upphitun (e)**
**22:00 Ítalski boltinn (frá 14. jan)**
**00:00 Upphitun (e)**
**00:00 Dagskrárlok**




# Skafmiðaleikur Prince Polo

## Yfir 1000 vinningar!

Veldu 4 eða 6 stykkja Prince Polo pakka með skafmiða og freistaðu gæfunnar!

**Glæsilegir vinningar:**

- Acer fartölva frá Svar tækni
- Fartölvutaska
- Miði á fjölskyldumyndina Artúr og Mínimóarnir
- Pakkar af Prince Polo mini




**Prince Polo – alltaf jafn gott**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.50

### The Fighting Temptations (Freistingar)



Létt og skemmtileg gaman- og söngvamynd með Óskarsverðlaunaleikaranum Cuba Gooding Jr. og söngstjörnunni Beyoncé í sínu fyrsta alvöru kvikmyndahlutverki. Myndin fjallar um auglýsingastjóra sem verður að setja saman gospelkór í heimahögum sínum í Suðurríkjunum til þess að eiga rétt á að fá stóran arf. Í fyrstu er hann tregur til en uppgötvar svo töfra gospeltónlistarinnar og kemst er að því hversu mikilvægt það er að gleyma ekki rótum sínum. Myndin er gerð af Jonathan Lynn, en hann skrifaði m.a. þættina Já, ráðherra og hefur gert gamanmyndir á borð við My Cousin Vinny og The Whole Nine Yards.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ TRESPASS Á STÖÐ 2 23.50

Hörkuspennandi mynd þar sem Ice Cube og Ice-T fara með hlutverk vondu karlanna. Tveir slökkviliðsmenn komast yfir kort sem bendir til að falinn fjársjóð sé að finna í yfirgefinni verksmiðju. En það er ekki eins auðvelt að komast yfir gullið og þeir bjuggust við þar sem þeir lenda í valdabaráttu götugengja. Leikstjóri: Walter Hill. 1992. Stranglega bönnuð börnum.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**07.00** Fréttir
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Fréttir
**09.05** Óskastundin
**09.50** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssaga Slóð fiðrildanna (14:23)
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.00** Fréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.05** Sögumenn: Ég er margir en fyrst og fremst hún Helga litla
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.00** Fréttir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**18:10 Presidents Cup 2007 - Official**

**18:35 Gillette Sportpakkinn**

**19:05 Spænski boltinn - upphitun** (La Liga Report) Upphitun fyrir alla leiki helgarinnar í spænska boltanum. Hvaða lið mætast? Hvernig hafa síðustu viðureignir þeirra farið? Þá verða viðtöl við leikmenn, þjálfara og áhorfendur.

**19:30 Ameríski fótboltinn**

**20:00 Pro bull riding**

**21:00 World Supercross GP 2005-06** (Chase Field) Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum.

**22:00 World Poker Tour Ladies Night** Þáttur um heimsmótaröðina í póker sem nýtur sívaxandi vinsælda um heim allan

▶**23:30 NBA deildin** (Dallas - LA Lakers) Bein útsending frá leik Dallas Mavericks og LA Lakers í NBA deildinni í körfubolta

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** SKRÅL **6.30** Gnotterne **7.00** Gurli Gris **7.05** Alfons Åberg **7.15** Charlie & Lola **7.30** DR-Dokumentar - Det skæve skib **8.30** Bevar det vel **9.00** EU og Lykke **9.25** OBS **9.30** Hva' så Danmark? - reform af den offentlige sektor **10.00** Familiejagten **10.30** Kender du typen **11.00** TV Avisen **11.10** Task Force **11.35** Gron glæde **12.00** Rabatten **12.25** Aftenshowet **12.50** Aftenshowet **13.20** Nyheder på tegnsprog **13.30** Musik for Folket - hundrede år med Nordisk Film **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Becoming **14.30** Boogie Listen **15.30** F for Får **15.35** SvampeBob **16.00** Max **16.30** Hunni*show **16.45** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Vejret på DR1 **18.00** Disney Sjov **19.00** aHA! **20.00** TV Avisen **20.30** Rembrandt **22.15** Last Run **23.50** Boogie Listen

### NRK 1

**8.30** Klasse 9a **9.00** Siste nytt **9.05** Schrödingers katt **9.30** Newton **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** NM på ski 2007 **12.00** Siste nytt **12.05** NM på ski 2007 **13.00** Siste nytt **13.05** NM på ski 2007 **13.10** V-cup skiskyting **14.00** Siste nytt **14.05** Anne fra Bj¢rkely **15.00** Siste nytt **15.03** VG-lista Topp 20 **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VG-lista Topp 20 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Franklin **17.10** Mekke-Mikkel **17.25** Pingvinen Jasper **17.30** Lure Lucy **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Først & sist **21.15** Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Seks fot under **23.05** Freddie Mercury - et magisk liv **23.50** Sorte orm

### SVT 1

**9.20** Alpint: Världscupen Cortina **11.00** Rapport **11.05** På spåret **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Rolling Like a Stone **17.00** Höjdarna **17.25** Budfirman Bums **17.30** Pelikanmannen **18.00** Den tatuerade mamman **18.30** Rapport **19.00** Så ska det låta **20.00** Brandvägg **21.30** George Michael - I'm your man **22.20** Rapport **22.30** Kulturnyheterna **22.40** Getaway - rymmarna **0.40** Sändningar från SVT24

TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090



VIÐURKENNT
NÁM Í TÓNVINNSLU
LAGASMÍÐAR OG HLJÓÐUPPTAKA

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA



Tónvinnslunámið er aðalnámsbraut Tónvinnsluskólans. Skólinn fékk nýlega viðurkenningu **Digidesign** sem viðurkenndur **Pro Tools** skóli, en **Pro Tools** er útbreiddasta upptökuforrit í heimi. Að námi loknu fá nemendur því Diploma, viðurkenndu af **Digidesign**, upp á að þeir hafi lokið prófi í tónvinnslu. Það veitir nemendum því aðgang að framhaldsnámi í tónvinnslu erlendis. Jafnframt fá nemendur viðurkenningu fyrir þekkingu á **Reason** tónlistarforritinu.
Vinnuaðstaðan er í tveimur fyrsta flokks hljóðverum, RMP og Stúdíó Sýrlandi, auk tölvuvers Snælandsskóla.

Sjá betur á www.tonvinnsluskoli.is.

DIPLOMA

PRO TOOLS digidesign

SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN
SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í **FOLDASKÓLA** OG **SNÆLANDSSKÓLA**

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

**HRÓSIÐ ...**



*... fær Þórunn Sigurðardóttir hjá Listahátíð fyrir að færa landsmönnum hinn brottflutta son Íslands - Helga Tómasson - einhvern fremsta ballettdansara og -stjórnanda heims.*

# Norski bolurinn brjálaður í Bó

„Ég er nú ekki búinn að slá í gegn þarna," segir Björgvin Halldórsson en lagið Ég bið að heilsa í flutningi stórsöngvarans á tónleikaplötunni Bó og Sinfó hefur vakið mikla athygli meðal frænda vorra í Noregi. Norska sendiráðinu hér á landi hefur borist töluvert af fyrirspurnum um lagið og það eitt og sér kemur söngvaranum ekki á óvart.

„Lag Inga T. Lárussonar er eitt af fimm fallegustu lögum sem samin hafa verið í íslenskri tónlistarsögu," lýsir Björgvin yfir. „Lagið er númer eitt, flutningurinn númer tvö," bætir hann við af einskærri hógværð.

Björgvin segir alltaf gaman að fá svona viðbrögð erlendis frá, ekki síst frá Norðmönnum sem ekki hafa alltaf tekið Íslendingum opnum örmum. „Þjóðirnar eiga reyndar vel saman þegar þær stilla saman strengi sína, rífa upp harmónikkuna og deila með sér Leifi heppna," segir Björgvin og skellir upp úr, bætir því við að þeir ætli að reyna að bregðast við þessari eftirspurn enda sé ljóst að Norðmenn vilji margir hverjir eignast gripinn. „Þeir láta sér ekki nægja einhverjar mp3-útgáfur," segir Björgvin.



**BJÖRGVIN** Norðmenn eru hrifnir af flutningi hans á laginu Ég bið að heilsa og vilja eignast plötuna hans með Sinfóníunni.

Söngvarinn virðist vera eins og gott rauðvín, batnar með árinu hverju sem líður ef marka má eftirspurn erlendis frá. Ekki þarf að nefna vinsældir hans hérlendis sem sönnuðust vel með DVD-útgáfu hans fyrir síðustu jól.

Óðum styttist í að sérstakur þáttur tileinkaður Björgvini fari í loftið á þýsku útvarpsstöðinni Radio 700 en þar mun útvarpsmaðurinn Christian Milling fara yfir feril söngvarans. Björgvin segist því í gríni ekki hafa gefið upp drauminn um heimsfrægð, öðru nær. „Maður keppir ekki til að vera með heldur til að vinna," segir Björgvin. „Það er draumur allra tónlistarmanna að verða heimsfrægir, hvort sem þeir viðurkenna það eður ei. Við erum allir að leita að sama heilaga gralinu," segir stórsöngvarinn ennfremur. -fgg



**LÁRÉTT**
**2** íþrótt **6** tveir eins **8** drulla **9** dauði **11** hljóta **12** uppskrift **14** jafna **16** halló **17** tangi **18** jafnvel **20** golf áhald **21** titra.

**LÓÐRÉTT**
**1** styrkja **3** ógrynni **4** sendir **5** af **7** heimska **10** traust **13** utan **15** heimsálfu **16** vopnað lið **19** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 golf, 6 ff, 8 for, 9 lát, 11 fá, 12 afrit, 14 rúnna, 16 hæ, 17 nes, 18 eða, 20 tí, 21 riða. **LÓÐRÉTT:** 1 efla, 3 of, 4 loftnet, 5 frá, 7 fáfræði, 10 trú, 13 inn, 15 asíu, 16 hér, 19 að.






JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON: BÆTIST Í HÓP AUÐMANNA Í SKAGAFIRÐINUM

# Kaupir jörð á Gullströndinni af Álftagerðisbróður

„Það er ósköp jákvætt að fá Jón Ásgeir og aðra menn til að fjárfesta í Skagafirði. Þeir hafa reynst okkur vel sem hafa komið," segir Pétur Pétursson, einn hinna landsfrægu söngvara í Álftagerðisbræðrum. Pétur seldi nýlega, í félagi við tengdason sinn, jörðina Á í Unadal í Skagafirði. Kaupandi var eignarhaldsfélagið Þú blásól, sem er í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, stjórnarformanns 365 sem gefur út Fréttablaðið.

„Þetta er 570 hektara jörð sem er búin að vera í eyði í sjálfsagt ein 40 ár. Við höfum nú bara nytjað þetta fyrir hross og heyskap. Nú erum við aftur á móti komnir með aðstöðu nær og þá var í lagi að selja," segir Pétur.



**JARÐEIGANDI** Jón Ásgeir Jóhannesson keypti sér jörð í Skagafirði á 16,5 milljónir króna. Jörðin er á Gullströndinni svonefndu en þangað flykkjast nú auðmenn landsins.

Samkvæmt kaupsamningi greiddi Jón Ásgeir 14 milljónir króna fyrir jörðina sem fylgja meðal annars réttindi í Unadalsá, auk 2,5 milljóna fyrir ónothæft íbúðarhús og geymsluskika sem því fylgdi. Í kaupsamningi áskildi kaupandinn sér reyndar rétt til að falla frá kaupunum því hann hafði ekki enn kynnt sér það sem hann var að kaupa.

Jón Ásgeir virðist þó hafa orðið sáttur því kaupin gengu í gegn. Pétur Álftagerðisbróðir telur að Jón hafi gert góð kaup. „Ég hitti hann reyndar ekkert, ætli maður hefði ekki þurft að vera í þotu einhvers staðar til þess. Ég vona bara að það eigi eftir að koma í ljós að þetta verði bestu kaup sem hann hefur gert og hefði sagt honum það ef ég hefði hitt hann. Trúlega hefur hann þá tilfinningu líka. Það hefur alla vega verið mikið fagnaðarefni að fá þau Baltasar og Lilju og fleiri hingað sem lagst hafa í miklar fjárfestingar og framkvæmdir."



**FAGNAR KOMU AUÐMANNA** Álftagerðisbróðirinn Pétur Pétursson er ánægður með komu auðmanna í Skagafjörðinn.

Ekki er vitað hvað Jón Ásgeir hyggst gera með jörðina Á og ekki náðist í hann er þessi frétt var unnin. Á liggur á Höfðaströnd sem Skagfirðingar kalla nú margir Gullströndina eftir að fjöldi auðmanna hefur keypt þar eignir. Baltasar Kormákur og Lilja Pálmadóttir hafa sem kunnugt er komið sér fyrir á Hofi, sem er skammt frá Á. Ingibjörg Pálmadóttir, sambýliskona Jóns Ásgeirs, er systir Lilju og því yrði samgangur þar á milli mikill, kjósi Jón og Ingibjörg að setjast að fyrir norðan. Steinunn Jónsdóttir, dóttir Jóns Helga Guðmundssonar í Byko, á höfuðbólið Bæ á Höfðaströnd og kvikmyndagerðarmennirnir Friðrik Þór Friðriksson og Jim Stark deila hlut í jörð á þessum slóðum.

hdm@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikill viðbúnaður er vegna 60 ára afmælis hins ástsæla **Ladda**. Meðal annars stendur til að setja á svið sérstaka Ladda-sýningu í Borgarleikhúsinu sem fer upp síðla í febrúarmánuði. Leitað var til **Gísla Rúnars Jónssonar**, rithöfundar með meiru, til að setja saman handrit í tengslum við sýninguna. Auðsótt mál og Gísli hófst handa við skriftir. Við skil brá mönnum við því þar var þá komið nákvæmt og ítarlegt handrit að leikriti. Og reikningur vel á aðra milljón. Ekki stóð til að leggja alveg svo mikið í gjörninginn og var fulltrúi Senu sendur á fund Gísla að leita samninga. Þær viðræður sigldu í strand, Senumaðurinn átti ekkert í Gísla Rúnar sem sagði að framvegis færu öll samskipti við sig í gegnum umboðsmann inn, úti í Las Angeles, nefnilega **Stefán Karl Stefánsson**.



Hér á þessum stað í gær var vísað í hugleiðingar um sölutölur bóka árið 2006 og því gerðir skórnir að **Arnaldur Indriðason**, metsöluhöfundurinn mikli, hefði ekki náð sömu hæðum og áður – Konungsbók hans selst í 17 þúsundum eintaka í samanburði við að hafa farið yfir 20 þúsunda markið áður. 17 þúsund telst reyndar lygilega gott í þessum geiranum en heldur varð **Páll Valsson**, útgefandi Arnalds, ósáttur við þær ágiskanir. Allar sölutölur eru viðskiptaleyndarmál en Konungsbók mun sú skáldsaga íslensk sem selst hefur í mestu upplagi fyrir ein jól að einni bók undanskilinni, sem er Kleifarvatn, eftir sama höfund. Konungsbók mun söluhærri en Draumalandið sem, svo enn sé giskað miðað við þær heimildir sem í boði eru, hefur farið í um 18 þúsund eintökum. - jbg








# Síðasta sýning Þorvalds

„Ég reikna fastlega með því að halda utan næsta vetur, er að sækja um skóla í Bandaríkjunum og þetta er allt í réttum farvegi," segir Þorvaldur Davíð Kristjánsson en þegar Fréttablaðið hafði uppi á honum var hann á leiðinni á æfingu í Borgarleikhúsinu. Þar leikur Þorvaldur eitt aðalhlutverkanna í sýningunni Killer Joe eftir Tracy Letts, leikriti sem hefur farið sigurför um heiminn en hefur ekki verið sett upp áður hér á landi. Það er leikfélagið Skámáni sem hefur veg og vanda af uppfærslunni en frumsýning verður að öllum líkindum í Borgarleikhúsinu í lok febrúar.

Eins og greint hefur verið frá hætti Þorvaldur í leiklistarskólanum eftir aðeins eitt ár og kom sú ákvörðun mörgum í opna skjöldu. Þorvaldur lýsti því síðan yfir að hann hyggðist leggjast í víking og læra leiklistarfræðin í Ameríku. „Ég reikna með að þetta verði mín síðasta sýning á Íslandi áður en ég held út," útskýrir Þorvaldur. „Samt, maður veit aldrei," bætir hann við.

Þorvaldur verður í faðmi einnar helstu leiklistarfjölskyldu landsins í Killer Joe því leikstjóri er Stefán Baldursson og með önnur hlutverk fara dóttur hans Unnur Ösp, og tengdasonur Björn Thors auk þess sem Þröstur Leó Gunnarsson og Maríanna Klara Jónsdóttir leika stór hlutverk. Þorvaldur vildi þó ekki meina að andrúmsloftið væri spennuþrungið þrátt fyrir fjölskyldutengslin. „Nei, nei, stemningin er fín og þetta er allt með kyrrum kjörum ennþá," segir Þorvaldur. -fgg

**ÞORVALDUR DAVÍÐ** Að öllum líkindum verður Killer Joe síðasta sýning Þorvaldar á Íslandi áður en hann heldur utan.





Nýtt í bíó
FYRSTA STÓRMYND ÁRSINS - 3 VIKUR Á TOPPNUM Í USA!
Frábær gamanmynd fyrir alla fjölskylduna.
FRUMSÝND Í DAG!
BEN STILLER
NIGHT AT THE MUSEUM
ÆVINTÝRASAFNIÐ
BÍÓ.IS
Kíktu á heimasíðu myndarinnar á www.bio.is/night
Klipptu út Coke glasið og afhentu það í sjoppunni í Smárabíói, Laugarásbíói, Regnboganum og Borgarbíói Akureyri og þú færð miðstærðina af Coke á verði litillar Coke um helgina á Night at the Museum
L
REGNBOGINN
SMÁRABÍÓ
Borgarbíó
LAUGARÁS BÍÓ
KEFLAVÍK
SELFOSS BÍÓ
midi.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LYFJA
- Lífið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24 alla daga




**BAKÞANKAR**
SIGURJÓNS KJARTANSSONAR

## *Taktu í höndina á mér*

Kunningi minn hefur hitt mann sem sagðist vera sex handtökum frá sjálfum Beethoven. Þetta fann maðurinn út með hávísindalegum útreikningi. Hann hafði semsagt tekið í hendur einhvers sem hafði tekið í hendur einhvers og svo koll af kolli aftur í aldir þar til komið var að tónskáldinu heyrnalausa í byrjun 19. aldar.

**SAMKVÆMT** þessum útreikningi er þessi kunningi minn sjö handtökum frá Beethoven og ég sjálfur, með því að taka í höndina á honum, átta handtökum frá Beethoven.

**OG** þetta fékk mig til að hugsa um sjálfan mig í samhengi við mannkynssöguna. Ég, ósköp venjulegur náungi frá pínulitlu landi sem fáir vita hvar er, var tildæmis ekki lengi að finna út að ég er aðeins tveimur handtökum frá sjálfum George W. Bush. Bæði Halldór Ásgrímsson og Geir H. Haarde hafa tekið í höndina á honum og ég hef tekið í höndina á þeim báðum.

**MEÐ** sama móti er ég þremur handtökum frá John F. Kennedy. Halldór og Geir hafa örugglega báðir tekið í höndina á Bill Clinton, sem tók í höndina á John F. Kennedy þegar hann var lítill. Reyndar gæti ég líka rakið það í gegnum kajakræðara frá Ísafirði sem tók í höndina á John F. Kennedy jr., sem tók væntanlega í höndina á pabba sínum.

**SKOÐUM** fleiri stór nöfn í mannkynssögunni. Adolf Hitler? Látum okkur sjá. Ég hef tekið í höndina á dóttur Halldórs Laxness. Halldór tók örugglega oft í höndina á Gunnari Gunnarssyni og til eru myndir af honum takandi í höndina á Adolf Hitler. Fjögur handtök þar. Kannski þrjú ef dóttir Halldórs hefur tekið í höndina á Gunnari þegar hann var á lífi.

**MEÐ** sömu tengslum er ég aðeins þremur handtökum frá Hemingway og örugglega ekki fleiri en sex frá sjálfum Napóleon. Í gegnum önnur tengsl er ég tveimur frá Díönu prinsessu, þremur frá Móður Theresu og ekki fleiri en fjórum frá Saddam Hussein.

**NÚLIFANDI** stórmenni? Það er auðvelt: David Bowie: Tvö, Tony Blair: Tvö, John Cleese: Tvö, Paul McCartney: Tvö o.s.frv., o.s.frv.

**HÉR** er semsagt komin tillaga að skemmtilegum samkvæmisleik sem allir Íslendingar geta tekið þátt í og sýnt okkur að við erum ekki eins lítil og ómerkileg og við höldum. Með því að taka í höndina á næsta manni er aldrei að vita nema þú sért einu handtaki færra frá Osama Bin Laden?


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


